Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 20 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

9. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m^3 að utanmáli ..... kr. 20 800,00

og á m^3 þar yfir ..... kr. 26,10

Ef skipulagsskilmálar eru þess eðlis að bifreiðageymslur við raðhús skuli byggðar sameiginlega, þrjár eða fleiri, það langt frá íbúðum að eðlilegra teljist að leggja sérstaka hitaveituheimæð að bifreiðageymslum, skuli gjald fyrir heimæð reiknast af rúmtaki hverrar geymslu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra verði ..... kr. 52,00

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðagjald af frystiklefum, búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum, nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi hitaveitunnar við önnur sveitarfélög, er heimilt að krefjast heimæðagjalds sem nemur útlögðum kostnaði við lagnir til viðkomandi aðila, nema um annað sé sérstaklega samið.

Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks tengigjaldi hitaveitunnar.

10. gr.

Gjöld samkvæmt 3., 6., 9. og 13. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1984, 155. stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 4. gr. og 5. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Dalvíkur, að fengnum tillögum frá veitunefnd.

Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

11. gr.

Nú er tengingu heimæða lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný, greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 416,00 hverju sinni.

14. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Dalvíkur, og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1984 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 667 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 25. janúar 1984.

F. h. r.
Páll Flygering.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Reykjahlíðar, Skútustaðahreppi.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Reykjahlíð og Vogum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð Hitaveitu Reykjahlíðar staðfesta 4. nóvember 1971.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir fyrir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Þangað til varanleg lausn hefur fundist varðandi útfellingu steinefna í vatni hitaveitunnar, gildir sú bráðabirgðaráðstöfun, að gjöld fyrir afnot heita vatnsins miðast við rúmmál húsa.

II. KAFLI

5. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald á ári fyrir hvert hús kr. 4 950.
b) Vatnsgjald á ári pr. m^3 kr. 21,40. Þó skal reikna hálft gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5.gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða í Samvinnubankanum á Húsavík. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga. Heimilt er að reikna dráttarvexti á gjaldfallnar vanskilaskuldir, eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánsstofnunum sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Hús allt að 400 m^3 kr. 33 700,00.
Hús 400—2 000 m^3 kr. 33 700,00 fyrir 400 m^3 og kr. 29,10 á hvern rúmmetra þar yfir.
Hús stærri en 2 000 m^3 kr. 80 300,00 fyrir 2 000 m^3 og kr. 23,30 á hvern rúmmetra þar yfir.
Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.
Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 4 470,00.

8. gr.

Gjöld skv. 5. og 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.
Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða, og að fenginni heimild iðnaðarráðuneytisins.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.
Allan kostnað við lokun aðrennslis heita vatnsins og opnu á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, auk kr. 333,00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Reykjahlíðar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. febrúar 1984 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 671 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 25. janúar 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Rangæinga.

1. gr.

Hitaveita Rangæinga selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja rennslismæli ásamt hemlum, sem takmarka hámarksrennsli við inntak og miðast gjald hitaveitunnar við mælt vatnsrennsli um mælinn. Óski húseigandi þess getur hann fengið keypt vatn samkvæmt hámarksrennsli um hemil.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Ef selt er vatn samkvæmt hámarksstillingu hemils verður stillingu hemils að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveituna. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt rennslismæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 37,50.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Vatn um hemil er selt sem margfeldi af 0,5 mínútulítrum þó aldrei minna en 2,0 mínútulítrar.

Minnsta vatnsmagn sem selt er um hemil er fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,7 l/mín fyrir hverja 100 m^3, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,4 l/mín fyrir hverja 100 m^3.

Fyrir vatn sem selt er um hemil greiðast kr. 855,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr. getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun innheimtist fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði eftirfarandi fastagjald:

	Kr.
a) Fyrir mæla til og með 3/4″	146,00
b) Fyrir mæla 1″ til 2″	292,00
c) Fyrir mæla 3″ eða stærri	587,00

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. verða krafin mánaðarlega. Lesið verður af mælum að jafnaði tvisvar á ári, en notkun þess á milli áætluð.

Þó er heimilt að fækka eða fjölga álestrum og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 173,00.

7. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

8. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m^3 kr. 59 400,00.

Fyrir hús stærri en 400 m^3 kr. 59 400,00 að viðbættum kr. 45,50 fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

Hús, sem eru með kynditæki, þegar hitaveitan tekur til starfa og tengjast hitaveitunni fyrir árslok 1983 fá afslátt af heimæðagjöldum, sem hér segir:

a) Fyrir hús með vatnshitakerfum er veittur 20% afsláttur, þ. e. greiða skal kr. 47 500,00 fyrir hvert hús auk kr. 36,50 fyrir hvern rúmmetra umfram 400.
b) Fyrir rafhituð hús með rafmagnsofnum er veittur 50% afsláttur þ. e. greiða skal kr. 29 700,00 fyrir hvert hús auk kr. 22,80 fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er að hluta reiknast ekki heimæðagjald af þeim hluta húss sem ekki er hitaður.

Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar samkvæmt reikningi eða samningi og fella niður heimæðagjald.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 3 450,00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

Óski notandi sem hefur mæli/hemil að breyta og fá í staðinn hemil/mæli skal greiða kr. 863,00 fyrir breytinguna.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

10. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 259,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Rangæinga er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 676 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 25. janúar 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 29 25. janúar 1984

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 14,00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 3 860,00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m^3, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m^3.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

1. Fyrir mæla eða hemla allt að 3/4" ..... kr. 1 800,00
2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" ..... kr. 2 530,00

III Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:
Allt að 400 m^3, kr. 36 400,00
400 til 2 000 m^3, kr. 36 448,00 af 400 m^3 + kr. 30,70 á m^3 þar yfir að 2 000 m^3.
2 000 m^3 kr. 85 680,00 + kr. 25,00 á m^3 þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 6 230,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 377,00

V Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

Hitaveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna hitaveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi sem hefur hemil/mæli að breyta og fá í staðinn mæli/hemil skal greiða kr. 750,00 fyrir breytinguna.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 300,00.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. febrúar 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 678 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 25. janúar 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

25. janúar 1984 Nr. 30

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1. Til almennrar lýsingar.
Orkugjald ..... 5,10 kr/kWh.

1.2. Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald ..... 6,35 kr/kWh.

1.3. Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:
Aflgjald ..... 6 820,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald ..... 7 390,00 kr/kW/ár
Gjald alls ..... 14 210,00 kr/kW/ár
Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

2. Heimili o. fl.

2.1. Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.
Orkugjald ..... 4,65 kr/kWh.

3. Vélar o. fl.

3.1 Til vélanotkunar.
Orkugjald ..... 5,10 kr/kWh.

3.2. Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald ..... 1,60 kr/kWh.
Aflgjald .....4 840,00 kr/kW á ári.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag:
Orkugjald ..... 2,31 kr/kWh.

4.2. Til húshitunar, roftími 2 × 1½ klst. á dag.
Orkugjald ..... 0,88 kr/kWh.

4.3. Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... 3,33 kr/kWh.

4.4. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.
Orkugjald ..... 1,03 kr/kWh.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða árleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

	Kr.
Orkumælir, einfasa	372,00
Orkumælir, þrífasa	877,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	1 500,00
Aflmælir	1 430,00
Aflmælir með straumspennum	2 270,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal árleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd: Jarðstrengur kr/m	Gjald af yfirlengd: Loftlína (kr/stólpa)
1 × 63	22 800,00	742,00	6 080,00
3 × 63	24 700,00	742,00	10 500,00
3 × 100	39 200,00	1 140,00	13 300,00
3 × 200	77 500,00	1 880,00	
3 × 315	123 000,00	2 190,00	
3 × 400	157 000,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	279 000,00	—	
3 × 1200	469 000,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1 × 63A ..... kr. 5 040,00 3 × 63A ..... kr. 6 800,00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald, samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 377,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 300,00.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3., viðhaldsgjald, og liðum 4.1., 4.2. og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1984, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 692 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 25. janúar 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 31 19. janúar 1984

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpinu — Rás 2.

1. Verð kr. 7 200,00 fyrir hverja mínútu eða kr. 120,00 fyrir hverja sekúndu.
2. Næturútvarp:
   Verð kr. 4 800,00 fyrir hverja mínútu eða kr. 80,00 fyrir hverja sekúndu.

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. febrúar 1984 þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 19. janúar 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Sólveig Ólafsdóttir.

Nr. 32 11. janúar 1984

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 700 28. desember 1981 um vitagjald.

1. gr.

1. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Vitagjald, kr. 20,00 af hverri brúttórúmlest, skal greiða vegna skipa, sem eru 10 brúttórúmlestir eða stærri og taka höfn á landi, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot reiknast sem heil lest, en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 3,00.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 56 29. maí 1981 um vitagjald staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 646 2. desember 1982.

Samgönguráðuneytið, 11. janúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

Stjórnartíðindi B 1, nr. 1—32. Útgáfudagur 31. janúar 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 — 1984

1. febrúar 1984 37 Nr. 33

AUGLÝSING

um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolla af gagnavinnsluvélum o. fl.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður toll af sjálfvirkum gagnavinnsluvélum og hlutum til þeirra sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.: 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lið 4.34 í 6. gr. fjárlaga nr. 85 31. desember 1983, öðlast þegar gildi og tekur jafnframt til vara þeirra sem um ræðir í 1. gr. og tollafgreiddar hafa verið frá og með 24. nóvember 1983.

Ákvæði til bráðabirgða.

Innflytjandi getur sótt um endurgreiðslu tolls sem greiddur hefur verið frá 24. nóvember 1983 af vörum þeim sem um ræðir í 1. gr. auglýsingar þessarar. Umsókn skal borin fram á þar til gerðu eyðublaði og skulu henni fylgja samrit aðflutningsskýrslu (bleikt eintak) ásamt tilheyrandi tollskjölum. Umsókn skal hafa borist viðkomandi innheimtumanni innan 6 mánaða frá dagsetningu auglýsingar þessarar. Að þeim tíma liðnum verður umsókn um endurgreiðslu eigi tekin til greina. Hafi vara verið seld skal endurgreiðsla renna til kaupanda.

Ákvæði þessi um endurgreiðslu tolls taka jafnframt, eftir því sem við á, til endurgreiðslu söluskatts sem greiddur hefur verið við sölu á ofangreindum vörum frá 24. nóvember 1983.

Fjármálaráðuneytið, 1. febrúar 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

1. febrúar 1984 Nr. 34

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með áorðnum breytingum.

1. gr.

Við 13. gr. reglugerðarinnar bætist nýr tl. 28. tl. er orðist svo:

Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og hlutar til þeirra í tollskrárnúmerum 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið 1. febrúar 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 35 27. janúar 1984

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. málsl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er 1 200,00 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 100,00 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1984.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 48 28. janúar 1983.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. janúar 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 36 16. janúar 1984

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Þjóðleikhús nr. 549 1. september 1982.

1. gr.

2. mgr. 10. gr. orðist svo:

Í leikritavalsnefnd skulu sitja: einn fulltrúi kjörinn af þjóðleikhúsráði, einn kjörinn af fastráðnum leikurum hússins úr þeirra hópi og einn leikstjóri starfandi innan stofnunarinnar, kjörinn af fastráðnum leikstjórum, leikmyndateiknurum og leikurum. Fulltrúar og varamenn þeirra í leikritavalsnefnd skulu kjörnir til tveggja ára í senn.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 58 12. maí 1978 um Þjóðleikhús og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 16. janúar 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Sólveig Ólafsdóttir.

AUGLÝSING

um hækkun hafnargjaldskráa.

Samkvæmt 26. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með hækkun á gjaldskrám eftirtalinna hafnarsjóða um 15% með gildistöku frá og með 8. febrúar 1984 að telja:

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, nr. 108/1975, sbr. reglugerðir nr. 61/1977, nr. 336/1977 og nr. 504/1983.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundartangahafnar, nr. 213/1980, sbr. reglugerð nr. 505/1983.
3. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness, nr. 267/1975, sbr. reglugerðir nr. 388/1977 og 506/1983.
4. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness, nr. 147/1975, sbr. reglugerð nr. 507/1983.
5. Gjaldskrá fyrir Landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, nr. 195/1975, sbr. reglugerð nr. 508/1983.
6. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsvíkurhrepps, nr. 112/1975, sbr. reglugerð nr. 509/1983.
7. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundarfjarðar, nr. 136/1975, sbr. reglugerð nr. 510/1983.
8. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stykkishólms, nr. 118/1975, sbr. reglugerð nr. 511/1983.
9. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykhólahafnar, Austur-Barðastrandarsýslu, nr. 259/1975, sbr. reglugerð nr. 512/1983.
10. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Patreksfjarðar nr. 407/1975, sbr. reglugerð nr. 513/1983.
11. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps, nr. 124/1975, sbr. reglugerð nr. 514/1983.
12. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bíldudalskauptúns, nr. 217/1976, sbr. reglugerð nr. 515/1983.
13. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þingeyrarkauptúns, nr. 179/1976, sbr. reglugerð nr. 516/1983.
14. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Flateyrarkauptúns, nr. 134/1975, sbr. reglugerð nr. 517/1983.
15. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Suðureyrarkauptúns, nr. 211/1976, sbr. reglugerð nr. 518/1983.
16. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bolungarvíkurkaupstaðar nr. 138/1975, sbr. reglugerð nr. 519/1983.
17. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar, nr. 151/1975, sbr. reglugerð nr. 520/1983.
18. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Súðavíkur, nr. 406/1975, sbr. reglugerð nr. 521/1983.
19. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hólmavíkurkauptúns, nr. 192/1975, sbr. reglugerð nr. 522/1983.
20. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 261/1975, sbr. reglugerð nr. 523/1983.
21. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduósshrepps, nr. 263/1975, sbr. reglugerð nr. 524/1983.
22. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Skagastrandar, nr. 269/1975, sbr. reglugerð nr. 525/1983.
23. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Sauðárkrókskaupstaðar, nr. 265/1975, sbr. reglugerð nr. 526/1983.
24. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hofsósskauptúns, nr. 194/1975, sbr. reglugerð nr. 527/1983.
25. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar nr. 180/1975, sbr. reglugerð nr. 528/1983.
26. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsfjarðar, nr. 213/1976, sbr. reglugerð nr. 529/1983.
27. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Dalvíkur, nr. 132/1975, sbr. reglugerð nr. 530/1983.

28. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hríseyjar, nr. 178/1975, sbr. reglugerð nr. 531/1983.
29. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akureyrar, nr. 198/1975, sbr. reglugerð nr. 532/1983.
30. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Svalbarðseyrar við Eyjafjörð, nr. 70/1981 sbr. reglugerð nr. 533/1983.
31. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grenivíkur í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 99/1979, sbr. reglugerð nr. 534/1983.
32. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grímseyjarhafnar, nr. 190/1975, sbr. reglugerð nr. 535/1983.
33. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Húsavíkur, nr. 184/1975, sbr. reglugerð nr. 536/1983.
34. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Kópaskerskauptúns, nr. 166/1977, sbr. reglugerð nr. 537/1983.
35. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Raufarhafnar, nr. 23/1976, sbr. reglugerð nr. 538/1983.
36. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þórshafnar, nr. 489/1975, sbr. reglugerð nr. 539/1983.
37. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bakkafjarðar, Skeggjastaðahreppi, Norður-Múlasýslu, nr. 188/1975, sbr. reglugerð nr. 540/1983.
38. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vopnafjarðarhrepps, nr. 110/1975, sbr. reglugerð nr. 541/1983.
39. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarfjarðarhrepps, nr. 126/1975, sbr. reglugerð nr. 542/1983.
40. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar, nr. 122/1975, sbr. reglugerð nr. 543/1983.
41. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Neskaupstaðar, nr. 21/1976, sbr. reglugerð nr. 544/1983.
42. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Eskifjarðarkaupstaðar, nr. 149/1975, sbr. reglugerð nr. 545/1983.
43. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reyðarfjarðarkauptúns, nr. 197/1975, sbr. reglugerð nr. 546/1983.
44. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Búðakauptúns í Suður-Múlasýsla, nr. 240/1977, sbr. reglugerð nr. 547/1983.
45. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stöðvarfjarðarkauptúns, nr. 209/1976, sbr. reglugerð nr. 548/1983.
46. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Breiðdalsvíkur, nr. 140/1975, sbr. reglugerð nr. 549/1983.
47. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Djúpavogs, nr. 215/1976, sbr. reglugerð nr. 550/1983.
48. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarkauptúns, nr. 114/1975, sbr. reglugerð nr. 551/1983.
49. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vestmannaeyja, nr. 436/1981, sbr. reglugerð nr. 552/1983.
50. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Þorlákshöfn, nr. 130/1975, sbr. reglugerðir nr. 334/1977 og 553/1983.
51. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grindavíkur, nr. 182/1975, sbr. reglugerð nr. 554/1983.
52. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Miðneshrepps, nr. 186/1975, sbr. reglugerð nr. 555/1983.
53. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum nr. 128/1975, sbr. reglugerð nr. 556/1983.
54. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vogahafnar í Gullbringusýslu, nr. 499/1975, sbr. reglugerð nr. 557/1983.
55. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarfjarðar, nr. 116/1975, sbr. reglugerð nr. 558/1983.

Þrátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskrá.

Samgönguráðuneytið, 6. febrúar 1984.

F. h. r.
Ólafur S. Valdimarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 244 3. nóvember 1970 um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Þróttar.

1. gr.

1. málsgrein 2. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:
Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 150.

2. gr.

Réttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur til vöruflutninga á félagssvæðinu, skulu þó í engu skert.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 1. febrúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

23. janúar 1984 Nr. 39

REGLUGERÐ

um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa.

1. gr.

Eiturbeiðnir eru leyfi, er lögreglustjórar gefa út handa einstaklingum (eiturbeiðendum) samkvæmt beiðni þeirra og gilda til kaupa á eiturefnum til eigin nota. Gildistími eiturbeiðna er lengst 3 mánuðir frá útgáfudegi. Þegar að neðan er rætt um eiturbeiðnir, er átt við eiturbeiðnir, er lögreglustjóri hefur gefið út og eru enn í gildi.

Eiturbeiðnir þarf ekki til kaupa á eiturefnum eða varningi, sem inniheldur tiltekin eiturefni og leyft er að selja á frjálsum markaði.

Sölu eiturefna mega þeir einir annast, sem greindir eru í 1.—5. tölulið 1. málsgreinar 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni. Um sölu eiturefna í X og A hættuflokkum gilda sérákvæði, sbr. reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. einnig 9. gr. Heimilt er þó að selja á frjálsum markaði varning, er inniheldur tiltekin eiturefni (sbr. 7. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni), enda skal þá gæta settra fyrirmæla um notkun. Slíkar undanþágur frá ákvæðum 5. gr. laganna skal auglýsa sérstaklega.

2. gr.

Eiturbeiðnir skulu hljóða á eitt tilgreint eiturefni, eina tilgreinda blöndu eða samsetningu, er inniheldur tiltekin eiturefni eða hljóða á eina tegund varnings, sem tilgreindur er og hefur að geyma tiltekin eiturefni.

Seljandi ber fulla ábyrgð á því, að eiturbeiðnir séu rétt afgreiddar.

3. gr.

Eiturbeiðandi skal á eyðublaði greina nákvæmlega, hve mikið magn (g, ml. kg, l) eiturefnis eða varnings hann hyggst nota og til hvers. Skal hann með undirskrift sinni staðfesta, að hann heiti að fara með fyllstu gát með umrætt eiturefni og þannig, að hvorki hljótist af tjón á mönnum, húsdýrum né friðuðum dýrum, eða plöntum, og muni ekki framselja neinn hluta þess öðrum til notkunar.

4. gr.

Eiturbeiðnir skal gefa út í þríriti á sérstök eyðublöð (sbr. viðauka 1). Skal lögreglustjóri varðveita annað afrit, en eiturbeiðandi hitt. Eiturbeiðandi skal framvísa seljanda frumrit.

Seljandi skal halda eftir frumritum eiturbeiðna og senda þau eiturefnanefnd í árslok.

5. gr.

Eiturbeiðandi skal vera 18 ára eða eldri og sanna með persónuskilríkjum, hver hann er. Frá ákvæði þessu má þó víkja, ef eiturbeiðandi er lögreglustjóra svo kunnur, að slíks gerist ekki þörf.

Eigi má afhenda eiturefni öðrum en eiturbeiðanda. Skal seljandi krefja eiturbeiðanda skilríkja á sama hátt og lögreglustjóri. Frá ákvæði þessu má þó víkja, ef eiturbeiðandi er seljanda svo kunnur, að slíks gerist ekki þörf.

Eigi má gefa út eiturbeiðnir né afhenda gegn þeim eiturefni, ef ástæða er til þess að ætla, að hlutaðeigendur kynnu að fara sjálfum sér að voða eða gætu unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, ölvunar, vanþroska, vanstillingar eða fákunnáttu o. s. frv.

6. gr.

Eiturbeiðnir mega ekki hljóða á eiturefni til notkunar í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (sbr. 9. gr.)

Hvorki mega eiturbeiðnir hljóða á eiturefni sem algert bann liggur við að nota, né á eiturefni til einhverra þeirra nota, sem bann liggur við.

7. gr.

Nú nota iðnaðarmenn eða aðrir einstaklingar tiltekin eiturefni að staðaldri við störf sín, og má þá veita leyfi til kaupa á umræddum efnum, er gilda til 1 — 3 ára í senn.

Lögreglustjóri gefur út, að fengnu samþykki eiturefnanefndar, númerað skírteini (sjá viðauka 2), er veitir leyfi til slíkra kaupa. Skal hlutaðeigandi ávallt bera skírteinið á sér við störf sín. Leyfi eru bundin við notendur efnanna persónulega, og eru þeir ábyrgir, ef tjón hlýst af notkun þeirra. Greina skal á leyfisskírteininu þau eiturefni (sbr. 1. málsgr. 2. gr.), sem leyfð eru kaup á.

Umsóknir um leyfi þessi skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi (lögreglustjóra), er sendir þær eiturefnanefnd til umsagnar. Eiturefnanefnd leitar álits um umsækjendur eftir því sem við á hverju sinni. Umsóknum skal fylgja vottorð Vinnueftirlits ríkisins, yngra en tveggja ára, um skoðun á vinnuhúsnæði umsækjenda. Er eiturefnanefnd óheimilt að mæla með útgáfu leyfisskírteina þessara, ef vinnuhúsnæði umsækjenda er að mati Vinnueftirlitsins ófullnægjandi. Eiturefnanefnd skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi umsögn sína innan 2 mánaða.

Eiturefnanefnd getur farið þess á leit við hlutaðeigandi yfirvald, að leyfi þessi verði numin úr gildi, ef gildar ástæður eru til þess að ætla, að leyfishafar brjóti svo af sér við störf sín, að hætta geti stafað af. Hlutaðeigandi yfirvald getur, hvenær sem er, numið slík leyfi úr gildi, ef fyrrgreindar ástæður mæla með því. Heimilt er í slíkum tilvikum að áfrýja úrskurði yfirvalds til ráðherra.

Seljandi má eigi afhenda eiturefni gegn leyfum þessum öðrum en þeim er þau skal nota. Seljanda er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að afhenda öðrum umræddan varning fyrir

hönd notenda, enda hafi notandi með símtali eða á annan viðhlítandi hátt tilkynnt, að varninginn skuli afhenda þeim, er hann tilgreinir. Sá er veita á varningnum viðtöku fyrir hönd notanda, skal þá með skilríkjum sanna seljanda, hver hann er, nema hann sé seljanda svo kunnur, að slíks gerist ekki þörf. Notandi ber jafnt ábyrgð á varningnum, hvort sem hann hefur verið afhentur sjálfum honum eða öðrum, er hann hefur tilnefnt í sinn stað.

Um útgáfu leyfa og afhendingu eiturefna gegn þeim gilda ennfremur ákvæði 1. og 3. málsgr. 5. gr., svo og ákvæði 6. gr.

8. gr.

Skylt er öllum þeim, er fengið hafa leyfi til þess að kaupa og nota eiturefni við störf sín, sbr. ákvæði 7. gr., að geyma efnin tryggilega og merkja greinilega með viðeigandi varnaðarorðum („varúð", „eitur" o. s. frv.). Vanræksla í þessu efni varðar missi leyfisskírteinis. Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með leyfishöfum, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 455/1975, enda tilkynnir eiturefnanefnd Vinnueftirlitinu um nöfn og vinnustaði leyfishafa.

9. gr.

Þeir einir mega kaupa og nota eiturefni í hættuflokki X eða hættuflokki A, er þörf hafa fyrir eiturefni í þessum hættuflokkum við störf sín og til þess hafa fengið leyfi (sbr. 2. og 3. málsgr. 4. gr. reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra).

Leyfishafar skulu ávallt bera á sér við störf sín númeruð leyfisskírteini (sbr. viðauka 3 og 4), er lögreglustjóri gefur út að fengnu samþykki eiturefnanefndar.

10. gr.

Ef sérstakar ástæður mæla með, er lögreglustjóra heimilt, að fengnum meðmælum eiturefnanefndar, að veita einstaklingum, er ekki hafa gild leyfisskírteini til kaupa á efnum og efnasamsetningum í hættuflokki A, leyfi til kaupa á takmörkuðu magni slíkra efna og efnasamsetninga (sbr. 5. málsgr. 4. gr. reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra).

Gegn slíkum leyfum má aðeins láta úti einu sinni og skulu þau hljóða á einungis eitt tilgreint eiturefni (sbr. 1. málsgr. 2. gr.).

Seljandi skal halda eftir leyfum þessum og senda þau eiturefnanefnd í árslok.

11. gr.

Um hegningu og viðurlög fyrir brot á ákvæðum þessum skal fara samkvæmt 22. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og öðlast þegar gildi 1. mars 1984. Samtímis fellur úr gildi reglugerð nr. 131/1971 svo og reglugerð nr. 248/1981 um breyting á þeirri reglugerð.

Ákvæði til bráðabirgða

Eiturbeiðnir og leyfisskírteini, sem gefin hafa verið út samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 131/1971, sbr. einnig reglugerð nr. 132/1971, halda gildi sínu, svo sem gildistími þeirra segir til um, enda þótt fyrrnefndar reglugerðir hafi verið úr gildi felldar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. janúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal.

EITURBEIÐNI

Viðauki nr. 1
(prentist á gulan pappír)

Eiturbeiðnir skulu hljóða á einungis eitt tilgreint eiturefni, eina tilgreinda blöndu eða samsetningu, er inniheldur tiltekin eiturefni, eða hljóða á eina tegund varnings, sem tilgreindur er og hefur að geyma tiltekin eiturefni. — Eiturbeiðandi skal vera 18 ára eða eldri. — Eigi má afhenda eiturefni öðrum en eiturbeiðanda. — Eigi má gefa út eiturbeiðnir eða afhenda gegn þeim eiturefni ef ástæða er til þess að ætla, að viðkomandi kynnu að fara sjálfum sér að voða eða gætu unnið öðrum tjón með efnunum.

Ég undirritaður/undirrituð beiðist leyfis til þess að kaupa:

.....

Tegund eiturefnis og magn

.....

sem ég ætla að hafa til eigin nota við .....

Notkun

Heiti ég að fara með fyllstu gát með þetta eiturefni og þannig, að hvorki hljótist af tjón á mönnum, húsdýrum, né friðuðum dýrum eða plöntum.
Ennfremur mun ég ekki framselja neinn hluta þess öðrum til notkunar.

..... / 19.....

.....

Fullt nafn

.....

Atvinna eða staða

Að mínu áliti er óhætt að selja beiðanda þetta eiturefni og gef ég út eiturbeiðni þessa samkvæmt ákvæðum reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa.

Afgreitt

..... / 19.....

..... / 19.....

.....

Lögreglustjóri

Eiturbeiðnir mega ekki hljóða á eiturefni í hættuflokkum X og A. — Ennfremur mega eiturbeiðnir hvorki hljóða á eiturefni, sem algert bann liggur við að nota, né á eiturefni til einhverra þeirra nota, sem bann liggur við.

LEYFISSKÍRTEINI

Viðauki nr. 2

Fullt nafn

Fæðingarstaður, dagur og ár — Nafnnúmer

Heimili

Staða eða atvinna

Útgáfustaður, útgáfudagur og ár

Gildir til

Númer

.....
lögreglustjóri

Leyfi þetta veitir heimild til þess að kaupa og nota þau eiturefni, sem skráð eru
Á LISTUM I OG II,
er fylgja lögum um eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. reglug. um flokkun eiturefna og hættulegra efna, og hér greinir:
Hvar og hvenær leyfisskírteini var fyrst gefið út.

Leyfishafi skal ávallt bera skírteini þetta á sér við störf sín.

(Skírteini þessi skulu prentuð á rauðan pappír, 10,5×15 cm að stærð. Ganga skal frá skírteinum þessum á sama hátt og ökuskírteinum.)

LEYFISSKÍRTEINI

Viðauki nr. 3

Fullt nafn

Fæðingarstaður, dagur og ár — Nafnnúmer

Heimili

Staða eða atvinna

Útgáfustaður, útgáfudagur og ár

Gildir til

Númer

.....
lögreglustjóri

Leyfi þetta veitir heimild til þess að kaupa og nota eiturefni

Í HÆTTUFLOKKUM X OG A,

sbr. 4. gr. reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Hvar og hvenær leyfisskírteini var fyrst gefið út.

Leyfishafi skal ávallt bera skírteini þetta á sér við störf sín.

(Skíreini þessi skulu prentuð á bláan pappír, 10,5×15 cm að stærð. Ganga skal frá skírteinum þessum á sama hátt og ökuskírteinum.)

LEYFISSKÍRTEINI

Viðauki nr. 4

Fullt nafn

Fæðingarstaður, dagur og ár — Nafnnúmer

Heimili

Staða eða atvinna

Útgáfustaður, útgáfudagur og ár

Gildir til

Númer

.....
lögreglustjóri

Leyfi þetta veitir heimild til þess að kaupa og nota eiturefni

Í HÆTTUFLOKKI A,

sbr. 4. gr. reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Hvar og hvenær leyfisskírteini var fyrst gefið út.

Leyfishafi skal ávallt bera skírteini þetta á sér við störf sín.

(Skírteini þessi skulu prentuð á krómgulan pappír, 10,5×15 cm að stærð. Ganga skal frá skírteinum þessum á sama hátt og ökuskírteinum).

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Hafnarfirði.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hverskonar smásöluverslunar í Hafnarfirði.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktarinnar, úrskurðar bæjarstjórn, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, má vera sem hér segir, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktinni:

Heimilt skal að opna sölustaði kl. 07:00 og skal þeim lokað eigi síðar en kl. 23:30 alla daga vikunnar, sbr. þó 3. gr.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24:00.

Bæjarstjórn getur heimilað, að verslanir séu opnar á tímabilinu frá kl. 23:30 til kl. 07:00 að morgni.

3. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

a) föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
b) nýársdag, skírdag, annan páskadag, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn. Bæjarstjórn getur þó heimilað að verslanir séu opnar þessa daga.
c) aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 15:00.

4. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu leyfi heilbrigðisráðs, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á, þó skal heimilt að afgreiða það fólk sem komið er í verslun eða sölustað, þegar lokað er.

6. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m. a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

7. gr.

Fyrir leyfi til rýmri sölutíma skv. 4. mgr. 2. gr. og b-lið 3. gr. skal árlega greiða gjald í bæjarsjóð skv. ákvörðun bæjarstjórnar.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarstjórn og heilbrigðisráð setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða og öðlast gildi þegar í stað.

Með samþykktinni fellur úr gildi samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Hafnarfirði nr. 58 16. febrúar 1968, með síðari breytingum, nr. 38 frá 26. febrúar 1970 og nr. 400 frá 1. nóvember 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 30. janúar 1984.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

30. janúar 1984 Nr. 41

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Dalvíkurkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkur ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt. Skipting A-gjalds skal vera sem hér segir.

Til gatna- og holræsagerðar	80%
Til vatnsveitu	20%

3. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á gólffermetra einbýlishúss, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	6,0%
Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	5,0%
Iðnaðar-, atvinnu- og vöruhús	4,5%
Tvíbýlishús og parhús	3,5%
Rað- og keðjuhús, ein hæð	2,5%
Rað- og keðjuhús, tvær hæðir	2,0%
Fjölbýlishús, allt að 5 hæðir	2,0%
Fjölbýlishús, 5 hæðir eða meira	1,0%
Geymsluhús	1,0%

Af gólffleti á jarðhæð í kjallara og nýtanlegum gólffleti á rishæð allra húsa svo og bifreiðageymslum við íbúðarhús skal reikna 50% af gjaldstuðli viðkomandi húss.

Lágmarksstærðir íbúða við útreikning til gatnagerðargjalds, reiknuðu af gjaldstuðli hæða, skulu vera þessar nema bæjarráð ákveði annað við auglýsingu lóða:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu		140 m²
Tvíbýlishús og parhús		130 m² hver íbúð
Raðhús, keðjuhús og fjölbýlishús:		
Áætluð meðalstærð:	90 m²	60 m² hver íbúð
	90 m² og 120 m²	90 m² hver íbúð
	120 m²	120 m² hver íbúð

Þegar veittar eru lóðir fyrir verslunar-, iðnaðar- eða atvinnuhúsnæði, skal áætla nýtingarhlutfall lóða 0,3—0,5 eftir nánara mati byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi og skal það flatarmál reiknast til lágmarksgjalds. Sé byggt umfram áætlaðan gólfflöt greiðist af því byggingargjald, þegar byggingarleyfið er notað og skal það greitt áður en útmæling er gerð.

4. gr.

Gjöld samkv. 3. gr. breytast í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar á sama tíma og sú vísitala breytist.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds samkv. 3. gr. skulu vera sem hér segir: Við lóðaveitingu skal greiða 50% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðaveitingu. Eftirstöðvar skulu greiðast þegar byggingarleyfi er veitt og breytast samkvæmt ákv. 4. gr. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvum í allt að þrjá mánuði frá lóðaúthlutun.

6. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðaveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Þó skal gjaldið aldrei vera lægra en sem nemur 25% af byggingarkostnaði á rúmmetra í vísitöluhúsinu og er það lágmarksgjald fyrir veitt byggingarleyfi eða breytingu á byggingarleyfi svo og önnur erindi afgreidd í byggingarnefnd sem ekki falla undir þessa reglugerð.

7. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til bæjarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest. Óski lóðarhafi að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

50% gatnagerðargjalds endurgreiðast eftir 6 mán.

Eftirstöðvar endurgreiðast eftir 12 mán.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt þegar sú úthlutun fer fram. Vextir og/eða verðbætur reiknast ekki af endurgreiðslu.

8. gr.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, þ. e. 12 mán., nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta sem endurnýjaður er, eins og það er þá að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem þegar er greitt af sama áfanga.

9. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur bæjarfélaginu vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum sem til greina kunna að koma.

10. gr.

Bæjarráð getur ákveðið að lækka eða fella niður gatnagerðargjald (A-gjald) af fjölbýlishúsum. Þá er bæjarráði heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Ennfremur getur bæjarráð ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

11. gr.

B-gjald, sem er gjald til að ljúka frágangi götu umfram það sem segir í 3. gr. þ. e. til að gera slitlag og gangstétt, skal miðað við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í einbýlishúsi eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	2,0%
Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	2,0%
Tvíbýlis- og parhús	1,7%
Rað- og keðjuhús á einni hæð	1,4%
Rað- og keðjuhús á 2 hæðum	1,2%
Fjölbýlishús, allt að 5 hæðir	1,2%
Fjölbýlishús, 5 hæðir eða meira	0,8%
Iðnaðar-, atvinnu- og vöruhús	1,0%
Geymsluhús	0,8%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða kr. 40,00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss og lóðar samkvæmt fasteignamatsskráningu.

12. gr.

Gjöld skv. 11. gr. skal miða við þá vísitölu byggingarkostnaðar sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu, sbr. þó 13. gr. Gjöld þessi skulu breytast samkvæmt byggingarvísitölu á sama tíma og sú vísitala breytist.

13. gr.

Innheimta skal B-gjald af fasteignum við götur sem lagðar hafa verið bundnu slitlagi og/eða gangstétt og skal gjaldið miðast við þá vísitölu byggingarkostn. sem í gildi er þegar byggingarleyfið er veitt, og breytast samkv. henni.

14. gr.

Ganga skal frá greiðslum á gatnagerðargjaldi samkvæmt 11. gr. á eftirfarandi hátt á því ári sem lagning slitlags á viðkomandi götu er ákveðin. Skal við það miðað að gengið hafi verið frá greiðsluskuldbindingum áður en framkvæmdir hefjast við lagningu bundins slitlags.

— 20% gatnagerðargjalds skulu greidd á framkvæmdaárinu.
— Bæjarráð ákveður gjalddaga í hverju tilviki.
— 80% gatnagerðargjalds skal greiða með skuldabréfi.
— Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign og ákveður bæjarráð við hverja álagningu með hvaða lánskjörum skuldabréfin skulu vera.
— Bæjarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin þriðja aðila.

— Dragist framkvæmdir við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingum vegna innheimtu B-gjalds, færast gjalddagar til í samræmi við það.
— Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við þá götu sem viðkomandi fasteign er skráð við.

Staðgreiðsluafsláttur verði samkv. ákvörðun bæjarráðs hverju sinni.

15. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

16. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkv. 14. gr. í eftirfarandi tilfellum:

a. Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða fullu.
b. Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B-gjald, sbr. 15. gr.
c. Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- og örorkulífeyrisþegar.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um gatnagerðargjöld í Dalvíkurkaupstað nr. 392 frá 29. október 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 30. janúar 1984.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 42 25. janúar 1984

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Sparisjóðs Eyrarsveitar, Grundarfirði, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 25. janúar 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Sparisjóðs Eyrarsveitar, Grundarfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Sparisjóðs Eyrarsveitar.

2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður 20. nóv. 1982 af ábyrgðarmönnum Sparisjóðs Eyrarsveitar sem hér eftir nefnast sjóðsfélagar. Stofnfé sjóðsins er kr. 1 209 000,00 — sem er höfuðstóll

Sparisjóðs Eyrarsveitar þegar rekstri sjóðsins var hætt þann dag.
Endanlegt uppgjör mun koma með ársreikningum 1983.
Tekjur sjóðsins eru: A. vaxtatekjur, B. aðrar tekjur.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja menningar- og líknarmál í Eyrarsveit, svo sem málefni kirknanna í sveitinni, stuðning við aldraða, og önnur menningarmál.

4. gr.

Stjórn sjóðsins, sem kosin er af sjóðsfélögum, skal skipuð þremur mönnum, og kosin til þriggja ára, þó þannig að ætíð sé kosinn einn stjórnarmaður árlega.
Stjórn styrktarsjóðsins skal sjá um að sjóðsfélagar verði ekki færri en tuttugu, og gerir stjórnin tillögu til aðalfundar um inntöku nýrra félaga. Nú eru sjóðsfélagar 29.

5. gr.

Stjórnin skal bera ábyrgð á eignum sjóðsins, taka á móti umsóknum um styrki úr honum, en fundur sjóðsfélaga tekur ákvörðun um styrkveitingar. Halda skal gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana ákvarðanir stjórnar og funda sjóðsfélaga. Aðalfund skal halda eigi síðar en í maí ár hvert.

6. gr.

Stjórnin skal á hverjum tíma ávaxta fé sjóðsins með bestu fáanlegum kjörum í Búnaðarbanka Íslands, Grundarfirði. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal endurskoðun Búnaðarbanka Íslands eða löggiltir endurskoðendur endurskoða ársreikninga sjóðsins.

7. gr.

Fundur sjóðsfélaga skal ákveða hvenær úthlutun hefst úr sjóðnum. Ekki má úthluta úr sjóðnum meiru en sem svarar hálfum hluta vaxta og verðbóta hverju sinni, nema ekki sé úthlutað hámarki árið áður.

8. gr.

Ef aðalfundur sjóðsfélaga ákveður með ⅔ atkvæða að starfsemi sjóðsins verði af einhverjum ástæðum hætt, skal hreppsnefnd Eyrarsveitar ráðstafa fé sjóðsins til menningar- og líknarmála í Eyrarsveit.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta með vilja ⅔ hluta sjóðsfélaga en tillaga um breytingu sé send bréflega til sjóðsfélaga fyrir aðalfund.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 795/1983 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

C. liður 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

c. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0— 4,9	1,32	15,0—15,9	2,81
5,0— 5,9	1,41	16,0—16,9	3,04
6,0— 7,9	1,52	17,0—17,9	3,26
7,0— 7,9	1,60	18,0—18,9	3,46
8,0— 8,9	1,67	19,0—19,9	3,72
9,0— 9,9	1,74	20,0—20,9	3,92
10,0—10,9	1,85	21,0—21,9	4,14
11,0—11,9	1,92	22,0—22,9	4,40
12,0—12,9	2,16	23,0—23,9	4,61
13,0—13,9	2,36	24,0—24,9	4,82
14,0—14,9	2,61	25,0—25,9	5,06

Af akstri fólksflutningabifreiða er taka 17 farþega eða fleiri í sæti, sem á sér stað vegna áætlunarferða í þéttbýli, þ. e. akstur almenningsvagna eða sérleyfisferða, skal greiða 70% lægri þungaskatt en um getur í 1. mgr. þessa stafliðs. Við ákvörðun á þeim fjölda kílómetra sem á sér stað vegna sérleyfisferða, skal leggja til grundvallar ekna kílómetra hvers sérleyfishafa á viðkomandi sérleið á hverju greiðslutímabili samkvæmt leiðabók umferðarmáladeildar fólksflutninga sem í gildi er hverju sinni. Afslátturinn skal miðast við að allur akstur í áætlunarferðum í þéttbýli og sérleyfisferðum fari fram á bifreiðum sem eru 15,0—15,9 tonn að leyfðri heildarþyngd. Komi í ljós að akstur á sérleið hefur verið minni en leiðabók segir til um skal afslátturinn miðast við raunverulegan akstur. Með almenningsvögnum samkvæmt þessari málsgrein er átt við vagna sem ekið er samkvæmt fyrirfram ákveðinni tímaáætlun í þéttbýli og ætlaðir eru almenningi til afnota gegn fyrirfram ákveðnu gjaldi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 79/1974, sbr. lög nr. 78/1975 og lög nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 16. janúar 1984.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

Stjórnartíðindi B 2, nr. 33—43. Útgáfudagur 7. febrúar 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1984

REGLUGERÐ

um stjórn botnfiskveiða 1984.

Heildaraflamark.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar um stjórn botnfiskveiða 1984 miðast við, að á árinu 1984 fari afli eftirtalinna botnfisktegunda eigi fram úr neðangreindu heildaraflamarki:

	Þúsund tonn miðað við óslægðan fisk
1. Þorskur	220
2. Ýsa	60
3. Ufsi	70
4. Karfi	110
5. Skarkoli	17
6. Grálúða	30
7. Steinbítur	15

Almennt veiðileyfi.

2. gr.

Sérhver útgerðaraðili, sem gerir út fiskiskip, 10 brl. eða stærri, til botnfiskveiða, sbr. 1. gr., þarf til þess almennt veiðileyfi, sem sjávarútvegsráðuneytið veitir, auk sérstakra veiðileyfa samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma.

Öðrum en leyfishöfum, samkv. 1. mgr., er óheimilt að stunda botnfiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands á skipum 10 brl. eða stærri.

3. gr.

Við veitingu veiðileyfa skv. reglum þessum koma til greina útgerðir þeirra skipa, sem stunduðu botnfiskveiðar á tímabilinu 1. nóvember 1982 til 31. október 1983 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri. Auk þess koma til greina útgerðir nýrra eða nýkeyptra fiskiskipa, sem ekki hafa verið að veiðum á framangreindu tímabili og búin eru til botnfiskveiða, enda hafi samningar um kaupin verið gerðir milli hlutaðeigandi útgerðar og seljanda fyrir 31. desember 1983.

Önnur skip en að framan getur koma því aðeins til greina, að í stað nýs eða nýkeypts skips hafi annað af svipaðri stærð verið tekið úr rekstri. Skal leita umsagnar samráðsnefndar, skv. 15. gr., áður en fallist er á að veita slíkum skipum veiðileyfi skv. þessum reglum.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

4. gr.

Almennt veiðileyfi, sbr. 2. gr., er veitt með því skilyrði, að afli hvers skips af þeim fiski, sem upp er talinn í 1. gr. fari ekki fram úr því aflamarki, sem tilgreint er í leyfisbréfi til útgerðar.

Aflamark hvers skips skal talið í heilum og hálfum tonnum miðað við slægðan fisk með haus — að undanskildum karfa.

Óslægðan fisk skal umreikna með eftirfarandi hlutfallstölum:

	Hlutfallstala slægður/óslægður fiskur.
Þorskur, ýsa og ufsi	0,80
Steinbítur	0,90
Skarkoli og grálúða	0,92

Þorskur smærri en 50 cm, ýsa smærri en 45 cm, ufsi smærri en 50 cm, karfi innan við 500 gr. og steinbítur minni en 40 cm telst ekki með í aflamarki skips, sbr. þó 5. mgr. þessarar greinar.

Sjávarútvegsráðuneytið getur breytt áður veittu aflamarki allra veiðiskipa frá 15. apríl og 1. september 1984 í ljósi álits Hafrannsóknastofnunar á ástandi fiskistofnanna, og því hvort fiskur undir framangreindum mörkum skv. 4. mgr. skuli reiknast í aflamarki eða ekki.

Felld er úr gildi reglugerð nr. 262 6. júlí 1977 um lágmarksstærðir fisktegunda svo og breyting á þeirri reglugerð nr. 311 9. ágúst 1977.

Botnfiskveiðar minni báta.

5. gr.

Bátar undir 10 brl., sem stunda botnfiskveiðar, hafa sameiginlegt heildaraflamark er skiptist þannig niður á tímabil:

	Tímabil 1 jan.-apríl tonn, ósl.	Tímabil 2 maí-júní tonn, ósl.	Tímabil 3 júlí-ágúst tonn, ósl.	Tímabil 4 sept.-des. tonn, ósl.	Árið allt tonn, ósl.
1. Þorskur	1 350	2 500	3 230	1 220	8 300
2. Ýsa	100	70	130	400	700
3. Ufsi	80	200	820	200	1 300
4. Karfi	—	—	—	—	—
5. Skarkoli	5	5	15	25	50
6. Grálúða	—	—	—	—	—
7. Steinbítur	100	160	80	110	450

Fari afli báta undir 10 brl. af einhverri þessara tegunda fram úr ofangreindum mörkum á ákveðnu tímabili, er ráðuneytinu heimilt að stöðva veiðar báta undir 10 brl. af þeirri tegund um sinn.

Ákvörðun aflamarks.

6. gr.

Við ákvörðun aflamarks hvers skips, 10 brl. eða stærri, skal finna:

a) Skiptingu heildarafla á hverri fisktegund skv. 1. gr. á tímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983, samkvæmt skýrslum Fiskifélags Íslands, á eftirfarandi níu flokka fiskiskipa:
   1. **Skip, sem ekki voru að veiðum 1. nóvember 1982 til 31. október 1983.**
   2. **Loðnubátar,** sbr. reglugerð nr. 745/1983 (með áorðnum breytingum).
   3. **Skelfiskbátar,** það er bátar, sem voru við skelfiskveiðar 1. nóvember 1982 til 31. október 1983, og höfðu stærstan hluta aflatekna sinna af þeim, að frátöldum botnfiskveiðum.
   4. **Rækjubátar,** þ. e. bátar, sem voru við rækjuveiðar innfjarða og á Eldeyjarsvæði, 1. nóvember 1982 til 31. október 1983, og höfðu stærstan hluta aflatekna sinna af þeim, að frátöldum botnfiskveiðum.
   5. **Humar- og reknetabátar,** þ. e. bátar, sem voru við humarveiðar 1. nóvember 1982 til 31. október 1983, og síldveiðar með reknetum og höfðu stærstan hluta aflatekna sinna af þeim 1982 og 1983, að frátöldum botnfiskveiðum.
   6. **Humarbátar aðrir,** þ. e. bátar, sem voru við humarveiðar 1. nóvember 1982 til 31. október 1983, og höfðu stærstan hluta aflatekna sinna af þeim, að frátöldum botnfiskveiðum.
   7. **Síldarbátar,** þ. e. bátar sem voru við síldveiðar með hringnót eða reknet og höfðu stærstan hluta aflatekna sinna af þeim árin 1982 og 1983, að frátöldum botnfiskveiðum.
   8. **Aðrir bátar,** sem voru fyrst og fremst við botnfiskveiðar 1. nóvember 1982 til 31. október 1983.
   9. **Togarar,** þ. e. togveiðiskip 200 brl. eða stærri, sem voru við veiðar 1. nóvember 1982 til 31. október 1983.

b) Finna skal það aflaverðmæti, sem hvert skip hefur haft af veiðum samkvæmt sérstökum veiðileyfum þ. e. loðnu-, skelfisk-, rækju-, humar- og síldveiðileyfum á viðmiðunartímabilinu. Þetta aflaverðmæti skal reiknað á því fiskverði, sem í gildi var á hverjum tíma en fært til sama gengis miðað við Bandaríkjadollar. Verðmæti loðnuafla skal þó í þessum reikningi ekki miðað við afla skv. skýrslum Fiskifélagsins heldur við þrefaldan loðnukvóta skips skv. reglugerð nr. 745/1983 (með áorðnum breytingum). Ennfremur skal verðmæti hörpudiskaflans í þessum reikningi miðast við þrefaldan afla tímabilsins 1. nóvember 1982 til 31. október 1983, en ekki aflaskýrslur alls viðmiðunartímabilsins. Loks skal verðmæti síldarafla í þessum reikningi miðast við afla almanaksárin 1981, 1982 og 1983.

c) Reikna skal verðmæti botnfiskafla hvers skips á viðmiðunartímabilinu, á því fiskverði, sem í gildi var á hverjum tíma en fært til sama gengis miðað við Bandaríkjadollar. Því næst skal lækka aflamagn hvers skips af hverri botnfisktegund um 25% af hlutfalli loðnuverðmætis skv. b-lið þessarar greinar, um 35% af hlutfalli skelfiskverðmætis, en um 10% af hlutfalli rækju- (innfjarða og af Eldeyjarsvæði), humar- og síldaraflaverðmætis af botnfiskaflaverðmæti þess á viðmiðunartímabilinu.

d) Leggja skal saman skerðingu skv. c-lið fyrir hverja botnfisktegund. Við skal bæta afla skipa í flokki 1, sbr. a-lið þessarar greinar. Þeirri heildartölu, sem þannig fæst, skal skipta milli skipa í flokkum 7, 8 og 9, skv. a-lið þessarar greinar í hlutfalli við aflamagn þeirra af hverri tegund á viðmiðunartímabilinu, eftir lækkun skv. c-lið þessarar greinar.

e) Heildaraflamarki hverrar botnfisktegundar 1984, skv. 1. gr., að frádregnu heildaraflamarki báta undir 10 brl., skv. 5. gr., skal skipt milli skipa í flokkum 2 til 9 skv. a-lið þessarar greinar í hlutfalli við aflamagn af hverri tegund, leiðrétt skv. d-lið, þó skal skipta helmingi heildaraflamarks fyrir skarkola eftir þorskaflamagni skv. d-lið þessarar greinar milli skipa í flokkum 7, 8 og 9.

7. gr.

Aflamark hvers skips fyrir hverja botnfisktegund er fundið með því að reikna því sama hlutfall úr aflamarki flokksins, sem það hefur skv. e-lið 6. gr., en þannig reiknað að við afla hvers skips skv. e-lið 6. gr., skal bæta þeim afla, sem ætla má að það hefði haft þann tíma, sem það kann að hafa tafist frá veiðum. Það teljast frátafir frá veiðum í þessu sambandi ef þær hafa hverju sinni varað lengur en tvær vikur samfleytt og hafi hlotist af meiri háttar bilun eða endurbótum á skipum, sem staðfest er af tryggingafélagi, viðgerðaverkstæði eða af öðrum til þess bærum aðila. Einnig skal leiðrétta úthaldsskýrslu vegna sjómannaverkfallsins í ársbyrjun 1982.

8. gr.

Frátafir frá veiðum á viðmiðunartímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983, skv. 7. gr., skulu metnar á grundvelli upplýsinga frá útvegsmönnum, sem borist hafa sjávarútvegsráðuneytinu fyrir 20. janúar 1984, sbr. auglýsingar ráðuneytisins 21. desember 1983 og 10. janúar 1984. Samráðsnefnd skv. 16. gr. skal fjalla um mat á frátöfum frá veiðum, og m. a. í því sambandi um flokkun skipa skv. a-lið 6. gr.

9. gr.

Hverju skipi skal ætla afla í frátöfum skv. 7. gr. með áætluðum meðalafla á úthaldsdag. Meðalafli þessi skal áætlaður þannig, að fundinn er meðalafli á úthaldsdag, skv. skýrslum Fiskifélags Íslands, í viðkomandi stærðarflokki skipa, með sams konar veiðarfæri, í sama mánuði og á sama veiðisvæði þann tíma, sem skipið var frá veiðum. Þennan meðalafla skal hækka eða lækka um það hlutfall, sem meðalafli viðkomandi skips vék frá meðalafla skipa í sama stærðarflokki, með sams konar veiðarfæri, á sama svæði, tímann, sem það var að veiðum á tímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983.

Stærðarflokkar teljast í þessu sambandi:

1. Bátar	10 — 20	brl.
2. Bátar	21 — 50	brl.
3. Bátar	51 — 110	brl.
4. Bátar	111 — 200	brl.
5. Bátar	201 — 500	brl.
6. Bátar	yfir 500	brl.
7. Togarar	201 — 500	brl.
8. Togarar	yfir 500	brl.

Þegar meðalaflamark er reiknað fyrir flokk 7, togarar 201—500 brl., skal það reiknað sérstaklega fyrir togara 39 metra og styttri annars vegar, og hins vegar fyrir togara lengri en 39 metrar, miðað við mestu lengd skipsins.

Veiðisvæði markast í þessu skyni af verstöðinni, frá hverri skipinu er haldið til róðra, sem hér segir:

Svæði 1: Frá Hornafirði suður um til Patreksfjarðar að báðum stöðum meðtöldum.

Svæði 2: Svæðið norðan svæðis 1.

10. gr.

Afli, sem siglt er með á erlendan markað á árinu 1984, eftir birtingu þessara reglna, skal reiknast með fjórðungs álagi, þegar metið er, hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni.

Í samræmi við þessa reglu skal við ákvörðun aflamarks hvers skips auka aflamark þess skv. 6. til 9. gr. sem svarar fjórðungi af hlut afla þess, sem siglt var með til sölu erlendis á viðmiðunartímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983.

Ákvörðun sóknarmarks - val.

11. gr.

Ný skip og skip, sem hafa verið skemur að veiðum á tímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983 en 12 mánuði, geta valið um að fá aflamark reiknað á grundvelli meðalaflamagns í viðkomandi stærðarflokki og veiðisvæði skv. 9. gr. eða fá sett sóknarmark í úthaldsdögum sem svarar 70% af meðalúthaldi skipa í viðkomandi stærðarflokki og veiðisvæði á hverju eftirgreindra tímabila: 1. janúar til 29. febrúar; 1. mars. til 30. apríl; 1. maí til 31. ágúst; 1. september til 31. desember, skv. skýrslum Fiskifélags Íslands á tímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983.

Skip, sem velur sóknarmark skv. ákvæðum 1. mgr. fær þó ekki leyfi til að veiða meiri þorsk á árinu 1984 en svarar meðalþorskaflamarki í viðkomandi stærðarflokki skips og veiðisvæði að viðbættum 15%.

Skipum, sem komu til veiða í fyrsta sinn eftir 1. nóvember 1980 og verið hafa að veiðum lengur en tólf en skemur en þrjátíu og sex mánuði, skal ætla afla skv. reglum 9. gr. miðað við áætlað meðalúthald og afla tímabilið frá 1. nóvember 1980 þar til þau koma til veiða.

Útgerðir nýrra skipa og skipa, sem verið hafa skemur að veiðum en tólf mánuði á tímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983, eða koma í fyrsta sinn til veiða eftir 1. nóvember 1980, skulu tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu um þessar aðstæður sínar fyrir 10. febrúar 1984, sbr. áður birtar auglýsingar ráðuneytisins í dagblöðum.

12. gr.

Hafi á árinu 1983 orðið eigendaskipti eða skipstjóraskipti á skipi, skal gefa útgerðinni kost á að velja um aflamark eða sóknarmark skv. 1. og 2. mgr. 11. gr. eins og um nýtt skip væri að ræða í stað aflamarks þess, sem skipið fengi skv. reglum 7. og 9. greinar. Útgerðum þeirra skipa, sem svo er háttað um og gæta vilja hagsmuna sinna í þessu efni, skal gefinn kostur á að gefa sig fram fyrir 10. febrúar 1984 og kynna sér þá kosti, sem þær hafa um að velja hvað varðar aflamark eða sóknarmark. Þessar útgerðir skulu síðan gefa til kynna fyrir 17. febrúar 1984 hvorn kostinn þær velji með fyrirvara um breytingar, sem verða kunna við endanlega úthlutun aflamarks. Útgerðirnar halda rétti sínum til þess að gera athugasemdir við úthlutunina skv. 17. gr..

13. gr.

Sóknarmark skal ákveðið í fjölda úthaldsdaga á hverju tímabili sbr. 1. mgr. 11. gr. Við ákvörðun fjölda úthaldsdaga gilda eftirfarandi reglur:

1. Úthald talið í dögum hefst þegar skip heldur úr löndunar- eða heimahöfn til veiða.
2. Úthaldi lýkur þegar skip kemur í höfn með veiðarfæri innanborðs til löndunar afla, enda haldi það ekki úr höfn til veiða fyrr en að a. m. k. fjórum sólarhringum liðnum nema því sé það heimilt vegna loka tímabils.
3. Sigli skip með afla til löndunar erlendis telst sá tími er fer til siglingar með afla út, löndunar og siglingar til heimahafnar aftur sem úthaldsdagar.

14. gr.

Útgerð hvers veiðiskips, sem valið hefur sóknarmark, skal tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu að minnsta kosti þremur dögum fyrir upphaf hvers mánaðar, hvenær það hyggst nota sóknarheimild sína í þeim mánuði. Einnig er heimilt að tilkynna hvernig áformað sé að nota sóknarmark fyrir fleiri en einn mánuð eða tímabil í einu. Tilkynning þessi er bindandi fyrir mánuðinn eða tímabilið og er grundvöllur eftirlits með framkvæmd þessara reglna. Frávik vegna tafa í veiðiferðum allt að þremur dögum er heimilt að færa milli mánaða og tímabila skv. 11. gr. Fari slík frávik fram úr þremur dögum um einn eða tvo daga reiknast þeir tvöfaldir til frádráttar á næsta tímabili. Frávik umfram fimm daga teljast brot á reglum þessum og skal farið með þau samkvæmt ákvæðum 23. gr..

15. gr.

Þegar ákveðin er úthlutun veiðileyfa til allra botnfiskveiðiskipa 1984, sú sem birt skal 20. febrúar 1984, sbr. 17. gr., skal meta afla þeirra skipa, sem hafa valið sér sóknarmark, eins og þau hefðu meðalaflamark skv. 1. mgr. 11. gr..

Almenn ákvæði, samráðsnefnd og flutningur aflamarks.

16. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið ákveður aflamark eða sóknarmark skv. reglugerð þessari fyrir hvert skip, 10 brl. og stærri, að fengnum útreikningum Fiskifélags Íslands.

Sérstök samráðsnefnd þriggja manna, skipuð einum fulltrúa frá samtökum sjómanna og einum fulltrúa frá samtökum útvegsmanna auk formanns, sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um öll álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt reglugerð þessari. Í starfi sínu skal nefndin leitast við að velja úrræði sem stuðla að því að draga úr útgerðarkostnaði. Nefndin skal sérstaklega fjalla um ákvarðanir samkvæmt ákvæðum 11. og 12. greinar, svo og til hvaða flokks samkvæmt a-lið 6. gr. skuli telja hvert skip.

Nefndin skal skila skriflegum tillögum til ráðuneytisins um úrlausn einstakra mála.

17. gr.

Tilkynna skal útvegsmönnum um úthlutun aflamarks eða sóknarmarks til þeirra eigi síðar en 20. febrúar 1984. Afli og sókn hvers skips á tímabilinu 1. janúar til 20. febrúar 1984 telst hluti af aflamarki eða sóknarmarki þess fyrir árið 1984, þó ekki ufsaveiði eða línuveiði að hálfu.

Útvegsmenn eiga kost á að gera athugasemdir við úthlutunina fram til 5. mars 1984. Samráðsnefnd, skv. 16. gr., skal fjalla um athugasemdir þeirra svo fljótt sem kostur er. Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar um breytingar á aflamarki.

18. gr.

Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út innan sömu verstöðvar, eftir því sem hlutaðeigandi útgerðaraðilar koma sér saman um. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða reiknað á gildandi fiskverði, svo og um flutning á aflamarki fyrir skarkola. Tilkynna skal fyrirfram um flutning aflamarks milli skipa til sjávarútvegsráðuneytisins svo fljótt sem við verður komið. Flutningur aflamarks milli skipa öðlast ekki gildi fyrr en sjávarútvegsráðuneytið hefur staðfest móttöku tilkynningar um hann frá þeim, sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill nema að fengnu samþykki sjávarútvegsráðuneytisins að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

19. gr.

Þær útgerðir, sem sæta lækkun á botnfiskveiðileyfi skv. reglunum í 6. gr. hér að framan vegna aflatekna af rækju-, humar-, skelfisk-, loðnu- og síldveiðum samkvæmt sérstökum veiðileyfum, skulu hafa forgang við úthlutun leyfa til slíkra veiða á árinu 1984 í þeirri röð, sem þessar tölur um aflaverðmæti af sérleyfisveiðum mynda.

Á hliðstæðan hátt er heimilt að auka botnfiskveiðileyfi þeirra skipa, sem kunna að fá úthlutað rýrari heimild á árinu 1984 til veiða skv. sérstökum veiðileyfum, sbr. 1. mgr., en á undanförnum þremur árum.

Fái útgerð skips, sem ekki hefur haft leyfi til veiða skv. sérstökum veiðileyfum, sbr. 1. mgr. úthlutað slíku leyfi á árinu 1984, skal skerða botnfiskleyfi þess á hliðstæðan hátt og gert er skv. 6. gr.

Eftirlit, viðurlög o. fl.

20. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna, sbr. reglugerð nr. 6/1984 vegna eftirlits með afla og úthaldi á fiskveiðum, og skulu eftirlitsmenn þess m. a. styðjast við upplýsingar frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða og skýrslur Fiskifélags Íslands. Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og fiskkaupendum er skylt að láta í té allar upplýsingar um afla af einstökum tegundum, um úthald og sjósókn sem þörf er á vegna þessa.

21. gr.

Fari fiskiskip fram úr aflamarki einnar fisktegundar skal skerða aflamark þess á öðrum tegundum hlutfallslega í samræmi við gildandi fiskverð hverju sinni, enda séu þessi frávik samanlögð innan við 10% af verðmæti aflamarks þess af öllum botnfisktegundum skv. reglum þessum miðað við gildandi fiskverð. Fari afli skipsins fram úr þessu 10% marki, eða eigi skipið ekki ónotað aflamark af öðrum tegundum til jöfnunar skv. þessum reglum, skal fara með slík brot skv. 23. gr., sbr. lög nr. 32 19. maí 1976 um upptöku ólöglegs sjávarafla. Sama gildir fari skip yfir aflamark skv. 2. mgr. 11. gr..

22. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

23. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga, nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 4. gr. laga nr. 82 28. desember 1983. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

24. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 82 28. desember 1983, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. febrúar 1984.

Halldór Ásgrímsson

Jón L. Arnalds.

GJALDSKRÁ

vegna geislavarnaeftirlits á vegum Hollustuverndar ríkisins fyrir árið 1984.

1. gr.

Skoðunargjöld fyrir árið 1984, sem Hollustuvernd ríkisins innheimtir og gjaldfalla þegar að lokinni skoðun verða sem hér segir:

1. Röntgenskoðunartæki (diagnostik)

	kr.
a. Föst tæki	2 250,00
b. Aukalampar	675,00
c. Móbíltæki	1 700,00
d. Tannröntgentæki	1 700,00

2. Röntgenlækningatæki (terapi)

Geislalækningatæki	5 000,00

3. Röntgentæki í iðnaði

Iðnaðartæki	2 250,00

4. Geislavirk efni

Fyrir hvern stað, þar sem slík efni eru notuð	1 700,00

5. Önnur tæki

Tæki, sem ekki falla undir liði 1—4	1 700,00

6. Mælingar á geislaskömmtum

a. Filmumælingar vegna starfsfólks, fyrir hvern starfsmann	450,00
b. TLD mælingar	900,00

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í lögum nr. 95/1962 um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum og geislatækjum sbr. lög nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. janúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 — 1984

14. febrúar 1984 61 Nr. 46

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um eftirlit með innflutningi plantna o. fl. nr. 103 19. ágúst 1948.

1. gr.

g-liður 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Að vörtupest (Synchytrium endobioticum) og kartöfluhnúðormur (Globodera rostochiensis og G. pallida) séu ekki á ræktunarstaðnum og hafi aldrei fundist þar.

Að kartöflubjallan (Leptinotarsa decemlineata) sé ekki á ræktunarstaðnum og að ræktunarstaðurinn sé staðsettur á svæði, þar sem bjallan finnst ekki.

Að hringrot (Corynebacterium sepedonicum) hafi ekki fundist á ræktunarstaðnum undanfarin 2 ár.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 57 29. maí 1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum í plöntum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. febrúar 1984.

Jón Helgason.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

2. febrúar 1984 Nr. 47

AUGLÝSING

um tryggingarfé ferðaskrifstofa.

Með heimild í 18. gr. laga nr. 60 31. maí 1976, um skipulag ferðamála, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 266 24. júlí 1978, um almennar ferðaskrifstofur, hefur ráðuneytið ákveðið að trygging sú, sem setja verður vegna reksturs ferðaskrifstofu skuli eigi vera lægri en 1,7 millj. kr. frá birtingu þessarar auglýsingar að telja.

Handhöfum gildandi ferðaskrifstofuleyfa er þó veittur frestur til 30. apríl 1984 til að auka tryggingarfé sitt.

Samgönguráðuneytið, 2. febrúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda og sölugjalds af farsímum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður toll, sérstakt tímabundið vörugjald og sölugjald af farsímum (bílsímum).

Niðurfelling gjalda skv. 1. mgr. tekur til símans sjálfs með tónvalbúnaði, sleða (cassette) fyrir símann, samtalssíu (duplexfilter), loftnets, talfæris og sérstaks hátalara, enda sé búnaður þessi fluttur í einu lagi til landsins, sbr. 2. mgr. 50. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit.

Skilyrðis 2. mgr. i.f. skal einnig gætt við úttekt úr tollvörugeymslu eftir því sem við á. Niðurfelling gjalda skal þó ná fram að ganga, þó að í sendingu eða úttekt úr tollvörugeymslu vanti loftnet og/eða sérstakan hátalara.

2. gr.

Það skilyrði er ennfremur sett að búnaðurinn hafi verið samþykktur af Póst- og símamálastofnun til notkunar í bílsímaþjónustu stofnunarinnar og þar með hinu almenna símakerfi.

3. gr.

Nú er búnaður skv. 1. og 2. gr. fluttur inn til endursölu og er hann þá undanþeginn sölugjaldi við sölu.

4. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lið 4.41 í 6. gr. fjárlaga nr. 85 31. desember 1983 og lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði auglýsingar þessarar um niðurfellingu gjalda skulu taka til ofangreinds búnaðar sem tollafgreiddur hefur verið og/eða seldur frá og með 1. janúar 1984. Í þeim tilvikum getur endurgreiðsla gjalda átt sér stað og skulu ákvæði 4. gr. auglýsingar nr. 8 2. janúar 1981 gilda þar um eftir því sem við á. Umsókn um endurgreiðslu gjalda skal hafa borist viðkomandi innheimtumanni innan 6 mánaða frá dagsetningu auglýsingar þessarar. Að þeim tíma liðnum verður umsókn eigi tekin til greina.

Fjármálaráðuneytið, 6. febrúar 1984.

Albert Guðmundsson.

Björn Hafsteinsson.

Stjórnartíðindi B 4, nr. 46—48. Útgáfudagur 15. febrúar 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 — 1984

7. febrúar 1984 63 Nr. 49

REGLUGERÐ

um holræsagjöld á Selfossi.

1. gr.

Eigandi hvers húss er tengist holræsakerfi Selfosskaupstaðar skal, áður en tenging fer fram, greiða sérstakt tengigjald er miðist við rúmmetrastærð viðkomandi húss sbr. 11. gr. reglugerðar um holræsi fyrir Selfosskaupstað, gjaldið fyrir hvern rúmmetra er kr. 3,51 miðað við byggingarvísitölu 149 stig 1983 og skal breytast í samræmi við breytingar á byggingarvísitölunni frá þeim tíma.

2. gr.

Greiða skal holræsagjald af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Selfosskaupstaðar sbr. 12. gr. reglugerðar um holræsi fyrir Selfosskaupstað.

Gjalddagar holræsagjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og greiðist holræsagjaldið með fasteignaskattinum.

Gjaldið skal vera 0,075% af fasteignamati. Upphæð holræsagjalds skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 2,73 á hvern rúmmetra íbúðarhúsnæðis og kr. 1,87 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð holræsagjaldsins aldrei vera hærri en svarar kr. 3,40 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er. Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en 374,00. Ofanskráðar lágmarks- og hámarkskrónutölur eru miðaðar við byggingarvísistölu 149 stig 1983 og skulu breytast með henni frá þeim tíma.

Holræsagjaldið má taka lögtaki, og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðsréttar í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Selfoss staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 323 frá 1975 um holræsagjöld á Selfossi.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

I. KAFLI
Verksvið.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til plöntulyfja, örgresiefna, stýriefna og útrýmingarefna til nota í landbúnaði og til útrýmingar meindýra.

Plöntulyf eru hvers konar efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til varnar gegn sjúkdómum eða skemmdum í lifandi plöntum eða plöntuhlutum af völdum sýkla (bakteríur, sveppir, veirur o. s. frv.), skordýra, lindýra eða annarra smádýra. Til plöntulyfja teljast þannig lyf gegn skordýrum (insecticid), sveppalyf (fungicid), mauralyf (acaricid) og lyf gegn lindýrum (molluscicid) o. s. frv.

Örgresiefni (herbicid, „illgresiseyðar") eru hvers konar efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til þess að deyða plöntur, draga úr vexti þeirra eða hefta hann.

Stýriefni eru efni og efnasamsetningar, sem sérstaklega eru ætluð til þess að stýra vexti nytjaplantna eða hluta þeirra (hraða eða seinka vexti) eða til að draga úr öndun og spírun plantna eða plöntuhluta í geymslu.

Útrýmingarefni eru hvers konar efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til þess að verja uppskorinn jarðargróður eða aðrar fæðutegundir skemmdum af völdum sýkla (bakteríur, sveppir, veirur o. s. frv.), skordýra, lindýra, nagdýra eða annarra dýra með heitt eða kalt blóð, er neyta uppskorins jarðargróðurs eða annarra fæðutegunda sér til lífs og tímgunar og meindýr teljast. Útrýmingarefni eru ennfremur efni og efnasamsetningar, sem notuð eru til þess að eyða hvers konar meindýrum á víðavangi, í híbýlum manna, peningshúsum, farartækjum, vöruskemmum o. s. frv. Til útrýmingarefna teljast einnig aflífunarefni, en það eru efni, sem sérstaklega eru ætluð til þess að aflífa húsdýr og nytjadýr.

Fara skal með efni þessi sem eiturefni eða hættuleg efni (sbr. 1. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

Átt er við framangreind efni, þegar að neðan er rætt um efni og efnasamsetningar án frekari skýrgreiningar.

Efni, sem notuð eru til þess að varna skemmdum í trjáviði svo sem málning og lakk, tjara, bik og fúavarnarefni eru ekki talin útrýmingarefni. Efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til þess að varna óþrifum (lýs, flær o. s. frv.) á húsdýrum og nytjadýrum skulu teljast útrýmingarefni, ef þau eru ekki talin í gildandi lyfjaskrá, sérlyfjaskrá og öðrum hliðstæðum heimildum, sbr. næstu málsgrein.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka ekki til lyfja (mannalyf, dýralyf), sem greind eru í lyfjaskrá, sérlyfjaskrá og öðrum hliðstæðum heimildarritum, enda þótt þau megi einnig nota sem plöntulyf, örgresiefni, stýriefni eða útrýmingarefni, ef þau eru látin úti samkvæmt ákvæðum gildandi lyfjalaga (sbr. reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja).

Nú er vafamál, hvort ákvæði reglugerðar þessarar gilda um tiltekin efni eða efnasamsetningar, og sker heilbrigðismálaráðherra þá úr að fenginni umsögn eiturefnanefndar.

II. KAFLI
Framleiðsla, skráning og flokkun efna og efnasamsetninga.

2. gr.

Plöntulyf, örgresiefni, stýriefni og útrýmingarefni mega þeir einir framleiða, er til þess hafa leyfi ráðherra enda mæli Vinnueftirlit ríkisins og eiturefnanefnd með veitingu slíkra leyfa (sbr. 4. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

3. gr.

Plöntulyf, örgresiefni, stýriefni eða útrýmingarefni má því einungis flytja til landsins, selja eða nota, að þau hafi hlotið viðurkenningu ráðherra og verið skráð á lista yfir slík efni.

Framleiðandi eða umboðsmaður framleiðanda skal sækja til heilbrigðismálaráðuneytisins um viðurkenningu á þeim efnum, er hann hyggst selja eða flytja til landsins. Eiturefnanefnd gerir tillögur um gerð lista yfir slík efni (sbr. 1. málsgr.), er ráðherra gefur út. Tilgreina skal á listanum hættuflokk hvers efnis og efnasamsetningu (sbr. 1. málsgr. 4. gr.).

Umsækjandi greiðir umsóknargjald með hverri umsókn og síðan árgjald af hverju efni eða efnasamsetningu, er viðurkenningu hlýtur og skráð er á listum yfir slík efni. Fella má niður árgjöld, ef sérstakar ástæður mæla með.

Við mat á umsóknum skal eiturefnanefnd taka mið af notagildi hlutaðeigandi efna og efnasamsetninga við aðstæður hér á landi og leita um það álits ráðunauta Búnaðarfélags Íslands eða eftir atvikum annarra opinberra aðila. Nefndin skal gæta þess að mæla ekki með umsóknum, ef eiturhrif efna eða efnasamsetninga eru óhæfilega mikil miðað við notagildi þeirra. Nefndin getur kveðið á um uppskerufresti (tími frá notkun efna og þar til jarðargróður er skorinn upp) og gert tillögur um hámarksmagn í matvælum (sbr. einnig 15. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

Veita má leyfi til innflutnings á takmörkuðu magni efna, sem ekki hafa hlotið viðurkenningu og verið skráð, ef um tilraunastarfsemi er að ræða eða leysa þarf bráð vandræði. Skulu slíkum umsóknum fylgja meðmæli sérfræðinga Búnaðarfélags Íslands, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins eða annarra dómbærra manna, og skal ævinlega leita álits eiturefnanefndar.

Ráðherra getur, að fenginni umsögn eiturefnanefndar, fellt úr gildi viðurkenningu tiltekinna efna og efnasamsetninga, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi svo sem upplýsingar um áður óþekkt eiturhrif. Ráðherra skal þá með tilkynningu staðfesta, að efnið hafi verið tekið af listum yfir viðurkennd efni og efnasamsetningar.

4. gr.

Eiturefnanefnd skipar viðurkenndum og skráðum efnum og efnasamsetningum eftir eiturhrifum í 4 hættuflokka: X, A, B og C. Efni í hættuflokkum X og A eru talin eiturefni, en efni í hættuflokkum B og C hættuleg efni (sbr. 6. málsgr. 1. gr.), nema öðruvísi sé ákveðið.

Þeir einir mega kaupa og nota efni í hættuflokki X, er þörf hafa fyrir eiturefni í þeim hættuflokki við störf sín og til þess hafa fengið leyfi. Leyfi eru veitt til 1—3 ára í senn. Leyfi skal fyrst og fremst veita þeim, er hafa til að bera faglega menntun, er eiturefnanefnd metur gilda (próf frá búnaðarskóla, garðyrkjuskóla, skógræktarskóla o. s. frv.). Leyfi til að mega kaupa og nota efni í hættuflokki X gilda einnig um efni í hættuflokki A og skal þess getið á leyfisskírteini. Lögreglustjóri gefur út, að fengnu samþykki eiturefnanefndar, númerað leyfisskírteini (sbr. 9. gr. reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa), er leyfishafi skal ávallt bera á sér við störf sín.

Þeir einir mega kaupa og nota efni í hættuflokki A, er þörf hafa fyrir eiturefni í þeim hættuflokki við störf sín og til þess hafa fengið leyfi og gilda leyfi þessi ekki fyrir efni og efnasamsetningar í hættuflokki X. Leyfi eru veitt til 1—3 ára í senn (sbr. þó 6. málsgr.). Leyfi skal einungis veita þeim, er hafa til að bera þá menntun eða þekkingu, er eiturefnanefnd metur gilda, svo sem sótt viðurkennd námskeið (sbr. 8. málsgr.) Lögreglustjóri gefur út, að fengnu samþykki eiturefnanefndar, númerað leyfisskírteini (sbr. 9. gr. reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa), er leyfishafi skal ávallt bera á sér við störf sín.

Umsóknir um leyfi til þess að kaupa og nota efni í hættuflokkum X og A skal senda hlutaðeigandi lögreglustjóra er sendir þær eiturefnanefnd til umsagnar. Eftir því sem við á hverju sinni, leitar eiturefnanefnd álits um umsækjendur til sérfræðinga Búnaðarfélags Íslands, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Skógræktar ríkisins og heilbrigðisnefnda á hverjum stað. Eiturefnanefnd skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi umsögn sína innan 2 mánaða.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnum meðmælum eiturefnanefndar, að veita einstaklingum, er ekki hafa gild leyfisskírteini til kaupa á efnum og efnasamsetningum í hættuflokki A leyfi til kaupa á takmörkuðu magni slíkra efna og efnasamsetninga, ef sérstakar ástæður mæla með. Gegn kaupaheimildum þessum má eigi láta úti oftar en einu sinni.

Þeir einir, er hafa leyfi til að kaupa og nota efni og efnasamsetningar í X hættuflokki (sbr. ákvæði 2. málsgr.) mega stunda úðun garða í einkaeign eða almenningseign með efnum og efnasamsetningum í X og A hættuflokkum, sbr. 2. mgr. Skulu þeir sækja um leyfi til þess til Hollustuverndar ríkisins. Hollustuvernd ríkisins leitar umsagnar eiturefnanefndar um umsækjendur, áður en leyfi eru veitt. Leyfi gilda lengst til 5 ára og er nefnd starfsemi óheimil án gildra leyfa. Við veitingu leyfa til garðaúðunar skal þess gætt, að tækjabúnaður og varúðarráðstafanir umsækjenda séu viðhlítandi og þeir séu hæfir til starfsins og hafi hæfu starfsliði á að skipa. Hollustuvernd ríkisins setur nánari reglur um veitingu leyfa þessara, ef þörf gerist.

Eiturefnanefnd eða Hollustuvernd ríkisins (sbr. 6. málsgr.) geta lagt fyrir hlutaðeigandi yfirvald, að numið verði úr gildi leyfi til þess að kaupa og nota efni í hættuflokkum X og A, ef gildar ástæður eru til þess að ætla, að leyfishafar brjóti svo af sér við störf sín, að hætta geti stafað af. Hlutaðeigandi yfirvald getur og, hvenær sem er, numið slíkt leyfi úr gildi, ef fyrrgreindar ástæður mæla með því. Heimilt er í þessum tilvikum að áfrýja til heilbrigðismálaráðherra.

Eiturefnanefnd getur sett að skilyrði fyrir veitingu leyfa til að mega nota efni í X og A hættuflokkum, að hlutaðeigendur hafi áður sótt námskeið til þess að öðlast sérþekkingu í meðferð þeirra efna, er þeir hyggjast fyrst og fremst nota við störf sín.

Sérstök leyfi þarf ekki til þess að kaupa og nota efni og efnasambönd í B og C hættuflokkum.

III. KAFLI
Innflutningur, sala og dreifing.

5. gr.

Innflutning efna og efnasamsetningar í X, A og B hættuflokkum mega þeir einir annast, er greindir eru í 1.—3. og 5. tölulið 1. málsgr. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni. Innflytjendum er óheimilt að selja fyrrgreindan varning, nema þeir hafi til þess sérstakt leyfi heilbrigðismálaráðherra, enda mæli Lyfjaeftirlit ríkisins og eiturefnanefnd með veitingu slíkra leyfa (sbr. 5. tölulið 1. málsgr. laga um eiturefni og hættuleg efni). Lyfjaheildverslanir

(sbr. 3. tölulið 1. málsgrein 5. gr. laga, um eiturefni og hættuleg efni) hafa slík leyfi sjálfkrafa, ef um er að ræða efni og efnasamsetningar, sem fyrirtæki þess hafa umboð fyrir. Lyfjabúðum er ennfremur heimilt án sérstaks leyfis að selja útrýmingarefni í B hættuflokki, sbr. einnig ákvæði 4. mgr.

Leyfi til þess að selja efni og efnasamsetningar í X, A og B hættuflokkum eru bundin við:

a) að leyfishafi hafi í fullri dagvinnu ekki færri en einn mann, er hefur sérstaka vöruþekkingu á umræddum efnum, enda skal sá maður (menn) hafa umsjón með sölunni;
b) að efnin séu varðveitt í sérstakri geymslustúku eða herbergi þar sem enginn annar varningur er geymdur;
c) að gólf og veggir geymslustúkunnar séu úr vatnsþéttu efni og þannig aðskilin frá nærliggjandi herbergjum, að þau mengist ekki;
d) að loftræsting sé fullnægjandi að dómi Lyfjaeftirlits ríkisins;
e) að læsa megi geymslustúkunni sérstaklega.

Leyfi til þess að selja efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X, A og B gilda til 5 ára í senn. Veita má þó bráðabirgðaleyfi til eins árs, ef gera þarf úrbætur á söluhúsnæði. Nema skal slíkt leyfi úr gildi, ef misbrestur er á, að framangreindum skilyrðum sé fullnægt eða aðrar gildar ástæður mæla með því. Lyfjaeftirlit ríkisins annast eftirlit með sölubúðum leyfishafa í samvinnu við heilbrigðisnefndir á hverjum stað, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 455/1975.

Ráðherra getur að fenginni umsögn landlæknis og eiturefnanefndar veitt lyfsölum leyfi til þess að versla með efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X, A og B, enda mæli sérstakar ástæður með veitingu slíkra leyfa, t. d. mikil fjarlægð frá viðurkenndri sölubúð. Leyfi þessi gilda til 5 ára í senn. Þau má takmarka við sölu á tilteknum efnum í X eða A hættuflokkum eða við sölu á efnum og efnasamsetningum í B hættuflokki eingöngu. Ákvæði b- og c-staflíða 2. málsgr. eiga ekki við um lyfjabúðir, sem hafa fengið slík söluleyfi, sbr. og f-staflið 17. gr. reglugerðar um búnað og rekstur lyfjabúða nr. 151/1968.

Flutningsaðili (skipafélög, flugfélög) er ábyrgur fyrir því, að efni og efnasamsetningar valdi hvorki tjóni á mönnum né vörum í vöruskemmum, uns innflytjandi (sbr. 1. málsgr.) sækir varninginn. Ef varningurinn er ekki fluttur úr vöruskemmu beint í geymslustúku seljanda (sbr. 1. og 2. málsgr.), skal innflytjandi geyma hann sérstaklega og þannig, að mönnum eða húsdýrum stafi ekki hætta af. Innflytjandi er bótaskyldur, ef út af þessu er brugðið.

Seljendum ber að varast svo sem frekast er auðið að rjúfa ílát um efni og efnasamsetningar í öllum hættuflokkum með það fyrir augum að vega efnin sundur, blanda eða þynna og umpakka eða umhella í ný, söluhæf ílát (sbr. 2. málsgr. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni). Ef seljandi óskar að rjúfa ílát um varning þennan í fyrrnefndu skyni, skal hann fá til þess samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins og láta skrá söluvarninginn, sbr. ákvæði 3. gr. Nú rýfur seljandi slíkar umbúðir með þeim afleiðingum, að tjón hlýst af á mönnum eða dýrum eða matvæli og fóðurvörur mengast af efnunum, og er hann þá ábyrgur fyrir tjóni og bótaskyldur.

Meindýraeyðum, er starfa í opinberri þjónustu (á vegum heilbrigðisnefnda eða hliðstæðra stofnana), er heimilt að rjúfa ílát undir útrýmingarefni, vega þau sundur, blanda eða þynna og umpakka eða umhella í ný ílát til eigin nota eða til endursölu öðrum meindýraeyðum í opinberri þjónustu, enda komi til leyfi eiturefnanefndar og Vinnueftirlits

ríkisins (sbr. 4. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni). Um ílát undir efni þessi og efnasamsetningar og merkingar þeirra skulu gilda sömu ákvæði og ella gilda um efni og efnasamsetningar í X, A, B eða C hættuflokkum (eftir því sem við á). Skulu meindýraeyðar, er slík leyfi fá, eða heilbrigðisnefndir í þeirra stað senda eiturefnanefnd skýrslu um framleiðslustarfsemi þessa í lok hvers árs.

Í flutningum innanlands skulu vera viðeigandi flokksmerki og varnaðarmerki á ystu umbúðum (sbr. 7. gr.). Heilbrigðismálaráðherra getur, ef þörf gerist, sett nánari reglur um flutning efna og efnasamsetninga í öllum hættuflokkum (sbr. 18. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

IV. KAFLI
Afgreiðsla og afhending.

6. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn af til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn. Hafi hann engan tilnefnt fer um varamenn samkvæmt 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Bæjarfulltrúar skulu hafa auglýstan viðtalstíma á bæjarskrifstofunni fyrir bæjarbúa tvær klst. í senn, eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Skulu tveir bæjarfulltrúar mæta í hverjum viðtalstíma og skulu þeir ekki vera af sama lista.

Bæjarstjóri skipuleggur viðtalstíma og auglýsir þá um leið og bæjarstjórnarfundi.

25. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI.

Bæjarráð.

26. gr.

Á bæjarstjórnarfundi í júní skulu kosnir 3 bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði, en ekki hefur hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn í ráðið.

Bæjarráð kýs sér formann og varaformann og má kjósa bæjarstjóra þótt hann sé ekki kjörinn í ráðið.

Bæjarráð getur leyft að flokkur, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Bæjarráð skal halda fundi að jafnaði vikulega. Heimilt er þó að fella niður annan hvern fund í júlí- og ágústmánuði. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða bæjarráðsmaður óskar þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda og sér um að fundarboð sé tilkynnt bæjarráðsmönnum eigi síðar en á hádegi tveim dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé tilgreint á dagskrá, en skylt er þó að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, ef þess verður óskað.

Formaður sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum og úrskurðar um ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum.

Bæjarritari er ritari bæjarráðs, en í forföllum hans tilnefnir formaður bæjarráðs ritara í hans stað.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau hljóta.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því sem þau geta átt við.

27. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Ólafsvíkur að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin samkvæmt lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur samkvæmt heimild í 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum, enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði né við bæjarstjóra um slíkar ákvarðanir.

Bæjarráð getur þó tekið lokaafgreiðslu í þeim málum, sem bæjarstjórn hefur vísað til þess til fullnaðarafgreiðslu.

28. gr.

Bæjarráð hefur umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúning fjárhagsáætlana og gerir tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins. Ennfremur hefur það eftirlit með allri starfsemi kaupstaðarins, sem ekki er falin öðrum samkvæmt lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar með þeim takmörkunum sem 47. gr. laga nr. 58/1961 setur. Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum bæjarstjórnar er falið að hafa með höndum tiltekna málaflokka, skal bæjarráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

29. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað.

V. KAFLI.

Um bæjarstjóra.

30. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar og getur þá ráðherra ákveðið að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

31. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn og bæjarráð gerir og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekið mál. Skylt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofum bæjarins.

32. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og fastanefnda og hefur hann þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar. Ekki hefur hann þó atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar, nema hann sé bæjarfulltrúi og ekki á fundum bæjarráðs og nefnda, nema hann sé lögskipaður eða kjörinn nefndarmaður.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda.

33. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda félagsmálaráðuneytinu skýrslu og leggur það úrskurð á málið.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs sbr. 2. mgr. 27. gr.

34. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögboðin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykkt bæjarstjórnar eða fullnaðarákvörðun bæjarráðs, má ekki greiða nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð hans eða bæjarráðs til slíks.

35. gr.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn feli öðrum. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu, en þá samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um það málefni.

Hann hefur með höndum umsjón með skrifstofum bæjarins og daglega stjórn á fjármálum bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra, þar á meðal innheimtu tekna bæjarins.

VI. KAFLI.

Endurskoðendur.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunarstarfa fer eftir ákvæðum d. liðar III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. maí ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

37. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans, sbr. 36. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og gæta þess að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt.

Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögur um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

VII. KAFLI.

Nefndir.

38. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin málefni, eftir því sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt bæjarstjórnar:

A. Til eins árs í júní ár hvert:

1) Forseta bæjarstjórnar.
2) 1. varaforseta bæjarstjórnar.
3) 2. varaforseta bæjarstjórnar.
4) Tvo skrifara bæjarstjórnar og jafnmarga til vara.
5) Tvo endurskoðendur bæjarreikninga og jafnmarga til vara.
6) Þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð og jafnmarga til vara.
7) Þrjá bæjarfulltrúa í samninganefnd um kjaramál og jafnmarga til vara.
8) Þrjá fulltrúa í kjörstjórn og jafnmarga til vara.
9) Einn fulltrúa á aðalfund Hafnarsambands sveitarfélaga og einn til vara.
10) Þrjá fulltrúa á aðalfund Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi og jafnmarga til vara.

B. Til fjögurra ára á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar:
1) Fimm fulltrúa í bygginga- og skipulagsnefnd og jafnmarga til vara.
2) Fimm fulltrúa í skólanefnd grunnskóla og jafnmarga til vara.
3) Þrjá fulltrúa í skólanefnd tónlistarskóla og jafnmarga til vara.
4) Fimm fulltrúa í hafnarnefnd og jafnmarga til vara.
5) Þrjá fulltrúa í framtalsnefnd og jafnmarga til vara.
6) Þrjá fulltrúa í bókasafnsnefnd og jafnmarga til vara.
7) Þrjá fulltrúa í brunamálanefnd og jafnmarga til vara.
8) Tvo fulltrúa í áfengisvarnanefnd og jafnmarga til vara.
9) Tvo fulltrúa í sáttanefnd og jafnmarga til vara.
10) Þrjá fulltrúa í barnaverndarnefnd og jafnmarga til vara.
11) Sjö fulltrúa í atvinnumálanefnd og jafnmarga til vara.
12) Fimm fulltrúa í íþrótta- og æskulýðsnefnd og jafnmarga til vara.
13) Þrjá fulltrúa í fjallskilanefnd og jafnmarga til vara.
14) Tvo forðagæslumenn og jafnmarga til vara.
15) Einn fulltrúa í stjórn og á aðalfund Útvers hf. og einn til vara.
16) Einn fulltrúa í stjórn og á aðalfund Hótel Ness hf. og einn til vara.
17) Þrjá fulltrúa í stjórn Verbúða hf. og jafnmarga til vara.
18) Einn fulltrúa í stjórn eigendafélags Félagsheimilis Ólafsvíkur og einn til vara.
19) Þrjá fulltrúa í stjórn verkamannabústaða og jafnmarga til vara.
20) Einn fulltrúa í stjórn heilsugæslustöðvar og einn til vara.
21) Þrjá fulltrúa í félagsmála- og byggingarnefnd aldraðra og jafnmarga til vara.
22) Þrjá fulltrúa í leikskóla- og leikvallanefnd og jafnmarga til vara.
23) Fimm fulltrúa í umferðarmálanefnd og jafnmarga til vara.
24) Fimm fulltrúa í umhverfismálanefnd og jafnmarga til vara.

C. Aðrar nefndir vegna sérstakra samþykkta bæjarstjórnar.

Formenn skulu sjá um að nefndir séu boðaðar til fundar. Ef tveir nefndarmenn hið fæsta óska eftir að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga setu í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann og skal hann þá boða nefndina til fundar svo fljótt sem auðið er. Einnig getur bæjarstjóri boðað, að fundir skulu haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til að ræða ýmis bæjarmál.

Bæjarstjórn kýs formenn nefnda, sem starfa á vegum bæjarins, nema öðruvísi sé fyrir mælt.

39. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Kjörtímabil nefnda og umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími bæjastjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem hefur fengið til úrlausnar ákveðið afmarkað verkefni, þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst er verkefnið er til lykta leitt eða ef bæjarstjórn leggur nefndina niður.

Fulltrúar starfsmanna eiga, ef þeir óska þess, rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hjá þeim nefndum, sem fara með viðkomandi starfssvið.

Starfsmönnum bæjarins er skylt að mæta á fundi nefnda sé þess óskað.

40. gr.

Allar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

41. gr.

Nefndarmenn eiga rétt á þóknun fyrir störf sín samkvæmt reglum sem bæjarstjórn setur, nema annað sé tekið fram í lögum eða reglugerðum.

VIII. KAFLI.

Starfsmenn kaupstaðarins.

42. gr.

Bæjarráð skipar fasta starfsmenn og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarráði að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarráð getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í stöður hjá bænum, svo sem sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður. Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarstjórnar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlýta breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

43. gr.

Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum, hver störf skulu talin föst hjá kaupstaðnum og fyrirtækjum hans, auk þeirra starfa, sem samkvæmt lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

44. gr.

Uppsagnarfrestur fastra starfsmanna skal vera þrír mánuðir.

IX. KAFLI.

45. gr.

Til þess að gera breytingu á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsvíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 789 3. desember 1982.

Félagsmálaráðuneytið, 23. febrúar 1984.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn hreppsmálefna Egilsstaðahrepps í Suður-Múlasýslu.

I. KAFLI

Um skipun hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Egilsstaðahrepps skal skipuð sjö hreppsnefndarmönnum kjörnum samkv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Hreppsnefnd er almennt í fyrirsvari fyrir Egilsstaðahrepp og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni hreppsins til lykta ráðið án umsagnar hreppsnefndar.

Hreppsnefnd ber að gæta hagsmuna hreppsins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni sem henni eru fengin í samþykktum er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hreppsnefndar eru þessi:

a. Hreppsnefnd fer með yfirstjórn á fjárreiðum hreppsins.
   1. Hún skal fyrir lok desembermánaðar hvert ár gera áætlun um tekjur og gjöld hreppsins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina hvernig fjárveiting til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið og ennfremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
   2. Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn hreppsins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun hreppsins og/eða hreppsstofnana eða með annarri ákvörðun hreppsins. Ennfremur að eignir hreppsins séu tryggilega varðveittar.
   3. Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga hreppsins eigi síðar en 31. mars ár hvert.

b. Hreppsnefnd hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda hreppsins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlun um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og einstök verk eftir því, sem ástæða þykir til.

c. Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra og kýs nefndir eftir því, sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga hreppsins. Ennfremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum, sem um getur í 38. gr. og semur um laun þeirra.

d. Hreppsnefnd setur reglur um stjórn hreppsmálaefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna hreppsins. Hún ákveður gjaldskrár hreppsfyrirtækja eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI

Fundarsköp hreppsnefndar.

3. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum kýs hún sér oddvita og varaoddvita og fer um kosningu þeirra og starfstíma eftir gildandi sveitarstjórnarlögum.

Aldursforseti sveitarstjórnar stýrir fyrsta fundi hreppsnefndar þar til kjöri oddvita er lokið.

4. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í fundargerðabók og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Oddviti sér um að allt fari löglega fram og skipulega á fundum hreppsins. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans undir úrlausn hreppsnefndar, ef vafi leikur á um skilning fundarskapa.

5. gr.

Hreppsnefnd ræður sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar, sem sér um færslu gerðabókar og hefur oddviti eftirlit með því að rétt sé fært til bókar. Í gerðabók skal skráð hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja fundinn, töluröð hreppsnefndarfunda, svo og hver er fundarritari og einnig það sem oddvitinn vill láta til bókar færa, þótt ekki sé til getið í dagskrá fundarins. Í fundarlok skal lesa upp gerðabók og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana.

Hver hreppsnefndarmaður, sem eigi er sammála hinum á rétt á því að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina. Heimilt er að fresta lestri gerðabókar til næsta fundar hreppsnefndar, en þá skal afrit fundargerðar sent hreppsnefndarmönnum þegar að fundi loknum og fá þeir frest til næsta fundar til að koma á framfæri athugasemdum.

6. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar nema í júlí og ágúst.

Aukafundi skal halda samkvæmt ákvörðun hreppsráðs, oddvita, sveitarstjóra eða ef tveir hreppsnefndarmann hið fæsta krefjast þess.

Sveitarstjóri boðar fundi hreppsnefndar.

7. gr.

Sveitarstjóri og hreppsráð semja dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir hreppsráðs og annarra lögmæltra nefnda, sem kunna að þurfa staðfestingar hreppsnefndar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið hreppsnefndar skv. 2. gr. sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961 enda sé þess óskað af hreppsnefnd, hreppsráði, lögmæltri nefnd eða hreppsnefndarmanni, að málið sé tekið á dagskrá.
3. Lögmæltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem hreppsnefnd á að fjalla um að lögum. Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndar, skal tilkynna það sveitarstjóra eða oddvita skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð eigi síðar en 5 dögum fyrir hreppsnefndarfund.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi 2 dögum fyrir boðaðan hreppsnefndarfund hafa sent öllum hreppsnefndarmönnum og a. m. k. jafnmörgum varahreppsnefndarmönnum dagskrá næsta hreppsnefndarfundar. Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, afrita af skýrslum og athugasemdir endurskoðenda svo og annarra gagna, sem geta orðið til upplýsinga um málefni á dagskrá.

Ef ákveðinn verður aukafundur skv. 2. mgr. 6. gr. skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, sem send verði hreppsnefndarmönnum og varahreppsnefndarmönnum með 24 klst. fyrirvara.

Heimilt er þó að boða fund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu enda sé þess getið með fundarboðun, hvaða mál sé á dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð sem dagskrá segir nema hreppsnefnd ákveði að önnur röð sé höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði enda samþykki meirihluti viðstaddra hreppsnefndarmanna þau afbrigði.

8. gr.

Hreppsnefndarfundi skal auglýsa á sama hátt og venja er til um opinberar auglýsingar í hreppnum a. m. k. með 24 klst. fyrirvara.

9. gr.

Hreppsnefndarfundi skal halda í heyranda hljóði. Hreppsnefnd getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd séu fyrir luktum dyrum. Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið með atkvæðagreiðslu án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum. Ef áheyrandi á hreppsnefndarfundi raskar fundarfriði getur oddviti látið vísa honum út.

10. gr.

Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert nema meira en helmingur hreppsnefndarmanna sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála enda taki meirihluti fundarmanna þátt í atkvæðagreiðslu.

Sveitarstjóri og hver hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og hreppsnefnd á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar. Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti fellur það nema við kosningu en þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu sveitarstjóra, nefnda eða með því að fresta því. Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslu um tilhögun skal hagað.

11. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál við eina umræðu nema hina árlegu fjárhagsáætlun ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra. Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

12. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að hreppsnefndarmaður réttir upp hönd. Nafnakall eða skrifleg atkvæðagreiðsla skal viðhöfð ef einhver hreppsnefndarmanna eða sveitarstjóri óskar. Við nafnakall er hreppsnefndarmanni skylt að greiða atkvæði nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni er oddviti metur gild. Ef hreppsnefndarmaður vill ekki una úrskurði oddvita má hann skjóta úrskurðinum til hreppsnefndar, sem sker úr án umræðu.

13. gr.

Hver hreppsnefndarmaður sem vill taka til máls á hreppsnefndarfundi, skal óska heimildar oddvita.

Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumenn svo og hreppsnefndarmann sem vill gera stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan sig.

Ef tveir eða fleiri hafa kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala.

Hreppsnefnd getur heimilað, ef 4 hreppsnefndarmenn samþykkja, að maður utan hreppsnefndar megi tala á hreppsnefndarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

14. gr.

Framsögumaður eða flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir hreppsnefndarmann tvisvar, heimilt er þó að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd. Sveitarstjóri sem ekki er jafnframt hreppsnefndarmaður, skal hafa málfrelsi á hreppsnefndarfundum til jafns við hreppsnefndarmenn. Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita.

15. gr.

Ef oddviti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt til að umræðutími hvers hreppsnefndarmanns megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur oddviti, hvenær sem er, lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo að hún standi skemur en tvo tíma meðan nokkur hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs.

Hreppsnefnd afgreiðir tillögur oddvita sbr. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

16. gr.

Skylt er hreppsnefndarmanni að lúta valdi oddvita í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef hreppsnefndarmaður ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann. Ef hreppsnefndarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur oddviti lagt til við hreppsnefnd að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef hreppsnefndarmaður hlýðnast ekki úrskurði hreppsnefndar eða almenn óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

17. gr.

Eftir hvern hreppsnefndarfund skal öllum hreppsnefndarmönnum og varamönnum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum. Einnig skal öllum starfandi nefndum á vegum sveitarfélagsins sent eftirrit fundargerða svo og forstöðumönnum stofnana sem starfa á einn eða annan hátt á vegum sveitarfélagsins þegar fjallað hefur verið um málefni viðkomandi aðila. Eftirrit fundargerða skal jafnan liggja frammi á hreppsskrifstofu. Hverjum og einum íbúa sveitarfélagsins skal vera heimilt að fá eintak, óski hann þess.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

18. gr.

Hverjum hreppsnefndarmanni er skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögleg forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér störf sem hreppsnefnd felur honum t. d. oddvitastörf, setu í hreppsráði eða öðrum nefndum o. s. frv. Sá sem hefur verið oddviti hreppsnefndar, setið í hreppsráði eða öðrum nefndum getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Hreppsnefndarmönnum er skylt að koma prúðmannlega fram á hreppsnefndarfundum, gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem hreppsnefndarmenn. Þá er þeim skylt að gæta hagsmuna og velferðar hreppsins út á við sem inn á við, eftir sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli hreppsnefndarmanna. Hafa ber í huga, að heill sveitarfélagsins er ofar þrasi og togstreitu stjórnmálanna.

19. gr.

Hreppsnefndarmönnum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf hreppsins og stofnana hans.

20. gr.

Hver hreppsnefndarmaður á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd skv. ákvörðun hennar.

21. gr.

Ef hreppsnefndarmaður, kosinn í nefnd og til annarra starfa forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varamaður ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefnd getur veitt hreppsnefndarmanni, sem óskar, lausn frá hreppsnefndarstarfi.

IV. KAFLI

Hreppsráð.

23. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar í júní ár hvert skal kjósa þrjá menn í hreppsráð og þrjá til vara hlutfallskosningu. Kosning hreppsráðs gildir uns nýtt hreppsráð hefur verið kjörið.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsráðs. Hreppsráð kýs sér formann og ritara. Kjósa má sveitarstjóra formann þótt hann sé ekki kjörinn í ráðið.

Hreppsráð skal halda fundi hálfsmánaðarlega. Fundardaga og fundartíma skal ákveða af hreppsnefnd í upphafi kjörtímabils.

Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri ákveður það eða ef hreppsráðsmaður óskar þess.

Hreppsráð getur ráðið fundarritara utan hreppsráðs. Í gerðabók skal greina frá því hvar fundur er haldinn og hvenær, tölu funda, hverjir sitja fundinn og hver sé fundarritari. Þá skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Listi, sem fulltrúa á í hreppsnefnd en ekki fulltrúa í hreppsráði, má tilnefna hreppsnefndarmann til að sitja fundi hreppsráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsráðs og sér um að fundarboð sé fært hreppsráðsmönnum.

24. gr.

Hreppsráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn Egilsstaðahrepps að því leyti sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum hreppsnefndar. Hreppsráð skal gera tillögur til hreppsnefndar í þeim málum, sem fyrir hreppsráði kunna að liggja.

Hreppsráði er heimilt að ráða til lykta málum, sem ekki valda verulegum útgjöldum, enda sé ekki ágreiningur í hreppsráði né hreppsnefnd um afgreiðsluna.

25. gr.

Hreppsráð hefur eftirlit með stjórnun og fjármálum hreppsins og undirbúningi fjárhagsáætlana, lætur gera tillögur til úrskurðar á reikningum hreppsins, lætur semja skýrslu um eignir og skuldir hreppsins og hefur eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda.

Hreppsráð hefur umsjón með gatnagerð hreppsins, holræsum, vatnsveitu, barnaleikvelli, dagheimili, áhaldahúsi, svo og öðrum eignum, allt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar og reglugerðum þar að lútandi.

Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum hreppsnefndar er falið að hafa með höndum fyrrgreinda málaflokka, skal hreppsráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

Hreppsráð leggur til við hreppsnefnd hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda að því leyti sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

Hreppsráð samþykkir reikninga frá æðstu yfirmönnum sveitarfélagsins.

26. gr.

Skylt er starfsmönnum hreppsins að sitja fundi hreppsráðs, ef það eða sveitarstjóri óskar þess, þegar til umræðu eru þau málefni, sem störf þeirra snerta.

V. KAFLI

Um sveitarstjóra.

27. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

Ráðningarsamningur er þó uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara. Á ráðningartímabilinu þarf uppsögn ráðningarsamnings tvær umræður í hreppsnefnd. Líða skulu minnst 24 klst. milli umræðna.

Nú næst ekki meirihluti í hreppsnefnd fyrir ráðningu sveitarstjóra, svo og að sveitarstjóri er í andstöðu við meirihluta hreppsnefndar, getur ráðherra ákveðið að hreppsnefndarkosningar skuli fara fram á ný.

28. gr.

Sveitarstjóri hefur með höndum framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og framkvæmd á málefnum hreppsins yfirleitt að því leyti, sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað um tiltekið mál.

Skylt er sveitarstjóra að hafa ákveðinn daglegan viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu hreppsins.

29. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hreppsráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem hreppsnefndarmenn, nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessari samþykkt. Hann á einnig sæti í fastanefndum. Ekki hefur hann atkvæðisrétt í hreppsnefnd, hreppsráði eða fastanefndum nema hann sé til þess kjörinn.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum hreppsnefndar, hreppsráðs og nefnda.

30. gr.

Nú samþykkir hreppsnefnd ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun og getur sveitarstjóri fellt slíka ályktun úr gildi um sinn og skal þessi ákvörðun færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda félagsmálaráðuneytinu skýrslu og leggur það úrskurð á málið. Sveitarstjóri skal senda hreppsnefnd afrit af skýrslunni svo hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til viðkomandi yfirvalda.

31. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykkt hreppsnefndar, má ekki greiða nema til komi samþykkt hreppsnefndar. Ekkert gjald má greiða úr hreppssjóði nema sveitarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð hreppsráðs til slíks.

32. gr.

Sveitarstjóra er heimilt í samráði við hreppsráð að fela öðrum að gegna störfum sínum um skemmri tíma.

Stendur sú ákvörðun óhögguð nema hreppsráð ákveði aðra tilhögun. Ef um lengri forföll en tvo mánuði er að ræða skal hreppsnefnd setja mann til að gegna starfi hans.

VI. KAFLI

Endurskoðendur.

33. gr.

Hreppsnefnd kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga hreppsins og fyrirtækja hans.

Hreppsnefndarmenn eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa. Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðar 3. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 31. mars ár hvert. Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun hreppsnefndar.

34. gr.

Hreppsráði er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda skoðun reikninga hreppsins og fyrirtækja hans sbr. 25. gr. Senda skal hann hreppsráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en hreppsráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til hreppsnefndar.

VII. KAFLI

Nefndir.

35. gr.

Hreppsnefnd kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin mál eftir því sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt hreppsnefndar:

A. Til eins árs í júní hvert ár:
Þrjá menn í hreppsráð og þrjá til vara.
Tvo endurskoðendur og tvo til vara.
Þrjá menn í kjörstjórn og þrjá til vara.
Fulltrúa á aðalfund Samtaka sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.

B. Til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
Fimm menn í byggingarnefnd og fimm til vara.
Þrjá menn í skólanefnd grunnskóla og þrjá til vara.
Einn mann í skólanefnd Tónskóla Fljótsdalshéraðs og einn til vara.
Tvo menn í heilbrigðisnefnd og tvo til vara.
Þrjá menn í áfengisvarnanefnd og þrjá til vara.
Þrjá menn í barnaverndarnefnd og þrjá til vara.
Fimm menn í atvinnumálanefnd og fimm til vara.
Fimm menn í tómstundaráð og fimm til vara.
Þrjá menn í fjallskilanefnd og þrjá til vara.

Einn forðagæslumann og einn til vara.
Tvo menn í rekstrarnefnd Valaskjálfs og tvo til vara.
Fjóra menn í hitaveitustjórn og fjóra til vara.
Fimm menn í skipulagsnefnd og fimm til vara.
Fimm menn í jafnréttisnefnd og fimm til vara.
Þrjá menn í stjórn verkamannabústaða og þrjá til vara.
Einn mann í stjórn heilsugæslustöðvar og einn til vara.
Fimm menn í umferðamálanefnd og fimm til vara.
Þrjá menn í umhverfis- og náttúruverndarnefnd og þrjá til vara.
Þrjá menn í ferðamálanefnd og þrjá til vara.

36. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum hreppsnefndar. Þar sem ekki er um slíkar reglugerðir að ræða getur hreppsnefnd sett þær. Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem hreppsnefnd er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn skal litið svo á að umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtímabil hreppsnefndar er á enda nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á að starfi hennar ljúki fyrst er verkefnið er til lykta leitt.

37. gr.

Allar nefndir hreppsins skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda og nefnda, sem hreppsnefnd setur í sérstök mál, lagðar fyrir hreppsnefnd til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

VIII. KAFLI

Um starfsmenn hreppsnefndar.

38. gr.

Hreppsnefnd skipar fasta starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerð um sérmál tiltekinna stofnana. Hreppsnefnd getur falið hreppsráði og forstöðumönnum hreppsstofnana að ráða í ákveðnar stöður.

Fastar stöður skulu að jafnaði vera auglýstar til umsóknar en heimilt er þó hreppsnefnd (eða hreppsráði) að skipa í stöður án slíkrar auglýsingar. Hreppsnefnd (eða hreppsráð) getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um skipan í stöður hjá hreppnum svo og sérstök skilyrði er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starsmanna hreppsnefndar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 1. mars 1984.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórnsýslu Stykkishólmshrepps.

I. KAFLI

Fundarsköp hreppsnefndar Stykkishólmshrepps.

1. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum kýs hún sér oddvita og varaoddvita og fer um kosningu þeirra og starfstíma eftir gildandi sveitarstjórnarlögum.

Aldursforseti sveitarstjórnar boðar til og stýrir fyrsta fundi hreppsnefndar, þar til kjöri oddvita er lokið.

2. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í fundargerðabók, og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Oddviti sér um, að allt fari löglega fram og skipulega á fundum hreppsnefndar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans undir úrlausn hreppsnefndar, ef vafi leikur á um skilning fundarskapa.

3. gr.

Hreppsnefnd ræður sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar, sem sér um færslu gerðabókar og hefur oddviti eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal skráð hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn, töluröð hreppsnefndarfunda, svo og hver sé fundarritari og einnig það sem oddviti vill láta til bókar færa, þótt ekki sé til getið í dagskrá fundarins.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana.

Hreppsnefndarmönnum og þeim varamönnum, sem óska, skal senda afrit fundargerða innan 1 viku.

Hver hreppsnefndarmaður, sem eigi er sammála hinum á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina. Heimilt er að fresta lestri gerðabókar til næsta fundar hreppsnefndar, en þá skal afrit fundargerða sent hreppsnefndarmönnum innan viku og þeir fá viku frest til að koma á framfæri athugasemdum.

4. gr.

Hreppsnefnd heldur fundi einu sinni í mánuði nema í júlí og ágúst. Reglulegir fundardagar og fundartími skal ákveðinn í byrjun hvers kjörtímabils.

Farist reglulegir fundir fyrir vegna helgi eða annarra ástæðna, þá skal hann haldinn næsta virkan dag á eftir.

Aukafundi skal halda samkvæmt ákvörðun hreppsráðs, oddvita, sveitarstjóra eða ef þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

Oddviti og sveitarstjóri boða fund hreppsnefndar.

5. gr.

Sveitarstjóri og oddviti semja dagskrá hreppsnefndarfundar.

1) Fundargerð hreppsráðs og annarra lögmæltra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar hreppsnefndar á ályktunum sínum.
2) Hvert það mál sem fellur undir verksvið hreppsnefndar skv. 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af hreppsnefnd, hreppsráði, lögmæltri nefnd eða hreppsnefndarmanni, að málið sé á dagskrá tekið.

3) Lögmæltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem hreppsnefnd á að fjalla um að lögum. Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndar, skal tilkynna það sveitarstjóra eða oddvita skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð eigi síðar en 3 dögum fyrir hreppsnefndarfund.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi 2 dögum fyrir hreppsnefndarfund hafa sent öllum hreppsnefndarmönnum dagskrá næsta hreppsnefndarfundar.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, afrita af skýrslum og athugasemdir endurskoðenda svo og annarra gagna, sem geta orðið til upplýsinga um málefni á dagskrá.

Aukafundir samkvæmt 4. gr. skulu að jafnaði boðaðir með dags fyrirvara.

Heimilt er þó að boða fund með styttri fyrirvara, ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé þess getið með fundarboðum, hvaða mál sé á dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir nema hreppsnefnd ákveði að önnur röð sé höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði enda samþykki meirihluti viðstaddra hreppsnefndarmanna þau afbrigði.

6. gr.

Hreppsnefndarfundi skal auglýsa á sama hátt og venja er til um opinberar auglýsingar í hreppnum með sama fyrirvara og gildir um dagskrártilkynningar til hreppsnefndarmanna.

7. gr.

Hreppsnefndarfundi skal halda í heyranda hljóði. Hreppsnefnd getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum t.d. einkamál manna, eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum skal úr því skorið með atkvæðagreiðslu án umræðu. Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á hreppsnefndarfundi raskar fundarfriði, getur oddviti látið vísa honum út.

8. gr.

Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert nema meira en helmingur hreppsnefndarmanna sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Sveitarstjóri og hver hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og hreppsnefnd á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, og skal veittur hæfilegur tími til að semja þær.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti fellur það nema við kosningu og þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu sveitarstjóra, nefnda eða með því að fresta því.

Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslu skuli hagað.

9. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál við eina umræðu nema hina árlegu fjárhagsáætlun, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingar ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika það skemmsta milli umræðna.

10. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að hreppsnefndarmaður réttir upp hönd. Nafnakall eða skriflega atkvæðagreiðslu skal viðhafa, ef oddviti ákveður, sveitarstjóri óskar eða 2 hreppsnefndarmenn hið fæsta óska.

Við nafnakall er hreppsnefndarmanni skylt að greiða atkvæði nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni er oddviti metur gild. Ef hreppsnefndarmaður vill ekki una úrskurði oddvita má hann skjóta úrskurðinum til hreppsnefndar, sem sker úr án umræðu.

Enginn hreppsnefndarmaður má greiða atkvæði um fjárveitingu til sjálfs sín, eða í máli, sem varðar hann sérstaklega. Honum er þó heimilt að skýra málið af sinni hendi. Hreppsnefnd sker úr því umræðulaust, hvort mál er svo vaxið sem nú var sagt.

11. gr.

Hver hreppsnefndarmaður sem vill taka til máls á hreppsnefndarfundi, skal óska heimildar oddvita.

Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumenn svo og hreppsnefndarmann, sem vill gera stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri hafa kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala.

12. gr.

Framsögumaður eða flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir hreppsnefndarmenn tvisvar, er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd.

Sveitarstjóri, sem ekki er jafnframt hreppsnefndarmaður, skal hafa málfrelsi á hreppsnefndarfundum til jafns við hreppsnefndarmenn.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita.

13. gr.

Ef oddviti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að umræðutími hvers hreppsnefndarmanns megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur oddviti, hvenær sem er, lagt til, að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo að hún standi skemur um dagskrármál en tvo tíma meðan nokkur hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs.

Hreppsnefnd afgreiðir tillögur oddvita sbr. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Hver hreppsnefndarmaður getur borið fram slíka tillögu og skal hún einnig afgreidd umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

14. gr.

Skylt er hreppsnefndarmanni að lúta valdi oddvita í hvívetna, er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef hreppsnefndarmaður ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann. Ef hreppsnefndarmaður er víttur tvisvar á sama fundi, getur oddviti lagt til við hreppsnefnd, að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef hreppsnefndarmaður hlýðnast ekki úrskurði hreppsnefndar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða, ef nauðsyn krefur, fresta eða slíta fundi.

15. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að allar umræður í hreppsnefnd skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella, sem fram hefur komið á fundi hreppsnefndar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður skuli gefnar út á prenti ásamt því, sem fært hefur verið í gerðabók, svo og önnur skjöl eftir því, sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef hreppsnefnd ákveður slíka útgáfu skal hún jafnframt kjósa nefnd tveggja hreppsnefndarmanna til að hafa umsjón með útgáfunni.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundir séu teknir á segulband til geymslu einhvern ákveðinn tíma.

Eftir hvern hreppsnefndarfund, þar sem umræður hafa verið skrásettar samkvæmt framanrituðu, skal öllum hreppsnefndarmönnum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

II. KAFLI
Réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

16. gr.

Hverjum hreppsnefndarmanni er skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögleg forföll hamli. Hafi hreppsnefndarmaður forfallast og ekki gert oddvita eða sveitarstjóra viðvart áður en fundarboð fyrir reglulegan fund er sent út, skal hann sjálfur sjá um, að varamanni berist fundarboðið.

Honum er skylt að taka að sér störf sem hreppsnefnd felur honum t.d. oddvitastörf, setur í hreppsráði eða öðrum nefndum o.s.frv.

Sá sem hefur verið oddviti hreppsnefndar, setið í hreppsráði eða öðrum nefndum, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Hreppsnefndarmönnum er skylt að koma prúðmannlega fram á hreppsnefndarfundum, gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem hreppsnefndarmenn.

Þá er þeim skylt að gæta hagsmuna og velferðar hreppsins út á við sem inn á við, eftir sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála sem upp kunna að koma milli hreppsnefndarmanna.

17. gr.

Hreppsnefndarmönnum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf hreppsins og stofnana hans.

18. gr.

Hver hreppsnefndarmaður á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd skv. ákvörðun hennar.

19. gr.

Ef hreppsnefndarmaður, kosinn í nefnd og til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varamaður ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

20. gr.

Hreppsnefnd getur veitt hreppsnefndarmanni, sem óskar, lausn frá hreppsnefndarstarfi.

III. KAFLI
Hreppsráð.

21. gr.

Að afloknum hreppsnefndarkosningum skulu kosnir hlutfallskosningu, þrír hreppsnefndarfulltrúar í hreppsráð og jafnmargir til vara.

Þó mega varamenn vera út hópi fyrstu varahreppsnefndarfulltrúa. Kjörtími hreppsráðs er eitt ár og fer fram í júnímánuði. Hreppsráð kýs sér formann og ritara. Kjósa má sveitarstjóra formann, þó ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Hreppsráð, heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Kveðja skal hreppsráð saman til aukafundar, ef sveitarstjóri telur ástæðu til, eða ef einhver hreppsráðsmaður óskar. Sveitarsjóri undirbýr fundi hreppsráðs og sér um, að fundarboð sé tilkynnt hreppsráðsmönnum með að minnsta kosti sex stunda fyrirvara.

Formaður sér um, að allt fari löglega fram á fundum og úrskurðar ágreiningsmál út af fundarsköpum. Í gerðabók skal greint frá því hvar og hvenær fundur skal haldinn og hverjir sitji hann. Þar skal greint frá dagskrármálum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá. Um fundarsköp hreppsráðs fer eftir sömu reglum og gilda um hreppsnefnd, eftir því, sem þær geta átt við.

22. gr.

Hreppsráði er heimilt að ráða til lykta málum, sem ekki eru veruleg fjárhagsatriði, enda sé ekki ágreiningur í hreppsráði, né við hreppsnefnd um afgreiðsluna.

23. gr.

Hreppsráð hefur eftirlit með fjárstjórn hreppsins. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun og sér um, að ársreikningar séu samdir. Undir hreppsráð heyra öll málefni, sem ekki eru falin sérstökum nefndum.

24. gr.

Skylt er starfsmönnum hreppsins að sitja fundi hreppsráðs, þegar til umræðu eru málefni, er snerta störf þeirra og þess er óskað af sveitarstjóra eða hreppsráði.

IV. KAFLI
Um sveitarstjóra.

25. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

Ráðningarsamningur er þó uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara. Á ráðningarkjörtímabilinu þarf ummsögn ráðningarsamnings tvær umræður í hreppsnefnd. Líða skulu minnst 24 klst. milli umræðna.

26. gr.

Sveitarstjóri hefur framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og framkvæmd á málum hreppsins yfirleitt að því leyti, sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað um tiltekið mál.

27. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hreppsráðs, og hefur þar sömu skyldur og réttindi sem hreppsnefndarmenn, nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessari samþykkt. Hann á einnig rétt á setu í fastanefndum hreppsins.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt í hreppsnefnd, hreppsráði eða fastanefndum, nema hann sé til þess kjörinn.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum hreppsnefndar, hreppsráðs og nefnda.

28. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykkt hreppsnefndar má ekki greiða, nema til komi samþykkt hreppsnefndar.

Ekkert gjald má greiða úr hreppssjóði, nema sveitarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð hreppsnefndar til slíks.

Hreppsnefnd getur heimilað sveitarstjóra að fela öðrum störf sín um skemmri tíma.

V. KAFLI
Endurskoðendur og nefndir.

29. gr.

Hreppsnefnd kýs endurskoðendur til 2 ára í senn til að endurskoða reikninga hreppsins og fyrirtækja hans.

Hreppsnefndarmenn eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa. Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðar 3. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun hreppsnefndar.

30. gr.

Hreppsráð skal fela löggiltum endurskoðanda endurskoðun og samningu reikninga hreppsins og fyrirtækja hans. Skal hann senda hreppsráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en hreppsráð afgreiðir ársreikninga til hreppsnefndar.

31. gr.

Skrá um fastar nefndir skal jafnan vera fest upp í fundarsal hreppsnefndar. Auk fastra nefnda, sem hreppsnefnd kýs, hlutfallskosningu, hefur hún rétt til að setja nefnd í það mál, sem á dagskrá er.

Fer um kosningu þeirra eins og fastra nefnda.

32. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum hreppsnefndar. Þar sem ekki er um slíkar reglugerðir að ræða getur hreppsnefnd sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem hreppsnefnd er fengið að lögum.

Hreppsnefnd skal að öllu jöfnu leita umsagnar viðkomandi nefnda um einstök mál áður en hún afgreiðir þau.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtímabil hreppsnefndar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst er verkefnið er til lykta leitt.

33. gr.

Gerðir fastanefnda og nefnda, sem hreppsnefnd setur í sérstök mál, skulu lagðar fyrir hreppsnefnd til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

34. gr.

Afbrigði frá fundarsköpum þessum getur hreppsnefnd gert í einstökum tilfellum, þegar nauðsyn ber til, ef meirihluti mættra hreppsnefndarmanna samþykkir það.

35. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í hreppsnefnd, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólmshrepps staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58/1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 253 frá 9. ágúst 1974.

Félagsmálaráðuneytið, 5. mars 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

6. mars 1984 Nr. 138

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aukaframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga nr. 467 7. ágúst 1981.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Álagningarskýrsla félagsmálaráðuneytisins skv. 4. gr. skal lögð til grundvallar við útreikning eftirtaldra meðaltala álagðra skattgjalda sveitarfélaga (útsvara, fasteignaskatts og aðstöðugjalda):

a) landsmeðaltals á íbúa,
b) meðaltals á íbúa í hreppum með 300 íbúa og fleiri,
c) meðaltals á íbúa í hreppum með undir 300 íbúa.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Komi í ljós, að meðaltal álagðra skatttekna í þéttbýlissveitarfélagi, sem sótt hefur um aukaframlag sé lægra en landsmeðaltal, kemur viðkomandi sveitarfélag til greina við úthlutun aukaframlags til jöfnunar þessa mismunar að hluta. Sé um dreifbýlissveitarfélag að ræða, skal jöfnunarviðmiðunin vera meðaltal skatttekna á íbúa í hreppum með undir 300 íbúum sbr. 5. gr. c-lið, en ef í sveitarfélaginu er bæði dreifbýli og þéttbýli, skal heimilt að nota sem jöfnunarviðmiðun meðaltalsskatttekjur á íbúa í hreppum með 300 íbúa og fleiri sbr. 5. gr. b-lið.

Ákvæði til bráðabirgða:

Við álagningu útsvara á árinu 1984 telst skilyrði 1. mgr. 3. gr. reglugerðar þessarar fullnægt, þótt útsvar hafi ekki verið innheimt með álagi skv. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 47. gr. laga nr. 73 26. nóvember 1980 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 6. mars 1984.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 311/1981 um Íþróttakennaraskóla Íslands.

1. gr.

1. málsgrein 20. gr. orðist svo:

Endurtekningarpróf er aðeins leyft einu sinni. Ef sérstaklega stendur á getur skólastjóri þó veitt undanþágu frá því ákvæði að fenginni umsögn skólaráðs. Endurtekningarpróf, svo og sjúkrapróf, skal fara fram eftir að skóla lýkur að vorinu en áður en skólastarf hefst að hausti. Nemandi fær ekki að hefja nám á seinna ári nema því aðeins að hann hafi staðist öll próf, lokið verkefnum og lokið við að kenna íþróttir í a. m. k. 70 kennslustundir um sumarið.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. febrúar 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

Nr. 140 23. febrúar 1984

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Þórdísarsjóð, til minningar um Þórdísi Jónsdóttur frá Hamraborg í Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum, af dómsmálaráðherra 23. febrúar 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Þórdísarsjóð, til minningar um Þórdísi Jónsdóttur frá Hamraborg í Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Þórdísarsjóður, styrktarsjóður Jóns Friðrikssonar og Friðriku Sigfúsdóttur frá Hömrum í Reykjadal.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er Jón Friðriksson frá Hömrum í Reykjadal, sem gefur til hans í upphafi kr. 60 000,00. Heimili sjóðsins og varnarþing er heimili formanns Ungmennafélagsins Eflingar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 60 000,00. Tekjur sjóðsins skulu vera vextir, verðbætur, gjafir, áheit, sala minningarkorta o.s.frv. Söfnunarár sjóðsins verði árið 1983 og skal hann taka til starfa 1. janúar 1984.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja íþróttastarfsemi og annað það, sem má verða æsku Reykdælahrepps til menningarauka.

5. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu stjórnar ungmennafélagsins Eflingar í Reykdælahreppi, sem hefur stjórn hans á hendi.

6. gr.

Sjóðstjórn skal ávaxta höfuðstól sjóðsins á vísitölutryggðum reikningi í innlánsdeild Kaupfélags Þingeyinga á Húsavík.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal árlega birta ársreikninginn endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Aldrei skal leggja minna við höfuðstól sjóðsins en ⅓ hlutum af tekjum hans af vöxtum og verðbótum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, ef hún er einhuga um breytinguna.

9. gr.

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins skulu allar eignir hans renna til Héraðssambands Suður-Þingeyjarsýslu.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

24. febrúar 1984 Nr. 141

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 486 21. nóvember 1979, um hámarksfjölda leigubifreiða til sendiferðabifreiðaaksturs á félagssvæði Bílstjórafélags Akureyrar.

1. gr.

2. grein orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til sendibifreiðaaksturs takmarkast við hámarkstöluna 8. sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Bílstjórafélags Akureyrar og bæjarstjórnar Akureyrar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 24. febrúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hveragerði fyrir árið 1983.

1. gr.

Upphæð gjalds fyrir hundahald í Hveragerði fyrir árið 1983 skal vera kr. 2 500 fyrir hvern hund, sem leyfi er veitt fyrir, samkv. samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 510/1975 með breytingu nr. 597/1982.

2. gr.

Ofangreind gjaldákvörðun Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. febrúar 1984.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 143

REGLUGERÐ

24. febrúar 1984

um skráningu á afli aðalvéla íslenskra skipa.

1. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins skráir afl aðalvéla skipa.

2. gr.

Þegar skráð er afl véla, skal skrá það í kw. og miða við mesta stöðugt álag, sem framleiðandi gefur upp fyrir umrædda vélargerð og árgerð. Ef fyrir hendi er reynslukeyrsla á vélinni með ákveðnum tilgreindum búnaði, sem gefur annað afl, en að framan greinir, þá getur Siglingamálastofnun ríkisins ákveðið að afl vélarinnar skuli skráð í samræmi við þær niðurstöður. Aflið skal mælt samkvæmt ISO staðli 3046.

Breyting á afli vélar með takmörkun olíugjafar hefur ekki áhrif á skráningu vélarafls.

3. gr.

Skipseigandi, sem óskar eftir skráningu á afli vélar, skal leggja fram þau gögn, sem Siglingamálastofnun ríkisins fer fram á.

4. gr.

Skráðu vélarafli verður ekki breytt, nema gerðar séu breytingar á þeim búnaði, sem á vélinni er, og áhrif hafa á afl vélarinnar.

5. gr.

Á skilti á aðalvél skipa skal tilgreint skráð afl aðalvélarinnar.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 52/1970 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 24. febrúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

Stjórnartíðindi B 10, nr. 134—143. Útgáfudagur 20. mars 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 — 1984

16. mars 1984 213 Nr. 144

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 44 8. febrúar 1984, um stjórn botnfiskveiða 1984.

1. gr.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Samráðsnefnd sbr. 2. mgr. 16. gr. er heimilt að víkja frá ofangreindum ákvæðum um mörkun veiðisvæða telji nefndin það nauðsynlegt vegna sérstöðu veiðiskips.

2. gr.

Eftir 1. mgr. 11. gr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Ný skip og skip, sem orðið hafa á eigendaskipti á árinu 1983 skulu fá reiknað aflamark í samræmi við veiðar þeirra, sbr. 6.—10. gr., þann tíma, sem þau hafa verið í eigu nýrra aðila, enda hafi þessir aðilar gert skipin út í 5 mánuði eða lengur á árinu 1983. Útgerðum þessara skipa skal síðan gefinn kostur á að velja um það aflamark eða meðalaflamark samkvæmt 1. mgr. 11. gr.

3. gr.

Eftir 1. mgr. 12. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar er orðist svo:

Útgerðir skipa, sem flokkuð eru samkvæmt 2. og 3. tl. a liðar 6. gr. skal þó ekki gefinn kostur á vali samkvæmt 1. mgr. enda þótt skipstjóraskipti hafi orðið á skipinu á árinu 1983.

Heimilt er að gefa útgerð, sem úrelt hefur skip á árunum 1982 eða 1983, kost á að velja aflamark sbr. 6. — 10. gr., sem úrelt skip hefði fengið, fyrir skip, sem útgerð hefur hafið rekstur á eftir úreldingu fyrra skips en þó fyrir 1. janúar 1984. Sama gildir um útgerð, sem hefur hafið rekstur á skipi á árinu 1983, enda þótt fyrra skip þeirrar útgerðar sé nú í eign og rekstri annarra aðila. Ofangreind heimild til viðmiðunar við aflamark skipa er bundin því skilyrði, að hin nýju skip séu afkastameiri eða sambærileg við fyrri skip sömu útgerðar að dómi samráðsnefndar sbr. 2. mgr. 16. gr.

Hafi skipstjóraskipti á árinu 1983 orðið með þeim hætti, að skipstjóri, sem fram að skiptum hafði stýrt sama skipi samfellt á viðmiðunartímabilinu sbr. 6. gr., tekur við öðru sambærilegu skipi í 3. stærðarflokki eða stærra sbr. 9. gr. og meirihluti áhafnar flyst með honum, skal heimilt, auk vals sbr. 1. mgr., að gefa kost á því að aflamark á skipinu, sem skipstjóri tekur við, miðist við aflareynslu áhafnarinnar á fyrra skipinu.

4. gr.

Við 13. gr. bætist nýr liður svohljóðandi:

4. Heimilt er að sameina tímabilin 1. maí til 31. ágúst og 1. september til 31. desember, sbr. 1. mgr. 11. gr., í eitt tímabil, þannig að nota má úthaldsdaga beggja tímabila samfellt hvenær sem er frá 1. maí til 31. desember 1984.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

5. gr.

Við 1. mgr. 17. gr. bætist eftirfarandi:

Eftirfarandi fisktegundir teljast ekki hluti af aflamarki skips: Steinbítur, veiddur á línu frá 1. janúar til 30. apríl 1984, grálúða veidd á línu frá 1. júní þar til öðru vísi verður ákveðið, þó ekki lengur en til 31. ágúst 1984 og skarkoli veiddur í dragnót frá 1. júní til 31. desember 1984.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 4. gr. laga nr. 82 28. desember 1984. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 82 28. desember 1983, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. mars 1984.

Halldór Ásgrímsson.

Jón L. Arnalds.

Nr. 145 9. mars 1984

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga skv. lögum um almannatryggingar, með síðari breytingum, annarra en barnalífeyris skv. 14. gr., mæðra- og feðralauna skv. 15. gr. og tekjutryggingar og heimilisuppbótar skv. 19. gr., skulu hækka um 7% frá og með 1. mars 1984 frá því sem þær voru í febrúarmánuði s. l.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1984.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1984

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. febrúar s.l. til 31. maí 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. febrúar s.l. til 31. maí 1984:

Þorskur:	U.S. cent pr. lb. cif.
4×14 m/r 5–8 oz.	79,73
4×14 m/r 8–12 oz.	81,63
4×14 m/r 12–16 oz.	83,14
4×14 m/r 1–3 lbs.	84,14
1×35 m/r 250–750 gr	84,65
4×14 r/l 8–12 oz.	90,57
4×14 r/l 12–16 oz.	92,48
4×14 r/l 1–3 lbs.	93,48
1×45 formflök	136,00
10×5 (S.Í.S.)	150,39
10×5, 3×18 og 6×5	152,39
5×8 og 6×8 hnakkast. (S.Í.S.)	163,89
5×8 og 6×8 hnakkast.	159,39
1×50 lausfryst, Evrópa	88,63
4×10, 5×10 og 6×10	159,39
4×12	159,39
4×13	150,39
4×15 og 3×20 (S.Í.S.)	163,89
4×15 og 3×20	159,39
Blokk reg.	116,00
Blokk m/þunnildum U.S.A.	111,00
Blokk m/þunnildum Evrópa	98,22
Blokk O.R.	104,40
Blokk m/beingarði	84,57
Þunnildablokk Evrópa	72,00
Marningsblokk	32,00

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Ýsa:	U.S. cent pr. lb. cif.
4×14 m/r 4–8 oz.	71,79
4×14 m/r 8–12 oz.	76,71
4×14 m/r 12–16 oz.	78,72
4×14 m/r 1–3 lbs.	80,22
4×14 r/l 5–8 oz.	98,40
4×14 r/l 8–12 oz.	100,41
4×14 r/l 12–16 oz	104,43
4×14 r/l 1–3 lbs.	108,44
1×45 formflök	138,00
1×35 m/r lausfryst	78,33
1×50 lausfryst Evrópa	103,08
4×14 r/l England (S.H.)	98,49
10×5	159,39
12×1	159,39
4×12 m/r U.S.A.	145,89
Blokk reg.	118,00
Blokk O.R.	106,20
Blokk m/beingarði	106,20
Þunnildablokk, Evrópa	59,11
Marningsblokk	32,00
Marningsblokk (þunnildi)	27,82
Steinbítur:	
8×7 r/l	74,84
10×5	184,00
Blokk reg.	125,00
Marningsblokk	25,00
Karfi:	
8×7 m/r	74,84
10×5 m/r	84,69
10×5 r/l	91,89
10×5 og 4×10 Sea Star	80,19
4×10 m/r flokkað (S.Í.S.)	86,49
4×9 flök U.S.A.	93,35
5×8 m/r og b/l	96,39
4×6 kg flök Japan	95,21
1×35 m/r að 150 g	86,00
3×8 kg heilfr. Japan	100,00
1×20 lausfryst	103,96
4×6 kg r/l lagpakkað	73,75
1×45 formflök	100,00
12×1 m/r	94,66
12×1 r/l	95,29
Blokk 4×16½ m/b	72,16
Blokk reg.	80,00
Marningsblokk	20,00

	U.S. cent pr. lb. cif.
Ufsi:	
8×7 r/l	58,97
10×5	86,49
4×12 og 4×13	86,41
2×15 kg	80,26
4×14	74,67
1×35	80,00
1×45 formflök	96,63
4×16½ Iglo	80,00
Blokk reg.	58,00
Blokk m /b. og þunnildum	45,00
Marningsblokk	20,00
Langa:	
8×7 r/l	74,84
10×5	103,00
Blokk reg.	65,00
Marningsblokk	20,00
Keila:	
8×7 r/l	74,84
Blokk reg.	60,00
Lýsa:	
Blokk reg.	85,00
Grálúða:	
Heilfr. hausuð yfir 3 kg	53,96
Heilfr. hausuð yfir 2 kg	46,71
Heilfr. hausuð 1–2 kg	33,82
Heilfr. m/h U.S.S.R.	34,47
4×12 lagp.	103,00
4×10 r/l	103,00
4×10, 6×10 og 4×14	107,64
4×6	110,00
1×35	53,92
Blokk U.S.S.R.	74,84
Blokk U.S.A. (S.Í.S.)	60,00
Blokk U.S.A.	62,00
Heilfrystur fiskur:	
Heilfr. 3×9 kg	34,47

Verðbil verður 2½% og miðast við verðlækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils, en greiðslur úr sjóðnum 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að frádregnu verðbili.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1984.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um umferð í Borgarnesi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Borgarneshrepps, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Borgarnesi:

1. Stöðvunarskylda (B19).

1.1 Umferð úr **Bröttugötu** er stöðvunarskylda við Egilsgötu.

1.2 Umferð úr **Egilsgötu** er stöðvunarskylda við Borgarbraut.

2. Biðskilda (A6).

2.1 Umferð um **Arnarklett** nýtur forgangs fyrir umferð úr Mávakletti og Fálkakletti.

2.2 Umferð um **Borgarbraut** nýtur forgangs fyrir umferð úr Sæunnargötu, Skallagrímsgötu, Böðvarsgötu, Þorsteinsgötu. Kveldúlfsgötu, Brúartorgi, Vesturlandsvegi, Þórðargötu, Dílahæð, Sandvík, Leikskólavegi og Hrafnakletti.

2.3 Umferð um **Brákarbraut** nýtur forgangs fyrir umferð úr Skúlagötu, Bjarnarbraut og innkeyrslum við Olís og sláturhús í Brákarey.

2.4. Umferð um **Hrafnaklett** nýtur forgangs fyrir umferð úr Höfðaholti, Réttarholti, Arnarkletti, Austurholti, Mávakletti, Súlukletti og Svölukletti.

2.5. Umferð um **Kveldúlfsgötu** nýtur forgangs fyrir umferð úr Kjartansgötu og aðliggjandi botnlöngum.

2.6. Umferð um **Ólafsvíkurveg** nýtur forgangs fyrir umferð úr Sólbakka, Engjaási og afleggjara frá Mjólkursamlagi.

2.7. Umferð um **Sandvík** nýtur forgangs fyrir umferð úr Borgarvík og Klettavík.

2.8. Umferð um Skúlagötu nýtur forgangs fyrir umferð úr Egilsgötu og Gunnlaugsgötu.

2.9. Umferð um **Sæunnargötu** nýtur forgangs fyrir umferð úr Berugötu, Bjarnarbraut og botngötu.

2.10. Umferð um **Vesturlandsveg** nýtur forgangs fyrir umferð úr Brúartorgi og Ólafsvíkurvegi.

2.11. Umferð um **Þórólfsgötu** nýtur forgangs fyrir umferð úr Þórunnargötu og botnlöngum.

2.12. Umferð um **Böðvarsgötu** nýtur forgangs fyrir umferð úr botngötu Þórólfsgötu.

3. Bannað að leggja ökutæki (B21).

Bannað að leggja ökutæki, nema á sérstaklega merktum stæðum við:

3.1. **Arnarklett** beggja vegna.

3.2. **Borgarbraut** beggja vegna, frá Sandvík að Ólafsvíkurvegi.

3.3. **Brákarbraut** beggja vegna.

3.4. **Böðvarsgötu** að vestan og norðan.

3.5. **Hrafnaklett** beggja vegna.

3.6. **Kveldúlfsgötu** beggja vegna.

3.7. **Sandvík** beggja vegna.

3.8. **Skúlagötu** að vestan frá Brákarbraut að Gunnlaugsgötu og að austan frá Brákarbraut að Egilsgötu.

3.9. **Sæunnargötu** að sunnan frá Borgarbraut að Þórólfsgötu.

4. Bannað að stöðva ökutæki (B24).

Bannað er að stöðva ökutæki á eftirfarandi götum:

4.1. **Borgarbraut** beggja vegna frá Egilsgötu að Sandvík.

4.2. **Egilsgötu** að sunnan.

5. Biðstöðvar áætlunarbifreiða (D10).

Sérstaklega merktar biðstöðvar áætlunarbifreiða eru á eftirfarandi stöðum:

5.1. **Borgarbraut** á móts við nr. 21.
5.2. **Borgarbraut** norðan gatnamóta Þórðargötu.
5.3. **Borgarbraut** á móts við Borgarvík 9 og 11.
5.4. **Egilsgötu** á móts við Hótel Borgarnes. Lengd bannsvæðis 30 m.
5.5. **Hrafnaklett** á móts við nr. 6—8.

6. Gangbrautir (D2).

Merktar gangbrautir eru á eftirfarandi stöðum:

6.1. **Borgarbraut** við hús nr. 3.
6.2. **Borgarbraut** við hús nr 12.
6.3. **Borgarbraut** á móts við Apotek.
6.4. **Borgarbraut** á móts við útibú K.B.
6.5. **Borgarbraut** við íþróttavöll.
6.6. **Borgarbraut** á móts við leikskóla.
6.7. **Borgarvík** við hús nr. 10.
6.8. **Egilsgötu** á móts við Kaupfélag.
6.9. **Sæunnargötu** við gatnamót Borgarbrautar.

7. Innakstur bannaður (12).

7.1. Af **Skúlagötu** inn á Egilsgötu.

8. Bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mín. frá kl. 9—18 alla virka daga (B22, U6, U7).

8.1. **Egilsgata** að norðan.

Reglur þessar taka þegar gildi og falla um leið niður allar eldri auglýsingar um umferð í Borgarnesi.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 9. mars 1984.

Rúnar Guðjónsson.

6. mars 1984 Nr. 148

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 803 20. desember 1982.

1. gr.

3. og 4. mgr. 8. gr. orðist svo:

Sprengiefni eða önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar sem hætta stafar af. Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum sem lögreglustjóri og slökkviliðsstjóri samþykkja.

Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá sem mannvirkið er unnið fyrir ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt.

2. gr.

Orðin „að fengnum tillögum lögreglustjóra“ í 1. mgr. 24. gr. falli niður.

3. gr.

Í stað „sbr. núgildandi samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Hafnarfirði frá 16. febrúar 1968“ í 3. mgr. 39. gr. komi: og reglur sem bæjarstjórn setur á grundvelli þeirra laga.

4. gr.

41. gr. orðist svo:

Óheimilt er að setja upp og selja aðgang að knattborðum, spilakössum eða öðrum leiktækjum án sérstaks leyfis lögreglustjóra. Leyfið er háð samþykki bæjarstjórnar.

Umsókn um leyfi skal vera skrifleg og þar skal m. a. tilgreina húsnæði, umfang reksturs, fjölda tækja og aðra þjónustu.

Leyfið er ekki veitt lengur en til eins árs í senn. Það skal gefið út á nafn einstaklings, vera staðbundið, ekki framseljanlegt og í því skal greina fjölda tækja.

Börnum innan 14 ára aldurs er óheimill aðgangur að tækjum þessum. Miða skal við fæðingarár, þ. e. það ár, sem viðkomandi verður 14 ára.

Selja má aðgang að knattborðum, spilakössum og öðrum leiktækjum frá kl. 9.00 til kl. 23.30, sbr. þó 42. gr.

Ákvæði 37. og 38. gr. gilda einnig um þessa starfsemi eftir því sem við á.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar, reglum sem bæjaryfirvöld kunna að setja eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

Heimilt er að víkja frá framangreindum skilyrðum, ef rekstur er ætlaður til skamms tíma, s. s. í tengslum við útiskemmtanir eða almennar samkomur félaga eða félagasamtaka.

5. gr.

42. gr. orðist svo:

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 og ekki eftir kl. 22.00 tímabilið 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum.

Börn yngri en 15 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22.00 tímabilið 1. september til 1. maí og ekki eftir kl. 23.00 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtun, íþróttasamkomu eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess er þjónustuna veitir.

Óheimilt er að selja börnum undir 16 ára aldri sígarettur eða aðrar tóbaksvörur.

Aldur barna skv. grein þessari skal miðast við fæðingarár.

Barnaverndarnefnd skal vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

6. gr.

43. gr. orðist svo:

Börnum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00 öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga nema í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess að ákvæði þetta sé haldið að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til vínveitinga um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu gæta þess að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum. Úrdráttur úr ákvæði þessarar greinar skal hanga á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd ásamt lögreglu um að þessu sé framfylgt.

Bannað er að ungmenni innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin.

Þegar sérstaklega stendur á getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára aldri. Lögreglustjóri getur og í sérstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar.

Þegar börnum og ungmennum er bannaður aðgangur að þeim skemmtunum, sem að ofan greinir, skal miða aldur þeirra við fæðingarár en ekki fæðingardag.

Barnaverndarnefnd er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1980 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. mars 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

6. mars 1984 Nr. 149

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér segir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgðaákvæðum, kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgðaákvæðum, kr.
Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:		
1. október 1983	272 092	816 277

Samgönguráðuneytið, 6. mars 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. mars 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi.

Við undirrituð, Guðmundur Einarsson, sóknarprestur, f. h. barnaheimilsnefndar þjóðkirkjunnar á Íslandi og Sesselja H. Sigmundsdóttir, forstöðukona barnaheimilisins „Sólheimar" í Hverakoti, gerum svofellda skipulagsskrá fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi.

1. gr.

Barnaheimilið er sjálfseignarstofnun. Eignir stofnunarinnar eru jörðin Hverakot ásamt húsum öllum og mannvirkjum, búpeningi, innanstokksmunum, annari búslóð, bókum og öðru því, er stofnun þessari tilheyrir. En á eignunum hvíla þær skuldir, sem stofnað hefur verið til vegna heimilisins.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er sá og skal ætíð vera sá að veita vangefnum vist og umönnun, svo sem fræðslu og verkþjálfun við þeirra hæfi og aðra þá þjónustu, sem unnt er að láta þeim í té á hæli stofnunarinnar.

3. gr.

Lausafé stofnunarinnar má ekki selja né láta af hendi nema andvirðinu sé varið til eflingar hennar og samþykki barnaheimilisnefndar komi til. Eigi má heldur binda eignir hennar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi séu tilgangi stofnunarinnar.

4. gr.

Meðan Sesselja H. Sigmundsdóttir heldur heilsu og kröftum hefur hún á hendi alla stjórn stofnunarinnar bæði inn á við og út á við með takmörkunum þeim, er segir í 3. og 5. gr.

5. gr.

Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar, eða önnur nefnd í hennar stað, kosin á prestastefnu af prestum landsins, hefur rétt til að ráða því, hvernig því fé skuli varið, er hún leggur til stofnunarinnar eða útvegar henni fyrir milligöngu sína. Þess vegna má ekki heldur veðsetja jörð og hús fyrir nýjum lánum til eflingar stofnuninni nema samþykkt nefndarinnar komi til.

6. gr.

Forstöðumaður stofnunarinnar gerir árlega reikning yfir rekstur hennar og efnahag og leggur hann ásamt fylgiskjölum fyrir barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar til athugunar og úrskurðar. Reikningar stofnunarinnar skulu birtir hvert ár.

7. gr.

Sesselja H. Sigmundsdóttir hefur rétt til að ráða vali eftirmanns síns, er hún lætur af stjórn stofnunarinnar, en barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar eða önnur nefnd í hennar stað (sbr. 5. gr.) fær honum skipunarbréf og erindisbréf. Síðan ræður stjórnarnefnd stofnunarinnar (sbr. 8. gr.) jafnan forstöðumannsvali, en að öðru jöfnu skulu þeir ganga fyrir til þeirrar stöðu, sem alist hafa upp á stofnuninni og því næst þeir, sem komnir eru af foreldrum Sesselju, þeim Sigmundi Sveinssyni og Kristínu Símonardóttur.

8. gr.

Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar kýs eða lætur kjósa fimm manna stjórn fyrir stofnunina þannig: Sjálf kýs nefndin — eða prestastefna Íslands ef engin slík nefnd er til — þrjá menn í stjórnina og þrjá til vara, starfsmannaráð kýs einn mann og einn til vara og sveitarstjórn Grímsneshrepps einn mann og einn til vara, og skulu þeir kosnir til þriggja ára í senn. Stjórn þessi hefur öll yfirráð yfir stofnuninni, að því leyti, sem hún kýs ekki að fela þau forstöðumanni stofnunarinnar. Stjórnin setur starfsreglur fyrir stofnunina í samráði við forstöðumann hennar. Skulu þær, eftir því sem við á, vera sniðnar eftir þeim reglum, sem Sesselja Sigmundsdóttir kann að hafa sett heimilinu eftir sinn dag.

9. gr.

Stofnunin og jörðin, sem heimilið stendur á, skal framvegis heita „Sólheimar", þegar fengin er til þess heimild hjá Stjórnarráði Íslands.

10. gr.

Verði stofnunin lögð niður skal eignum hennar varið í þágu vangefinna.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari verður því aðeins breytt, að Sesselja Sigmundsdóttir og meiri hluti barnaheimilisnefndarinnar verði ásátt um það. En eftir það, er Sesselja hefur látið af forstöðu, þá þarf til breytinga afl atkvæða stjórnarnefndar stofnunarinnar og samþykki prestastefnu. Eigi má breyta 2. gr. og 10. gr. skipulagsskrárinnar nema samþykki félagsmálaráðuneytisins komi til.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar:
Séra Rúnar Egilsson.
Séra Valgeir Ástráðsson.
Séra Guðmundur Óli Ólafsson.

Breyting á skipulagsskrá fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi. Núgildandi skipulagsskrá var birt í B-deild Stjórnartíðinda og er nr. 127/1964.

Breytingin er gerð til þess að fullnægja ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, nánar tiltekið 2. mgr. 30. gr. laganna. Breytingin felst í því að stjórn stofnunarinnar verður skipuð 5 mönnum í stað 3ja áður. Breytingunni er á engan hátt ætlað að breyta tilgangi eða markmiði skipulagsskrárinnar.

8. gr. orðist svo:

Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar kýs eða lætur kjósa fimm manna stjórn fyrir stofnunina þannig: Sjálf kýs nefndin — eða prestastefna Íslands ef engin slík nefnd er til — þrjá menn í stjórnina og þrjá til vara, starfsmannaráð kýs einn mann og einn til vara og sveitarstjórn Grímsneshrepps einn mann og einn til vara, og skulu þeir kosnir til þriggja ára í senn. Stjórn þessi hefur öll yfirráð yfir stofnuninni, að því leyti, sem hún kýs ekki að fela þau forstöðumanni stofnunarinnar. Stjórnin setur starfsreglur fyrir stofnunina í samráði við forstöðumann hennar. Skulu þær, eftir því sem við á, vera sniðnar eftir reglum þeim, sem Sesselja Sigmundsdóttir kann að hafa sett heimilinu eftir sinn dag.

Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar:
Séra Rúnar Egilsson.
Séra Valgeir Ástráðsson.
Séra Guðmundur Óli Ólafsson.

Endurprentað blað.

REGLUGERÐ

um ráðstöfunarfé vistmanna á dvalarstofnunum aldraðra.

1. gr.

Ráðstöfunarfé aldraðra, sem vistaðir eru á dvalarheimilum aldraðra og engar tekjur hafa aðrar en lífeyri almannatrygginga hækkar þannig að mánaðarupphæð sú, sem í gildi er í marsmánuði 1984, hækkar og verður 1 989,00 kr. á mánuði.

Ráðstöfunarfé aldraðra, sem vistaðir eru á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum fyrir aldraða og engar tekjur hafa aðrar en lífeyri almannatrygginga hækkar þannig að mánaðarupphæð sú, sem í gildi er í marsmánuði 1984, verður kr. 1 750,00.

2. gr.

Fjárhæðir skv. 1. gr. reglugerðar þessarar breytast eftir sömu reglum og fjárhæðir bóta almannatrygginga, sbr. 79. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 26. gr. laga um málefni aldraðra nr. 91/1982, sbr. ákvæði 2. til bráðabirgða sömu laga, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 286/1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1984.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

Nr. 152 6. mars 1984

REGLUGERÐ

um breytingu á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979.

1. gr.

Liður 7.5.2. orðist svo:

Við útreikning á kólnunartölum húsa og húshluta skal höfð hliðsjón af IST 66, þó með þeim breytingum, að í stað ákvæða um hæstu leyfilegu kólnunartölur sbr. kafla 2.2 í staðlinum, skulu eftirfarandi ákvæði gilda sem hæstu leyfilegu kólnunartölur fyrir íbúðarhús og hús þar sem svipaðar kröfur eru gerðar til raka og hitastigs:

Hámarksgildi kólnunartalna byggingarhluta:

	k-gildi W/m² °C
1. Útveggir	0,40
2. Þak	0,20
3. Gólf á fyllingu	0,30
Gólf að óupphituðu rými	0,30
Gólf að útilofti	0,20
4. Gluggar, karmar + gler, vegið meðaltal	2,50

2. gr.

Liður 7.5.3. orðist svo:

Við ákvörðun einangrunarþykktar skal miða við kólnunartölur útveggja, að gluggum og hurðum meðtöldum sé hæst:

Veggir, vegið meðaltal ..... 0.8 W/m² °C

Fjölbýlishús, 2 hæðir eða meira, eru undanþegin ákvæði þessarar greinar.

3. gr.

Liður 7.5.4. orðist svo:

Út frá hámarksgildum í greinum 7.5.2 og 7.5.3. ásamt flatarstærðum húss skal reikna leiðnitap hússins úti og inni (W/1C). Við ákvörðun einangrunarþykktar byggingarhluta skulu hámarksákvæði fyrir k-gildi samkvæmt gr. 7..5.2. ávallt vera uppfyllt. Heimilt er að víkja frá gr. 7.5.3. svo framarlega sem reiknað heildarorkutap hússins (W/°C), að tapi um kaldabrýr meðtöldu, aukist ekki við það.

4. gr.

Liður 7.5.5. orðist svo:

Við útreikninga á nauðsynlegum einangrunarþykktum í rað- og fjölbýlishúsum skal reikna húsin sem eina heild, en ekki sem safn sjálfstæðra eininga. Á hönnunarteikningum skulu ávallt tilgreindar kólnunartölur og flatarmál byggingarhluta, svo og leiðnitap (W/°C) fyrir allt húsið.

5. gr.

Liður 7.5.7. orðist svo:

Við hönnun og útfærslu á einangrun húsa skal þess gætt, að raka- og vindvarnir séu fullnægjandi svo raki og loft rýri ekki einangrunargildi.

Um útfærslu á raka- og vindvörnum vísast til Rb blaða nr. (I_2). 001 og (I_3). 001.

Þess skal ennfremur gætt að yfirborðshiti flata verði hvergi svo lágur að leitt geti til skemmda (rakaþéttingar).

6. gr.

Liður 7.5.8. orðist svo:

Til að tryggja þægindi og góða orkunýtingu skal óþéttleiki húsa, sem eru upphituð, vera undir eftirtöldum gildum miðað við 50 Pa þrýstingsmun:

Einbýlishús	3.0 loftskipti/klst.
Önnur íbúaðarhús, 2 hæðir eða lægri	2.0 loftskipti/klst.
Íbúðarhús, meira en 2 hæðir	1.0 loftskipti/klst.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1978 til þess að öðlast gildi 1. júní 1984.

Félagsmálaráðuneytið, 6. mars 1984.

F.h.r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um innflutning á geislatækjum, er framleiða útfjólublåa geisla nr. 449/1982.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:
Skoðunargjald að upphæð kr. 2 500,00 skal fylgja með umsókn.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. gr. laga nr. 58/1982, um breytingu á lögum nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. mars 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 154 19. mars 1984

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ólafs Sólimanns Lárussonar, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum af dómsmálaráðherra 19. mars 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Ólafs Sólimanns Lárussonar.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Ólafs Sólimanns Lárussonar. Stofnfé minningarsjóðsins er kr. 100 000,00. Heimili minningarsjóðsins er Keflavík.

2. gr.

Tilgangur minningarsjóðsins er að auka menntun og hæfni starfsmanna þjónustumiðstöðvar Þroskahjálpar á Suðurnesjum með því að veita þeim styrki til náms og eða framhaldsnáms.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki og skulu þær auglýsingar hengdar upp innan stofnunarinnar.

Umsóknir um styrki úr minningarsjóðnum skulu sendar sjóðstjórn fyrir 1. nóvember ár hvert. Sjóðsstjórn úthlutar árlega einum eða fleiri styrkjum úr sjóðnum að eigin mati og skal styrkveitingin kunngerð hinn 28. desember ár hvert. Sjóðsstjórninni er heimilt að fella niður styrkveitingu einstök ár.

3. gr.

Höfuðstól minningarsjóðsins eins og hann er og verður á hverjum tíma má aldrei skerða. Sjóðsstjórninni er heimilt að úthluta styrkjum samkv. 2. gr. sem svarar ⅔ hl. ávöxtunarfjár, en ⅓ hl. leggist við höfuðstólinn. Þetta hlutfall má hækka ef meirihluti sjóðsstjórnar telur að sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

4. gr.

Eignir minningarsjóðsins eru stofnfé hans kr. 100 000,00 svo og þær gjafir, framlög og aðrar tekjur sem honum kunna að berast í framtíðinni frá einstaklingum og fyrirtækjum. Sjóðsstjórnin skal varðveita eignir minningarsjóðsins í Útvegsbanka Íslands, Keflavík og leita ráðleggingar bankans um hagstæðustu ávöxtun hverju sinni.

5. gr.

Minningarsjóðnum stjórnar 5 manna sjóðsstjórn. Þrír skulu vera úr stjórn Þroskahjálpar á Suðurnesjum, þ. e. formaður, ritari og gjaldkeri og tveir tilnefndir af niðjum Ólafs Sólimanns Lárussonar.

Að afloknum hverjum aðalfundi Þroskahjálpar á Suðurnesjum, kemur sjóðsstjórnin saman og skiptir með sér verkum.

Sjóðsstjórnarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín í þágu minningarsjóðsins. Sjóðsstjórnin bókar alla fundi í sérstaka fundargerðabók og skráir þar einnig allar umsóknir og ákvarðanir um styrkveitingar, svo og hvað annað sem hún ræðir um varðandi minningarsjóðinn og hagsmuni hans. Ályktanir sjóðsstjórnarinnar eru gildar og bindandi fyrir minningarsjóðinn ef meirihluti sjóðsstjórnarmanna er sammála um þær.

6. gr.

Reikningsár minningarsjóðsins er Almanaksárið. Gjaldkeri sjóðsins innir af hendi allar greiðslur og útborganir af hálfu sjóðsins. Hann gengur frá reikningi hans innan tveggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs og skal reikningurinn síðan endurskoðaður af kjörnum endurskoðendum Þroskahjálpar á Suðurnesjum og færður inn í fundargerðarbókina.

7. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf krefur vegna breyttra tíma og aðstæðna. Þarf samþykki allra sjóðsstjórnarmanna til slíkra breytinga. Nafni sjóðsins og aðaltilgangi hans samkvæmt 2. gr. má þó aldrei breyta. Þó getur stjórnin vikið frá aðaltilgangi í sérstökum tilfellum án breytinga á skipulagsskrá, en þó aðeins að allir stjórnarmenn séu því samþykkir.

20. mars 1984 Nr. 155

REGLUGERÐ

um bann við veiðum í þorskfisknet um páska 1984.

1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 22,00 17. apríl 1984 til kl. 12,00 á hádegi 24. apríl 1984 er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi, með áorðnum breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. mars 1984.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 156 14. mars 1984

REGLUGERÐ

um náttúruverndarþing.

1. gr.

Náttúruverndarþing kemur saman þriðja hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa í náttúruverndarefnum.

2. gr.

Á náttúruverndarþingi eiga sæti:

1. Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
2. Einn fulltrúi fyrir hvert af eftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, Bandalag íslenskra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenskra farfugla, Ferðafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Arkitektafélag Íslands, náttúruverndarsamtök, er hlotið hafa viðurkenningu Náttúruverndarráðs: Samtök um náttúrvernd á Norðurlandi, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Náttúruverndarfélag Suðvesturlands, Náttúruverndarsamtök Vesturlands, Vestfirsk náttúruverndarsamtök, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Landssamtökin Líf og land, Skotveiðifélag Íslands, Æðarræktarfélag Íslands, Landssamtök ferðamannabænda, Landssamband veiðifélaga, Landssamband stangaveiðifélaga, Félag leiðsögumanna, Landfræðifélagið, Landvarðafélag Íslands, Landssamband hestamanna og Líffræðifélag Íslands.
3. Þrír fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasafræði og dýrafræði. Tveir fulltrúar fyrir verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands (einn frá líffræðiskor og annar frá jarðfræðiskor). Einn fulltrúi frá Félagi náttúrufræðinema við Háskóla Íslands.
4. Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
5. Náttúruverndarráð, aðalmenn og varamenn.
6. Eftirtaldir embættismenn: Búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri rannsóknaráðs, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnanefndar, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins,

framkvæmdastjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, orkumálastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, þjóðminjavörður, fulltrúi frá mennamálaráðuneytinu, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, vita- og hafnarmálastjóri, forstöðumaður Vinnueftirlits ríkisins og Rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins.

3. gr.

Náttúruverndarráð boðar þingið, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrlsu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, uns það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp.

Seta á náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

4. gr.

Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kýs náttúruverndarþing óbundinni kosningu, að undanskildum fulltrúum í 6. lið 2. gr. Hinn sjöunda skipar menntamálaráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 154/1981 um náttúruverndarþing.

Menntamálaráðuneytið, 14. mars 1984.

F. h. r.
Knútur Hallsson.

Runólfur Þórarinsson.

22. mars 1984 Nr. 157

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húsavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og reglugerð staðfesta 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

	kr.
A. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil	89.10
B. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils	203.00
C. Vatnsgjald pr. m^3	12.80

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranalögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1.00/1.0
B	0.95/1.3
C	0.90/1.7
D	0.85/2.8

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessu tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða í Landsbanka Íslands, Húsavík. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Húsavíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimaæð.

a) Fyrir hús, sem hafa olíu-, kola- eða rafmagnskynditæki fyrir 1. október 1970.

	kr.
Hús allt að 300 m^3 að utanmáli	19 300,00
Hús 300—2 000 m^3 að utanmáli:	
fyrir 300 m^3	19 300,00
og á hvern rúmmetra þar yfir	21,60
Hús stærri en 2 000 m^3 að utanmáli:	
fyrir 2 000 m^3	56 100,00
og á hvern rúmmetra þar yfir	16,10

b) Fyrir önnur hús.

Hús allt að 300 m^3 að utanmáli	27 800,00
Hús 300—2 000 m^3 að utanmáli:	
fyrir 300 m^3	27 800,00
og á hvern rúmmetra þar yfir	25,10
Hús stærri en 2 000 m^3 að utanmáli:	
fyrir 2 000 m^3	70 500,00
og á hvern rúmmetra þar yfir	21,60

Stofngjald fyrir hvern aðalrennslishemil umfram einn á sama inntaki er . 2 950,00

c) Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmum og því um líku, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 fermetra húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er ... kr. 161,00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. apríl 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 680 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 22. mars 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.

1. gr.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem bifreiðar eru hérlendis, talið frá og með komudegi, sem hér segir:

a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi ökumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977 um ökumæla með síðari breytingum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 2000	476	9400— 9599	1 568
2000— 2199	501	9600— 9799	1 597
2200— 2399	529	9800— 9999	1 625
2400— 2599	554	10000—10199	1 653
2600— 2799	578	10200—10399	1 686
2800— 2999	609	10400—10599	1 713
3000— 3199	634	10600—10799	1 744
3200— 3399	661	10800—10999	1 772
3400— 3599	690	11000—11199	1 802
3600— 3799	715	11200—11399	1 833
3800— 3999	746	11400—11599	1 861
4000— 4199	774	11600—11799	1 892
4200— 4399	803	11800—11999	1 918
4400— 4599	834	12000—12199	2 048
4600— 4799	868	12200—12399	2 106
4800— 4999	893	12400—12599	2 137
5000— 5199	920	12600—12799	2 166
5200— 5399	951	12800—12999	2 199
5400— 5599	982	13000—13199	2 315
5600— 5799	1 009	13200—13399	2 346
5800— 5999	1 036	13400—13599	2 379
6000— 6199	1 070	13600—13799	2 411
6200— 6399	1 098	13800—13999	2 445
6400— 6599	1 127	14000—14199	2 610
6600— 6799	1 155	14200—14399	2 642
6800— 6999	1 186	14400—14599	2 678
7000— 7199	1 216	14600—14799	2 710
7200— 7399	1 244	14800—14999	2 746
7400— 7599	1 271	15000—15199	2 855
7600— 7799	1 303	15200—15399	2 892
7800— 7999	1 332	15400—15599	2 923
8000— 8199	1 363	15600—15799	2 959
8200— 8399	1 391	15800—15999	2 996
8400— 8599	1 420	16000—16199	3 081
8600— 8799	1 451	16200—16399	3 120
8800— 8999	1 479	16400—16599	3 155
9000— 9199	1 509	16600—16799	3 191
9200— 9399	1 537	16800—16999	3 225

Sé eigin þyngd bifreiðar 17000 kg eða meira skal vikugjaldið hækka um 39 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd er meiri en 17000 kg.

Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir ekki útbúnir viðhlítandi ökumælisbúnaði, sbr. b-lið þessarar greinar.

b) Af bifreiðum, sem eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og útbúnaðar eru viðhlítandi ökumælisbúnaði, sbr. reglugerð nr. 62/1977 um ökumæla, skal greiða þungaskatt skv. ákvæðum c-liðs 3. gr. reglugerðar nr. 795/1983 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. með síðari breytingum. Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir útbúnir viðhlítandi ökumælisbúnaði.

2. gr.

Þungaskatt samkvæmt a-lið 1. gr. skal greiða við komu bifreiðar til landsins. Við ákvörðun skattsins skal miða við þann tíma sem áformað er að bifreið verði hérlendis, reiknaðan í heilum vikum. Telst brot úr viku heil vika í þessu sambandi, sbr. 1. gr.

Komi í ljós við brottflutning gjaldskyldrar bifreiðar samkvæmt a-lið 1. gr. reglugerðar þessarar að verutími hennar hérlendis hefur verið van- eða ofáætlaður skal eftir atvikum innheimta vangoldinn eða endurgreiða ofheimtan þungaskatt af þeim sökum. Hafi verutími verið vanáætlaður um meira en sem nemur 4 vikum skal innheimta dráttarvexti af þeim þungaskatti sem ógreiddur er vegna vanáætlunar. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

3. gr.

Við komu bifreiðar til landsins, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skulu viðkomandi toll- eða löggæslumenn ganga úr skugga um að ökumælir hennar sé virkur og innsiglaður á þann hátt sem kveðið er á um í reglugerð nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Uppfylli ökumælisbúnaður að mati toll- eða löggæslumanns þær kröfur sem gerðar eru til slíks búnaðar skal hann skrá stöðu mælis og númer mælis í akstursbók, sem afhenda skal umráðamanni bifreiðarinnar. Jafnframt skal skrá þessar upplýsingar í sérstaka skrá, sem viðkomandi innheimtumaður skal halda um þessar bifreiðar.

Við brottflutning bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skal toll- eða löggæslumaður lesa á ökumæli hennar og ákvarða þungaskatt í samræmi við ekinn kílómetrafjölda frá komudegi. Skattinn skal greiða hjá viðkomandi innheimtumanni, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 4. gr.

Nú er bifreið, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., staðsett hérlendis lengur en fjóra mánuði í senn og skulu þá ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 795/1983 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. gilda um álestur og innheimtu þungaskatts af henni.

4. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um innheimtu vaxta, viðurlög, veð, sektir og aðra framkvæmd varðandi innheimtu þungaskatts samkvæmt 1. gr. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði reglugerðar nr. 795/1983 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. með síðari breytingum og reglugerðar nr. 62/1977 um ökumæla með síðari breytingum.

Ráðuneytið getur falið toll- eða löggæslumönnum að annast ákvörðun og innheimtu þungaskatts f. h. viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, ef sérstaklega stendur á.

Óheimilt er að skipa út gjaldskyldri bifreið samkvæmt reglugerð þessari nema sannað sé að þungaskattur af henni hafi verið greiddur.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, sbr. lög nr. 78/1975 og lög nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er reglugerð nr. 179 29. mars 1983 um sama efni felld úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. mars 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 159 27. mars 1984

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 145/1982 um launaskatt, sbr. reglugerð nr. 187/1983 um breyting á henni.

1. gr.

2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 187/1983, orðist svo:

Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærri laun að meðaltali til annarra á mánuði en 41 000 kr. á uppgjörstímabilinu er þó heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á gjalddaga þess uppgjörstímabils þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 410 000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 410 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 14 15 mars 1965 um launaskatt með áorðnum breytingum, sbr. heimild í 3. mgr. 3. gr. nefndra laga, öðlast þegar gildi og kemur í fyrsta sinn til framkvæmda við greiðslu launaskatts fyrir fyrsta uppgjörstímabil 1984, sbr. 1. mgr. 3. gr. nefndra laga.

Fjármálaráðuneytið, 27. mars 1984.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um heilbrigðiseftirlit sláturafurða, sláturhús, kjötfrystihús, meðferð og verkun sláturafurða til útflutnings til Bandaríkja Norður-Ameríku.

1. gr.

Við heilbrigðiseftirlit, meðferð og verkun sláturafurða til útflutnings til Bandaríkja Norður-Ameríku skal í sláturhúsum og kjötfrystihúsum auk reglugerðar nr. 205/1967 um útbúnað sláturhúsa, kjötfrystihúsa, kjötverkunarstöðva og meðferð og flutning sláturafurða, reglugerðar nr. 168/1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum og reglugerðar nr. 442/1977 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða og annarra reglna er mál þetta varða, fylgt ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Til að hlífa sláturafurðum við óhreinkun og mengun skal nota umbúðir úr plastdúk eða öðru viðlíka efni, áður en afurðir eru klæddar í grisju eða settar í kassa til útflutnings.

3. gr.

Sláturfé skal svipta meðvitund með skotvopni með föstum skotteini áður en blóðtæming fer fram. Óheimilt er að nota skotvopn með lausum kúlum. Þeir sem deyða sláturfé, skulu hafa skotvopnaleyfi og hafa náð 20 ára aldri, og skulu þeir gæta þess að skotvopn séu ávallt í fullkomnu lagi.

4. gr.

Í sláturhúsaréttum skal þess gætt að grindur, gólf, milligerðir, gangar og pallar séu þannig frágengið og viðhaldið að ekki sé hætta á að sláturfé verði fyrir meiðslum, þegar það er rekið til í rétt eða bíður slátrunar.

5. gr.

Óheimilt er að nota sláturhús eða hluta þeirra sem íbúð fyrir fólk. Óheimilt er að slátra hrossum í sláturhúsi, þar sem slátrað er sauðfé til útflutnings til Bandaríkja Norður-Ameríku. Óheimilt er að geyma sláturafurðir af hrossum, þar sem afurðir af sauðfé eru geymdar.

6. gr.

Nú koma sláturgripir fyrir í sláturhúsarétt, sem grunur leikur á að séu sjúkir eða hafi slasast í flutningum. Skulu gripir þessir þá merktir samstundis og geymdir í sérstökum klefa í réttinni, þar sem sérstakt niðurfall er og þann veg búnum að unnt sé að sótthreinsa hann á viðhlítandi hátt.

7. gr.

Afurðir sem taldar eru óhæfar eða sem ástæða er til að taka frá til nánari skoðunar, skulu merktar á tryggilegan hátt, svo útilokað sé að þær ruglist saman við aðrar afurðir. Áhöld og búnaður sem nota þarf við slíkar afurðir skal sérmerktur og má ekki taka til annarra nota.

8. gr.

Óheimilt er að nota í vinnusölum og frystigeymslum vélknúin farartæki, sem nota eldsneyti sem mengar andrúmsloft. Óheimilt er að nota áhöld og búnað, sem hefur skemmst eða gengið svo úr sér, vegna slits eða skorts á nauðsynlegu viðhaldi, að fyllstu kröfum um hreinlæti og þrifnað er ekki lengur fullnægt. Dýralækni er skylt að taka út notkun og auðkenna slík áhöld og búnað og láta endurnýja eða endurbæta án tafar.

9. gr.

Sláturafurðir sem bera með sér greinilega þvaglykt skal dæma óhæfar.

Sláturafurðir af gripum sem orðið hafa fyrir áhrifum geislavirkra efna skal dæma óhæfar.

Sláturafurðir sem í eru lyfjaleifar skal einnig dæma óhæfar.

10. gr.

Um refsingu fyrir brot á ákvæðum þessarar reglugerðar fer eftir lögum nr. 30 28. apríl 1966.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast gildi 1. apríl 1984.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. mars 1984.

Jón Helgason.

Tryggvi Gunnarsson.

Nr. 161 28. mars 1984

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 390 frá 30. mars 1984 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskitaráðuneytið, 28. mars 1984.

F. h. r.

Sveinn Björnsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

Stjórnartíðindi B 12, nr. 146—161. Útgáfudagur 30. mars 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1984

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 682, 5. september 1983.

Aftast í „2. gr. Raforkugjöld“ bætist:

„S. Sumartaxti.

S.1 Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi:

Lágmarksgjald 75 kW, 1. maí — 30. september	22 500,00 kr/mán
Aflgjald 1. maí — 30. september	300,00 kr/kW/mán
Aflgjald apríl og október	1 150,00 kr/kW/mán
Orkugjald	0,66 kr/kWh

Ekki er heimilt að selja raforku á þessum taxta frá 1 nóvember til 31. mars“.

Á eftir 5. grein bætist ný grein:

„6. gr. Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf séstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október. Utan tímabilsins er framangreind notkun ekki leyfð um viðkomandi kW/kWh-mæli né aðra mæla Rafmagnsveitunnar á öðrum gjaldskrárliðum.

Aflgjald sé samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánaðar“.

6. gr. til 13. gr. breytast í 7. gr. til 14. gr., að báðum greinum meðtöldum.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977 með síðari breytingum, til að taka gildi 1. apríl 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 28. mars 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

B 31

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fara fram laugardaginn 30. júní 1984.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna, en mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr Sunnlendingafjórðungi (V- Skaftafellssýslu — Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 1080 meðmælendur, en mest 2160.

Úr Vestfirðingafjórðungi (Mýrasýslu — Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 115 meðmælendur, en mest 230.

Úr Norðlendingafjórðungi (V- Húnavatnssýslu — S- Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 215 meðmælendur, en mest 430.

Úr Austfirðingafjórðungi (N- Þingeyjarsýslu — A- Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 90 meðmælendur, en mest 180.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36/1945, sbr. lög nr. 39/1963, sbr. lög nr. 6/1984, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 28. mars 1984.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 164 27. mars 1984

REGLUR

um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnarskerta.

1. gr.

Allir landsmenn skulu eiga rétt á heyrnartækjum. Úthlutun heyrnartækja er ávallt háð samþykki yfirlæknis Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir nauðsynleg heyrnartæki sem hér segir:

1. Fyrir börn og unglinga til loka skólaskyldu 100%
2. Fyrir 18 ára og eldri 60%
3. Fyrir þá sem nota þurfa tvö tæki samtímis og eru 18 ára og eldri 70%

3. gr.

Sá, sem fengið hefur heyrnartæki getur fengið tæki á ný:

1. Þegar heyrn hans hefur breyst svo, að fyrra tækið verður ófullnægjandi.
2. Þegar þróun í gerð tækja veldur því að honum nýtist ný gerð betur.
3. Þegar fyrra tæki hefur gengið úr sér, svo það kemur ekki að notum lengur.

4. gr.

Þeir, sem orðnir eru 18 ára, skulu ekki fá styrk til heyrnartækjakaupa oftar en á þriggja ára fresti, en yngri en 18 ára á tveggja ára fresti.

Þrátt fyrir ofangreind tímamörk er heimilt að greiða 50% af verði nýs tækis fyrir yngri en 18 ára og 35% fyrir 18 ára og eldri, eyðileggist eða týnist tækið.

Þurfi einstaklingur ekki lengur á heyrnartæki að halda ber honum að skila því til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Er stöðinni þá heimilt að greiða viðkomandi til baka ákveðinn hluta.

5. gr.

Heimilt er yfirlækni Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands að höfðu samráði við menntamálaráðuneyti, eftir nákvæma prófun á vegum stöðvarinnar að úthluta til láns F.M. heyrnartækjum (sendi og móttakara) til þjálfunar mjög heyrnarskertum börnum á skólaskyldualdri til þess að þeim nýtist almenn skólaganga. Skylt er að skila tækinu til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands þegar þess er ekki lengur þörf.

6. gr.

Heimilt er yfirlækni Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands að úthluta F.M. tækjum til láns til einstaklinga þótt þeir hafi lokið skyldunámi, eftir nákvæma prófun á vegum stöðvarinnar. Skylt er að skila slíkum tækjum þegar þeirra er ekki frekari þörf.

7. gr.

Fyrir rafhlöður greiðir ríkissjóður að fullu þegar yngri en 18 ára og elli- og örorkulífeyrisþegar eiga í hlut.

8. gr.

Ofangreindar reglur, sem öðlast gildi frá og með 1. apríl 1984, eru settar með stoð í 5. gr. laga nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Jafnframt falla úr gildi frá og með sama degi reglur frá 10. júlí 1980 ásamt breytingum frá 18. júní 1981.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. mars 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

27. mars 1984 Nr. 165

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

1. gr.

Fyrir hverja læknisskoðun og heyrnarrannsókn greiðir sjúklingur kr. 100. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða hálft gjald. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir nemendur Heyrnleysingjaskóla Íslands svo og börn og unglingar að 18 ára aldri, sem reynast það heyrnarskert að þau þurfi á heyrnartæki að halda.

2. gr.

Fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnustöðum, sem unnin er á vegum stöðvarinnar skal greiða kr. 100.

3. gr.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, öðlast gildi frá og með 1. apríl 1984 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. mars 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 13, nr. 162—165. Útgáfudagur 29. mars 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1984

30. mars 1984 241 Nr. 166

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486 23. ágúst 1982 um söluskatt með síðari breytingum.

1. gr.

2. málsl. 2. tl. 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Undanþága samkvæmt þessum tölulið tekur þó ekki til ávaxtasafa, hreinna og blandaðra, eða tilreiddra efna til slíkrar drykkjuvörugerðar, sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 77/1980 um vörugjald með áorðnum breytingum, sbr. reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Undanþágan nær ekki heldur til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, poppkorns eða annars sælgætis, þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum um vörugjald.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum til þess að öðlast gildi frá og með 1. apríl 1984.

Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

30. mars 1984 Nr. 167

AUGLÝSING

um tollmeðferð á nokkrum drykkjarvörum.

Ráðuneytið tilkynnir hér með að það hefur ákveðið að nota heimild í 13. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum og fella niður eða eftir atvikum lækka toll í 22% af drykkjarvörum sem flokkast undir tnr. 21.07.07, 21.07.08, 21.07.12 og 21.07.19 í 1. gr. nefndra laga til samræmis við toll af hliðstæðum drykkjarvörum í tnr. 22.02.09.

Niðurfelling tolls er bundin því skilyrði að vörur þessar verði taldar upprunavörur í skilningi auglýsingar nr. 680/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

(EBE) og viðbótarbókunar við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 287/1981 um breyting á henni.

Við tollmeðferð á nefndum vörum skal greiða 3% jöfnunargjald, sbr. 1. gr. laga nr. 78/1980 um jöfnunargjald.

Auglýsing þessi er sett til að öðlast gildi frá og með 1. apríl 1984.

Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 168 30. mars 1984

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 634 30. desember 1980 um vörugjald með síðari breytingum.

1. gr.

B-liður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 17% gjald:

Tollskrárnúmer	Vöruheiti
úr 21.07	Efni í tollskrárnúmerum 21.07.01, 21.07.07, 21.07.08, 21.07.12 og 21.07.19 tilreidd til blöndunar á drykkjarvörum eins og límonaði, gosdrykkjum og öðrum óáfengum drykkjarvörum.
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru.
22.02.01 og 22.02.09	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 20.07.
22.03.01 og 22.03.09	Öl gert úr malti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 77 23. desember 1980 um vörugjald með síðari breytingum til að öðlast gildi frá og með 1. apríl 1984. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 234 30. apríl 1981 um sama efni svo og þau fyrirmæli önnur sem kunna að brjóta í bága við reglugerð þessa.

Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 467 23. ágúst 1982 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr flokki A í 1. gr. reglugerðarinnar:

20.07.11 til og með 20.07.70, 21.07.07, 21.07.08, 22.01.01 og 22.02.01 til og með 22.03.09.

2. gr.

Sérstakt vörugjald af drykkjarvörum sem flokkast undir tollskrárnúmer 21.07.12 og 21.07.19 í flokki A í 1. gr. reglugerðarinnar falli niður.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald öðlast gildi frá og með 1. apríl 1984.

Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 313 13. maí 1983 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl., sbr. reglugerð nr. 594 8. ágúst 1983 og reglugerð nr. 811 23. desember 1983 um breyting á henni.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 g, hver smávindill 2,5 g og hver vindlingur 1,25 g. Smávindlar sem eru 1,5 g og léttari reiknast sem vindlingar. Miða skal við að hver flaska af öli innihaldi 0,5 l og skal flöskutala, sbr. 1. mgr., breytast til samræmis við frávik þar frá. Sé um innlent öl að ræða í 33 cl umbúðum er heimilt að koma með til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda allt að tvöföldu því magni í flöskum talið, sem upp er gefið í 1. mgr.

2. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi

gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

	kr/l
A. Áfengi:	
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	130
2. Portvín, sherry og madeira	170
3. Vermút og aperitívar	250
4. Íslenskar áfengistegundir	440
5. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	690

B. Tóbak:	
1. Reyktóbak	375 kr/tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar	400 kr/200 stk.
3. Smávindlar	50 kr/ 10 stk.
Meðalstærð	225 kr/ 25 stk.
Vindlar, aðrir	275 kr/ 25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 — 1984

30. mars 1984 245 Nr. 171

REGLUGERÐ

um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga.

1. gr.

Fyrning mannvirkja, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:

a) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera 2%:
   1. Íbúðarhúsnæði
   2. Skrifstofubyggingar
   3. Verslunarbyggingar

b) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera 4%:
   1. Verksmiðjubyggingar
   2. Verkstæðisbyggingar
   3. Vörugeymslubyggingar
   4. Gisti- og veitingahús
   5. Útihús á bújörðum
   6. Hvers konar önnur mannvirki og hús, notuð til atvinnurekstrar, sem ekki eru talin annars staðar í reglugerð þessari

c) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera 6%:
   1. Dráttarbrautir
   2. Loðdýrabú og tilheyrandi girðingar
   3. Lýsis-, olíu- og vatnsgeymar
   4. Ræktun á bújörðum

d) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera 8%:
   1. Bryggjur og plön þeim tengd
   2. Gróðurhús

e) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera 10%:
   1. Borholur
   2. Raflínur
   3. Vinnubúðir, óvaranlegar

Ekki skiptir máli í sambandi við ákvörðun fyrningarhlutfalls úr hvaða byggingarefni mannvirki er gert.

2. gr.

Þegar notkun einstakra eigna er þannig háttað að þær falla ekki undir sama fyrningarhlutfall skal fyrningargrunni þeirra skipt eftir notkun, þó þannig að sé eign notuð að 3/4 hlutum eða meira til sömu starfsemi skal eignin í heild háð sama fyrningarhlutfalli. Sé hluti eignar ekki fyrnanlegur skal ætíð lækka stofnverð eignarinnar um hinn ófyrnanlega hluta eftir stærðarhlutföllum. Við skiptingu á fyrningargrunni bygginga skal í þessu sambandi miðað við fasteignamat einstakra byggingarhluta eða við rúmmál liggi fasteignamat þeirra ekki fyrir.

B 32

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. tl. 38. gr. laga nr. 75/1981, sbr. lög nr. 8/1984, öðlast þegar gildi og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs.

Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1984.

Albert Guðmundsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 172

REIKNINGUR

Líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru, fyrir árið 1983.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1983.

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsbók nr. 12445	kr.	8 352,24
Vextir af vaxtaaukareikningi nr. 1255	—	4 886,03
Tekjuhalli	—	26 761,73
	kr.	40 000,00

Gjöld:

Gjöf í Minningasjóð Guðmundar Jóhannssonar til kaupa á sónartæki fyrir Sjúkrahús Suðurlands	kr.	25 000,00
Gjöf til Sjúkrahúss Suðurlands, langlegudeildar	—	15 000,00
	Kr.	40 000,00

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1983.

Eignir:

Sparisjóðsbók 12445	kr.	14 381,56
Vaxtaaukareikningur 1255	—	12 483,97
	kr.	26 865,53

Skuldir:

Höfuðstóll		kr.	10 000,00
Tekjuafgangur frá fyrri árum	kr. 43 627,26		
Tekjuhalli 1983	— 26 761,73		
		—	16 865,53
		kr.	26 865,53

Selfossi, 31. janúar 1984.
F. h. Kvenfélags Selfoss
Guðrún Bárðardóttir, gjaldkeri.

Stjórnartíðindi B 15, nr. 171—172. Útgáfudagur 2. apríl 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 — 1984

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 5. apríl til og með 15. maí 1984 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita í punkt 63°58'3 N, 23°40'5 V og þaðan í eftirgreinda punkta:

a) 64°04'9 N, 23°45'0 V.
b) 64°04'9 N, 23°42'0 V.
c) 64°20'0 N, 23°42'0 V og þaðan í 90° réttvísandi.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 5. apríl til og með 15. maí 1984 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

a) 63°10'0 N, 22°00'0 V.
b) 63°25'3 N, 22°00'0 V.
c) 63°33'7 N, 23°03'0 V.

3. gr.

Þrátt fyrir bann samkvæmt 1. og 2. gr. eru togveiðar heimilar á greindum svæðum á tímabilinu frá kl. 22.00 17. apríl til kl. 12.00 á hádegi 24. apríl 1984.

4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá og með 5. apríl 1984 fellur úr gildi reglugerð nr. 743 3. nóvember 1983, um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. apríl 1984.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 16, nr. 173. Útgáfudagur 4. apríl 1984.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 — 1984

Nr. 174 248 6. apríl 1984

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Frá og með 7. apríl 1984 skal gjald þetta nema kr. 5,37 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 7. apríl 1984. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 132/1984 verið greitt af birgðum sem til eru hinn 7. apríl 1984 skal greiða kr. 0,10 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 7. apríl 1984 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 7. apríl 1984.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breytingu á þeim lögum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 132/1984 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. apríl 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

Stjórnartíðindi B 17, nr. 174. Útgáfudagur 6. apríl 1984.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 — 1984

26. mars 1984 249 Nr. 175

REGLUGERÐ

um Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

1. gr.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins starfar samkvæmt III. kafla laga nr. 58/1981 um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins sem sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

Hlutverk Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins er að efla lagmetisiðnaðinn.

Lögheimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Iðnaðarráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn og jafn marga til vara.

Ráðherra skipar einn mann án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar.

Ráðherra skipar fjóra menn samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

a. Sölustofnunar lagmetis eða síðar sölusamtaka lagmetisframleiðenda.
b. Iðntæknistofnunar Íslands.
c. Rannsóknastofnunar Fiskiðnaðarins.
d. Sjávarútvegsráðherra, sem skal hafa hliðsjón af ábendingu Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda.

Á sama hátt fer um skipun og tilnefningu varamanna.

Skipa skal stjórnarmenn til tveggja ára í senn í fyrsta sinn frá 1. apríl 1984 að telja. Tilnefningar skulu gerðar í marsmánuði.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

3. gr.

Hlutverki sínu skal sjóðurinn leitast við að ná með eftirfarandi aðgerðum:

a. Aðstoð við tæknilega uppbyggingu.
b. Aðstoð við þróun vinnsluaðferða.
c. Aðstoð við þróun vörutegunda.
d. Aðstoð við öflun markaða erlendis.

4. gr.

Með tæknilegri uppbyggingu er í reglugerð þessari átt við nýjan og endurbættan vélbúnað og tækjabúnað, sem notaður er í þeirri vinnslurás, sem hráefni í lagmeti fer um þar til varan er fullunnin og tilbúin til afskipunar.

5. gr.

Með þróun vinnsluaðferða og vörutegunda er í reglugerð þessari átt við allar aðgerðir aðrar en greindar eru í 4. gr., sem lúta að því að auka afköst í lagmetisiðjum, bæta

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

vinnuaðstöðu verkafólks í lagmetisiðjum, viðhalda og bæta gæði hráefnis til lagmetisframleiðslu, bæta fullunna vöru og umbúðir utan um vöruna. Þá er og átt við tilraunastarfsemi og rannsóknir, sem hafa framangreint að markmiði.

6. gr.

Með aðstoð við öflun markaða er í reglugerð þessari einkum átt við öflun nýrra markaða fyrir hefðbundnar markaðsvörur, öflun markaða fyrir nýjar vörutegundir og sérstakar aðgerðir til að auka hlutdeild íslensks lagmetis á afmörkuðum mörkuðum, hvort sem er almennt eða einstakar vörutegundir.

7. gr.

Í því skyni að efla lagmetisiðnaðinn á framangreindan hátt ráðstafar stjórn Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins fé sjóðsins til framleiðenda lagmetis til útflutnings og Sölustofnunar lagmetis. Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að styðja fyrirtæki sem framleiða einungis fyrir innanlandsmarkað.

Sjóðsstjórninni er heimilt að ráðstafa fé sjóðsins ýmist sem óafturkræfum styrkjum, lánum sem heimilt er að breyta í styrki eða lánum með mismunandi lánskjörum og tryggingum.

8. gr.

Þeir sem óska framlaga úr sjóðnum vegna fyrirhugaðra verkefna skulu senda sjóðsstjórn skriflega umsókn ásamt greinargerð, þar sem gerð er grein fyrir verkefni því sem óskað er framlags til, með sem ýtarlegustum upplýsingum um markmið, tímamörk, og kostnað við verkefnið. Fram skal koma í umsókninni hvort óskað er eftir óafturkræfum styrk eða láni og jafnframt gerð grein fyrir því hvort verkefnið telst til hagsbóta fyrir aðra framleiðendur lagmetis eða einungis umsækjanda. Þá skal umsækjandi um lán gera grein fyrir veðmöguleikum eða öðrum tryggingum.

Ef sérstaklega stendur á er stjórninni heimilt að styrkja verkefni sem þegar er hafin framkvæmd á þegar umsókn um styrk eða lán berst. Sjóðsstjórn er heimilt að kalla fulltrúa umsækjanda á sinn fund til að veita frekari upplýsingar og setja skilyrði um frekari skriflegar upplýsingar áður en erindi er tekið til frekari lokaafgreiðslu.

9. gr.

Við afgreiðslu erinda um framlög úr sjóðnum skal sjóðsstjórn m. a. hafa eftirfarandi til viðmiðunar:

a. Gildi verkefnis fyrir lagmetisiðnaðinn.
b. Gildi verkefnis fyrir framleiðendur hráefnis í lagmeti.
c. Hvort verkefni hefur gildi fyrir fleiri en einn framleiðanda lagmetis.
d. Gildi verkefnisins fyrir umsækjandann sjálfan.

Framangreind atriði skulu einnig höfð til viðmiðunar þegar tekin er afstaða til þess hvort veita á óafturkræfa styrki, lán sem heimilt er að breyta í styrk, eða lán og þá með hvaða kjörum lánið skal veita.

Það skal ætíð vera skilyrði framlags úr sjóðnum að viðtakandi skuldbindi sig til að skýra frá framgangi verkefnisins á þann hátt sem sjóðsstjórn ákveður og ætíð á sjóðstjórn rétt á að fylgjast með því að fé sé ráðstafað til fyrirhugaðs verkefnis, en ekki notað til almenns reksturs viðtakanda fjárins.

Sé styrkur úr sjóðnum notaður á annan hátt en hann er veittur til skal endurkrefja styrkþega um fjárhæðina auk vaxta. Lán sem notað er á annan hátt en það er veitt til er uppsegjanlegt án sérstaks fyrirvara.

10. gr.

Tekjur sjóðsins eru fullvinnslugjald af söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og af útfluttu lagmeti.

Fullvinnslugjaldið skiptist þannig:

a. 1% af fob-verði lagmetis.
b. 3% af fob-verði saltaðra matarhrogna og frystra þorskhrogna.

Um gjalddaga og innheimtu gjaldsins fer á sama hátt og segir um útflutningsgjald af sjávarafurðum í lögum nr. 5, 13. febrúar 1976.

11. gr.

Iðnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, hver skuli hafa á hendi daglegan rekstur sjóðsins undir eftirliti sjóðsstjórnar, þar á meðal innheimtu, greiðslur, reikningsfærslu og ávöxtun inneigna.

Ríkisendurskoðun hefur á hendi endurskoðun reikninga sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu liggja fyrir eigi síðar en í marsmánuði ár hvert og skulu þeir birtir í B-deild Stjórnartíðinda sama ár.

Sjóðsstjórn skal gera skýrslu um starfsemi sína og senda iðnaðarráðherra ásamt ársreikningum eigi síðar en 30. mars.

Formaður boðar fundi með hæfilegum fyrirvara eins oft og þurfa þykir en þó ekki sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Hann stýrir atkvæðagreiðslum og sér um færslu fundargerðar og annast fundarstjórn að öðru leyti.

Í gjörðabók skal færa ákvarðanir stjórnar og skýrslu um annað það, sem gerist á fundi.

Fundur er ályktunarbær, ef 4 stjórnarmanna eru á fundi, þeirra á meðal formaður sjóðsstjórnar eða varamaður hans, enda hafi verið löglega til fundar boðað.

Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Verði ágreiningur um ákvörðun stjórnar geta 2 stjórnarmenn skotið henni til ráðherra á þeim fundi með bókun í fundargerð og hann ógilt hana innan 10 daga.

Sjóðsstjórn skal senda iðnaðarráðherra afrit af öllum fundargerðum stjórnarfunda að loknum hverjum fundi.

12. gr.

Sjóðsstjórn er heimilt að ráða ritara, sem skal annast ritun fundargerða og annað sem stjórnin felur honum.

Sjóðsstjórn er og heimilt að kveðja á sinn fund sérfróða menn sér til ráðuneytis.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 58, 4. júní 1981.

Jafnframt falla úr gildi 12. gr. til 18. gr. í reglugerð nr. 363/1976 um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Iðnaðarráðuneytið, 26. mars, 1984.

Sverrir Hermannsson.

Páll Flygenring.

GJALDSKRÁ

yfir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjöld fyrir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast skulu vera sem hér segir:

Efnagreiningar

Fiskmjöl:	Kr.
Vatn	90
Salt	115
Prótein (Kjeldahl)	260
Fita	190
Aska	165
Ammoniak	100
Sandur	170
Kalcium	170
Fosfór	275
Meltanlegt prótein	385
Lysin, nýtanlegt	770
DMNA gasgreining	715
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	275
Lýsi og harðfeiti:	
Vítamín A, bein mæling	190
Vítamín A, með sápun	550
Óbundnar fitusýrur	100
Sýrutala	100
Joðtala	200
Sáputala	170
Eðlisþyngd (pyknometer)	110
Slip-point	220
Mæling á vítamín D_3 í lýsi	1655—2200
Ósápanlegt	275
Peroxydtala	165
Litarmæling (Lovibond)	110
Vatnsmæling með toluol	165
Vatn og óhreinindi (skilv. aðferð)	110
Ljósbrot við 20°C	100
Natríumsápa	135
Dilatation uppsetning	220
Dilatation hvert hitastig	220
Fitusýrugreining	840—1765
Salt:	
Klóríð (titer)	115
Kalcium	170
Magníum	170
Súlfat	170
Óleysanlegt í vatni	170
Raki og bundið vatn	140
Járn	145
Kopar	190

Síld:	Kr.
Undirbúningsvinna:	
Síld, lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin og hökkuð	420
Framangreint gjald gildir fyrir allt að 100 síldar sýni. Ef færri en 50 síldar eru í sýni greiðast ¾ gjalds.	
Efnagreiningar séu samkvæmt gjaldskrá.	
Aðrar efnagreiningar:	
Vatn, salt, fita, prótein o. fl. samkv. gjaldskrá fyrir mjöl	
Trimethylamin (TMA)	235
TVB	235
Kvikasilfur í matvælum	310
Ákvörðun á málmum með atom absorption	330
Frítt klór í vatni	65
Skynmat	205
Rotvarnarefni m. gasgreiningu	440—770
Skordýraeitur m. gasgreiningu	1325—2200
Thiamin (b_1 vítamín)	550—880
Riboflavin (B_2 vítamín)	550—880
Niacin	880—1655
C-vítamín í matvælum	550—1100
Drop (drip)	220
Nítrat í matvælum	550
Nítrit í matvælum og fóðri	660
Hexametylentetramín í lagmeti	440
Vigtun og talning á rækju o. fl.	170
Mæling á sykrum í síld	275—500
Sýrustig pH	110
Arsen	390
Histamín	420
Gerlarannsóknir o. fl.:	
Undirbúningur sýnis	145
Talning við ræktun, eins konar	145
Talning við ræktun, tvenns konar	190
Kólígerlar, MPN, forpróf	85
Kólígerlar, MPN, staðfestingarpróf	50
Staphylococcus aureus, forpróf	85
Staphylococcus aureus, staðfestingarpróf	85
Ger- og myglusveppir	75
Sulfit afoxandi Clostridia/hitað	85
Clostridium perfringens	120
Salmonella, forpróf	130
Salmonella, staðfestingarpróf	160
Roðagerlar	70
Ræktun fyrir niðursuðuvörur	85
Lagmeti:	
Framleiðslusýni (vatn, salt, pH, vigt o. fl.)	220
Geymsluþol (pH, vigt, dós, o. fl.)	65

2. gr.

Fyrir vottorð sem framleiðslusýni o. fl. skal greiða kr. 95 og fyrir útflutningsvottorð kr. 120.

3. gr.

Þar sem í framangreindri gjaldskrá fyrir efnagreiningar er tilgreint verðbil, gildir hærri talan þegar um 1 eða 2 sýni samtímis er að ræða frá sama aðila til sömu rannsókna, en lægri talan þegar um er að ræða 3 sýni eða fleiri frá sama aðila.

Í öðrum tilvikum má veita 20% afslátt frá gjaldskrá fyrir efnagreiningar fyrir fyrirtæki í fiskiðnaði, t. d. þegar um 3 sýni og fleiri er að ræða frá sama aðila samtímis til sömu mælinga.

4. gr.

Gjald fyrir efna- og gerlarannsóknir, sem ekki eru tilgreindar í þessari gjaldskrá skal ákveða með hliðsjón af sambærilegum rannsóknum eða í samræmi við þann tíma og kostnað, sem slíkar rannsóknir krefjast.

Gjaldskrá þessi er við það miðuð að rannsókn fari fram á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða útibúum hennar án óeðlilegs undirbúnings. Óeðlilegan undirbúning skal reikna sérstaklega.

5. gr.

Þegar tekið er sýni af útfluttu mjöli eða lýsi á vegum framleiðslueftirlits sjávarafurða skal greiða kr. 210 fyrir hvert sýni auk launa fiskmatsmanns, sem annast sýnatökuna.

Starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða annast þessa sýnatöku samkvæmt leiðbeiningum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og með tækjum sem Rannsóknastofnunin lætur þeim í té.

6. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

Gjald fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:	Dagvinna kr./klst.
Sérfræðingar með reynslu	375
Rannsóknamaður með háskólapróf	320
Rannsóknamaður án háskólaprófs með starfsreynslu	290
Rannsóknamaður án háskólaprófs með litla starfsreynslu	230

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi 1. apríl 1984, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá yfir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast nr. 727/1983.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. mars 1984.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Ingimar Einarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Selfoss.

Hinn 23. mars 1984 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Selfoss að spilda við Grashaga sem áður var ætluð fyrir verslunarstarfsemi verður nú einbýlishúsasvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

5. apríl 1984 Nr. 178

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra farandvéla, farandvinnuvéla, búvéla, lyfta og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum skv. gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða fyrir ýmiss konar aukaþjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Fyrir farandvélar og farandvinnuvélar greiðist sem hér segir:

1. flokkur: Gjald kr. 900,00.
Málarastólar, vörulyftarar með sæti, dráttarvélar. Gjaldið greiðist þó ekki ef tæki þessi eru í eigu eftirlitsskyldra fyrirtækja.

2. flokkur: Gjald kr. 1 200,00.
Vegaþjöppur, vegheflar og aðrar vegagerðarvélar, jarðýtur, ámokstursvélar, skurðgröfur og aðrar svipaðar vélar, litlir farandkranar (bómulengd minni en 8 m, lyftigeta minni en 2 tonn).

3. flokkur: Gjald kr. 1 790,00.
Farandkranar, byggingarkranar. Þó skoðun fari fram oftar en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema framkvæma þurfi aukaeftirlitsskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskoðaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald.

3. gr.

Fyrir fólkslyftur greiðist: kr. 1 200,00.
Fyrir skíðalyftur, minni gerð: kr. 2 200,00.
Fyrir skíðalyftur, stærri gerð: kr. 4 000,00.

4. gr.

Fyrir skoðun vatnshitunarkerfa sbr. reglugerð nr. 302/1978 greiðist kr. 800,00 og fyrir neysluvatnshylki kr. 240,00.

5. gr.

Fyrir gasmælingu olíugeyma í skipum greiðist kr. 330,00 fyrir fyrsta geymi og síðan 200,00 fyrir hvern geymi. Fyrir gasmælingu vélarrúms eða dælurúms greiðist ekki gjald nema eingöngu sé mælt í því.

Fyrir þrýstiraun katla eða geyma, sem eru minni en 2 m^3 að rúmmáli eða minni þrýsting en 2 kg/cm^2 greiðist 300,00, en fyrir stærri katla kr. 430,00.

Fyrir átaksprófanir á talíum, krönum og öðrum lyftibúnaði greiðist eftir lyftigetu búnaðarins sem hér segir:

0—3 000 kg	kr. 520,00.
3 000—10 000 kg	kr. 700,00.
yfir 10 000 kg	kr. 1 030,00.

Sé gasmæling, þrýstiraun eða önnur þjónusta framkvæmd utan reglulegs vinnutíma, samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis eða skips, skal hann greiða þann kostnað sem af slíku hlýst.

6. gr.

Fyrir umfangsmeiri mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis eða aðrar hliðstæðar athuganir skal eigandi eða umráðandi fyrirtækis greiða þann kostnað sem af mælingum hlýst annan en dagvinnulaun fastráðinna starfsmanna Vinnueftirlits ríkisins.

7. gr.

Fyrir þátttöku í námskeiðum Vinnueftirlits ríkisins skulu þátttakendur greiða sem hér segir:

	kr.
Námskeið um meðferð og stjórnun vinnuvéla (frumnámskeið)	650,00
Námskeið um meðferð og stjórnun byggingakrana	2 500,00
Námskeið um meðferð sprengiefna	4 000,00
Námskeið um meðferð naglabyssa	300,00
Gjald vegna verklegrar prófunar í notkun sprengiefna skal vera	650,00
Gjald vegna verklegrar prófunar tækjastjóra skal vera:	
Fyrir próf á lyftara	260,00
Fyrir próf á aðrar vélar	410,00
Sé samtímis tekið próf á fleiri en eina vél skal prófgjald fyrir hverja vél eftir fyrstu vél vera	260,00

8. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu gjalda samkvæmt 2.—4. gr. gjaldskrár þessarar. Önnur gjöld innheimtir Vinnueftirlitið og getur það krafist greiðslu áður en þjónusta er látin af hendi.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkv. 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 330/1983.

Félagsmálaráðuneytið, 5. apríl 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Einstefnuakstur verður á Vesturgötu til vesturs frá Seljavegi að Ánanaustum. Strætisvögnum Reykjavíkur verður þó heimilt að aka í báðar áttir um Vesturgötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 10. apríl n. k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. mars 1984.

Sigurjón Sigurðsson.

3. apríl 1984 Nr. 180

SAMÞYKKT

um hundahald í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í Seyðisfjarðarkaupstað.

2. gr.

Bæjarstjórn eða heilbrigðisnefnd í hennar umboði er heimilt að veita undanþágu frá banni við hundahaldi með eftirgreindum skilyrðum:

a) Eigandi skal án tafar láta skrá hund sinn á bæjarskrifstofu. Við skráningu fær eigandi hunds merkta plötu, sem ætíð skal vera um háls hundsins.
Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú og síðar verður breytt.

b) Eiganda er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi, þannig að tryggt sé, að tryggingin taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati bæjarstjórnar.

c) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa, nema smalahunda á þeim tíma, er þeir eru sannanlega notaðir við smalamennsku, svo og minkahunda, dýrahunda og sporhunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns. Alla aðra hunda skal hafa í tryggu haldi, en heimilt er að hafa þá í taumi úti við í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.

d) Hundaeigendum er skylt að sjá svo um að hundar raski eigi ró manna með hávaða eða gelti, eða verði mönnum til óþæginda á annan hátt.
Þegar hundar eru í festi á húsalóðum skal festin við það miðuð að óhindrað megi ganga um dyr íbúðarhúsa.
Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir íbúðareigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildi þar til bæjarstjóra berst skrifleg afturköllun frá einhverjum íbúðareiganda.

e) Til að standa straum af kostnaði bæjarsjóðs af skráningu og eftirliti með hundum í bænum, skal hver hundeigandi greiða árlegt gjald til bæjarsjóðs. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til næstkomandi júlímánaðar og síðar árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Dráttarvextir falla á ógreidd leyfisgjöld eftir 1. sept. þar á eftir. Hafi greiðsla eigi átt sér stað að þremur mánuðum liðnum frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
Bæjarstjórn ákveður fjárhæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra staðfestir og birt skal í B-deild Stjórnartíðinda. Heimilt er bæjarstjórn að ákveða lægra gjald fyrir nauðsynlega minkahunda, dýrhunda, sporhunda og smalahunda. Af hundum, sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, skal ekkert gjald greiða. Við greiðslu gjalds þessa ber hundeiganda að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu vátryggingargjalds samkvæmt b.-lið þessarar greinar, vátryggingarskírteini, vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og önnur skilríki er máli skipta samkv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur varðandi hunda.

f) Hundaeigendum ber að viðhafa fullkomið hreinlæti í meðferð hunda sinna, þar á meðal að þrífa eftir dýrin.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds er bæjarstjórn eða heilbrigðisnefnd í hennar umboði heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum.

Bæjarstjórn eða heilbrigðisnefnd í hennar umboði er heimilt að afturkalla öll leyfi, telji hún þess þörf.

Verði leyfi fyrir hund afturkallað og eigandi hans afhendi hann ekki sjálfviljugur bæjaryfirvöldum, eða fjarlægi hann ekki úr lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðar skal fara með hann samkvæmt 4. gr. þessarar samþykktar.

4. gr.

Óleyfilega hunda skal lögregla taka hvar sem til þeirra næst og færa þá í sérstaka hundageymslu, sem starfrækt er á vegum bæjarins. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að því eina viku, í umsjón og ábyrgð lögreglu meðan eigendum er gefinn kostur á því að koma þeim fyrir til frambúðar utan Seyðisfjarðar. Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum. Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan Seyðisfjarðar innan viku frá því að þeir eru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífaðir.

5. gr.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað. Lögregla og heilbrigðisnefnd skulu hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum er renni í bæjarsjóð. Með brot út af samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981, VI. og VII kafla.

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Seyðisfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sbr. lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt sama efnis nr. 353/1977.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau leyfi, sem veitt voru til hundahalds í Seyðisfjarðarkaupstað skv. heimild í samþykkt nr. 353/1977, falla úr gildi innan eins mánaðar frá gildistöku samþykktar þessarar. Ber bæjarstjórn að tilkynna leyfishöfum það skriflega og jafnframt benda þeim á rétt þeirra til að sækja að nýju um leyfi fyrir hunda sína.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. apríl 1984.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

5. apríl 1984 Nr. 181

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum nr. 338/1978.

1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en kr. 13 700,00 á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 1 370,00 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 27 400,00 á rúmlest.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóðar svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 4 110 000,00 vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 440,00 á rúmlest af tréskipum og kr. 220,00 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera hærra en kr. 66 000,00 af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi.

Fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1. til 3. gr. gilda frá 1. janúar 1984.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. apríl 1984.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sunnusjóð til hjálpar fjölfötluðum börnum, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra, 29. mars 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sunnusjóð til hjálpar fjölfötluðum börnum.

Við undirrituð, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Sverrir Sigurðsson, Sævargörðum 1, Seltjarnarnesi stofnum með eftirfarandi skipulagsskrá sjóð:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sunnusjóður með lögheimili í Reykjavík. Markmið hans er að bæta aðstæður til kennslu og þjálfunar fjölfatlaðra barna í Safamýraskóla í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Foreldra- og kennarafélags Safamýrarskóla.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50 000,00 — fimmtíu þúsund — er myndar höfuðstól sjóðsins. Höfuðstóll þessi skal vera óskertur en vöxtum af honum ásamt síðari fjárframlögum til sjóðsins skal árlega varið til kaupa á hjálpartækjum handa fjölfötluðum og/eða til að bera hluta af kostnaði af menntun kennara eða annars starfsliðs Safamýrarskóla í sérhæfðum aðferðum við kennslu og þjálfun alvarlega fjölfatlaðra.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt sem stjórn sjóðsins þykir henta á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, kosnir til þriggja ára í senn á aðalfundi Foreldra- og kennarafélags Safamýrarskóla.

Verði sjóðurinn án stjórnar eða stjórn hans ekki fullskipuð á einhverjum tíma tilnefnir heilbrigðismálaráðherra stjórnarmenn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins kemur saman þegar þörf krefur og fjallar um tillögur til fjárveitinga úr sjóðnum.

Stjórnin skal halda gerðabók um úthlutanir úr sjóðnum.

7. gr.

Sjóðstjórn semur reikninga sjóðsins árlega. Reikningsár sjóðsins er almannaksárið.

Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 605 kr.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 605 kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýjum.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á C-liðum, húshitun, og viðhaldsgjald götulýsingar.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Rafveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 697, 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 201 25. apríl 1984

GJALDSKRÁ

Rafveitu Grindavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafveitu Grindavíkur.

2. gr.

RAFORKUGJÖLD

B. Almennir taxtar.

B.1	Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:	
	Orkugjald	3,98 kr/kWh
	Lágmarksgjald	1 562,00 kr/ár
B.2	Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:	
	Fast gjald	3 125,00 kr/ár
	Orkugjald	6,48 kr/kWh

C. Afltaxtar.

C.1	Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:	
	Aflgjald	5 162,00 kr/kW/ár
	Orkugjald	1,31 kr/kWh

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.
Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.

C.2 Verð á rafmagni til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:

Aflgjald	8 888,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	9 362,00 kr/kW/ár
Gjald samtals	18 250,00 kr/kWh/ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.
Lýsing þessi stýrist af stjórnbúnaði rafveitunnar.

D. Hitunartaxtar.

D.1 Verð á rafmagni til órofinnar hitunar:

Fast gjald	4 688,00 kr/ár
Orkugjald	2,55 kr/kWh

D.2 Verð á rafmagni til rofinnar daghitunar:

Fast gjald	3 125,00 kr/ár
Orkugjald	1,08 kr/kWh

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti.

D.3 Verð á rafmagni til rofinnar næturhitunar:

Fast gjald	3 125,00 kr/ár
Orkugjald	0,65 kr/kWh

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09.00 til 21.00.

3. gr.

Mælaleiga.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.
Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmangssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

	kr.
Orkumælir, einfasa	291,00
Orkumælir, þrífasa	1 161,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	1 962,00
Aflmælir	1 888,00
Aflmælir með straumspennum	2 962,00
Tvígjaldsorkumælir	1 888,00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	2 962,00
Móttökuliði, einpóla	1 312,00
Móttökuliði, þrípóla	1 888,00

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

4. gr.

Heimtaugagjöld.

4.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Grindavíkur. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

4.2 Heimtaugar greinast í aðaltaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

4.3 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugargjöld (kr.)	Málstraumur	Heimtaugargjöld (kr.)
63 A 1-fasa	24 500,00	315 A 3-fasa	132 500,00
63 A 3-fasa	26 750,00	400 A 3-fasa	168 750,00
100 A 3-fasa	41 875,00	710 A 3-fasa	302 500,00
200 A 3-fasa	84 250,00	1200 A 3-fasa	506 250,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

		Lengdargjald	
	Stofngjald	Jarðstrengur	Loftlína
Málstraumur	kr	kr/m	kr/stólpa
63 A 1-fasa	4 750,00	709,00	8 975,00
63 A 3-fasa	6 700,00	709,00	10 412,00
100 A 3-fasa	7 088,00	924,00	11 962,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

4.5 Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

4.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagajald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

4.7 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

4.8 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

5. gr.

Heimilt er með samþykki bæjarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

6. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

7. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 340,00.

8. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald kr. 636,00.

9. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 636,00 kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

10. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt D-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

11. gr.

Söluskattur 23,50% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í D-liðum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

12. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skal ætíð liggja fyrir áætlun um rekstur og fjárfestingu á næsta 5 ára tímabili.

13. gr.

Rafveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

14. gr.

Frá og með 1. maí 1985 verður hætt sölu á rafmagni samkvæmt gjaldskrárlið D.2.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1984. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá rafveitunnar nr. 694 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 25. apríl 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

RAFORKUGJÖLD

A. Almennir taxtar.

A.0	Verð á rafmagni til heimilisnotkunar:	
	Orkugjald	4,20 kr/kWh
	Fast gjald	1 200,00 kr/ár
A.1	Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérlega talin hér á eftir:	
	Orkugjald	4,20 kr/kWh
	Fast gjald	3 290,00 kr/ár
A.2	Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:	
	Orkugjald	6,25 kr/kWh
	Fast gjald	3 290,00 kr/ár

B. Afltaxtar.

B.1	Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:	
	Orkugjald	1,90 kr/kWh
	Aflgjald	4 900,00 kr/kW ár

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW.
Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.
Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

B.2	Verð á rafmagni við viðhald úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:	
	Aflgjald	8 960,00 kr/kW ár
	Viðhaldsgjald	9 440,00 kr/kW ár
	Gjald samtals	18 400,00 kr/kW ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

C. Hitun.

C.1	Órofin húshitun	2,57 kr/kWh
	Fast gjald	4 280,00 kr/ár
C.2	Daghitun, húshitun rofin	0,85 kr/kWh
	Fast gjald	3 290,00 kr/ár
C.3	Næturhitun, rofin	0,46 kr/ár
	Fast gjald	3 290,00 kr/ár

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan roftíma.
c) Að raforkan sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum, sem breytir henni í hitaorku.

d) Ákvæði liðanna a til c, eiga ekki við varðandi tengingu við skip, það skoðast sem sérstök veita. Raforkuvirki í skipum eru undanþegin ákvæðum reglugerðar RER um raforkuvirki sbr. gr. nr. 102. Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og eðli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitandi tækisins mega vera tengd og sammæld með hitatækinu enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg. Undir lið c í gjaldskránni falla ekki olíukynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræsikerfum eða lofthitunarkerfum. Þau falla undir gjaldskrárlið A.0 eða A.1 eftir því sem við á.

D. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

D.1	Af einfasa mælum	27,00 kr/pr. mán
D.2	Af þrífasa mælum upp að 50A	102,00 kr/pr. mán
D.3	Af þrífasa mælum 50A og ofar	150,00 kr/pr. mán
D.4	Af álagsstýringarliðum	150,00 kr/pr. mán
D.5	Af aflmælum	250,00 kr/pr. mán

Mælaleiga reiknast ekki af almennum taxta A.0, A.1, A.2 og C.1, C.2, C.3. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar:

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Heimtaugargjöld kr.
63 A	1-fasa	29 900,00
63 A	3-fasa	32 400,00
100 A	3-fasa	38 500,00
200 A	3-fasa	62 000,00
315 A	3-fasa	130 000,00
300 KVA	3-fasa	180 000,00
500 KVA	3-fasa	304 000,00
800 KVA	3-fasa	480 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		
63 A	1-fasa	5 320,00
63 A	3-fasa	5 900,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úttengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verða meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 48% eða meira af mesta raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 605 kr.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 605 kr. gjald fyrir að settur sé straumur að nýju. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd. Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 1 130,00.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c-liðum, húshhitun og viðhaldsgjald götulýsingar.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Rafveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 696 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 27. apríl 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

RAFORKUGJÖLD

A. Almennir taxtar.

A.1	Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérlega talin hér á eftir:	
	Orkugjald	4,20 kr/kWh
	Fast gjald	1 200,00 kr/ár
A.2	Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:	
	Orkugjald	6,25 kr/kWh
	Fast gjald	3 285,00 kr/ár

B. Afltaxtar.

B.1	Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:	
	Orkugjald	1,60 kr/kWh
	Aflgjald	5 180,00 kr/kW ár

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW.
Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.
Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

B.2	Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:	
	Aflgjald	8 958,00 kr/kW ár
	Viðhaldsgjald	9 442,00 kr/kW ár
	Gjald samtals	18 400,00 kr/kW ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

C. Hitun.

C.1	Órofin húshitun	2,57 kr/kWh
C.2	Daghitun, húshiti rofinn	0,85 kr/kWh
C.3	Næturhitun, húshitun	0,46 kr/kWh

D. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

D.1	Af einfasa mælum	27,00 kr/pr.mán
D.2	Af þrífasa mælum upp að 50A	102,00 kr/pr.mán
D.3	Af þrífasa mælum 50A og ofar	150,00 kr/pr.mán
D.4	Af álagsstýringarliðum	150,00 kr/pr.mán
D.5	Af aflmælum	250,00 kr/pr.mán

Mælaleiga reiknast ekki af almennum taxta A.1 og A.2. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:		Heimtaugargjöld:
63A	1-fasa	29 900,00 kr.
63A	3-fasa	32 400,00 kr.
100A	3-fasa	38 500,00 kr.
200A	3-fasa	62 000,00 kr.
315A	3-fasa	130 000,00 kr.
300KVA	3-fasa	180 000,00 kr.
500KVA	3-fasa	304 000,00 kr.
800KVA	3-fasa	480 000,00 kr.

Málstaumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málmstraumur.		
63A	1-fasa	5 320,00 kr.
63A	3-fasa	5 900,00 kr.
100A	3-fasa	7 900,00 kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úttengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun raveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 605 kr.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 605 kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c-liðum, húshitun, og viðhaldsgjald götulýsingar.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Rafveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 698, 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 24. apríl 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

26. apríl 1984 Nr. 204

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

RAFORKUGJÖLD

A. Almennir taxtar.

A.0	Verð á rafmagni til heimilisnotkunar:	
	Orkugjald	4,20 kr/kWh
	Fast gjald	1 200,00 kr/ár
A.1	Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérlega talin hér á eftir:	
	Orkugjald	4,20 kr/kWh
	Fast gjald	3 290,00 kr/ár
A.2	Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:	
	Orkugjald	6,25 kr/kWh
	Fast gjald	3 290,00 kr/ár

B. Afltaxtar.

B.1	Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:	
	Orkugjald	1,90 kr/kWh
	Aflgjald	4 900,00 kr/KW ár

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW.
Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.
Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

B.2	Verð á rafmagni við viðhald úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:	
	Aflgjald	8 960,00 kr/kW ár
	Viðhaldsgjald	9 440,00 kr/kW ár
	Gjald samtals	18 400,00 kr/kW ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

C. Hitun.

C.1	Órofin húshitun	2,57 kr/kWh
	Fast gjald	4 280,00 kr/ár
C.2	Daghitun, húshitun rofin	0,85 kr/kWh
	Fast gjald	3 290,00 kr/ár
C.3	Næturhitun, rofin	0,46 kr/ár
	Fast gjald	3 290,00 kr/ár

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan roftíma.
c) Að raforkan sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum, sem breytir henni í hitaorku.
d) Ákvæði liðanna a til c, eiga ekki við varðandi tengingu við skip, það skoðast sem sérstök veita. Raforkuvirki í skipum eru undanþegin ákvæðum reglugerðar RER um raforkuvirki sbr. gr. nr. 102. Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og eðli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitandi tækisins mega vera tengd og sammæld með hitatækinu enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg. Undir lið c í gjaldskránni falla ekki olíukynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræsikerfum eða lofthitunarkerfum. Þau falla undir gjaldskrárlið A.O eða A.1 eftir því sem við á.

D. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

D.1	Af einfasa mælum	27,00 kr/pr.mán
D.2	Af þrífasa mælum upp að 50A	102,00 kr/pr.mán
D.3	Af þrífasa mælum 50A og ofar	150,00 kr/pr.mán
D.4	Af álagsstýringarliðum	150,00 kr/pr.mán
D.5	Af aflmælum	250,00 kr/pr.mán

Mælaleiga reiknast ekki af almennum taxta A.O, A.1, A.2 og C.1, C.2, C.3. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:		Heimtaugargjöld:
63A	1-fasa	29 900,00 kr.
63A	3-fasa	32 400,00 kr.
100A	3-fasa	38 500,00 kr.
200A	3-fasa	62 000,00 kr.
315A	3-fasa	130 000,00 kr.
300KVA	3-fasa	180 000,00 kr.
500KVA	3-fasa	304 000,00 kr.
800KVA	3-fasa	480 000,00 kr.

Málstraumar heimtaugar miðast við stærð stofnvars húsveitu.

Bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:		
63A	1-fasa	5 320,00 kr.
63A	3-fasa	5 900,00 kr.
100A	3-fasa	7 900,00 kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 48% eða meira af mesta raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 605,00 kr.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 605,00 kr. gjald fyrir að settur sé straumur að nýju. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd. Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 1 130,00.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c-liðum, húshitun og viðhaldsgjald götulýsingar.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Raveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 699, 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 205 24. apríl 1984

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum.

1. gr.

10. tl. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fóðurmjöl og hey, svo og annað dýrafóður, þó ekki ef vörur þessar eru seldar í smásöluumbúðum og innihald með umbúðum vegur eigi yfir 5 kg.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, öðlast gildi 1. maí 1984.

Fjármálaráðuneytið, 24. apríl 1984.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 21, nr. 191—205. Útgáfudagur 30. apríl 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 — 1984

17. apríl 1984 317 Nr. 206

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Reykjavík.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum, svo og stækkunum eldri húsa hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Reykjavík, skal greiða gatnagerðargjald til borgarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra, eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, að frádregnum kostnaði við gatnagerð pr. rúmmetra svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	14%
Raðhús, tvíbýlishús, keðjuhús	9%
Fjölbýlishús	4%
Iðnaðarhús	5%
Verslunar- og skrifstofuhús	5%
Annað húsnæði	5%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Næsta nýtanleg hæð undir þaki skal teljast að rúmmáli flatarmál hennar margfaldað með 3.30 m. Bílgeymslur og önnur útihús skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa. Af kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp skal greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í húsrýmið innan frá. Af sameiginlegum bílageymslum, sem byggðar eru skv. skipulagsskilmálum og koma í stað bifreiðastæða, skal greiða 25% af rúmmetragjaldi þeirra húsa, er þær skulu þjóna. Af iðnaðarhúsnæði, sem vegna starfsemi sinnar þarf meira en 5.5 m lofthæð, skal hámarkslofthæð að jafnaði reiknast 5.5 m við útreikning rúmmetragjalds.

3. gr.

Ef lóðarhafi rífur gamalt hús eða flytur af lóð og byggir stærra hús á sömu lóð skal gjald skv. 2. gr. vera rúmmetragjald nýja hússins að frádregnum rúmmetrum þess húss, sem fjarlægt er. Sama gildir ef hús brennur og byggt er að nýju á sömu lóð.

4. gr.

Gjald skal áætla, þegar lóðarúthlutun fer fram. Gjald þetta skal vera lágmarksgjald og miðist við nýtingarmöguleika samkvæmt skipulagi og endurgreiðist ekki, þótt minna sé byggt á lóð. Innan mánaðar frá úthlutun skal greiða ákveðinn hluta gatnagerðargjalds, skv. ákvörðun borgarráðs, ella fellur úthlutunin sjálfkrafa úr gildi. Borgarráð ákveður gjalddaga og greiðsluskilmála á eftirstöðvum. Gatnagerðargjald af rúmmáli, sem er umfram það sem

lágmarksgatnagerðargjald er miðað við skv. framansögðu, fellur í gjalddaga, þegar byggingarnefndarteikning er samþykkt og skal greiða það eigi síðar en innan mánaðar. Verði breytingar á byggingarkostnaði vísitöluhússins á þeim tíma, sem líður frá lóðarúthlutun og til þess dags, sem teikning er samþykkt, skal umframgatnagerðargjald greiðast skv. því rúmmetragjaldi, sem gildir þá. Þegar byggt er á eignarlóð, áður úthlutaðri lóð eða eldra hús er stækkað, skal greiða allt gjaldið við útgáfu byggingarleyfis.

5. gr.

Hafi byggingarleyfi fallið úr gildi eða verið fellt úr gildi skal við endurnýjun leyfisins greiða skv. þágildandi gjaldskrá af þeim hluta byggingarinnar, sem byggingarleyfi er endurnýjað fyrir, að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.

6. gr.

Nú er lóð endurúthlutað og skal þá greiða gatnagerðargjald á grundvelli þeirrar gjaldskrár, sem í gildi er, þegar endurúthlutun fer fram. Nú hefur gjaldskrá hækkað frá frumúthlutun og er þá heimilt að veita undanþágu frá ofangreindum skilmálum, þegar eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. Fyrri lóðarhafi hefur byrjað framkvæmdir innan árs frá því að lóð varð byggingarhæf.
2. Framkvæmdir eru komnar það langt, að botnplata hafi verið steypt og gengið frá lögnum og fyllt að sökkli.
3. Fyrri lóðarhafi leggur fram reikninga fyrir kostnaði hans vegna lóðarinnar.

Gatnagerðargjald skal þó aldrei vera lægra en gatnagerðargjald eins og það var við frumúthlutun, að viðbættum 30 af hundraði þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á gjaldskránni.

7. gr.

Ef lóðarhafi ætlar að byggja á lóð í áföngum getur borgarráð heimilað að greitt verði gatnagerðargjald af fyrirhuguðum mannvirkjum skv. áfangaskiptingu, en þá skal endanlegt gatnagerðargjald vera rúmmetragjald, sem í gildi er, þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið. Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar, að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

8. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi ásamt hæstu lögleyfðu skuldabréfavöxtum af inneign hans hjá borgarsjóði. Heimilt er að fresta endurgreiðslu, uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 6 mánuði frá því að lóðinni var skilað. Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum.

9. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til vátryggingarfjár hennar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til 1. janúar 1986 skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Eigendur eignarlóða, aðrir en þeir, sem borgarstjórn hefur gert sérstakan samning við, handhafar leigulóða og lóðarhafar lóða, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, en hafa enn ekki fengið leigulóðarsamning, geta sótt um nýbyggingar,

stækkanir og breytingar húsa til byggingarnefndar samkvæmt nýtingarhlutfalli samþykkts aðal- eða deiliskipulags. Gatnagerðargjald greiðist þennan tíma hvorki af eingarlóðum né leigulóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir 1. janúar 1959. Af öðrum lóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað, skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt því rúmmetragjaldi, er gilti, þegar úthlutun fór fram.

Felli byggingarnefnd úr gildi byggingarleyfi húss, byggingaráfanga eða stækkunar, samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar gr. 3.4.6. 1. mgr. eftir 1. janúar 1986 skulu gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. apríl 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

12. apríl 1984 Nr. 207

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir söltuð þorskflök framleidd á tímabilinu frá 1. febrúar til 31. maí 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum þorskflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. febrúar til 31. maí 1984:

Söltuð þorskflök	US $ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up	3 500,00
Flokkur A 400/700	3 300,00
Flokkur A 200/400	2 900,00
Flokkur A 100/200	2 500,00
Flokkur B 700/up	3 100,00
Flokkur B 400/700	2 900,00
Flokkur B 200/400	2 500,00
Flokkur B 100/200	2 100,00

Verðbil verður 3% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. apríl 1984.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnúsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir söltuð ufsaflök framleidd á tímabilinu frá 1. febrúar til 31. maí 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. febrúar til 31. maí 1984.

Söltuð ufsaflök	DM pr. lest cif.
1650/Up FF	5 350,00
1250/1650 FF	4 900,00
1100/1250 FF	4 600,00
1000/1100 FF	4 300,00

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneyti, 12. apríl 1984.

F. h. r.
Jón L. Árnason.

Kristín Magnúsdóttir.

Nr. 209 12. apríl 1984

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir óverkaðan saltfisk (tandurfisk) framleiddan á tímabilinu frá 1. febrúar til 31. maí 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir óverkaðan saltfisk (tandurfisk) fyrir framleiðslutímabilið frá 1. febrúar til 31. maí 1984:

Óverkaður saltfiskur (tandurfiskur)	US $ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2 375,00
Millifiskur nr. 1	2 185,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	1 900,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	1 760,00

Verðbil verður 2% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. apríl 1984.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnúsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Stöðvarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. apríl 1984 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Stöðvarfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Stöðvarfjarðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

18. apríl 1984 Nr. 211

SAMÞYKKT

um gjaldskrá vegna hundahalds í Kópavogi fyrir árið 1984.

1. gr.

Gjald fyrir hundahald í Kópavogi fyrir árið 1984 verður sem hér segir:

a) Vegna 2. gr. samþykktar um hundahald frá 15. mars 1983, sbr. c staflið, kr. 500.
b) Vegna ákvæða til bráðabirgða í samþykkt um hundahald í Kópavogi frá 15. mars 1983, d stafliður, kr. 2 500.

2. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. apríl 1984.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

9. apríl 1984 Nr. 212

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla.

1. Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 173/1979 um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla og gildir frá og með skólaárinu 1984—1985 þar til öðruvísi verður ákveðið. Auk þess sem hér segir vísast til aðalnámskrár grunnskóla svo og upplýsinga um kennslu í einstökum greinum sem skólum verða sendar.

2. Stundaskráin kveður ekki á um skipulag kennslu í skólum. Mælt er með því að beitt sé sveigjanleika í kennsluháttum og skipulagi eftir því sem aðstæður leyfa og möguleikar til samkennslu árganga og samþættingar námsgreina nýttir svo sem unnt er. Þetta á ekki hvað síst við um yngstu bekki grunnskólans. Þannig er æskilegt að hafa almenn námsmarkmið og markmið sem flestra námsgreina að leiðarljósi í hverri kennslustund og í öllu starfi skólans. Þó skal þess gætt að hlutfallið milli námsgreina verði sem næst því sem stundaskráin tilgreinir. Sjá einnig 65. gr. laga um grunnskóla. Við stundaskrárgerð skal leitast við að stundaskrá nemenda verði sem samfelldust.
3. Nemendastundir skiptast á námsgreinar og námsár eins og hér greinir:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár	5. ár	6. ár	Stundir alls á 1.—6. ári
Íslenska	7—10	7—10	7—10	7—9	7—9	6—8	45—52
Danska				0—2	2—3	2—3	4—6
Enska						2—3	2—3
Stærðfræði	3—4	3—4	4—5	4—5	4—5	4—5	25—28
Samfélagsgreinar[1])	2—3	2—3	2—3	3—4	3—4	3—4	18—21
Kristinfræði	½—1	½—1	1—2	1—2	1—2	1—2	7—8
Náttúrufræði[2])				2—3	2—3	2—3	8—9
Mynd- og handmennt	2—3	2—3	4—5	4—5	4—5	4—5	22—24
Heimilisfræði	½—1	½—1	1	1	1	1½—2	6—7
Tónmennt	1—2	1—2	1—2	1—2	1—2	1—2	6—8
Íþróttir[3])	2	2	2—3	2—3	2—3	2—3	14—15
Valgreinar							
Stundir til ráðstöfunar	4	4	4	4	5	5½	26½
Stundir samtals	22	22	26	29	32	34	165

	7. ár	8. ár	9. ár	Stundir alls á 7.—9. ári	Stundir alls á 1.—9. ári
Íslenska	5—6	5—6	5	15—17	60—69
Danska	3—4	3—4	4	10—12	14—17
Enska	3—4	3—4	4	10—12	12—15
Stærðfræði	4—5	4—5	5	13—15	38—43
Samfélagsgreinar[1])	3—4	3—4		6—8	24—29
Kristinfræði	1—2	1—2		3—4	10—12
Náttúrufræði[2])	3—4	3—4		6—8	14—17
Mynd- og handmennt	3—4	3—4		6—8	28—32
Heimilisfræði	2	1½—2		3½—4	10—11
Tónmennt	1—2	1—2		2—4	8—12
Íþróttir[3])	2—3	2—3	2—3	6—9	20—24
Valgreinar			10—15	10—15	10—15
Stundir til ráðstöfunar	5	5½		10½	38
Stundir samstals	35	35	31—35	101—105	266—270

1) Samfélagsfræði/samfélagsgreinar. Viðfangsefni úr átthagafræði, landafræði, Íslandssögu, mannkynssögu og öðrum greinum félagsvísinda.
2) Eðlisfræði, efnafræði og líffræði.
3) Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund, 1 stund á viku, sjá einnig reglugerð nr. 236/1979 um sundnám í grunnskóla.

4. Stundaskráin tilgreinir lágmarks- og hámarksfjölda kennslustunda sem verja skal til einstakra greina í hverjum aldursflokki. Einnig tilgreinir stundaskráin lágmarks- og hámarksfjölda kennslustunda sem verja skal til einstakra greina samanlagt í 1.—9. bekk.

Stundir til ráðstöfunar eru ætlaðar til að auka kennslu í einstökum greinum í hverjum aldursflokki umfram tilgreint lágmark. Þegar stundum til ráðstöfunar er skipt milli greina þarf að gæta þess að þetta lágmark sé uppfyllt.

Af stundum til ráðstöfunar í 7. og 8. bekk getur fræðslustjóri heimilað að varið sé til valgreina allt að 4 stundum í hvorum bekk.

5. Í öllum bekkjum er miðað við 40 mínútna kennslustundir. Þrátt fyrir þessa 40 mínútna viðmiðun er heimilt að hafa einstakar kennslustundir lengri eða skemmri, t. d. allt frá 20 mín. og upp í 80 mín. eftir því sem heppilegt er talið frá kennslufræðilegu sjónarmiði og með hliðsjón af þeim verkefnum sem unnið er að. Þess skal þó gætt að heildarfjöldi kenndra stunda á viku sé að jafnaði sá sem stundaskráin tilgreinir.
6. Auk þeirra stunda sem taldar eru í 3. tölulið hafa skólahverfi stundir til ráðstöfunar sem hér segir:
   a) Í skólahverfum þar sem 12 eða fleiri nemendur eru í bekk (einn aldursflokkur eða fleiri) reiknast stundir til að skipta bekkjardeildum í verklegri kennslu eins og hér greinir:
      í 1.—2. bekk 1 stund á hverja 24 nemendur
      í 3.—8. bekk 3,5 stundir á hverja 24 nemndur.
      Séu nemendur færri en 12 fær skólahverfið ekki skiptistundir skv. þessum staflið.
   b) Stundir til ráðstöfunar sem nemur einni vikustund á hverja 24 nemendur í grunnskóla að svo miklu leyti sem þær rúmast innan hámarksákvæða 9. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla.
   c) Stundir vegna valgreina í 9. bekka sem reiknast samkvæmt formúlunni (fjöldi nem./17 — fjöldi deilda) × 12 = stundir til valgreina.
      Stundir til valgreina verða þó aldrei færri en 4 í skólahverfi.
7. Ef ekki er unnt að halda uppi kennslu í grein vegna þess að ekki hefur fengist kennari í greininni eða vegna þess að aðstaða er ekki fyrir hendi, og útilokað að ráða bót á því, þá er heimilt að fengnu samþykki fræðslustjóra að nota þær stundir sem þessari grein eru ætlaðar til annarrar kennslu.
8. Í valgreinum skal meðalfjöldi nemenda í námshópum eigi vera minni en 17 og í einstökum hópum eigi færri en 12 nemendur. Þó er bent á þann möguleika að í sumum tilvikum er unnt að steypa saman smærri nemendahópum þannig að nemendur fáist við ólík viðfangsefni undir umsjón sama kennara.

   Í 9. bekk skulu nemendur velja annað hvort samfélagsgreinar, 4 stundir, eða raungreinar, 4 stundir.

   Einnig skulu nemendur eiga kost á að velja báðar greinarnar.

   Um aðrar valgreinar skal hafa samráð við fræðslustjóra, en sérstaklega er bent á eftirfarandi:

   Heimilisfræði
Mynd- og handmennt
Sjóvinna
Starfsfræðsla- kynning atvinnuvega
Tónmennt — hljóðfæraleikur — kórstarf
Tölvufræði
Vélfræði
Viðskiptagreinar (m. a. bókfærsla, vélritun)

Tiltekið val í 9. bekk takmarkar ekki möguleika nemenda til framhaldsnáms að því tilskildu að þeir hafi fullnægt þeim lágmarkskröfum um námsárangur sem gerður er til inngöngu í framhaldsskóla.

9. Í sumum tilvikum er skylt að veita nemendum fræðslu um tiltekin efni sem ekki koma fyrir í námsefni einstakra greina. Má hér nefna bindindisfræðslu, sbr. áfengislög nr. 58, 24. apríl 1954, fræðslu um umferðarmál, sbr. umferðarlög nr. 40, 23. apríl 1968, fræðslu um kynlíf, sbr. lög nr. 25, 22. maí 1975, fræðslu um jafnréttismál, sbr. lög nr. 78, 1976, félagsmálafræðslu, sbr. reglugerð nr. 433/1977 um félagsstörf og félagsmálafræðslu í grunnskólum.

Þessa efnisþætti er unnt að kenna á námskeiðum eða í tengslum við aðrar námsgreinar og er ekkert við það að athuga þótt vikulegur fjöldi kennslustunda víki um skeið nokkuð frá því sem stundaskráin segir, ef þess er gætt að meðalstundafjöldi hvers nemanda á viku yfir allt skólaárið sé sem næst því sem tilgreint er. Námskeiðin leiði ekki til aukakostnaðar.

Þá skal leitast við að halda uppi kórstarfi svo og fjölbreyttu félagsstarfi. Stundir til þessarar starfsemi getur skóli tekið af kvóta sínum samkvæmt 10. og 14. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla.

10. Stærð aldursflokka er víða þannig að mikil óhagkvæmni verður í rekstri skóla ef viðmiðunarstundaskrá er fylgt nákvæmlega. Í þessum tilvikum ber að huga að möguleikum til samkennslu mismunandi árganga, eða bekkjardeilda í sama árgangi í vissum greinum, en það er kennsluform sem víða er beitt með góðum árangri bæði í litlum og stórum skólum. Þessi tilhögun gerir kröfu um aukna samvinnu kennara en býður upp á fjölbreytni og aukinn sveigjanleika í skólastarfi auk þess að þær stundir sem skólar hafa til ráðstöfunar nýtast í mörgum tilvikum betur. Ekki er unnt að gefa neinar algildar reglur í þessu efni og er nauðsynlegt að kennarar þreifi sig áfram um hagkvæmar leiðir.

Hér á eftir fer dæmi um hugsanlega stundaskrá fyrir skóla með fáa nemendur.

Nemendum er skipt í þrjár deildir, þ. e. yngri deild (6) 7—9 ára, eldri deild 10—12 ára og unglingadeild 13—15 ára.

Y-deild	e-deild	u-deild	
Móðurmál		8	5
Stærðfræði		5	5
Samfélagsgreinar	15		
Kristinfræði		6	
Náttúrufræði			14
Heimilisfræði			
Tónmennt	6	7	
Mynd- og handmennt			
Danska		3	4
Enska			4
Íþróttir	2	3	3
Valgreinar			
	23	32	35

Þegar kennsla hefst í ensku hjá 12 ára börnum verður að fella niður kennslu í annarri grein í staðinn. Sama gildir um valgreinar í unglingadeildum.

Með þessari skiptingu fá nemendur kennslu í jafnmargar vikustundir á 9 árum og stundaskráin gerir ráð fyrir.

Við framkvæmd kennslu í unglingadeild skal, þrátt fyrir þá uppsetningu sem hér er notuð, taka mið af 48. gr. grunnskólalaga. Jafnframt er vísað til síðustu málsgreinar 46. gr. sömu laga.

11. Minnt skal á að nemendum er heimilt að þreyta próf í norsku eða sænsku í stað dönsku. Þess er tæplega að vænta að grunnskólar geti að jafnaði boðið nemendum kennslu í öðru Norðurlandamáli en dönsku, en skólastjórar og kennarar eru beðnir að vera þeim

nemendum, sem ekki læra dönsku, til aðstoðar við að skipuleggja sjálfsnám, eða annað nám sem þeir kunna að eiga kost á í því máli sem þeir leggja stund á.

12. Námstjórar menntamálaráðuneytisins, eða sérstakir trúnaðarmenn þess, leiðbeina við kennsluáætlanir, námsefni og kennslu í einstökum greinum. Rétt er að skólastjórar og kennarar snúi sér beint til þessara aðila eftir því sem þörf krefur og ástæða þykir til.

Kennsluáætlanir skóla skv. þeim reglum sem birtar eru í þessari auglýsingu skulu staðfestar af fræðslustjóra áður en til framkvæmda kemur.

13. Svo sem verið hefur er sveitarfélögum heimilt að setja á stofn og starfrækja forskóla, sbr. 74. gr. grunnskólalaga. Ráðstöfunarstundir til þessarar kennslu miðast við allt að 1,00 vikustundir á nemanda. Um forskólahald skal leita heimildar hlutaðeigandi fræðslustjóra.

Menntamálaráðuneytið, 9. apríl 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.

9. apríl 1984 Nr. 213

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 50/1984, um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

1. gr.

4. mgr. 4. gr. orðist svo:

Umsóknir um leyfi til þess að kaupa og nota efni í hættuflokkum X og A skal senda hlutaðeigandi lögreglustjóra, er sendir þær eiturefnanefnd til umsagnar. Eiturefnanefnd skal leita álits viðkomandi heilbrigðisnefndar um umsækjendur og eftir því sem við á hverju sinni, álits sérfræðinga Búnaðarfélags Íslands, Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og Skógræktar ríkisins. Eiturefnanefnd skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi umsögn sína innan tveggja mánaða.

2. gr.

6. mgr. 4. gr. orðist svo:

Þeir einir, er hafa leyfi til að kaupa og nota efni og efnasamsetningar í X hættuflokki (sbr. ákvæði 2. málsgr.) mega stunda úðun garða í einkaeign eða almenningseign með efnum og efnasamsetningum í X og A hættuflokkum, sbr. 2. mgr. Skulu þeir sækja um leyfi til þess til Hollustuverndar ríkisins. Hollustuvernd ríkisins leitar umsagnar eiturefnanefndar og viðkomandi heilbrigðisnefndar um umsækjendur, áður en leyfi er veitt. Leyfi gilda lengst til 5 ára og nefnd starfsemi óheimil án gildra leyfa. Við veitingu leyfa til garðaúðunar skal þess gætt, að tækjabúnaður og varúðarráðstafanir umsækjenda séu viðhlítandi og þeir séu hæfir til starfsins og hafi hæfu starfsliði á að skipa. Hollustuvernd ríkisins setur nánari reglur um veitingu leyfa þessara, ef þörf gerist.

3. gr.

Setningarhlutinn í 1. mgr. 5. gr. 4. línu sem hefst á orðunum „enda mæli Lyfjaeftirlit ríkisins . . .“ og orðist svo:

enda mæli eiturefnanefnd með veitingu slíkra leyfa (sbr. 5. tl. 1. mgr. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

4. gr.

Í stað „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í d stl. 2. mgr. 5. gr. komi: Vinnueftirlit ríkisins.

5. gr.

Síðasta setning 3. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með sölu og varðveislu eiturefna í lyfjabúðum, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum. Heilbrigðisnefndir samkv. lögum nr. 50/1981, hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins eftirlit með sölu og varðveislu eiturefna í öðrum fyrirtækjum, sem hafa heimild til sölu þeirra samkv. 5. tl. 5. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

6. gr.

Síðasta lína 4. mgr. 5. gr. hljóði svo:

e. stl. 13. gr. reglugerðar um búnað og rekstur lyfjabúða nr. 24/1983.

7. gr.

Í stað orðanna „hann fái til þess samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins og láti skrá söluvarning“ í 5. línu 6. mgr. 5. gr. standi: það gert undir umsjón viðkomandi eftirlitsaðila.

8. gr.

Síðasta setning 1. mgr. 6. gr. falli niður.

9. gr.

g. stl. 2. mgr. 7. gr. hljóði svo:

g. framleiðslunúmer ennfremur fyrningartími ef einhver er.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. apríl 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 214 18. apríl 1984

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.

I. KAFLI

Um þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum.

A-gatnagerðargjald.

1. gr.

Gatnagerðargjöld samkvæmt reglugerð þessari skal greiða af öllum nýbyggingum svo og viðbyggingum eldri húsa í sveitarsjóð Mosfellshrepps, sbr. 3. gr. Íbúðarhús ábúenda á lögbýlum svo og nauðsynleg starfsmannahús þar vegna búreksturs að mati hreppsnefndar, og útihús lögbýla eru undanþegin gatnagerðargjaldi enda beri sveitarsjóður engan kostnað

af gatnagerð eða öðrum ágangi umhverfis húsin. Komi síðar til skipulegrar gatnagerðar af hálfu sveitarfélagsins þannig að starfsmannahús skv. framansögðu falli inn í skipulegt þéttbýli, er sveitarsjóði heimilt að innheimta af þeim gatnagerðargjöld skv. ákvæðum 3. gr.

2. gr.

Við úthlutun lóða eða þegar samningur hefur verið gerður milli landeigenda og sveitarstjórnar um gerð byggingalóða og lóðir eru orðnar byggingarhæfar að mati sveitarstjórnar, skal lóðarhafi greiða allt að helmingi gatnagerðargjalds hverrar lóðar.

Eftirstöðvar gatnagerðargjalds greiðist við veitingu byggingarleyfis enda sé sótt um byggingarleyfi innan sex mánaða frá því að lóðarúthlutun fór fram.

3. gr.

Af hverjum rúmmetra húss skal greiða ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar á hvern rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands að frádregnum kostnaði við gatnagerð á hvern rúmmetra svo sem hér segir:

1. Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	10,4%
2. Raðhús og tvíbýlishús	7,8%
3. Fjölbýlishús	2,8%
4. Iðnaðarhúsnæði	3,9%
5. Verslunar- og skrifstofuhús	3,9%
6. Allt húsnæði á miðbæjarsvæði	7,8%
7. Gróðurskálar með gegnsæju þaki og innangengir úr húsi	2,6%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu.

Bílageymslur og önnur útihús skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa.

Af gluggalausu kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er að mati byggingarnefndar að grafa út grunn en að fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í húsrýmið innan frá.

Af einbýlishúsalóðum, sem eru stærri en 1000 m^2 skal greiða sérstakt stærðargjald af því, sem er fram yfir, kr. 243,41 pr. m^2 miðað við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er á hverjum tíma, nú 155 stig.

4. gr.

Ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðarhús til þess að byggja nýtt hús á sömu lóð, skal gatnagerðargjald vegna hins nýja húss lækka um allt að 75% eftir mati sveitarstjórnar. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslu skv. 3. gr. af því húsi sem fjarlægt er.

5. gr.

Gjald skv. 3. gr. skal reikna út og miða við byggingarkostnað vísitöluhússins þann dag, sem teikning er samþykkt í byggingarnefnd. Sé um blandaða notkun húsnæðis að ræða skal reikna gjaldið eftir viðkomandi gjaldliðum. Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, skal húseigandi greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði, fyrir og eftir breytingu.

6. gr.

Skv. 2. gr. skal sótt um byggingarleyfi innan sex mánaða frá lóðarúthlutun. Sé eigi sótt um byggingarleyfi innan tilskilins tíma, fellur lóðarúthlutun sjálfkrafa úr gildi, enda sé sveitarstjórn þá skylt að endurgreiða þann hluta gatnagerðargjalds, sem þegar hefur verið greiddur.

7. gr.

Sveitarstjórn setur reglur um innheimtu gatnagerðargjalda samkvæmt reglugerð þessari. Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

II. KAFLI

Um þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu.

B-gatnagerðargjald.

8. gr.

Af öllum lóðum og húsum, sem falla undir I. kafla skal greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt reglugerð þessari.

9. gr.

Af hverjum rúmmetra greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	1,3%
Raðhús og tvíbýlishús	0,9%
Fjölbýlishús	0,5%
Atvinnuhúsnæði	0,9%
Allt húsnæði á miðbæjarsvæði	0,9%

Gróðurskálar skulu undanþegnir B-gatnagerðargjaldi.

Rúmmál húss reiknast með sama hætti og samkvæmt 3. gr.

10. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 9. gr. miðast við byggingarkostnað á þeim tíma, sem lokaframkvæmd við gerð götu fer fram.

11. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 9. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafla er lokið. Heimilt er þó gjaldanda að greiða ¾ hluta gjaldsins með 4 jöfnum greiðslum 1. júlí ár hvert. Skal sá hluti gjaldsins bundinn lánskjaravísitölu og bera hæstu lögleyfða vexti.

Gatnagerðargjöldum samkvæmt reglugerð þessari fylgir lögveð í viðkomandi fasteign.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps samþykkir að beita ekki heimild um afturvirkni skv. 4. gr. nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974, sbr. l. nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 447 frá 27. desember 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 18. apríl 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 56 19. maí 1961 um tollvörugeymslur með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 28. gr. orðist svo:

Vöru má senda ótollafgreidda úr almennri tollvörugeymslu til annarrar tollhafnar. Um flutning á tollgeymsluvöru milli tollhafna eða tollumdæma gilda reglurnar um flutning á ótollafgreiddum varningi innanlands.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 26. gr. laga nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o. fl., öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 18. apríl 1984.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

27. apríl 1984 Nr. 216

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Grindavík.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hverskonar smásöluverslunar í Grindavík. Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar. Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktarinnar, úrskurðar bæjarstjórn, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smávöruverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, má vera sem hér segir, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktinni:

Heimilt skal að opna sölustaði kl. 07.00 og skal þeim lokað eigi síðar en kl. 23.30 alla daga vikunnar, sbr. þó 3. gr.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

Bæjarstjórn getur heimilað, að verslanir séu opnar á tímabilinu frá kl. 23.30 til 07.00 að morgni.

3. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

a) föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
b) nýársdag, skírdag, annan páskadag, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn. Bæjarstjórn getur þó heimilað að verslanir séu opnar þessa daga.
c c) aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 15.00.

4. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu leyfi heilbrigðisráðs, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er um getur í gr. 2., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á, þó skal heimilt að afgreiða það fólk sem komið er í verslun eða sölustað, þegar lokað er.

6. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

7. gr.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarstjórn og heilbrigðisráð setja fyrir leyfi, og/eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1984.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 217

SAMÞYKKT

26. apríl 1984

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 12 24. janúar 1949.

1. gr.

Á eftir 82. gr. komi ný grein, 82. gr. a, svohljóðandi:

Óheimilt er að reka leiktækjasali, þar sem starfræktir eru spilakassar og/eða rafeindatæki.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. apríl 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

SAMÞYKKT

um afnám samþykktar um hundahald í Grundarfirði nr. 203/1977.

Samþykkt um hundahald í Grundarfirði nr. 203/1977 er hér með numin úr gildi.

1. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Eyrarsveitar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. apríl 1984.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

27. apríl 1984 Nr. 219

SAMÞYKKT

um hundahald í Kjalarneshreppi.

1. gr.

Allir hundar í Kjalarneshreppi skulu vera skráðir á skrifstofu hreppsins þar sem eigandi hundsins fær afhenta plötu, þar sem skráð er nafn hundsins ásamt heimili og símanúmeri ábyrgðarmanns. Merkið skal vera í ól um háls hundsins. Greiða skal sérstaklega fyrir merkiplötuna.

2. gr.

Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við hundahreinsun skal lögð fram kvittun frá vátryggingarfélagi, sem sýni að trygging sé í fullu gildi. Við hundahreinsun skulu hundaeigendur greiða hreinsunargjald.

3. gr.

Hundar skulu ekki ganga lausir í þéttbýli á Kjalarnesi, né heldur við opinberar stofnanir.

4. gr.

Öllum hundaeigendum í Kjalarneshreppi er skylt að sækja hund sinn, sé hann tilsagður fjarri heimili sínu.

5. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Kjalarneshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. apríl 1984.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum.

1. gr.

27. tl. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 645/1983, orðist svo:

Vörur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum:

	84.11.41	Heyblásarar
úr	84.17.22	Mjólkurkælar
úr	84.20.10	Fjárvogir
	84.22.31	Heyblásarar (til að færa hey)
úr	84.22.61	Baggatínur
	84.23.61	Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar
	84.24.10	Plógar
úr	84.24.20	Áburðar- og mykjudreifarar, kartöfluniðursetningarvélar
	84.24.31	Herfi
	84.24.39	Landbúnaðar- og garðyrkjuvélar til að skrapa, losa og hreykja jarðveg og reita illgresi.
úr	84.24.40	Valtarar fyrir tún og íþróttavelli og flagjafnarar
	84.25.31	Sláttuvélar, aðrar en garðsláttuvélar
	84.25.32	Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti
	84.25.33	Rakstrar- og snúningsvélar
úr	84.25.39	Múgavélar, rúllubindivélar og heybindivélar
	84.25.41	Flokkunarvélar fyrir egg og aðra landbúnaðarframleiðslu
	84.26.10	Mjaltavélar
	85.07.01	Fjárklippur
	87.14.21	Vagnar búnir tækjum til losunar og/eða lestunar á heyi
	87.14.22	Vagnar búnir tækjum til áburðardreyfingar
	87.14.23	Vagnar búnir tækjum til heyvinnslu

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 27. apríl 1984.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 — 1984

9. maí 1984 333 Nr. 221

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hvalbaksgrunni.

1. gr.

Frá og með 11. maí 1984 uns annað verður ákveðið eru allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á svæði, sem afmarkast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1.	64°27′12″ N	12°49′20″ V
2.	64°15′17″ N	12°46′55″ V
3.	64°11′37″ N	13°13′00″ V
4.	64°21′47″ N	13°21′38″ V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 11. maí 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1984.

Halldór Ásgrímsson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 23, nr. 221. Útgáfudagur 11. maí 1984.

B 43

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 — 1984

Nr. 222 334 26. apríl 1984

REGLUR

um garðaúðun.

1. gr.

Til þess að mega stunda garðaúðun þarf leyfi Hollustuverndar ríkisins, sbr. nánar 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra. Áður en leyfi eru veitt skal Hollustuvernd ríkisins leita umsagnar eiturefnanefndar um umsækjendur og einnig skal liggja fyrir viðurkenning heilbrigðiseftirlits viðkomandi sveitarfélags á þeim tækjabúnaði og varnaðarmiðum, er umsækjandi hyggst nota við úðunina.

Þeir einir mega stunda úðun garða í einkaeign eða almenningseign með efnum og efnasamsetningum í X og A-hættuflokkum, er hafa gild leyfi til að mega kaupa og nota efni og efnasamsetningar í X-hættuflokki, sbr. nánar reglugerð nr. 39/1984 um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa. Skulu þeir ávallt bera á sér leyfisskírteini við störf sín og framvísa þeim, þegar þess er óskað. Hollustuverndin tilkynnir árlega miðað við 15. maí, hverjir hafa leyfi til úðunar.

2. gr.

Tækjabúnaður.

Einungis er heimilt að nota tækjabúnað, sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt, að höfðu samráði við Vinnueftirlit ríkisins.

3. gr.

Flutningur eiturefna.

Þegar eiturefni er flutt á úðunarstað eða á milli úðunarstaða í magni, er nemur 1 ltr. eða meiru af óþynntri lausn eða 20 ltr. eða meiru af þynntri úðunarlausn, skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

a) Tankur skal tryggilega festur á flutningstæki. Tankurinn skal þannig staðsettur að minnst 25 cm. bil sé milli útjaðars tanks og útjaðars flutningstækis á allar hliðar.
b) Óþynnt eiturefni, ásamt áhöldum, er notuð eru við þynningu, skulu varðveitt í læstum skáp, sem festur er á vel vörðum stað á eða í flutningstæki.
c) Lok tanks skulu vera þétt og það sterk, að tankur þoli að velta á hliðina, án þess að úr honum leki.
d) Þétt skilrúm skal vera milli tanks og stjórnhúss flutningstækis.
e) Flutningstæki það, sem flytur tankinn, skal þannig merkt, að greinilega megi sjá, að það flytji eiturefni. Skulu orðin „Varúð-Eiturefni“ standa utan á bifreiðinni með minnst 10 cm. háum stöfum, þannig að greinilega megi lesa úr fjarlægð.

Ofangreind skilyrði tölul. a-e gilda ekki, þegar um efni í C-hættuflokki er að ræða.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

4. gr.

Varnaðarmiðar.

Áður en úðunin hefst, skulu settir upp varnaðarmiðar á áberandi stöðum við alla innganga og stíga á því svæði, er úða skal. Miðarnir skulu festir vandlega og letur þeirra skal vera þess eðlis, að regn eyðileggi ekki lesmál þeirra á meðan garðurinn er lokaður allri umferð. Eftirfarandi skal koma fram á merkimiðum:

1. Yfirskrift með stóru letri, er segir: „HÆTTA".
2. Verslunarheiti þess efnis, er notað er og heiti virkra efna, er það inniheldur.
3. Nafn móteiturs.
4. Tímasetning og dagsetning úðunar.
5. Hversu lengi garðurinn skulu lokaður allri annarri umferð en bráðnauðsynlegri.
6. Nafn, heimilisfang og sími þess aðila, er framkvæmir úðunina.

Stærð varnaðarmiðans skal vera minnst 21×14,5 cm. (A5), hvítur eða ljós grunnur með rauðum bókstöfum. Stærð bókstafa skal vera þannig, að auðvelt sé að lesa það sem á miðanum stendur.

Þegar úðað er með efnum í C-hættuflokki, er ekki gerð krafa um uppsetningu varnaðarmiða.

5. gr.

Hlífðarbúnaður.

Um klæðnað, sem notaður er við blöndun og úðun efna og skolun tækja, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og nánari fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

6. gr.

Framkvæmd úðunar.

Áður en úðun er framkvæmd skal leyfishafi meta þörfina fyrir úðun. Telji hann ekki þörf á úðun eða einungis þörf á úðun einstakra trjáa og runna, ber honum að upplýsa garðeiganda um það.

Áður en úðun hefst skal meta hættuna á því, að úðinn berist annað, en honum er ætlað. Gluggar skulu vera lokaðir og þvottur má ekki vera á snúrum. Barnavagna og laus leikföng skal setja á óhulta staði. Taka skal fullt tillit til nágrannagarða og umferðar fólks um gangstéttir. Einungis skal úða, þegar veður er nægilega kyrrt til þess að tryggt sé, að sem minnstur úði berist út fyrir garðinn. Sérstaklega skal gætt að því að úðinn falli ekki á matjurtir eða leiktæki barna.

Við blöndun efnisins skal fara eftir þeim fyrirmælum, er fram koma á merkimiða. Óheimilt er að nota sterkari blöndu, en þar er mælt fyrir um.

Þegar tankur með úðunarvökva stendur í meira en 10 m. fjarlægð frá þeim, er úðar, skal hafður maður til að gæta tanksins. Skal hann sjá til þess að engir óviðkomandi komi í námunda við tankinn og garðinn, meðan á úðun stendur.

Að afloknu dagsverki skal ganga tryggilega frá tækjum og eiturefnum. Skulu þau geymd í læstu geymsluhúsnæði, þegar þau eru ekki í notkun. Ef ekki er unnt að geyma tækjabúnaðinn innandyra, skulu lokar og slöngur hafðar í læstum skáp, þannig að óviðkomandi geti ekki komist í snertingu við eiturefni.

7. gr.

Geymsla efna, förgun íláta og losun úðunarvökva.

Efni og efnasamsetningar í X og A-hættuflokkum skal geyma í læstum skáp og læstu hólfi í geymsluherbergi og skal geymslustaður vera greinilega auðkenndur með viðeigandi varnaðarorðum („Varúð", „Eitur" o. s. frv. sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 50/1984, um notkun eiturefna og hættulegra efna í garðyrkju og landbúnaði og til útrýmingar meindýra).

Vanræksla í þessu efni varðar missi réttinda til þess að mega kaupa og nota efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X og A.

Heilbrigðisnefndir, hver á sínum stað, hafa eftirlit með geymslu leyfishafa, enda tilkynni eiturefnanefnd hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum nöfn og heimilisfang leyfishafa.

Efni og efnasamsetningar í hættuflokkum B og C skal varðveita fjarri mat- og fóðurvörum og þannig, að börn nái ekki til.

Tæmd ílát, önnur en uðabrúsa, skal brenna við mikinn hita, ef þess er nokkur kostur og grafa öskuna í jörð. Ella skal grafa tæmd ílát (götuð, beygluð eða brotin) í jörð, ekki minna en hálfan metra niður fjarri vötnum eða vatnsbólum eða endursenda þau vel lukt og vel merkt, ef svo er um samið. Bannað er að nota tæmd ílát á ný. Heimilt er að farga litlu magni úðavökva með því að dreifa honum á jarðveg á víðavangi og einnig má farga litlu magni efna og efnasamsetningar með því að grafa í jörð, minnst hálfan metra niður. Til þess skal velja staði, sem fjarri eru híbýlum manna, vatni, og vatnsbólum og utan ræktaðs lands og beitilands.

Eigi má farga meiri háttar birgðum efna og efnasamsetningar nema með samþykki hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar eða samkvæmt reglum, sem Hollustuvernd ríkisins setur, að höfðu samráði við eiturefnanefnd og Vinnueftirlit ríkisins.

8. gr.

Viðurlög.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

Um refsingar fer samkvæmt 23. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni.

9. gr.

Gildistaka.

Ofangreindar reglur, sem settar eru af Hollustuvernd ríkisins, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984, um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, staðfestist hér með samkv. 14. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. apríl 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 223 27. apríl 1984

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Eyjafjarðarsvæðisins.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Eyjafjarðarsvæðisins hér eftir kölluð samvinnunefnd er svo skipuð: Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, en að öðru leyti er hún skipuð fulltrúum tilnefndum af sveitarstjórnum eftirtalinna sveitarfélaga, tveir frá hverju og jafn margir til vara: Akureyrarbær, Dalvíkurbær, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur, Öxnadalshreppur, Saurbæjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Öngulstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur.

Skipulagsstjóri ríkisins, skipulagsstjóri Akureyrar, fulltrúi frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, bæjarverkfræðingur Akureyrar, byggingafulltrúi hreppanna og aðrir sem nefndin kann að óska að kveða til, hafa rétt til fundarsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Önnur sveitarfélög á svæðinu geta gerst aðilar að nefndinni með sömu réttindum og skyldum.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að samræmingu á skipulagi þess svæðis er umrædd sveitarfélög ná yfir. Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé, og sker þá skipulagsstjórn úr.

3. gr.

Formaður boðar nefndina til fundar með a. m. k. viku fyrirvara, þegar hann telur þörf á, eða ef eitthvert aðildarsveitarfélagið óskar eftir fundi. Formaður ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið ákvörðun um mál, er varðar sérstaklega skipulag eða beina hagsmuni tiltekins sveitarfélags, ef fulltrúar (fulltrúi) þess lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun, eða eru ekki á fundinum.

Nefndin kýs sér ritara og vararitara. Halda skal gerðabók og skal formaður og ritari undirrita hana í fundarlok. Sá fundarmaður sem ósamþykkur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða til bókar.

Senda skal viðkomandi nefndarmönnum og sveitarstjórnum afrit fundargerðar til meðferðar.

4. gr.

Nefndin lætur gera uppdrrætti er sýna legu aðalumferðarbrauta og annarra gatna eða vega sem áhrif hafa á skipulag utan þess sveitarfélags þar sem gatan eða vegurinn er. Þá skal í stórum dráttum sýna hina fyrirhuguðu landnotkun.

Ennfremur skal sýna legu meiriháttar mannvirkja, s. s. flugvalla, hafna, háspennulína, vatnsbóla, aðalvatns- og hitaveituæða, jarðhitasvæði, mannvirki sem sérstakt menningar- og sögugildi hafa og náttúrumyndanir sem ætlast er til að óskertar verði.

5. gr.

Samvinnunefndin getur sett sér nánari vinnureglur um þá þætti sem um skal fjalla á svæðisskipulaginu. Samvinnunefndin getur kosið framkvæmdanefnd til að hafa með höndum nánari stjórn skipulagsvinnunnar og sett henni nánari starfsreglur.

6. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar og viðkomandi sveitarstjórna getur samvinnunefndin ráðið sér starfslið til aðstoðar, en að öðru leyti veitir Skipulag ríkisins nauðsynlega aðstoð.

7. gr.

Þegar samvinnunefndin hefur gengið frá tillögu um skipulag svæðisins, eða þann hluta þess sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar á hverjum tíma skal tillagan send til umsagnar viðkomandi sveitarstjórna. Að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórna skal samvinnunefnd fjalla um tillöguna á ný og senda hana síðan skipulagsstjórn ríkisins ásamt umsögn sveitarfélaganna.

Um meðferð tillögunnar eftir að hún berst til skipulagsstjórnar fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga nr. 19/1964.

8. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig, að hvert sveitarfélag sem aðild á að nefndinni greiðir kostnað vegna sinna fulltrúa. Að öðru leyti skiptist kostnaður við gerð svæðisskipulagsins að jöfnu milli ríkis og þeirra sveitarfélaga er standa að svæðisskipulaginu, samkvæmt höfðatölureglu.

9. gr.

Stefnt skal að því að nefndin ljúki nauðsynlegustu störfum fyrir lok núverandi kjörtímabils sveitarstjórna. Ef gildar ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en til fjögurra ára í senn.

10. gr.

Til að breyta reglum þessum þarf atkvæði meirihluta nefndarinnar, enda hljóti breytingin staðfestingu ráðherra.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1984.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 224

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1983.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1983.

Tekjur

Vextir af bankainnstæðum	kr.	5 616,50
		5 616,50

Gjöld

Tekjur umfram gjöld	kr.	5 616,50
		5 616,50

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1983.

Eignir

Bankainnstæður	kr.	19 293,14
		19 293,14

Skuldir

Höfuðstólsreikningur:

Hrein eign pr. 1. jan. 1983	kr.	13 676,64	
Hreinar tekjur árið 1983	kr.	5 616,50	kr. 19 293,14
			19 293,14

Samgönguráðuneytið, 3. maí 1984.

Halldór S. Kristjánsson.

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1983.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1983.

Tekjur

Vextir af bankainnstæðum	kr.	2 953,55
		2 953,55

Gjöld

Tekjur umfram gjöld	kr.	2 953,55
		2 953,55

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1983.

Eignir

Bankainnstæður	kr.	10 310,15
		10 310,15

Skuldir

Höfuðstólsreikningur:

Hrein eign pr. 1. jan. 1983	kr.	7 356,60		
Hreinar tekjur árið 1983	kr.	2 953,55	kr.	10 310,15
				10 310,15

Samgönguráðuneytið, 3. maí 1984.

Halldór S. Kristjánsson.

2. maí 1984 Nr. 226

AUGLÝSING

um umferð á Hofsósi.

Samkvæmt heimild í 65. grein umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Hofsóshrepps, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Hofsósi:

1. Umferð um Suðurbraut njóti aðalbrautarréttar gagnvart öðrum götum í Hofsósi nema Siglufjarðarbraut, þar víki umferð á Suðurbraut fyrir umferð á Siglufjarðarbraut.
2. Umferð um Skólagötu njóti aðalbrautarréttar gagnvart öðrum götum, nema Suðurbraut og Siglufjarðarbraut.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 1. júní 1984.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, 2. maí 1984.

Halldór Þ. Jónsson.

REIKNINGUR

Samvinnubanka Íslands 1983.

Rekstrarreikningur Samvinnubanka Íslands hf. og Stofnlánadeildar samvinnufélaga fyrir árið 1983.

Rekstrartekjur:	Kr.
Vextir og verðbætur af útlánum	594 879 203,35
Vextir og verðbætur af innstæðum í Seðlabanka	124 277 404,73
Aðrar vaxtatekjur	1 030 163,42
Reiknuð tekjufærsla vegna verðlagsbreytinga	14 072 000,00
Þóknun og aðrar þjónustutekjur	26 574 593,94
Aðrar tekjur	7 438 498,34
	768 271 863,78
Rekstrargjöld:	
Vextir og verðbætur af innlánum	424 431 688,55
Vaxtagjöld til Seðlabanka	52 963 831,37
Önnur vaxtagjöld	156 360 778,14
Laun og launatengd gjöld	58 653 122,00
Annar rekstrarkostnaður	44 096 257,63
Landsútsvar	803 861,00
Framlag til afskriftareiknings útlána	5 105 083,63
Framlag vegna lífeyrisskuldbindinga	868 302,30
Afskriftir fastafjár	6 727 442,95
	750 010 367,57
Hagnaður fyrir tekjuskatt	18 261 496,21
Tekju- og eignarskattur	7 811 000,00
Hagnaður ársins	10 450 496,21

Efnahagsreikningur Samvinnubanka Íslands hf. og Stofnlánadeildar samvinnufélaga 31. desember 1983.

Eignir:

Sjóður og bankainnstæður:	Kr.
Sjóður	6 973 418,60
Seðlabanki, viðskiptareikningur	4 971 234,06
Seðlabanki, óverðtryggt bundið fé	216 146 168,19
Seðlabanki, verðtryggt bundið fé	152 448 613,89
Seðlabanki, gjaldeyrisreikningur	653 638,00
Aðrar bankainnstæður	
	381 193 072,74

Erlendar eignir:		
Sjóður		122 592,54
Útlán:		
Yfirdráttarlán		53 599 317,97
Afurða- og rekstrarlán		248 077 266,89
Víxlar		54 107 184,58
Skuldabréf		126 451 432,19
Verðtryggð lán		936 820 236,66
Innleystar ábyrgðir		4 736 614,41
		1 423 792 052,70
Afskriftareikningur útlána		(11 166 340,00)
	Útlán samtals	1 412 625 712,70
Ýmsir eignarliðir:		
Áfallnir vextir		134 579 422,54
Langtímakostnaður		971 764,00
Hlutabréf og stofnframlög		2 178 403,89
Ýmsar eignir		13 543 703,54
		151 273 293,97
Fastafé:		
Fasteignir		146 530 655,50
Húsbúnaður og annað		19 928 668,60
		166 459 324,10
	Eignir samtals	2 111 673 996,05

Skuldir og eigið fé:

		Kr.
Velltiinnlán:		
Hlaupareikningar		70 006 734,33
Ávísanareikningar		107 805 184,79
		177 811 919,12
Spariinnlán:		
Almennar sparisjóðsbækur		512 078 879,15
Sparireikningar með uppsögn		181 423 560,67
Verðtryggðir reikningar		447 650 854,23
		1 141 153 294,05
Gjaldeyrisreikningar		654 010,05
	Innlán samtals	1 319 619 223,22
Seðlabanki Íslands:		
Endurseld afurða- og rekstrarlán		171 343 202,00
Endurseld önnur lán		17 319 796,00
Víxillán		60 000 000,00
		248 662 998,00

Aðrar skuldir:		
Innlent lánsfé endurlánað		369 493 371,03
Innheimt fé fyrir aðra		4 439 967,26
Áfallnir og fyrirframgreiddir vextir		9 991 141,58
Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna		8 606 548,32
Ýmsar skuldir		10 511 352,32
		403 042 380,51
	Skuldir samtals	1 971 324 601,73
Eigið fé:		
Hlutafé		28 125 000,00
Varasjóður		17 176 925,70
Endurmatsreikningur		82 722 884,02
Óráðstafað eigið fé		12 324 584,60
		140 349 394,32
	Skuldir og eigið fé samtals	2 111 673 996,05
Utan efnahagsreiknings:		
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna		58 056 616,55

Nr. 228 7. maí 1984

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Eyrarbakkahreppi.

1. gr.

Eyrarbakkahreppur annast eða býður út sorphreinsun frá íbúðarhúsnæði og opinberum þjónustubyggingum innan skipulagðra svæða á Eyrarbakka. Hreinsun sorps og úrgangs frá atvinnuhúsnæði og húsnæði utan skipulagðra svæða annast húseigendur sjálfir á sinn kostnað nema annað sé sérstaklega ákveðið af hreppsnefnd.

Sorphreinsun fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sorp sem fellur til daglega skal láta í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir. Pokunum skal komið fyrir í þar til gerðum sorpskáp eða sérstakri grind með viðeigandi frágangi og loki yfir. Húseigandi ber allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorpskápa og sorpgrinda og ber að sjá um að grindur eða skápar séu í góðu ásigkomulagi. Sorphirslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphreinsunarmenn og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum, sorpgrindum og sorpskápum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

3. gr.

Húseiganda ber að sjá um, að húsi hans fylgi nægjanlega mörg sorpílát, sem endurnýjuð skulu eftir þörfum. Skal hverju húsi fylgja a. m. k. eitt ílát fyrir hverja íbúð. Húseiganda ber að skipta um poka fyllist þeir milli tæminga og ganga þannig frá þeim, að sorp hrynji ekki úr þeim.

4. gr.

Í sorppoka má setja venjulegt heimilissorp, en gæta skal þess sérstaklega að offylla þá ekki né ofþyngja á þann hátt að erfitt verði að loka þeim eða að hætta sé á að þeir rifni. Sorp skal láta vel ofan í poka, varast að það hangi yfir pokarönd eða dreifist umhverfis sorphirslur og valdi óþrifum. Öllu blautu sorpi svo og oddhvössum hlutum skal pakkað vel inn áður en slíkt er sett í sorpílát.

Mold, möl, grjót og svipuð efni má ekki setja í sorppoka, heldur skal flytja þau á ákveðið svæði samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar. Á sama hátt má ekki setja eldfima vökva, svo sem olíu og bensín, í sorpílát, hvorki laust né í umbúðum. Sorphreinsunarmönnum er heimilt að skilja eftir poka, sem fylltir eru um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni.

5. gr.

Hreinsun sorps skal að jafnaði fara fram einu sinni í viku. Hreinsunarmenn afhenda nýja poka í stað þeirra sem þeir taka. Fjöldi afhentra poka skal miðaður við reynslu, þannig að nægi að jafnaði milli hreinsana. Húseigendur eiga rétt á að fá poka gegn greiðslu umfram framangreint magn.

6. gr.

Sorphreinsunarmenn annast hreinsun á öllu sorpi sem er í pokum, einnig tilfallandi eðlilegum úrgangi, svo sem umbúðum af heimilistækjum og hlutum, sem rúmast illa í pokum, enda séu þessir hlutir auðveldir í meðförum fyrir einn mann. Allt umfangsmeira sorp, svo sem frá byggingum og málmiðnaði, bílhræ og allt brotajárn, skal hver hlutaðeigandi fjarlægja á eigin kostnað á ákveðið afmarkað svæði, samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar.

Bannað er að urða olíuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg. Skal slíku sorpi brennt eða því eytt á annan hátt, eftir því sem kostur er og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Einu sinni á ári skal fara fram flutningur á garðsorpi og öðrum úrgangi, sbr. 4. gr. og 6. gr., húseigendum að kostnaðarlausu. Skal sá flutningur fara fram að vori og skal sveitarstjórn auglýsa rækilega fyrirkomulag og tímasetningu flutninganna.

8. gr.

Við flutning á hvers konar sorpi, úrgangi, jarðefnum og öðrum lausum efnum skal þess gætt, að þannig sé um flutninginn búið að eigi sé hætta á að fjúki eða falli af flutningstæki.

9. gr.

Allur kostnaður við almenna sorphreinsun greiðist úr sveitarsjóði. Fyrir hverja íbúð og hvern sumarbústað á skipulögðu svæði skal þó greiða eitt sorphreinsunargjald á ári. Fjöldi hreinsunargjalda fyrir opinberar þjónustubyggingar, svo sem verslanir, fangelsi og skóla, skal fara eftir mati á umfangi sorphreinsunar frá þessum stöðum. Mat þetta skal gert af sveitarstjórn í samráði við húseiganda. Upphæð gjalds samkvæmt grein þessari skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir.

10. gr.

Hafi húseigandi fram að færa kvörtum vegna sorphirðunnar skal hann koma slíkri kvörtun til skrifstofu Eyrarbakkahrepps.

11. gr.

Brjóti húseigandi gegn ákvæðum samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu hreinsunarmenn tilkynna það skrifstofu Eyrarbakkahrepps. Skulu heilbrigðisfulltrúi eða heilbrigðisnefnd hlutast til um að húseiganda verði gert að ráða bóta á slíku innan tiltekins frests og geta sorphreinsunarmenn neitað að taka sorp hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim muni.

12. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

13. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Húseigendur á Eyrarbakka skulu útvega sér ílát fyrir sorppoka sem allra fyrst. Skulu þeir allir hafa fengið sér slík sorpílát eigi síðar en 30. september 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. maí 1984.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 229 7. maí 1984

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun í Eyrarbakkahreppi fyrir árið 1984.

1. gr.

Upphæð sorphreinsunargjalds í Eyrarbakkahreppi fyrir árið 1984, skal vera kr. 1 175,00 fyrir hverja íbúð og hvern sumarbústað sbr. 9. gr. samþykktar um sorphreinsun í Eyrarbakkahreppi sem staðfest var 7. maí 1984.

Gjaldið skal að þessu sinni innheimtast með síðasta hluta fasteignagjalds 15. maí 1984.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 7. maí 1984.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Eyrarbakkahreppi fyrir árið 1984.

1. gr.

Leyfisgjald fyrir undanþágu frá banni við hundahaldi í Eyrarbakkahreppi skv. 2. gr. b. í samþykkt um hundahald í Eyrarbakkahreppi, sem staðfest var 5. apríl 1976, skal vera kr. 1 500,00 fyrir árið 1984.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá Eyrarbakkahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. apríl 1984.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

20. apríl 1984 Nr. 231

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 367 22. mars 1976 um bátaábyrgðarfélög.

1. gr.

1. mgr. 14. gr. orðist svo:

Þegar greiddar eru tjónabætur, aðrar en bætur fyrir alskaða, skal ávallt draga frá hverju einstöku tjóni sjálfsábyrgð kr. 710,00 margfaldað með rúmlestatölu skipsins, þó eigi lægri tölu en 25 rúmlestir og eigi hærri tölu en 85 rúmlestir. Grunntalan 710,00 breytist í samræmi við verðbreytingar, er kunna að verða eftir að reglugerð þessi tekur gildi og leiða til breytinga á vátryggingarverði nýrra skipa.

2. gr.

3. mgr. 31. gr. orðist svo:

Ef skip hefur staðið á landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem félagið tekur gildan, eða slík landstaða eða hafnarlega hefur varað í að minnsta kosti einn mánuð samfleytt, skal endurgreiða hluta af iðgjaldi skipsins.

Endurgreiðslan skal vera 0,20% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern dag, ef skipið hefur staðið á landi, og 0,15% af ársiðgjaldi á dag ef það hefur legið í höfn. Hver mánuður reiknast 30 dagar og allt árið 360 dagar. Ef tjónbætur á vátryggingarárinu fara fram úr helmingi ársiðgjalds, fellur endurgreiðslan niður fyrir það vátryggingarár. Ef skip hefur orðið fyrir tjóni, sem nemur minna en helmingi ársiðgjalds, má endurgreiða iðgjald, þó aldrei meira en svo, að samanlögð endurgreiðsla og tjónbætur fari ekki fram úr helmingi ársiðgjalds. Hafi skipið orðið fyrir alskaða, skal endurgreiða hluta af iðgjaldi þess til loka ársins með sama hætti og ef skipið hefði legið í höfn.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 91 31. desember 1975 og skal gilda frá og með 1. janúar 1984.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. apríl 1984.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

Nr. 232 7. maí 1984

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Hjálparsjóð Ármúlafjölskyldunnar, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum, af dómsmálaráðherra 7. maí 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hjálparsjóð Ármúlafjölskyldunnar.

1. gr.

Stofnendur sjóðsins eru hjónin Svavar Ellertsson og Sigríður Sigurðardóttir, fyrrum eigendur og ábúendur nýbýlisins Ármúla í Staðarhreppi, Skagafjarðarsýslu og skal heiti sjóðsins vera Hjálparsjóður Ármúlafjölskyldunnar.

2. gr.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 20 000,00. Sjóðurinn tekur við frekari framlögum stofnenda og afkomenda þeirra og skulu slík framlög leggjast við stofnframlagið. Auk þess skal ¼ hluti vaxta árlega leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Af vaxtatekjum sjóðsins skulu ¾ hlutar árlega greiddir til Hjálparstofnunar kirkjunnar, sem ráðstafi fénu í eitthvert eitt neðangreindra verkefna hverju sinni: 1. sjúkraskýli, 2. skólabyggingu, 3. námsstyrk til landbúnaðarnáms.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki og ávaxtaður þar með hæstu mögulegum vöxtum á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa: bankastjóri Búnaðarbankans á Sauðárkróki, sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og sóknarpresturinn á Sauðárkróki.

6. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema með einróma samþykkt sjóðsstjórnar og með samþykki Hjálparstofnunar kirkjunnar og biskups.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Sauðárkróki 2. apríl 1984.
Sigríður Sigurðardóttir.
Svavar Ellertsson.

REGLUGERÐ

um 10. flokk Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

1. gr.

Veðdeildinni er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og verða þau kölluð 10. flokkur.

Fjárhæðir bréfanna skulu vera 500 000, 100 000, 50 000 og 10 000 krónur og skal hver deild hafa sérstakt bókstafseinkenni, er hvert bréf tölusett.

Bankavaxtabréfin skulu afhent eingöngu til greiðslu á lausaskuldum bænda vegna framkvæmda, jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa, sem þeir hafa ráðist í á árunum 1979-1983, að báðum árum meðtöldum.

2. gr.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum eru:

1. Veðskuldabréf þau er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð Búnaðarbanka Íslands.

Um ábyrgð ríkissjóðs fer eftir 2. grein laga nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands. Ef taka þarf til tryggginganna skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.

3. gr.

Bankavaxtabréfin eru verðtryggð að fullu miðað við lánskjaravísitölu útgefna af Seðlabanka Íslands.

Hækkun lánskjaravísitölu greiðist út við útdrátt bréfanna, svo og áfallnir vextir og verðbætur.

4. gr.

Afborgunum og endurgreiðslum lána skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna og fer eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu með 6 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar. Gjalddagi innleystra bréfa er 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 2. janúar 1986.

5. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í fasteignum bænda. Lánsfjárhæðin má eigi vera hærri en svo að hún, ásamt áhvílandi skuldum á fyrri veðréttum, fari ekki fram úr 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því og skal þá matsverðið ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkast hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

6. gr.

Að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga nr. 34 29. maí 1979 um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands og laga nr. 12 16. apríl 1984 um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 12 16. apríl 1984 um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. maí 1984.

Jón Helgason.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 307 25. apríl 1983 um iðgjald til slysatrygginga skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

1. gr.

3. grein hljóði svo:
Iðgjöld skulu á árinu 1984 nema 0,32% af gjaldstofni skv. 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. laga 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. maí 1984.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

Nr. 235

REGLUGERÐ

14. maí 1984

um breyting á reglugerð nr. 796/1983 um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	Kr.
1. Áfrýjunarleyfi	525
2. Nóvaleyfi	525
3. Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum	265
4. Lögskilnaðarleyfi	525
5. Ættleiðingarleyfi	265
6. Leyfisbréf til heildsölu	25 800
7. Leyfisbréf til umboðssölu	12 960
8. Leyfisbréf til smásölu	6 360
9. Leyfisbréf til lausaverslunar	5 280
10. Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	265
11. Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	5 280
12. Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi	2 640
13. Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	1 860
14. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl.	265
15. Leyfi til tækifærisveitinga	285
16. a) Leyfi fyrir vínveitingastað til eins árs eða skemur	6 720
b) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára	11 520
c) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en tveggja ára	22 440
17. a) Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga)	295
b) Skemmtanaleyfi, þar sem vínveitingar eru leyfðar	500
18. Iðju- og iðnaðarleyfi	2 640
19. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	3 840

		Kr.
20.	Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	745
21.	Leyfi til að stunda almennar lækningar	745
22.	Leyfi til að stunda sérlækningar	3 840
23.	Leyfi til að stunda tannlækningar	745
24.	Sérfræðileyfi til tannlækninga	3 840
25.	Leyfi til fasteignasölu	1 275
26.	Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa	145
27.	Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	70
28.	Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	265
29.	Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum	265
30.	Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1977	3 840
31.	Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunarleyfi	1 275
32.	Endurnýjun á söluleyfi skv. 33. tl.	265
33.	Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977	265
34.	Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. laga nr. 46/1977	70
35.	Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1977	525
36.	Leyfi til þorskfisknetaveiða:	
	a) Frá 1. janúar til 15. maí	1 500
	b) Frá 15. maí til 20. desember	500
37.	Leyfi til dragnótaveiða	1 500
38.	Leyfi til humarveiða	1 500
39.	Leyfi til rækjuveiða innan fjarða	1 500
40.	Leyfi til úthafsrækjuveiða	1 500
41.	Leyfi til skelveiða	1 500
42.	Leyfi til loðnuveiða skv. reglugerð	1 500
43.	Leyfi til síldveiða:	
	a) Í hringnót	1 500
	b) Í reknet	1 500
	c) Í lagnet	500
44.	Leyfi til grásleppuveiða	500
45.	Leyfi til kolmunnaveiða og spærlingsveiða	1 500
46.	Leyfi til hrefnuveiða	1 500
47.	Leyfi til skammtíma- og tilraunaveiða	500
48.	Leyfi til að starfrækja rækju- og hörpudiskvinnslu	25 800
49.	Önnur leyfi er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út, nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum	265

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi frá og með 15. maí 1984.

Fjármálaráðuneytið, 14. maí 1984.

Albert Guðmundsson. *Höskuldur Jónsson.*

REGLUR

um greiðslu barnabóta fyrirfram á árinu 1984.

1. gr.

Þeir gjaldendur sem vænta mega verulegra eftirstöðva barnabóta til útborgunar við álagningu skatta árið 1984 geta sótt um að fá helming þeirra greiddan fyrirfram á fyrri hluta ársins 1984 að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. þessarar greinar.

Fyrirframútborgun fer einungis fram til þeirra er hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu og vænta má að eigi meira en 22 000 kr., eftir af barnabótum sínum vegna ársins 1983 þegar frá hafa verið dregin opinber gjöld fyrir gjaldárið 1984 er um ræðir í 3. mgr. 69. gr. laga nr. 75/1981. Framangreint lágmark gildir sameiginlega fyrir hjón, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, þannig að útborgun til þeirra fer því aðeins fram að vænta megi að samanlagðar barnabætur þeirra beggja verði a.m.k. hærri en ofangreind fjárhæð þegar þau opinberu gjöld beggja hjóna samanlögð sem um er rætt í 3. mgr. 69. gr. laga nr. 75/1981 hafa verið dregin frá.

Sé helmingur væntanlegra eftirstöðva barnabóta undir helmingi af umræddri fjárhæð kemur ekki til útborgunar fyrirfram.

2. gr.

Þeir sem óska fyrirframgreiðslu skulu senda umsókn þar að lútandi til skattstjóra í umdæmi sínu.

Ef um er að ræða sambýli fólks sem rétt hefur til samsköttunar skulu skattframtöl beggja sambýlisaðila fylgja umsókn.

Umsóknarfrestur er til 30. maí 1984.

3. gr.

Skattstjóri áætlar á grundvelli framtals og umsóknar hvers gjaldandi megi vænta til útborgunar á barnabótum árið 1984. Skattstjóri tilkynnir umsækjanda ef umsókn er synjað en samþykktar umsóknir skal senda hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs sem annast útborgun. Útborgun fyrirframgreiðslu er háð takmörkun fjárhæðar skv. 1. gr. og að umsækjandi (eða maki hans ef við á) eigi ekki vangreiddar eftirstöðvar þinggjalda frá fyrri árum.

4. gr.

Útborgun fyrirframgreiddra barnabóta samkvæmt 1.—3. gr. fer fram í maí 1984.

Þegar í ljós kemur við álagningu skatta hvern rétt gjaldandi á til útborgunar barnabóta á árinu 1984 verður fyrirframgreidd upphæð dregin frá heildarfjárhæðinni og kemur það sem þá stendur eftir til útborgunar á síðari hluta ársins. Komi í ljós við álagningu opinberra gjalda að gjaldandi, sem fengið hefur barnabætur fyrirframgreiddar, hafi fengið ofgreiddar bætur ber honum þegar að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs.

5. gr.

Heildarfjárhæð barnabóta að frádregnum greiðslum opinberra gjalda skv. 3. mgr. 69. gr. laga nr. 75/1981 og að frádregnum fyrirframgreiddum barnabótum skv. 7.—10. gr. skal skipt í fimm sem næst jafnar greiðslur er koma til útborgunar á fyrstu 15 dögum hvers mánaðar frá ágúst til desember 1984. Þó skal útborgun barnabóta ekki hefjast fyrr en álagningu á einstaklinga í viðkomandi umdæmi er lokið.

Sé heildarfjárhæð eftirstöðva barnabóta lægri en 4 000 kr. skal þeim skipt niður á færri en fimm útborgunardaga þannig að lægri fjárhæð en 1 600 kr. skal ekki skipt og engin greiðsla verði lægri en 800 kr. vegna skiptingar. Útborgun fer þá fram á fyrstu útborgunardögum skv. 1. mgr.

6. gr.

Greiðslur til sveitarfélaga á þeim hluta barnabóta, sem ráðstafað er til greiðslu útsvars og aðstöðugjalds ársins 1984 eða fyrri ára, skulu falla á fimm gjalddaga, sem eru 20. ágúst, 20. sept., 20. okt., 20. nóv., og 20. des. 1984 og vera sem næst fimmti hluti hverju sinni af upphaflegri fjárhæð. Fari svo að álagning í einhverjum umdæmum dragist svo lengi að greiðslu verði ekki við komið í ágústmánuði skulu sveitarfélögum í þeim umdæmum greiddir tveir fimmtu hlutar upphaflegrar fjárhæðar í september.

Í sveitarfélögum þar sem tíðkast að þorri útsvara er greiddur á færri gjalddögum en fimm (t.d. 1—2) skal heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr., og haga greiðslu sem mest í samræmi við það hvernig sveitarsjóði hefðu borist gjöldin ef hann hefði innheimt þau sjálfur hjá gjaldanda.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 14. maí 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

10. maí 1984 Nr. 237

AUGLÝSING

um tollmeðferð á umslögum.

Ráðuneytið tilkynnir hér með að það hefur ákveðið að nota heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum og fella niður toll af umslögum sem flokkast undir tnr. 48.14.01 og 48.14.02 í 1. gr. tollskrárlaga. Niðurfelling tolls samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar gildir frá og með 1. júní 1984 og er bundin því skilyrði að vörur þessar verði taldar upprunavörur í skilningi auglýsingar nr. 680/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 287/1981 um breyting á henni.

Tollur af nefndum vörum sem upprunnar eru á Spáni í skilningi ákvæða auglýsingar nr. 267/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar, sbr. auglýsingu nr. 384/1980, lækkar frá sama tíma í 12% af vörum í tnr. 48.14.01 en 20% af vörum í tnr. 48.14.02.

Við tollmeðferð á nefndum vörum skal greiða 3% jöfnunargjald, sbr. 1. gr. laga nr. 78/1980 um jöfnunargjald og 30% sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytið, 10. maí 1984.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um ábyrgðartryggingar ökutækja.

1. KAFLI
Viðurkenning á vátryggingarfélögum til að taka að sér lögmæltar ábyrgðartryggingar ökutækja.

1. gr.

Dómsmálaráðuneytið veitir vátryggingarfélagi viðurkenningu til að taka að sér lögmæltar ábyrgðartryggingar skráðra vélknúinna ökutækja sem eiganda er skylt að kaupa og halda í gildi.

2. gr.

Viðurkenningu sem vátryggingarfélag hefur fengið getur dómsmálaráðuneytið afturkallað. Við afturköllun falla allar lögmæltar ábyrgðartryggingar félagsins úr gildi og skulu iðgjöld endurgreidd fyrir það sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

2. KAFLI
Almennar reglur um starfsemi félaga sem hlotið hafa viðurkenningu.

3. gr.

Vátryggingarfélagi er skylt að taka að sér lögmælta ábyrgðartryggingu fyrir sérhvern vátryggingarskyldan aðila sem undirgengst almenn vátryggingarskilyrði félagsins ákveðin í samræmi við þá áhættu sem félagið tekur að sér.

4. gr.

Vátryggingin gengur í gildi þegar félagið eða umboðsmaður þess hefur tekið við vátryggingarbeiðni, nema vátryggingartaki óski eftir að hún taki gildi síðar.

5. gr.

Vátryggingarfélag sem tekur að sér vátryggingu á skráðu vélknúnu ökutæki ber alla þá áhættu sem eiganda (umráðamanni) þess er skylt að vátryggja samkvæmt gildandi umferðarlögum. Vanræksla vátryggingartaka á því að standa við skuldbindingar sínar gagnvart félaginu veitir því engan rétt til að neita greiðslu til þess sem á rétt á skaðabótum. Öll ákvæði í vátryggingarskírteini er takmarka ábyrgð félagsins að þessu leyti eru ógild.

Í samningi milli félagsins og vátryggingartaka má þó áskilja að vátryggingartaki skuli að öllu leyti eða að hluta bera áhættu af tjónsatburðum sem falla undir vátrygginguna, en slík ákvæði hafa engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns.

6. gr.

Þegar ökutæki er afskráð eða selt og vátryggt af hinum nýja eiganda skal vátryggingarfélag sem tryggt hafði ökutækið endurgreiða iðgjald í hlutfalli við það sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

Hafi ökutækið eigi verið í notkun a. m. k. 30 daga samfleytt skal félagið endurgreiða iðgjaldið hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið, enda hafi skráningarmerki ökutækis þá verið í vörslu lögreglustjóra.

Ákvæði 2. málsgr. gildir ekki um dráttarvélar og beltabifhjól.

7. gr.

Í vátryggingarskilmálum skal vera ákvæði um endurkröfurétt vátryggingarfélags samkvæmt 73. gr. umferðarlaga.

8. gr.

Um vátryggingu á ökutækjum sem skráð eru til leigu án ökumanns gilda auk þessarar reglugerðar sérreglur um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án ökumanns.

Í vátryggingarskilmálum fyrir önnur ökutæki skal vera ákvæði um fullan endurkröfurétt félags á hendur vátryggingartaka vegna allra tjóna sem verða þegar ökutækið er leigt án ökumanns andstætt ákvæðum nefndra reglna, nema leitt sé í ljós að orsakir tjóns eða umfang verði ekki rakið til þess að ökutækið var leigt andstætt þeim reglum.

9. gr.

Samtökin Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi ábyrgjast að ökutæki sem skráð er erlendis en hér er notað um stundarsakir sé vátryggt lögboðinni ábyrgðartryggingu samkvæmt íslenskum umferðarlögum ef önnur vátrygging er ekki fyrir hendi, enda hafi umráðamaður ökutækisins við innflutning þess lagt fram „grænt skírteini" (Green card) sem út er gefið í samræmi við reglur þær um alþjóðlegar bifreiðatryggingar sem undirnefnd um vegflutninga í innanlandsflutninganefnd Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu hefur mælt með.

3. KAFLI

Stofnun og lok lögmæltrar ábyrgðartryggingar á skráðum vélknúnum ökutækjum o. fl.

10. gr.

Eigi má vátryggja skráð vélknúið ökutæki ef vátryggingartaki skuldar iðgjald fyrir eldri vátryggingu á sama ökutæki sem fallið hefur í gjalddaga á síðastliðnum tveimur árum.

Vátryggingarfélag getur ákveðið að vátryggingartaki skuli skriflega lýsa því yfir á vátryggingarbeiðni að hann óski eftir að kaupa vátryggingu hjá félaginu. Hafi hann áður haft ökutækið vátryggt skal hann jafnframt gefa yfirlýsingu um að hann skuldi ekki iðgjald fyrir eldri vátryggingu sem fallið hefur í gjalddaga á síðastliðnum tveimur árum og að honum sé ljóst að vátryggingin veiti honum ekki vernd ef yfirlýsingin er röng.

11. gr.

Við skráningu þ. á m. umskráningu vélknúins ökutækis skal færa sönnur á að í gildi sé vegna ökutækisins vátrygging í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Skal tilkynning þessa efnis gefin af hlutaðeigandi vátryggingarfélagi á sérstöku eyðublaði (vátryggingarstaðfesting). Við almenna skoðun ökutækis skal með sama hætti færa sönnur á að lögmælt vátrygging sé í gildi fyrir ökutækið.

Þegar vélknúið ökutæki er búið til að draga tengivagn, festivagn eða tengitæki skal vátryggingarstaðfestingin einnig taka til aksturs með tengt ökutæki.

Þegar keypt er vátrygging hjá öðru vátryggingarfélagi en því sem ökutækið hefur til þessa verið vátryggt hjá skal eigandi (umráðamaður) ökutækisins senda lögreglustjóra nýja vátryggingarstaðfestingu. Skal staðfestingin hafa borist lögreglustjóra eigi síðar en þann dag sem fyrri vátryggingin fellur úr gildi.

12. gr.

Þegar eigendaskipti verða að skráðu vélknúnu ökutæki gildir hin fyrri vátrygging gagnvart nýjum eiganda í 14 daga nema ökutækið hafi áður verið afskráð eða ný vátrygging keypt fyrir það.

13. gr.

Komi í ljós að keypt hefur verið vátrygging fyrir skráð vélknúið ökutæki andstætt ákvæði 1. málsgr. 10. gr. fellur vátryggingin þegar úr gildi, enda hafi vátryggingartaka undirritað yfirlýsingu sem um getur í 2. málsgr. 10. gr. Skal vátryggingarfélagið þá strax vara vátryggingartaka við og senda lögreglustjóra tilkynningu samkvæmt 15. gr.

14. gr.

Falli vátrygging á skráðu vélknúnu ökutæki úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi þeirrar vátryggingar má ekki senda tilkynningu um lok vátryggingar samkvæmt 15. gr. fyrr en svo að hún hafi borist lögreglustjóra í hendur 3 mánuðum eftir gjalddaga iðgjaldsins.

Tilkynning samkvæmt 1. málsgr. verður ekki gefin svo gilt sé, sbr. 16. gr., ef vátryggingin er upphaflega tekin vegna annars ökutækis og vanskilin stafa frá tíma áður en vátryggingin var færð yfir á hið nýja ökutæki.

15. gr.

Falli vátrygging á skráðu vélknúnu ökutæki úr gildi af annarri ástæðu en þeirri að keypt hafi verið vátrygging hjá öðru félagi skal félagið tilkynna það lögreglustjóra þar sem ökutækið er skráð.

Falli vátryggingin úr gildi af öðrum ástæðum en vegna vanskila á iðgjaldi má ekki senda tilkynningu samkvæmt 1. málsgr. fyrr en svo að hún hafi borist lögreglustjóra 14 dögum fyrir lok vátryggingarinnar.

Tilkynningu samkvæmt 1. málsgr. skal ekki senda þegar lögreglustjóri hefur tilkynnt félaginu að ökutækið hafi verið vátryggt hjá öðru félagi eða það hafi verið afskráð.

16. gr.

Þegar lögreglustjóri fær tilkynningu samkvæmt 1. málsgr. 15. gr. og í ljós kemur að ökutækið hefur ekki verið afskráð og að ný fullnægjandi vátrygging er ekki fyrir hendi skal hann taka skráningarmerki af ökutækinu.

Enda þótt vátryggingin sé fallin úr gildi ber félagið áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því vátryggingin fellur úr gildi, nema önnur fullnægjandi vátrygging hafi verið keypt. Hafi vátryggingin fallið úr gildi áður en lögreglustjóri fær tilkynningu samkvæmt 1. málsgr. 15. gr. helst ábyrgð félagsins í fjórar vikur frá móttöku tilkynningarinnar.

17. gr.

Eyðublöð fyrir yfirlýsingar og tilkynningar sem um ræðir í 10., 11. og 15. gr. skulu gerð eftir fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins. Vísa skal frá tilkynningum sem eigi eru rétt gerðar og greinilegar á viðurkenndum eyðublöðum.

18. gr.

Ákvæði 10.—17. gr. gilda einnig um vátryggingu á ökutækjum með bráðabirgðaskráningarmerkjum.

4. KAFLI

Gildistaka reglugerðarinnar.

19. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um bifreiðatryggingar nr. 88 25. október 1929, sbr. reglugerðir nr. 67 29. júní 1932, nr. 62 20. febrúar 1969 og nr. 153 28. maí 1973.

Ábyrgðartryggingar sem keyptar hafa verið fyrir gildistöku reglugerðarinnar breytast til samræmis við ákvæði hennar án þess að áritunar á vátryggingarskírteini sé þörf.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. maí 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 163 30. maí 1973, um hvalveiðar, sbr. reglugerð nr. 304/1983.

1. gr.

11. gr. orðist svo:

Hver landstöð skal greiða kr. 30 000,00 árgjald í ríkissjóð og auk þess kr. 7 000,00 á ári fyrir hvert hvalveiðiskip.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. maí 1984.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Kjartan Júlíusson.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 163 30. maí 1973 um hvalveiðar.

1. gr.

Á árinu 1984 er óheimilt að veiða fleiri hvali af eftirgreindum tegundum, en hér segir:

100 sandreyðar
167 langreyðar
177 hrefnur

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum, skv. lögum nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. maí 1984.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Kjartan Júlíusson.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar á Vesturvegi norðanverðum milli Græðisbrautar og Heiðarvegar.
2. Á vegi sem liggur frá Sóleyjargötu að Kirkjuvegi er einstefna til norðurs. Jafnframt verður stöðvunarskylda við Kirkjuveg og beygja til vinstri verður bönnuð.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Kirkjuvegi austanverðum á 40 metra kafla, sem afmarkast af húsinu nr. 80 að neðanverðu og húsinu nr. 86 að ofanverðu.
4. Hraunhamar hefur biðskyldu fyrir Hraunvegi.
5. Bifreiðastöður eru bannaðar á Heiðarvegi austanverðum á 30 metra kafla, sem afmarkast af húsinu nr. 27 að ofanverðu og húsinu nr. 25 að neðanverðu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi nú þegar.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, 10. maí 1984.

Kristján Torfason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 — 1984

15. maí 1984 357 Nr. 242

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 634 30. desember 1980 um vörugjald með síðari breytingum.

1. gr.

B-liður 1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 168/1984, orðist svo:

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 17% gjald:

Tollskrárnúmer	Vöruheiti
úr 21.07	Efni í tollskrárnúmerum 21.07.01, 21.07.07, 21.07.08, 21.07.12 og 21.07.19 tilreidd til blöndunar á drykkjarvörum eins og límonaði, gosdrykkjum og öðrum óáfengum drykkjarvörum.
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru.
22.02.01 og 22.02.09	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 20.07 drykkjarvörur samsettar úr mjólkurafurðum og öðrum efnisþáttum, enda séu mjólkurafurðir 75% eða meira af þyngd vörunnar án umbúða.
22.03.01 og 22.03.09	Öl gert úr malti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 77 23. desember 1980 um vörugjald með síðari breytingum til að öðlast gildi frá og með 16. maí 1984.

Fjármálaráðuneytið, 15. maí 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

Stjórnartíðindi B 25, nr. 242. Útgáfudagur 18. maí 1984.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

B 46

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 — 1984

Nr. 243 358 10. maí 1984

REGLUR

um verðmætismörk vegna útgáfu EUR. 2 eyðublaðs og sérstaka tollmeðferð smábögglа til einkaaðila og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA, EBE og EFTA-landanna og Spánar.

1. gr.

Til þess að notið verði tillfrelsis vegna innflutnings á upprunavörum frá EFTA, EBE og Spáni gegn framvísun á EUR. 2 eyðublaði eða innflutnings á slíkum varningi í smábögglum til einkaaðila eða einkafarangri ferðamanna án þess að framvísa í þeim tilvikum EUR. 1 eða EUR. 2 skilríkjum, verður verðmæti innflutningsins að vera innan þeirra marka í reikningseiningum (RE) og jafngildi gjaldmiðils hvers aðildarlands sem gerð er grein fyrir hér á eftir:

	Land	Mynt	Smábögglar til einkaaðila, 240 RE	Persónulegur farangur ferðamanna, 680 RE	EUR. 2 mörk 3 400 RE
EFTA:	Austurríki	ATS	4 000	12 000	57 000
og	Finnland	FIM	1 200	3 300	17 000
SPÁNN:	Ísland	ISK	3 300	9 300	47 000
	Noregur	NOK	1 600	4 450	22 000
	Portúgal	PTE	20 000	56 000	280 000
	Spánn	ESP	26 000	75 000	365 000
	Sviss	CHF	500	1 400	6 900
	Svíþjóð	SEK	1 500	4 000	20 000
EBE:	Belgía	BEF	11 000	31 000	155 000
	Bretland	GBP	135	375	1 870
	Danmörk	DKK	2 000	5 600	28 000
	Frakkland	FRF	1 600	4 500	22 600
	Grikkland	GRD	16 000	45 000	227 000
	Holland	NLG	600	1 750	8 750
	Írland	IEP	170	470	12 350
	Ítalía	ITL	318 000	900 000	4 500 000
	Luxemburg	LUF	11 000	31 000	155 000
	Þýskaland	DEM	570	1 600	8 000

Útflytjanda er heimilt að rita vörureikning í gjaldmiðli hvaða aðildarríkis að fríverslunar- og viðskiptasamningum sem er. Velji hann hins vegar annan gjaldmiðil geta tollyfirvöld í innflutningslandinu aðeins beitt fjárhæð sem gildir fyrir innflutningslandið.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, sbr. 9. gr. auglýsingar nr. 267/1980 og 9. gr. auglýsingar nr. 680/1980 svo og auglýsingar nr. 318/1983 og 319/1983 um breyting á þeim og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 315/1983 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 10. maí 1984.

F. h. r.
Björn Hafsteinsson.

Ingólfur Friðjónsson.

10. maí 1984 Nr. 244

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 320 17. maí 1983, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. málsgrein 12. gr. orðist þannig:

Leyfishafa, sem missir tilskilin réttindi til aksturs allt að 8 farþega leigubifreiðar til mannflutninga gegn gjaldtöku, er heimilt að láta annan mann aka í atvinnuleyfinu meðan það ástand varir. Noti hann sér ekki þessa heimild leggst leyfi hans inn meðan á réttindamissinum stendur og fær leyfishafi atvinnuleyfið aftur jafnskjótt og hann öðlast ökuréttindi sín að nýju.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. maí 1984.

Matthías Bjarnason.

Ólafur Valdimarsson.

8. maí 1984 Nr. 245

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Patrekshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Patrekshrepps ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir. Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald, sem er þátttaka lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt. Skipting A-gjalds skal vera sem hér segir:

Til gatna og holræsagerðar	80%
Til vatnsveitu	20%

3. gr.

A-gjald vegna nýbygginga skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í fjölbýlishúsi, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,5%
Tvíbýlishús og raðhús	1,0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1,5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	0,5%
Opinberar byggingar	1,5%
Bílskúrar	1,5%
Önnur hús	0,5%

Af kjöllurum og jarðhæðum, sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnurekstrar, skal greiða hálft gjald. Gjald skal miðað við stærð húss skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag geri ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miða við eftirfarandi lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

Einbýlishús	500 m^3
Raðhús, tvíbýlishús	400 m^3
Fjölbýlishús, hver íbúð	300 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal miða við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,5 m nema uppdráttur sýni annað. Framgreindar reglur gilda þegar hús er stækkað að því er til stækkunar tekur.

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 4,00 af hverjum fermetra lóðar.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. grein skulu breytast til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar gefinni út af Hagstofu Íslands.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds samkvæmt 3. gr. skulu vera sem hér segir:

Við lóðarveitingu skal greiða 50% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar skulu verðtryggðar samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar og greiðast þegar byggingarleyfi er veitt. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvum í allt að þrjá mánuði frá lóðarúthlutun. Þegar sérstaklega stendur á, þá má semja um aðra gjalddaga en að framan greinir.

6. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

7. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Þó skal gjaldið aldrei vera lægra en sem nemur 25% af byggingarkostnaði á einum rúmmetra í vísitöluhúsinu, og er það lágmarksgjald fyrir veitt byggingarleyfi eða breytingu á byggingarleyfi.

8. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest. Óski lóðarhafi eftir að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu gatnagerðargjalds. Almennir innlánsvextir gilda frá greiðsludegi gatnagerðargjaldsins til þess tíma er lóðin er endurgreidd.

9. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi, sem hún er í við afhendingu og á lóðarhafi engar kröfur á hendur bæjarfélaginu síðar vegna ástands hennar. Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum, sem settir eru, svo og öllum þeim lögum sem til greina kunna að koma.

10. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjöld, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Ennfremur getur sveitarstjórn ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og sérstakar um notkun og annað slíkt.

11. gr.

B-gjald, sem er gjald til að ljúka frágangi götu umfram það, sem segir í 3. gr., þ. e. til að gera slitlag og gangstétt, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í fjölbýlishúsi, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	3%
Tvíbýlishús	2%
Fjölbýlishús	1%
Verslanir og skrifstofubyggingar	3%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1,5%
Opinberar byggingar	3%
Önnur hús	1%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða kr. 5,00 af hverjum fermetra lóðar.

12. gr.

Gjöld samkvæmt 11. gr. skal miða við þá vísitölu byggingarkostnaðar sem í gildi er við staðfestingu þessarar reglugerðar og síðan þá vísitölu, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram við viðkomandi götu.

13. gr.

Ganga skal frá greiðslum á B-gatnagerðargjaldi samkvæmt 11. gr. á því ári, sem lagning slitlags á viðkomandi götu fer fram.

20% gatnagerðargjalds skulu greidd á framkvæmdaárinu.

Sveitarstjórn ákveður gjalddaga í hverju tilviki.

80% gatnagerðargjalds skal greiða með skuldabréfi.

Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi eign og vera með sömu kjörum og Byggðasjóður lánar sveitarfélögum til gatnagerðargjalda.

Sveitarstjórn er heimilt að selja skuldabréfin þriðja aðila.

Dragist framkvæmdir við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingum vegna innheimtu B-gjalda, færast gjalddagar til í samræmi við það.

Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við þá götu, sem viðkomandi fasteign er skráð við.

Staðgreiðsluafsláttur verði samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni.

14. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu, sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

15. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkvæmt 13. gr. í eftirfarandi tilvikum:

a. Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur, sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða fullu.
b. Þegar greiða skal á sama tíma A-gjald og B-gjald samkvæmt 15. gr.
c. Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- og örorkulífeyrisþegar.

16. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til tryggingafjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885. Sveitarstjórn skal skera úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Patrekshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 77 12. mars 1976 um gatnagerðargjöld í Patrekshreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 8. maí 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 246 21. maí 1984

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári í nóvember enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

a) Vatnsgjald um hemil ..... kr. 1 130,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b) Vatnsgjald um vatnsmæli ..... kr. 56,60
fyrir hvern rúmmetra.

c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80°C skal hitaveitan leiðrétta vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45 fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80°C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínl. til að hitaveitunni sé skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

Stærð húss	Stofngjald
250 m^3	kr. 30 200,00
251— 500 m^3	kr. 30 200,00 + 72,30 kr/m^3 yfir 250m^3
501—1500 m^3	kr. 48 300,00 + 42,20 kr/m^3 yfir 500m^3
1501—6000 m^3	kr. 82 500,00 + 27,10 kr/m^3 yfir 1500m^3
6000 m^3	kr. 194 000,00 + 21,30 kr/m^3 yfir 6000m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera ..... kr. 21 200,00
sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

b) Fyrir rafkynnt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.

c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til húshitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a. og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæða er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t. d. vegna dreifðrar byggðar, gjaldfellur stofngjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera ..... kr. 1 130,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júní 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 659 5. september 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 21. maí 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveita Hvammstanga.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Hvammstanga selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Hvammstanga og til þeirra bæja, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Hvammstanga staðfesta 27. desember 1973.

2. gr.

Hitaveita Hvammstanga lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað. Einnig selur hitaveitan vatn eftir magnmæli, ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mestu álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnmæli.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld á mánuði fyrir hvern aðalhemil	kr.	230,00
og á mánuði fyrir hvern mæli	kr.	346,00
b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstill-		
ingu hemils	kr.	460,00
og fyrir hvert tonn um mæli	kr.	21,20

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögnina, sem er á miðstöðvarkerfi, getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1.00/1.0
B	0.95/1.3
C	0.90/1.7
D	0.85/2,8

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hreppsnefnd ákveður. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Hvammstanga skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

A. Fyrir 300—2000 m^3:	
Af fyrstu 300 m^3 að utanmáli	kr. 29 476,00
Af hverjum rúmmetra þar yfir	kr. 22,90
B. Fyrir hús 2000 m^3 og stærri:	
Af fyrstu 2000 m^3 að utanmáli	kr. 76 174,00
Af hverjum rúmmetra þar yfir	kr. 21,50
C. Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntak	kr. 6 772,00

8. gr.

Hitaveita Hvammstanga hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, í hvert skipti ..... kr. 533,00

9. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

10. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

11. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hvammstanga skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrábreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júní 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 622 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 21. maí 1984.

Páll Flygenring

Guðrún Skúladóttir

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessa sbr. reglugerð staðfesta 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín. lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín. lítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarksstillingu hemils ..... kr. 198,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera, sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald	
400—2 000 m³ =	21 350,00 kr. fyrir	400 m³ 16,60 kr/m³ þar yfir
2 000—6 000 m³ =	48 300,00 kr. fyrir	2 000 m³ 14,40 kr/m³ þar yfir
6 000—10 000 m³ =	106 950,00 kr. fyrir	6 000 m³ 13,00 kr/m³ þar yfir
Meira en 10 000 m³ =	161 585,00 kr. fyrir	10 000 m³ 10,70 kr/m³ þar yfir

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli, er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera	kr. 8,90
Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:	
Fyrir mæla 3/4"	kr. 83,00 pr. mán.
Fyrir mæla 1"—2½"	kr. 184,00 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	kr. 373,00 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mín. lítra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. júní 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 25 25. janúar 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1984.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Dalvíkur.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allar vatnshitalagnir á veitusvæði Hitaveitu Dalvíkur, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Stjórn hitaveitu.

Hitaveita Dalvíkur er eign Dalvíkurbæjar og skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með eigin reikningshaldi undir yfirstjórn bæjarstjórnar Dalvíkur. Skulu reikningar hennar fylgja reikningum bæjarsjóðs Dalvíkur til endurskoðunar og samþykktar.

Bæjarstjórn kýs 5 manna veitunefnd til að annast daglega stjórn veitunnar og ræður, að fenginni umsögn veitunefndar, veitustjóra, sem annast daglegan rekstur hennar.

3. gr.

Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Dalvíkur hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Dalvíkur sbr. 1. gr.

Bæjarstjórn getur þó að fenginni umsögn stjórnar Veitustofnana heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum.

4. gr.

Utanhússlagnir.

Bæjarstjórn getur gert þeim sem húseign á, við götu eða veg þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina.

Nú fullnægir hús ekki þeim skilyrðum, sem sett eru í skipulagssamþykktum, byggingarsamþykktum eða reglugerðum og getur þá veitunefnd ákveðið að húsið skuli ekki tengt hitaveitunni.

5. gr.

Hitaveita Dalvíkur lætur leggja allar utanhússlagnir, aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar inn í hús sbr. þó 2. mgr. 3. greinar. Eigi er hitaveitunni skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin eða lóð ekki tekin í rétta hæð. Heimilt er hitaveitunni að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í ný byggðahverfi, í skilmála þá er fylgja lóðarúthlutun.

Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir vatnsmæla eða hemla og annað tilheyrandi tengingu við veituna skv. reglugerð um hitalagnir, þar skal vera niðurfall í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitunnar.

Ef inntak hitaveitu og vatnsmælir eða hemill eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin.

6. gr.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum sínum, svo og heimæðum inn fyrir vatnsmæli eða hemil.

7. gr.

Afnot hitaorku.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur um hitakerfi húsa. Óski hitaveitan ekki eftir því að nota slíkt afrennslisvatn, getur veitustjóri heimilað notkun þess til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum gangstígum o. s. frv. þar til öðruvísi verði ákveðið. Slík notkun skal samt ekki leiða til óeðlilegrar vatnsnotkunar miðað við árstíma, á því húsnæði sem vatn í gegnum hemil er selt til.

Veitustjóri getur þó, að fengnu samþykki veitunefndar og bæjarstjórnar afturkallað slík leyfi ef talið er að hitaveitan þurfi á vatninu að halda.

Húseigandi skal sjá um að leiða afrennslisvatnið í frárennsliskerfi hússins.

Stjórnbúnaður hitakerfis húsa skal vera það góður að hitastig afrennslisvatnsins frá kerfi hússins sé ekki hærri en 35°C. Veitustjóri getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði varðandi eldri hitakerfi, en við það skal miða að hitastig afrennslisvatns sé að jafnaði ekki hærra en 40°C.

Uppfylli notandi ekki ákvæði um nýtingu heita vatnsins getur veitustjóri látið setja upp búnað á frárennslislögnina, sem tryggir að afrennslisvatnið fari ekki heitara en 35°C frá kerfi hússins á kostnað húseiganda.

8. gr.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té er ætluð til upphitunar húsa og almennrar heimilisneyslu.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn til nota innan húss við greiningu þá, sem til þess er ætluð.

Kranavatn skal látið í té samkv. eftirfarandi meginreglu:

Þeir sem kaupa 1 ltr. af ofanvatni fá til viðbótar 5—6 ltr. af kranavatni. Fyrir hvern viðbótarlítra af ofanvatni lækkar kranavatnsviðbótin um 0,5 ltr.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild veitunefndar.

9. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiæðum sé ávallt nægilegur.

10. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni er leiða kann af rekstrartruflunum á veitunni vegna rafmagnsbilana, frosta eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir ef rennsli í hitaveituæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra aðgerða veitunnar sjálfrar. Ætíð skulu rennslistruflanir auglýstar ef við verður komið.

11. gr.

Húseigandi skal sækja um tenginu húss síns við veituna á sérstök eyðublöð, sem skrifstofa hennar lætur í té.

Uppdráttur af hitakerfi hússins skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi eða öðrum þeim er löggildingu hafa hlotið og ber hann ábyrgð á því að uppdráttur sé réttur og í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

Við útreikning hitakerfa skal gera ráð fyrir $\triangle\ \dagger = 30$ reiknað skv. staðli ÍST-66 um kólnunartölur bygginga, og afköstum miðstöðvarofna skv. ÍST-66 1 um prófanir miðstöðvarofna.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur veitustjóri krafist þess, að þeir séu gerðir eftir því sem nauðsynlegt telst, og ber húseigandi allan kostnað af því. Veitustjóri skal samþykkja og árita uppdrætti af hitakerfum húsa. Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað. Með áritun tekur veitustjóri enga ábyrgð á því að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk, eða kerfi sé rétt útreiknað.

Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

Brot á þessu ákvæði varðar þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann er hleypir vatninu á og hinn löggilta pípulagningameistara er sá um tenginu hússins.

12. gr.

Eftirlit.

Veitustjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því að tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa. Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar hitaveitu er hleypt á hitakerfi og skal þá ganga úr skugga um að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslishitastigi allra ofna og hitatækja og nauðsynlegum stillingum, einnig skal tryggja að stjórntæki starfi eðlilega.

Álíti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerðar um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

Eftirlitsmaður veitustjóra skal jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té allar upplýsingar er máli geta skipt um hitun hússins. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjar ráðstafanir til varnar misnotkun heita vatnsins.

13. gr.

Dælur á heimæðum.

Óheimilt er að tengja dælur, forhitara eða neysluvatnshitara, nema leyfi veitustjóra sé fyrir hendi, og skal þá frágangur tækjanna vera samkvæmt fyrirmælum hans.

14. gr.

Öryggislokar o. þ. h.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skal vera hitamælir á útrennsli, þrýstimælir og öryggisloki, staðsett samkvæmt fyrirmælum veitustjóra.

Á hitakerfum, tengdum dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirka loka á afrennsli sem halda hæfilegum þrýtingi á hitakerfinu skv. nánari fyrirmælum veitustjóra, og er honum heimilt að innsigla mótþrýstiloka og þrýstijafnara.

15. gr.

Sala hitaorku.

Veitustjóri ákveður stærð og gerð hemla og rennslismæla sem nota skal, og lætur setja þá á inntakspípur húsa sem tengd eru kerfi veitunnar. Hemlar og mælar þessir eru í eigu og umsjá veitunnar og ber húseiganda að tilkynna tafarlaust, er vart verður bilana á þeim. Nú verður hemill eða mælir fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun, sama gildir, ef hemill eða mælir eyðileggst af völdum frosta. Ef maður rífur innsigli hemils eða mælis, eða breytir rennsli um hann, varðar það refsingu skv. almennum hegningarlögum. Notandi hemils eða mælis er sá, sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem mælirinn er fyrir. Skal notandi bera ábyrgð á honum svo og vatnsnotkun hitakerfisins þar til hann lætur af notkun hans og hefur sagt notkun upp eða tilkynnt flutning.

Uppsögn eða flutning skal tilkynna á skrifstofu Dalvíkurbæjar með hálfs mánaðar fyrirvara.

Ef notandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun hemils eða mælis að mesta skekkja sé 5% eða minni er heimilt að gera notendum að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og leiðrétta reikning notanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en 2 mánuði nema notandi geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

16. gr.

Nú er tengingu heimaæðar lokið og er þá heimæðargjald gjaldkræft. Neyslugjöld verða krafin mánaðarlega skv. nánari ákvæðum gjaldskrár þó er heimilt að láta lengri tíma líða milli gjalddaga. Heimilt er að áætla vatnsnotkun notenda og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun enda fari fram uppgjör á staðreyndri notkun skv. álestrum eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

Reikningur fyrir áætlaða notkun telst fullgildur reikningur á sama hátt og uppgjörsreikningur, enda getur notandi krafist aukaálesturs og uppgjörs miðað við staðreynda notkun gegn aukagjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar á hitaorku skal áætla notkun skv. eldri og nýrri gjaldskrá og skal skiptingin sýnd á næsta orkureikningi. Skal notkuninni skipt jafnt niður á það tímabil, sem reikningurinn nær til. Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum, sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 20 daga frá útsendingardegi reiknings.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með viðvörun, sem send er út með 3ja daga fyrirvara.

Sá, sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

17. gr.

Verði uppvíst að heitt vatn hafi verið notað á annan hátt en heimilt er, raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tenginu þannig að ekki komi fram öll notkun, skal hitaveitan áætla það vatnsmagn, sem notað hefur verið óleyfilega og skal notandi greiða fyrir það verð eftir gjaldskrá þann tíma sem liðinn er frá síðustu skoðun (aflestri). Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun má miða við hámarksrennsli það er runnið getur til kerfisins um hemil eða mæli þegar að er komið.

Við endurtekið brot skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til þess að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerst.

18. gr.

Refsiákvæði.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem veitustjóri hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er veitustjóra þá heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkur er hér með staðfest skv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um Hitaveitu Dalvíkur frá 11. desember 1970.

Iðnaðarráðuneytið, 21. maí 1984.

Sverrir Hermannsson.

Páll Flygenring.

21. maí 1984 Nr. 250

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

RAFORKUGJÖLD

A. Almennir taxtar

A. 0	Verð á rafmagni til heimilisnotkunar:	
	Orkugjald	4,20 kr/kwh
	Fast gjald	1 200,00 kr/ár
A. 1	Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérlega talin hér á eftir:	
	Orkugjald	4,20 kr/kwh
	Fast gjald	3 290,00 kr/ár
A. 2	Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:	
	Orkugjald	6,25 kr/kwh
	Fast gjald	3 290,00 kr/ár

B. Afltaxtar.

B. 1	Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:	
	Orkugjald	1,90 kr/kwh
	Aflgjald	4 900,00 kr/kw ár

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kw.

Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.

Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnnar, að sammæla aðra notkun með vélarnotkuninni.

B. 2	Verð á rafmagni við viðhald úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:	
	Aflgjald	8 960,00 kr/kw ár
	Viðhaldsgjald	9 440,00 kr/kw ár
	Gjald samtals	18 400,00 kr/kw ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

C. Hitun.

C. 1	Órofin húshitun	2,57 kr/kwh
	Fast gjald	4 280,00 kr/ár
C. 2	Daghitun, húshitun rofin	1,10 kr/kwh
	Fast gjald	3 290,00 kr/ár
C. 3	Næturhitun, rofin	0,46 kr/ár
	Fast gjald	3 290,00 kr/ár

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan roftíma.
c) Að raforkan sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum, sem breytir henni í hitaorku.
d) Ákvæði liðanna a til c, eiga ekki við varðandi tengingu við skip. Það skoðast sem sérstök veita. Raforkuvirki í skipum eru undanþegin ákvæðum reglugerðar RER um raforkuvirki sbr. gr. nr. 102. Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og eðli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitahaldi (elementi) tækisins mega vera tengd og sammæld með hitatækinu enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg. Undir lið c í gjaldskránni falla ekki olíukynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræsikerfum eða lofthitunarkerfum. Þau falla undir gjaldskrárlið A.0 eða A.1 etir því sem við á.

D. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir búnað þann sem notaður er við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

D. 1	Af einfasa mælum	27,00 kr/pr. mán
D. 2	Af þrífasa mælum upp að 50A	102,00 kr/pr. mán
D. 3	Af þrífasa mælum 50A og ofar	150,00 kr/pr. mán
D. 4	Af álagsstýringarliðum	150,00 kr/pr. mán
D. 5	Af aflmælum	250,00 kr/pr. mán

Mælaleiga reiknast ekki af almennum taxta A.0, A.1, A.2 og C.1, C.2, C.3. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar:

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:		Heimtaugargjöld:
63A	1-fasa	29 900,00 kr.
63A	3-fasa	32 400,00 kr.
100A	3-fasa	38 500,00 kr.
200A	3-fasa	62 000,00 kr.
315A	3-fasa	130 000,00 kr.
300KVA	3-fasa	180 000,00 kr.
500KVA	3-fasa	304 000,00 kr.
800KVA	3-fasa	480 000,00 kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu

Bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:		
63A	1-fasa	5 320,00 kr.
63A	3-fasa	5 900,00 kr.
100A	3-fasa	7 900,00 kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl ef úttekið launafl nemur 48% eða meira af mestu launafli á ári miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 605 kr.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 605 kr. gjald fyrir að settur sé straumur að nýju. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd. Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 1 130,00.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c — liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c — liðum, húshitun og viðhaldsgjald götulýsingar.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Rafveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20 júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 700 frá 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 21. maí 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 251 22. maí 1984

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 53 27. febrúar 1976 um mannflutninga í loftförum sbr. rgl. nr. 293/1979 og 443/1979 um breyting á henni.

1. gr.

Við grein 4.1 bætist nýr málsliður svohljóðandi:
Reykingar eru ætíð óheimilar í atvinnuflugi á innanlandsleiðum.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júní 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 22. maí 1984.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

	kr.
1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	1 880,00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	675,00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	675,00
4. Fyrir tilkynningu um breyting á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	675,00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	155,00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	880,00
7. Fyrir fjármark (brennimark innifalið)	165,00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	95,00
9. Fyrir innköllun	880,00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	350,00
11. Fyrir ógildingarstefnu	1 120,00
12. Fyrir dómsbirtingu	1 120,00
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum	500,00

Annað efni sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 78,00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 12. júní 1984. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 495 12. júlí 1983 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. maí 1984.

Jón Helgason.

Jón Thors.

18. maí 1984 Nr. 253

AUGLÝSING

um staðfestingu á landnotkun í Vatnsleysustrandarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 9. maí 1984 staðfest uppdrátt af lóð fyrir stálverksmiðju austur af Stekkjarvík í Vatnsleysustrandarhreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 18. maí 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um Verkmenntaskólann á Akureyri.

I KAFLI

Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Verkmenntaskólinn á Akureyri er framhaldsskóli og starfar í samræmi við lög þar að lútandi.

2. gr.

Það er markmið skólans að efla þroska nemenda sinna, veita þeim almenna og sérhæfða menntun að loknu grunnskólanámi og búa þá undir þátttöku í lífi og starfi þjóðfélagsins og frekara nám í sérskólum eða háskólum.

3. gr.

Skólinn skal gefa nemendum kost á fjölbreyttu samvali bóklegra og verklegra námsgreina er myndi mismunandi og mislangar námsbrautir í samræmi við markmið skólans. Um fjölda námsbrauta og inntak þeirra skal ákveða í námsskrá, sbr. 8. grein.

II KAFLI

Um inntöku nemenda í skólann.

4. gr.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar.

5. gr.

Nýir nemendur geta hafið nám hvort heldur er á haustönn eða vorönn. Skal umsóknarfrestur auglýstur fyrir hvora önn og er ekki skylt að taka til greina umsóknir sem berast eftir að hann rennur út. Umsóknir skulu ritaðar á sérstök eyðublöð og skulu fylgja umsókn gögn er þar greinir, sbr. 9. grein.

6. gr.

Til þess að setjast í skólann þurfa nemendur að hafa lokið grunnskólanámi. Nánari inntökuskilyrði einstakra námsbrauta skulu vera hin sömu og gilda um sambærilegt nám í sérskólum.

7. gr.

Skólinn skal starfrækja sérstaka undirbúningsdeild eða hafa í boði sérstaka námsáfanga fyrir þá nemendur sem hafa lokið grunnskólanámi en uppfylla ekki inntökuskilyrði þeirrar námsbrautar sem sótt er um. Samtímis námi sínu í undirbúningsdeild er þessum nemendum heimilt að leggja stund á aðra námsáfanga þar sem undirbúningur þeirra er nægur. Fá þeir þá það nám metið til námseininga jafnt og aðrir nemendur. Nám í undirbúningsdeild veitir ekki námseiningar. Skólastjórn getur veitt nemendum sem eru orðnir fullra 18 ára við innritun undanþágu frá setu í undirbúningsdeild.

8. gr.

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Námsbrautir eru skilgreindar í námsskrá sem menntamálaráðherra setur.

9. gr.

Skólastjórn skal með nægum fyrirvara auglýsa hvaða áfangar verði í boði næstu námsönn. Við upphaf náms síns í skólanum skulu nemendur velja sér námsbraut og gera námsáætkun og tiltaka þar hvaða áföngum þeir hyggjast ljúka á hverri námsönn. Skólinn skal aðstoða nemendur við gerð námsáætlunar.

10. gr.

Námsannir á hverju skólaári eru tvær, haustönn og vorönn, og skulu báðar annir vera jafnlangar.

11. gr.

Í lok hverrar annar eru haldin próf, áfangapróf, og gefin áfangaeinkunn. Sker hún úr um hæfni nemandans til að halda áfram námi í greininni. Einnig má byggja áfangaeinkunn á sérstökum verkefnum eða skriflegum æfingum eftir nánari reglum er skólastjórn setur. Skal slíkt kynnt nemendum er þeir hefja nám í áfanganum.

12. gr.

Við námsmat skal notaður einkunnastigi með heilum tölum frá 1 til 10. Lágmarkseinkunn í hverjum áfanga er 4. Til þess að standast sveinspróf þarf að ná 5,0 í aðaleinkunn, verklegu prófi, teikningu og faggreinum sérnáms. Skal sú einkun við það miðuð að meginnámsmarkmiðum áfangans hafi verið náð. Nái nemandi ekki tilskilinni lágmarkseinkunn fæst áfanginn ekki viðurkenndur til námseininga og nemandi fær ekki heimild til að halda áfram námi í greininni. Skólastjórn er þó heimilt að leyfa nemanda að halda áfram námi í grein enda þótt lágmarkseinkunn í áfanga hafi ekki verið náð, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda bæti nemandi sig þá svo í greininni að meginnámsmarkmiðum sé náð. Uppfylli nemandi þessi skilyrði fær hann viðurkenndar námseiningar fyrri námsáfanga.

13. gr.

Nemandi hefur lokið námi í skólanum þegar hann hefur náð tilskildum einingafjölda og fer það eftir námsbrautum. Við brautskráningu skal tilgreina námsáfanga og einkunnir.

Umsjón með prófum er í höndum kennara skólans og deildarstjóra eftir nánari reglum er settar verða. Heimilt er að skjóta ágreiningi, er varðar próf og námsmat, til samstarfsnefndar framhaldsskóla á Norðurlandi. Er úrskurður hennar endanlegur dómur.

14. gr.

Til að öðlast rétt til að halda áfram námi við skólann skal nemandi ljúka minnst 9 áföngum eða 18 námseiningum á tveimur önnum. Nemanda er heimilt að þreyta próf þrívegis í sama áfanga. Heimilt er skólastjórn að veita undanþágur frá reglum um námsskipan ef veigamiklar ástæður eru fyrir hendi.

15. gr.

Skólastjórn getur heimilað nemendum að taka próf í einstökum námsáföngum án tímasóknar. Skal þetta einkum koma til greina ef nemendur eiga lítið eftir af námi sínu og geta flýtt fyrir námslokum með þessu móti eða þeir hafa náð mjög góðum námsárangri á næstu önn á undan. Skal skólastjórn setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og leita staðfestingar menntamálaráðuneytis á þeim.

16. gr.

Umsóknir um óreglulegt nám skulu berast skólastjórn á sama tíma og umsóknir reglulegra nemenda. Um utanskólanemendur gilda að öðru leyti sömu reglur og um aðra

nemendur skólans að því er varðar próf, verklegar æfingar og skylduverkefni. Utanskólanemendur eru undanþegnir tímasókn. Suma áfanga er ekki unnt að stunda utanskóla.

17. gr.

Heimilt er skólastjórn að meta nám í sérskólum eða á viðurkenndum námskeiðum til námseininga.

18. gr.

Hverjum kennara er skylt að hafa umsjón með hópi 22—28 nemenda, eftir því sem skólameistari ákveður í upphafi skólaárs. Umsjónarkennari skal fylgjast vel með námsferli skjólstæðinga sinna, leiðbeina þeim um námsval í samráði við námráðunaut og vera talsmaður þeirra gagnvart öðrum kennurum og yfirstjórn skólans. Umsjónarkennarar skulu gera sér sérstakt far um að efla félagsleg tengsl innan hópsins og stuðla að samstöðu hans.

19. gr.

Allir fastir kennarar skólans skulu hafa viðtalstíma einu sinni í viku. Deildarstjórar og aðrir kennarar, sem hafa sérstakan viðtalstíma vegna starfs síns, skulu hafa þann viðtalstíma til viðbótar viðtalstíma samkvæmt þessari grein.

IV KAFLI

Um starfslið skólans.

20. gr.

Skólinn skal vera svo búinn starfsliði að hann geti rækt þær skyldur er lög og reglugerð þessi mæla fyrir. Skal auk skólameistara og kennara ráða í eftirtalin, störf m. a.:

A. Umsjónar- og ráðgjafarstörf.

1. Aðstoðarskólameistara skal ráð úr hópi fastra kennara til þriggja ára í senn og skal starfið áður hafa verið auglýst. Aðstoðarskólameistari skal vera staðgengill skólameistara og honum til aðstoðar við daglega stjórn skólans. Aðstoðarskólameistari skal jafnframt gegna störfum kennslustjóra, sbr. 2. Endurráðning aðstoðarskólameistara er heimil.

2. Ráða skal þrjá kennslustjóra úr hópi fastra kennara skólans til þriggja ára í senn til viðbótar við aðstoðarskólameistara, sbr. 1., og skulu störf þeirra hafa verið auglýst. Endurráðning er heimil. Við ráðningu kennslustjóra skal taka tillit til menntunar, starfsreynslu og annarra verðleika. Skólameistari og skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri skulu veita umsögn um umsækjendur.

Einn kennslustjóranna skal hafa umsjón með kennslu og námi á heilbrigðissviði, annar á hússtjórnarsviði, hinn þriðji á tæknisviði og hinn fjórði á viðskipta- og uppeldissviði. Kennslustjórarnir skulu jafnframt vera kennslufræðilegir ráðunautar skólameistara og annast skipulag kennslu, gerð stundatöflu og hafa umsjón með prófum í samráði við áfangastjóra. Kennslustjórar skulu annast samskipti skólans við stofnanir og fyrirtæki atvinnulífsins.

3. Áfangastjóra skal ráða til þriggja ára í senn og hefur hann umsjón með skipulagi og skráningu áfangakerfis skólans. Hann skal vera skólastjórnendum til ráðuneytis um þessi mál og kynna þau kennurum og nemendum.

Áfangastjóri skal einnig hafa yfirumsjón með gerð stundatöflu, próf- og yfirsetutöflu, námsferilsskrár og fjarvistaskrár.

4. Heimilt skal að ráða deildarstjóra í sérfræðigreinum eða greinaflokkum.

Deildarstjóri skal ráðinn til tveggja ára í senn úr hópi fastráðinna kennara við skólann. Endurráðning er heimil. Við ráðningu í deildarstjórastarf skal taka tillit til menntunar og annarra verðleika. Skólameistari ræður deildarstjóra að höfðu samráði við kennara í

deildinni og með samþykki menntamálaráðuneytisins og skólanefndar Verkmenntaskólans á Akureyri.

Deildarstjóri hefur umsjón með kennslu, námsefni og kennslutækjum í þeim greinum, sem falla undir deildarstjórn hans. Hann velur kennslubækur og ákvarðar yfirferð námsáfanga í samráði við aðra kennara og sker úr, ef ágreiningur verður. Hann hefur samráð við kennslustjóra og aðra deildarstjóra skólans um námsefni og kennsluaðferðir. Deildarstjóri skal fylgjast með því að snyrtilega sé farið með efni og tæki í verklegum æfingum og við aðra kennslu.

5. Bókavörður hefur umsjón með bóka- og námsgagnasafni skólans og lestrarsölum. Hann annast skráningu safnsins og sér um að halda því í röð og reglu og annast innkaup á bókum í samráði við skólameistara og deildarstjóra. Hann leiðbeinir nemendum um, hvernig þeir geti sem best hagnýtt sér safnið.

6. Námsráðunaut skal ráða úr hópi kennara skólans. Hann liðsinnir nemendum við val á námsbraut og námsáföngum hverrar námsannar, svo og um einkamál sem námið varða. Hann fer með hvert erindi sem undir hann er borið og þá vitneskju sem hann öðlast í starfi sínu í samtölum við nemendur sem algjört trúnaðarmál.

Námsráðunautur skal vera uppeldis- eða sálfræðingur eða hafa reynslu af kennslustörfum. Séu ekki tök á að fá slíkan mann til starfa má til bráðabirgða ráða reyndan kennara til að gegna starfinu að nokkru eða öllu leyti.

7. Félagsmálastjóri skal ráðinn úr hópi kennara. Hann skal vera nemendum til aðstoðar við félagsstörf og annast fyrirgreiðslu af skólans hálfu og hlutast til um skipulagningu félagsstarfsins svo að ekki valdi árekstrum, m. a. varðandi nýtingu húsnæðis. Hann sér um eftirlit með þeim samkomum nemenda sem fram fara í húsakynnum skólans eða á hans vegum annars staðar. Hann skal einnig aðstoða nemendur við fjárhagsáætlanir og fjárreiður vegna félagslífs þeirra.

Skólameistari ræður félagsmálastjóra til allt að tveggja ára í senn með samþykki menntamálaráðuneytisins og skólanefndar Verkmenntaskólans á Akureyri.

B. Störf í skrifstofu.

1. Skrifstofustjóri skal vera skólameistara til aðstoðar við dagleg störf og stjórna störfum sem unnin eru í skrifstofu skólans í umboði skólameistara svo sem reikningshaldi, sem skólinn hefur með hendi og fjárreiðum, sem um skrifstofu skólans fara. Ritari skal annast afgreiðslu í skrifstofu, upplýsingar til nemenda, vélritun og símavörslu. Um aðra skrifstofuaðstoð fer eftir mati Verkmenntaskólans á Akureyri og rekstraraðilja.

C. Önnur störf.

1. Umsjónarmaður húsa hefur umsjón með öllum húsum skólans og húsmunum, gerir tillögur um viðgerðir og viðhald til skólameistara, annast eftirlit með lóð skólans og hirðingu hennar.

2. Húsvörður annast dyravörslu, skipuleggur og stjórnar ræstingu og hefur umsjón með ljósum og hita.

3. Tækjavörður skal hafa umsjón með kennslutækjum og halda eignaskrá skóla. Hann skal sjá um viðhald og viðgerðir á tækjakosti í samráði við skólameistara og deildarstjóra.

Fela má sama starfsmanni að gegna fleiru en einu þeirra starfa sem talin eru upp í lið A-C hér að framan.

21. gr.

Skólameistari skal skipaður í embætti af forseta Íslands. Aðstoðarskólameistari, fastir kennarar og aðrir uppeldislegir starfsmenn skólans skulu settir eða skipaðir af menntamála-

ráðuneytinu að fenginni umsögn skólameistara og skólanefndar. Tölu fastra kennara skal miða við að eigi komi fleiri en 20 nemendur á hvern þeirra.

Skólameistari ræður stundakennara.

V. KAFLI

Um stjórn skólans.

22. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans, en hann er rekinn í sameiningu af ráðuneytinu og Akureyrarbæ, í samræmi við ákvæði samnings milli aðilja frá 19. ágúst 1981.

23. gr.

Við skólann skal starfa skólanefnd skipuð fimm mönnum samanber 6. grein samnings um stofnun verkmenntaskóla á Akureyri milli menntamálaráðuneytisins og bæjarstjórnar Akureyrar, frá 19. ágúst 1981. Skólanefnd skal fjalla um skipulagsmál skólans, byggingaframkvæmdir, fjárhagsáætlanir og mannaráðningar.

24. gr.

Skólastjórn undir forsæti skólameistara skipa einn kennslustjóri, aðstoðarskólameistari, tveir fulltrúar kennara, kosnir á almennum kennarafundi, og tveir fulltrúar nemenda. Fulltrúar nemenda og kennara skulu kosnir til eins árs í senn.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann, einstaklingsbundnar umsóknir þeirra, svo sem um flutning milli bekkja og frestun prófs, agabrot nemenda, svo og önnur málefni skólans, sem ekki eru sérstaklega falin skólameistara einum eða almennum kennarafundi í þessari reglugerð.

Skólastjórn skal halda reglulega fundi á starfstíma skólans. Rísi ágreiningur í skólastjórn, ræður meirihluti atkvæða. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði skólameistara. Haldin skal gerðabók um fundi skólastjórnar.

Skólastjórn getur falið skólameistara að annast afgreiðslu mála, er undir skólastjórn falla, á þeim tíma árs er skólinn starfar ekki.

25. gr.

Skólameistari hefur sem oddviti skólastjórnar yfirumsjón með starfsemi skólans, húsum hans og munum, og rekstri öllum, að svo miklu leyti sem skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri fer ekki með þau mál. Hann skal hafa forystu um uppeldishlutverk skólans og bera ábyrgð á því að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrár og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann hefur yfirumsjón með námi og kennslu í skólanum og öðru samstarfi nemenda og kennara og skal eftir föngum hafa eftirlit með því að kennarar og aðrir starfsmenn skólans ræki skyldu sína.

Skólameistari skal með aðstoð samstarfsfólks fylgjast með framförum, hegðun og iðni nemenda og kynna sér eftir föngum hagi hvers þeirra um sig, gáfur og skaplyndi. Skylt er honum að gefa skýrslu um framfarir og hegðun nenenda ef forráðamenn hans óska þess. Þá ber honum og að hlutast til um að forráðamanni sé tilkynnt ef nemandi vanrækir námið eða brýtur reglur skólans og skipast ekki við áminningar.

26. gr.

Almennur kennarafundur fjallar um mál er varða breytingar á námsskipan og kennsluháttum og um almennar ákvarðanir varðandi tilhögun prófa og námsmat. Skal jafnan leita álits kennarafundar áður en teknar eru veigamiklar ákvarðanir í slíkum efnum. Skólastjórn getur og ákveðið að skjóta öðrum málum til umsagnar kennarafundar.

Kennarafundur getur á sama hátt vísað málum til endanlegrar afgreiðslu skólaráðs eða deildarstjórnafundar.

Kennarafundur kýs við upphaf hverrar haustannar tvo fulltrúa til setu í skólastjórn og er kjörtímabil þeirra eitt ár í senn. Endurkjör er heimilt.

Skólameistari boðar til kennarafunda og stýrir þeim. Skylt er að halda kennarafund ef þriðjungur fastra kennara óskar þess eða fulltrúar kennara í skólastjórn. Skylt er föstum kennurum að sækja kennarafundi að forfallalausu, enda séu fundirnir haldnir á eðlilegum starfstíma skólans og boðaðir í tæka tíð. Stundakennurum er skylt að sækja fundi, ef skólameistari óskar þess, enda hafi þeir þá atkvæðisrétt.

Rétt til að sitja kennarafundi hafa auk kennara skrifstofustjóri og bókavörður.

Skólameistari undirbýr mál er fyrir kennarafund koma, en öllum sem rétt eiga til setu á fundunum skal heimilt að leggja þar fram mál. Skólameistari sér um að samþykktum kennarafunda sé komið á framfæri við rétta aðilja, nema fundurinn ákveði að hafa annan hátt á. Halda skal gerðabók um kennarafundi.

27. gr.

Í skólanum skal starfa nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn og henni til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kýs tvo fulltrúa í skólaráð sbr. 29. gr. Almenn samtök nemenda í skólanum setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólastjórnar og staðfestingu menntamálaráðuneytisins. Skal þess gætt, að slíkar reglur séu þannig úr garði gerðar, að tryggt sé eftir jafnrétti nemenda.

V. KAFLI.

Um reglu og aga.

28. gr.

Reglu og aga skólans skal miða að því að friða um starf hans. Kennarar og nemendur skulu rækja störf sín af alúð og árverkni.

29. gr.

Nemendum eru heimil húsakynni í skólanum til skemmtana sinna og félagslífs eftir nánari ákvæðum skólastjórnar, enda gæti þeir reglu og góðrar umgengni.

30. gr.

Nemendur, sem geta ekki sótt skólann sökum veikinda eða annarra gildra ástæðna, skulu tilkynna forföll. Skólastjórn hvers skóla setur nánari reglur um skólasókn. Eigi er skylt að taka önnur læknisvottorð gild en vottorð skólalæknis.

31. gr.

Nú gerist nemandi brotlegur við reglugerð skólans eða starfsreglur. Skulu kennarar þá vanda um við hann eða tilkynna skólastjóra, ef brotið er alvarlegs eðlis. Skipist nemandi ekki við slíkar umvandanir kennara eða skólastjóra, getur skólastjórn vikið honum úr skóla um stundasakir eða til fulls, enda hafi námsráðunautur fjallað um málið. Þó geta málsatvik verið þannig, að skólastjóri megi tafarlaust vísa nemanda burt. Ákvörðun um brottvikningu úr skóla getur nemandi skotið til menntamálaráðuneytisins.

32. gr.

Nú veldur nemandi vísvitandi skemmdum á eignum skólans, og ber honum þá að bæta fullum bótum.

33. gr.

Nemendum er skylt að takast á hendur umsjón í skólanum eftir fyrirmælum skólastjóra.

34. gr.

Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn mega ekki við skólastarf hafa áfengi eða önnur vímuvaldandi efni um hönd né koma til starfa undir áhrifum þeirra. Á skemmtunum skólans gilda þær reglur um áfengi, sem skólastjórn setur, og skulu þær vera í samræmi við áfengislöggjöf í landinu hverju sinni og fyrirmæli yfirstjórnar skólanna (bréf menntamálaraðuneytisins nr. 212/1950, um bindindiseftirlit í skólum, sbr. bréf ráðuneytisins nr. 120/1970).

VII. KAFLI

Gildistaka.

35. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 14/1973 um fjölbrautaskóla og ákvæði 7. gr. í samningi menntamálaráðuneytisins og Akureyrarbæjar frá 19. ágúst 1981. Reglugerðin öðlast gildi 1. júní 1984.

36. gr.

Endurskoða skal þessa reglugerð að liðnum þremur árum frá gildistöku hennar.

Menntamálaráðuneytið 11. maí 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

Nr. 255

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1983.

		Kr.
Eignir:		
Spariskírteini ríkissjóðs		25 388 150,00
Skuldir:		
Skuld við Seðlabanka		2 167 041,64
Ósóttir styrkir frá 1978		600,00
Ósóttir styrkir frá 1979		35 000,00
Ósóttir styrkir frá 1981		17 500,00
Ósóttir styrkir frá 1982		125 000,00
Ósóttir styrkir frá 1983		282 500,00
	Kr.	
Höfuðstóll hinn 31/12 1982	16 094 843,47	
Nýtt framlag Seðlabanka	830 679,59	
Tekjur umfram gjöld	5 834 985,30	
		22 760 508,36
		25 388 150,00

Tekjur:

Vextir af hlr. 40091	295 953,60
Verðhækkun spariskírteina	9 984 820,00
	10 280 773,60

Gjöld:

Styrkveitingar 1983	4 185 000,00
Vextir af yfirdrætti á hlr. 40091	243 200,00
Ýmiss kostnaður	17 588,30
Tekjur umfram gjöld	5 834 985,30
	10 280 773,60

Reikningsskil þessi hafa verið endurskoðuð og ekkert fundist athugavert.

Ríkisendurskoðun, Reykjavík, 30. apríl 1984.
Halldór V. Sigurðsson.

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs
Björn Bjarnason.
Jóhannes Norðdal.
Gils Guðmundsson.

9. maí 1984 Nr. 256

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Endurhæfingarstöð heyrnarskertra útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum, af dómsmálaráðherra, 9. maí 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir endurhæfingarstöð heyrnarskertra.

Félag heyrnarlausra og félagið Heyrnarhjálp stofna hér með til sjálfseignarstofnunar samkvæmt eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Stofnunin heitir Endurhæfingarstöð heyrnarskertra og er sjálfseignarstofnun, sett á fót af Félagi heyrnarlausra og Félaginu Heyrnarhjálp.

2. gr.

Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Félag heyrnarlausra leggur stofnuninni til sem stofnfé 500 000,00 kr.
Félagið Heyrnarhjálp leggur stofnuninni til sem stofnfé 500 000,00 kr.
Stofnendur bera ekki fjárhagslega ábyrgð umfram stofnfjárframlag sitt.

4. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að læknisfræðilegri endurhæfingu fyrir heyrnarskerta m. a. á eftirfarandi hátt:

Að þjálfa heyrnarskerta einstaklinga í notkun heyrnartækja.

Að leiðbeina um notkun annarra hjálpartækja fyrir heyrnarskerta svo sem dyraljósabúnaðar og vekjarabúnaðar.

Að kynna atvinnumöguleika og annast vinnumiðlun, ásamt leiðbeiningu um möguleika til starfsþjálfunar.

Að vera leiðbeinandi aðili um notkun og uppsetningu á heyrnarhjálparútbúnaði í kirkjum, leikhúsum og öðrum samkomustöðum.

Að þjálfa táknmálstúlka og annast útvegun þeirra.

Að fylgjast með nýjungum og vera hvetjandi aðili um leiðbeiningar og fræðslustarfsemi í þessum efnum m. a. með námskeiðahaldi.

5. gr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með stofnfé og þeim eignum, sem hún kann að fá að gjöf eða eignast með öðrum hætti.

6. gr.

Fulltrúaráð stofnunarinnar er skipað allt að tuttugu og einum fulltrúa og sautján mönnum hið fæsta, og eru þeir kjörnir til tveggja ára í senn. Stofnendur, Félag heyrnarlausra og Félagið Heyrnarhjálp kjósa sex fulltrúa hvor aðili í fulltrúaráðið en félögin koma sér saman um fimm til níu fulltrúa að auki. Helmingur fulltrúa skulu ganga úr fulltrúaráðinu árlega, tilnefna stofnendur þrjá menn í þeirra stað hvort félag og tvo til fimm menn sameiginlega. Heimilt er að endurkjósa menn í fulltrúaráð. Ef ekki næst samkomulag um sameiginlega fulltrúa félaganna skal hvort félag tilnefna tvo fulltrúa og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra einn fulltrúa.

Fulltrúaráð kýs fimm menn í stjórn og skiptir hún sjálf með sér verkum. Ekki má kjósa sama formann lengur en tvö ár í senn. Ritari skal halda gjörðabók um alla fundi stjórnar og fulltrúaráðs.

7. gr.

Aðalfundur stofnunarinnar skal haldinn fyrir 1. maí ár hvert og er hann lögmætur ef ⅔ fulltrúaráðs hið fæsta eru á fundi. Til aðalfundar skal boðað bréflega með hálfsmánaðar fyrirvara hið skemmsta.

Á fundum stofnunarinnar skal túlkaþjónusta veitt eftir þörfum hverju sinni.

Aðalfund sitja fulltrúaráðsmenn, og hafa þeir einir kosningarétt. Framkvæmdastjóri hefur seturétt á fundinum og málfrelsi og tillögurétt, svo og fráfarandi fulltrúaráðsmenn og hinn löggilti endurskoðandi. Heimilt er stjórn að bjóða gestum að sitja aðalfund.

8. gr.

Að loknum aðalfundi skal senda ríkisendurskoðanda ársreikning stofnunarinnar og skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðinda. Skipun fulltrúaráðs og kosningu stjórnar skal auglýsa í Lögbirtingablaði.

9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:

1. Tilkynning um tilnefningu fulltrúaráðsmanna.
2. Skýrsla stjórnar fulltrúaráðs.
3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar stofnunarinnar til samþykktar.
4. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar í samræmi við 13. gr.
5. Kosning fimm manna í stjórn.
6. Kosning tveggja endurskoðenda til eins árs.
7. Tillögur til breytinga á skipulagsskrá, ef fram koma.
8. Önnur mál.

10. gr.

Fulltrúaráðið markar stefnu stofnunarinnar. Það skal koma saman til fundar a. m. k. einu sinni á ári. Fimm fulltrúaráðsmenn geta krafist fundar, enda sé fundarefni tilgreint, og skal þá halda hann innan þriggja vikna frá því að krafa berst formanni.

Stjórn fulltrúaráðs ber ábyrgð á daglegu starfi stofnunarinnar. Hún hefur leyfi til að taka lán fyrir hönd stofnunarinnar og veðsetja eignir hennar.

Þrjá stjórnarmenn þarf til að skuldbinda stofnunina.

11. gr.

Stjórnin skal að jafnaði halda einn fund á mánuði. Hún ræður framkvæmdarstjóra stofnunarinnar, setur honum erindisbréf og ákveður laun hans. Hann ræður starfsmenn með samþykki stjórnar.

12. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Um bókhald stofnunarinnar og reikningshald skal fara eftir gildandi lögum um bókhald, nú lögum nr. 51, 2. maí 1968, og góðum reikningsskilavenjum.

Ársreikningar stofnunarinnar, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, auk endurskoðenda stofnunarinnar, skulu liggja frammi til athugunar fyrir fulltrúaráðsmenn viku fyrir aðalfund.

13. gr.

Ef hagnaður verður af starfsemi stofnunarinnar skal honum varið til eflingar hennar í samræmi við 4. gr.

Þó er aðalfundi heimilt að veita hagnaði til sérstaks verkefnis til hagsbóta fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta. Slík ráðstöfun skal vera samþykkt með a. m. k. ¾ hlutum atkvæða.

14. gr.

Verði ákveðið að leggja stofnunina niður, skulu eignir stofnunarinnar renna til hliðstæðra verkefna og segir í 4. gr. eftir nánari ákvörðun fulltrúaráðs. Slit stofnunarinnar geta ekki átt sér stað nema með samþykki stjórnar og stofnenda, og samþykki tveggja funda fulltrúaráðs í röð með a. m. k. ¾ hlutum atkvæða.

15. gr.

Tillögum um breytingar á skipulagsskrá þessari ná fram að ganga, ef þær hljóta fylgi ¾ hluta atkvæða fulltrúaráðs. Ekki er þó hægt að breyta ákvæðum 13. og 14. greinar. Kynna skal í fundarboði tillögur um breytingar á skipulagsskrá.

16. gr.
Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 10. desember 1983.

Stjórn félags heyrnarlausra
Vilhjálmur G. Vilhjámsson
Rafn Einarsson
Þórhallur Arnarson

Stjórn félagsins Heyrnarhjálpar
Guðjón Ingvi Stefánsson
Viggó Nathanaelsson
Gíslína Vilhjálmsdóttir.

Stjórnartíðindi B 26, nr. 243—256. Útgáfudagur 30. maí 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 — 1984

29. maí 1984 389 Nr. 257

REGLUGERÐ

um hámark eininga lyfjaávísana.

1. gr.

Óheimilt er að afhenda einstaklingi meira magn lyfs samkvæmt lyfseðli en sem nemur tveggja mánaða birgðum, miðað við notkunarfyrirsögn læknis fyrir hverja afgreiðslu, (fastagjald) eins og hún er ákveðin hverju sinni samkvæmt reglugerðum um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði skv. 43. gr. almannatryggingalaga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júní 1984.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. maí 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

25. maí 1984 Nr. 258

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðingshjálp í rannsóknum og röntgengreiningu.

1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðingslæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 270 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 270 hverrar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 270 af kostnaði við hverja röntgengreiningu.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálft gjald, þ. e. a. s. kr. 135 í hvert skipti, fyrstu 12 skiptin árlega, en síðan ekkert.

B 50

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr. skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. júní 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 629/1983 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. maí 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 259 30. maí 1984

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 465/1983, skv. lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

1. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 11. gr. komi málsgrein er orðist svo:

Innheimta skal tímabundið gjald af innfluttu kjarnfóðri við tollafgreiðslu. Á tímabilinu 1. júní til 31. desember 1984 skal gjald þetta vera 19,00% reiknað af innkaupsverði hinnar gjaldskyldu vöru. Innkaupsverð telst cif-verð vörunnar (tollverð) kominnar á innflutningshöfn.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. júní til 31. desember 1984 skal Framleiðsluráð landbúnaðarins greiða til Áburðarverksmiðju ríkisins og þeirra sem eiga rétt á endurgreiðslu a áburðaiverði skv. reglum sem landbúnaðarráðuneytið setur, 19%-stig af innheimtu kjarnfóðurgjaldi. Þó skal greiðsla þessi aldrei vera hærri en nemur 1 000 krónum af tonni af hverri kjarnfóðurtegund við hverja tollafgreiðslu. Hagstofa Íslands reiknar út við ákvörðun búvöruverðs á þessu tímabili, hverju áðurnefnd 19%-stig nema í verði kjarnfóðurs, eftir þeim reglum sem Hagstofan áætlar kjarnfóðurverð við verðlagningu landbúnaðarafurða. Þessi hluti kjarnfóðurverðsins skal teljast með framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða á áðurnefndu tímabili og koma fram í afurðaverði.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. maí 1984.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 75 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 110 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. júní 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 628/1983 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. maí 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination), samkvæmt Lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 120 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination), samkvæmt Lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 240 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálft gjald, þ. e. kr. 60 og kr. 120 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. júní 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 642/1983 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. maí 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglum um ferðakostnað sjúklinga innanlands nr. 70/1982, með síðari breytingum.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Endurgreiðsla sjúkrasamlaga.

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferðin er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 800 krónum en síðari ferðir að frádregnum 400 krónum. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. júní 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 631/1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. maí 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 263 11. maí 1984

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir verið ákveðið að afnema stöðvunarskyldu á Frakkastíg við Hverfisgötu. Biðskylda verður þar eftirleiðis.

Auglýsing þessi tekur gildi 20. maí n. k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 11. maí 1984.

Sigurjón Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 — 1984

5. júní 1984 393 Nr. 264

REGLUGERÐ

um niðurfellingu reglugerðar nr. 221 9. maí 1984, um bann við togveiðum á Hvalbaksgrunni.

1. gr.

Frá og með 7. júní 1984, er felld úr gildi reglugerð nr. 221 9. maí 1984, um bann við togveiðum á Hvalbaksgrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. júní 1984.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.

1. júní 1984 Nr. 265

REGLUGERÐ

um skuldbreytingarlán úr Fiskveiðasjóði Íslands.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur stofnað til nýs lánaflokks vegna breytinga á lánum þilfarsfiskiskipa úr sjóðnum í ný lán (skuldbreytingarlán).

Stefnt skal að því, að á árinu 1984 falli ekki til greiðslu afborganir og vextir á skuldbreytingarlán þessi og þau lán eða lánshluta sem greiðast upp með andvirði þeirra hærri fjárhæð en 450—460 milljónir króna miðað við verðlag í árslok 1983.

Skuldbreyting og lenging lánstíma samkvæmt reglugerð þessari skal eingöngu ná til lána, sem voru endanlega afgreidd úr sjóðnum 31. desember 1983 eða fyrr, en tekur hvorki til óafgreiddra lánsloforða í árslok 1983 né lána sem lofað er eða afgreidd eftir þann tíma.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. gr.

Útgerðarmenn þilfarsfiskiskipa skulu eiga þess kost að breyta stofnlánum skipa sinna úr Fiskveiðasjóði Íslands, hvort sem þau eru í skilum eða vanskilum, allt að 90% af húftryggingarmati viðkomandi skips, í ný lán.

Fiskveiðasjóður ákveður endanlega fjárhæð hvers skuldbreytingarláns og tekur þá m. a. tillit til reiknaðrar greiðslubyrði frá árslokum 1983 til afgreiðslu skuldbreytingarláns. Stofnlán skipa utan Fiskveiðasjóðs hafa áhrif til lækkunar á skuldbreytingarlán Fiskveiðasjóðs ef samtala allra stofnlána er meiri en 90% af vátryggingarvirðinu.

Skilyrði þess að aðili eigi kost á slíku láni er að ljóst sé, að viðkomandi fiskiskip verði í eðlilegum rekstri og að það geti staðið í skilum með greiðslur af lánunum að mati sjóðsins.

3. gr.

Sjóðsstjórnin ákveður lánstíma skuldbreytingarlánanna og skal miðað við að hann verði 1—7 árum lengri en veginn meðallánstími þeirra lána úr Fiskveiðasjóði Íslands sem breytt er og ræðst lengingin af hlutfalli milli veðskulda hvers skips hjá sjóðnum og bönkum og húftryggingarmats þess. Við ákvörðun lánstíma skal einnig tekið mið af upphaflegum lánstíma viðkomandi stofnlána.

4. gr.

Lánin verði í reikningseiningum Fiskveiðasjóðs með breytilegum vöxtum sem stendur 10% p. a. og reiknast vextir af þeim frá 1. maí 1984. Áður en vextir frá 1. maí 1984 til afgreiðsludags hvers skuldbreytingarláns koma til útborgunar skal dreginn frá þeim sá vaxtaafsláttur sem kann að hafa verið ákveðinn fyrir viðkomandi tímabil.

Gjalddagar lánanna verði 1. maí og 1. nóvember ár hvert og greiðast vextir eftir á.

Lánin skulu tryggð með 1. veðrétti í viðkomandi fiskiskipi, innan 90% af húftryggingarmati þess.

5. gr.

Reglur þessar eru sértækar fyrir hvert skip og á útgerðaraðili þess kost að taka alla þá skuldbreytingu sem býðst eða enga.

6. gr.

Séu lán úr sjóðnum hærri en mögulegt er að skuldbreyta, samkvæmt 1. mgr. 2. gr., fer um þann hluta lánanna sem umfram er eftir almennum samningum milli Fiskveiðasjóðs og viðkomandi skuldara. Um þessar skuldir og samninga gildir eftirfarandi:

1. Annað tveggja er forsenda samninga:
   a) að sýnt sé fram á, að mati sjóðsins, að staðið verði í skilum með greiðslur af þessum hluta skuldanna.
   b) að auk 1. veðréttar í viðkomandi fiskiskipi verði veitt viðbótartrygging fyrir þessum hluta skuldanna.
2. Þessi hluti skuldanna verði áfram með sömu kjörum og núgildandi skuldabréf kveða á um nema á árinu 1984 skulu þau njóta sama vaxtaafsláttar og veittur kann að verða á skuldbreytingarlánum og lánstími lengist um allt að 7 ár, þó þannig að tekið sé mið af upphaflegum lánstíma viðkomandi stofnlána.
3. Þessi hluti skuldanna verði áfram með 1. veðrétti í viðkomandi fiskiskipi, samhliða 1. veðrétti á skuldbreytingarláni, auk frekari trygginga, sbr. tölulið nr. 1.

7. gr.

Allar fjárhæðir og hlutföll samkvæmt reglugerð þessari miðast við uppgreiðsluverð endanlega frágenginna lána þann 31. desember 1983 og það vátryggingarvirði sem í gildi var þann 1. janúar 1984.

8. gr.

Stofnlán úr Fiskveiðasjóði skulu skilgreind þannig að undir hugtakið falli öll lán sjóðsins sem tryggð eru með 1. veðrétti í viðkomandi skipi nema:

1. Lán til loðnuskipa úr gengismunarsjóði.
2. Lán úr hagræðingar- og framkvæmdalánadeild.
3. Skuldbreytingarlán frá 1975—1976.
4. Lán úr Styrktar- og lánasjóði fiskiskipa.

9. gr.

Afgreiðslu skuldbreytingarlána samkvæmt reglugerð þessari skal lokið fyrir 30. september 1984.

10. gr.

Að öðru leyti skulu um þessi lán gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 44/1976 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44/1976 og lögum nr. 40/1984 um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júní 1984.

Halldór Ásgrímsson.

Þorsteinn Geirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 — 1984

Nr. 266 396 5. júní 1984

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á öryggisbúnaði, vél og bol skips skal eigandi þess greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	kr.
Fyrir opna báta	504,00
Fyrir þilfarsskip minni en 25 brl.	864,00
Fyrir þilfarsskip 25 brl. til 100 brl.	1 338,00
Fyrir þilfarsskip 101 brl. til 250 brl.	1 800,00
Fyrir þilfarsskip 251 brl. til 500 brl.	2 448,00
Fyrir þilfarsskip 501 brl. til 1600 brl.	3 960,00
Fyrir þilfarsskip 1601 brl. og stærri	4 752,00

Hálf rúmlest telst heil, en minna broti skal sleppt.

Sé ástandi skips þannig háttað við árlega aðalskoðun að nauðsynlegt sé fyrir viðkomandi skoðunarmann að mæta til skoðunar á öryggisbúnaði, vél eða bol skips, oftar en tvisvar sinnum í sama skipið, teljast skoðanir þar eftir aukaskoðanir.

Fyrir skoðun skipa sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greitt hálft gjald fyrir árlega aðalskoðun samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun, hvort heldur hún fer fram að tilhlutan skipstjóra, skipseiganda eða siglingarmálastjóra skal greiða skv. reikningi hans fyrir útlögðum kostnaði.

Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að leggja 30% á kostnaðinn að undanskildum ferðakostnaði.

3. gr.

Eftirlit með nýsmíði.

1. Bátar sem eru 6 metra langir og allt að 8 metrum:
   a) Fyrir samþykkt á teikningum, hleðslu- og stöðugleikaprófun ásamt reynslusiglingu kr. 5 000,00
   b) Fyrir samþykkt á reiða seglbáta ..... kr. 3 000,00
   c) Fyrir eftirlit með smíði, samþykkt á innfluttum bátum, fullnaðarskoðun og útgáfu skipsskjala ..... kr. 5 000,00

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

2. Skip 8 metrar og lengri:
   A. Fyrir yfirferð á teikningum og eftirlit með nýsmíði þilfarsskipa innanlands, þ. m. t. lokaúttekt og útgáfa skipsskjala, skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins eftirfarandi gjöld:
   Fyrir þilfarsskip styttri en 26 m ..... 0,30% af lokaverði skips.
   Fyrir þilfarsskip lengri en 26 m ..... 0,26% af lokaverði skips.
   Lokaverð er það verð sem lagt er til grundvallar við endurgreiðslu á tollum og aðflutningsgjöldum, þ. e. meðtalinn fjármagnskostnaður verksala (vextir og verðbólgutap).
   Fyrir skip smíðuð erlendis, skal miða við það verð, sem lagt er fyrir Fiskveiðasjóð, og/eða Ríkisábyrgðarsjóð, sé um fiskiskip að ræða, og viðskiptaráðuneytið, sé um önnur skip að ræða.
   B. Fyrir skip sem smíðuð eru skv. reglum og undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags skal greiða ½ gjald skv. A- og C- lið þessarar málsgreinar.
   C. Fyrir nýsmíði þilfarsskipa erlendis skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins skv. A-lið þessarar málsgreinar að viðbættum fargjöldum skoðunarmanna.
3. Eftirlitsgjöld skv. þessari grein skal greiða sem hér segir:
   20% gjaldsins við undirritun smíðasamnings eða upphaf smíði.
   30% gjaldsins þegar lokið er að byrða bol skips, sjóða hluta þess saman, stilla fyrsta feldi upp eða bandreisa, sé um tréskip að ræða.
   20% gjaldsins þegar aðalvél er komin á undirstöður.
   Eftirstöðvar gjaldsins ásamt fargjöldum skoðunarmanna skv. C-lið 2. málsgreinar, við afhendingu skipsskjala.

4. gr.

Eftirlit með viðgerðum.

1. Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi fyrir útlögðum kostnaði. Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að leggja 30% á kostnaðinn, þó ekki á dagpeninga og fargjöld.
2. Heimilt er að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips, sem svarar fargjöldum og áætluðum dagpeningum skoðunarmanna, fari viðgerð fram erlendis.

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	kr.
Skip allt að 500 brl.	1 296,00
Skip 501 brl. allt að 1000 brl.	1 686,00
Skip 1001 brl. allt að 2000 brl.	2 244,00
Skip 2001 brl. allt að 5000 brl.	2 982,00

Skip stærri en 5000 brl. greiðast eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis sem gefið er út skv. hleðslumerkjaútreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða kr. 240,00.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis skal greiða kr. 150,00 fari umrædd skoðun fram um leið og búnaðarskoðun er gerð.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er, eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 504,00 enda sé sérstakrar skoðunar ekki þörf.

6. gr.

Skráning skipa og útgáfa skjala.

	kr.
1. Útgáfa þjóðernisskírteinis	360,00
2. Útgáfa alþjóðamælibréfs	432,00
3. Afrit af alþjóðamælibréfi	144,00
4. Útgáfa mælibréfs fyrir opna báta	216,00
5. Afrit af mælibréfi fyrir opna báta	72,00
6. Einkaleyfi á skipsnafni	12 000,00

7. gr.

Mæling skipa.

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs, nema um nýsmíði sé að ræða skal greiða:

	kr.
Opinn bátur	720,00
Þilfarsskip minni en 25 brl.	3 600,00
Þilfarsskip 25 brl. allt að 100 brl.	5 040,00
Þilfarsskip 101 brl. allt að 250 brl.	7 920,00
Þilfarsskip 251 brl. allt að 500 brl.	12 240,00
Þilfarsskip 501 brl. allt að 1600 brl.	17 280,00
Þilfarsskip 1601 brl. allt að 5000 brl.	23 040,00

Þilfarsskip 5001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

Sé skipið mælt tvenns konar mælingu skal greiða eitt og hálft gjald skv. ofanrituðu miðað við hærri mælinguna.

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum erlendis, vegna mælinga, skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

8. gr.

Útgáfa vottorða og umsagnir.

	kr.
Vottorð um útstrikun skips af aðalskipaskrá	144,00
Vottorð um lúkningu vélaskipta og viðgerða	72,00
Umsögn um vélaskipti	360,00

9. gr.

Rannsóknir.

1. Fyrir röntgenrannsóknir, þ. e. röntgenmyndun, leigu á tækjum og vinnu við framköllun röntgenmynda, greiðist kr. 368,00 á hverja klst., sem rannsóknaraðstaða er notuð, auk vinnu rannsóknar- og skoðunarmanna við rannsóknina. Fyrir röntgenfilmur greiðist kr. 135,00 á hverja mynd.
2. Fyrir þykktar- og aðrar örbylgju- og sprungumælingar, titrings- og hávaðamælingar og átaksprófanir greiðist, vegna tækjaleigu og rannsóknaraðstöðu, kr. 234,00 á klst. Að auki greiðist vinna rannsóknar- og skoðunarmanna við rannsóknina.

10. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, skal greitt skv. reikningi. Þurfi skipaskoðunar- eða eftirlitsmenn á sérfróðri aðstoð að halda sbr. 9. gr. laga nr. 53/1970, greiðir eigandi skips kostnað við slíka aðstoð.

11. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunar fari fram á venjulegum skrifstofutíma.

Sé hins vegar óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnun í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greiðast í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingamálastofnun ríkisins eftir reikningum sem hún gefur út. Þó skal heimilt að fela sýslumönnum og bæjarfógetum innheimtu gjaldanna ef hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skuli skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 53 12. maí 1970 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. júní 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl. nr. 289 25. apríl 1983.

Samgönguráðuneytið, 5. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

30. maí 1984 Nr. 267

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Búlandshreppi.

1. gr.

Sérhver húsráðandi í Búlandshreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og tæki við sorpgeymslu og hreinsun sem hreppsnefnd Búlandshrepps og heilbrigðisnefnd Djúpavogsumdæmis ákveða.

2. gr.

Sérhver húsráðandi skal notast við sorphreinsun sveitarfélagsins og greiða þau gjöld, sem sveitarstjórn ákveður vegna sorphreinsunarinnar í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið staðfestir.

3. gr.

Sorp, sem sett er í sorppoka má vera allt venjulegt heimilissorp. Meðal sorps, sem ekki má setja í sorppoka er mold, möl, grjót, mykja, byggingasorp (timbur og múrbrot), gras og stórir og þungir hlutir.

4. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana, en svo að auðveldlega megi loka þeim, þegar skipt er um poka. Pakka skal inn beittum og oddhvössum hlutum t. d. glerbrotum, áður en þeir eru settir í pokana.

5. gr.

Bannað er að setja eldfim efni, t. d. bensín og olíu í sorpílát, hvort sem er laust eða í umbúðum.

6. gr.

Sorphreinsunarmenn mega ekki hirða sorp frá húsum eftir kl 20. Kvörtunum vegna sorphirðu skal komið skriflega til sveitarstjórnar eða heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Hverjum íbúðareiganda ber að sjá til þess, að alltaf sé nóg af pokum, svo þeir yfirfyllist ekki milli tæminga. Minnst einn sorpkassi skal vera fyrir hverja íbúð, og einn poki verður afhentur fyrir hvern sorpkassa um leið og sorp er tekið.

8. gr.

Sorppokarnir skulu vera í kössum, sem sveitarstjórn og heilbrigðisnefnd samþykkja. Skulu þeir vera á stöðum, sem aðgengilegir eru fyrir sorphreinsunarmenn á lóð húss þess, sem þeir tilheyra. Hafa skal greiðfæra leið frá sorpgeymslu til lóðamarka. Heimilt er að taka sérstakt gjald, ef aðstaða er slæm til töku sorpsins, sbr. nánar 2. gr. Húseiganda er skylt að hafa sorpgeymslur í góðu ásigkomulagi og endurnýja þær eftir þörfum.

9. gr.

Ef sorp er svo mikið eða í þannig formi að ekki hæfi viðurkenndum sorpílátum skal húseigandi koma því á sorphauga eða senda inn beiðni til sveitarfélagsins þess efnis að það annist hreinsun gegn sérstöku gjaldi.

10. gr.

Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka.

11. gr.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar er í höndum heilbrigðisnefndar Djúpavogsumdæmis.

12. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Búlandshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. maí 1984.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu **um manntalsþing í Húnavatnssýslum.**

Ráðuneytið vísar til bréfa yðar, herra sýslumaður, dags. 28. júní og 23. desember f. á., varðandi tillögur yðar ásamt samþykktum sýslunefnda Austur- og Vestur-Húnavatnssýslna um manntalsþing í Húnavatnssýslum.

Með vísun til 38. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð opinberra mála, sbr. 10. gr. laga nr. 29 1981, samþykkir ráðuneytið hér með, að manntalsþing í Húnavatnssýslum verði framvegis eitt í hvorri sýslu. Fellur þá niður sú skipan mála, sem ákveðin var með bréfum ráðuneytisins, dags. 19. janúar og 8. febrúar 1982.

5. júní 1984 Nr. 269

REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

	kr.
Fyrir opinn bát	276,00
Fyrir þilfarsskip minna en 25 rúml.	529,00
Fyrir þilfarsskip 25 rúml. allt að 100 rúml.	834,00
Fyrir þilfarsskip 100 rúml. allt að 250 rúml.	1 156,00
Fyrir þilfarsskip 250 rúml. allt að 500 rúml.	1 587,00
Fyrir þilfarsskip 500 rúml. allt að 1600 rúml.	2 622,00
Fyrir þilfarsskip 1600 rúml. og stærri	3 134,00

Að auki greiðist skoðunarmönnum útlagður kostnaður, svo sem akstur og símakostnaður skv. reikningi.

Þegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist ⅓ hluti og fyrir vélaskoðun greiðist ⅓ hluti og fyrir bolskoðun greiðist ⅓ hluti.

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

Skal greiðslan miðuð við tímakaup fastráðinna skoðunarmanna Siglingamálastofnunar fyrir dag- eða yfirvinnu, eftir því sem við á hverju sinni.

Endurprentað blað.

3. gr.

Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir hleðslumerkjaskoðun og áritun hleðslumerkjaskírteinis greiðist kr. 140,00.

4. gr.

Skoðunarmönnum er heimilt að innheimta kr. 69,00 hjá þeim sem biður um vottorð vegna endurgreiðslu tolla.

5. gr.

Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórriti í þar til gerðar bækur sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr. skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr. greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. júní 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 275 25. apríl 1983, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

Samgönguráðuneytið, 5. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 270

REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1983.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1983.

Gjöld:

	kr.
Ýmis kostnaður, prentun o. fl.	77 942,00
Styrkveitingar 1983	1 823 000,00
Tekjur til ráðstöfunar 1986 skv. 5. gr.	1 500 000,00
Tekjur lagðar við höfuðstól	2 058 907,00
	5 459 849,00

Tekjur:

	kr.
Arður af hlutabréfum E.Í.	456,00
Samúðarskeyti Landsímans kr. 2 646 079,71 – 15% til F.Í.S. 396 912,98	2 249 166,73
Aðrar minningargjafir	11 840,00
Vaxtatekjur og verðbætur	3 198 386,27
	5 459 849,00

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1983.

Eignir:

Innstæða á ávísanareikning	125 799,16	
Innstæða á verðtr. og vaxtaaukareikn.	7 340 477,05	
Spariskírteini:		
1. fl. 74c 1136—40 2 500		
1. fl. 75 c 10461—65 2 500		
1. fl. 76c 1363—921 15 000	20 000,00	
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	4 560,00	
Áfallnir vextir af spariskírteinum	5 227,74	
		7 496 063,95

Skuldir:

		kr.
Til ráðst. skv. 5. gr. skipulagsskrár		
frá fyrra ári	785 000,00	
af tekjum 1983	1 500 000,00	
		2 285 000,00
Höfuðstóll 1. jan. 1983	3 152 156,95	
Lagt v. höfuðstól 31. des. 1983	2 058 907,00	
		5 211 063,95
		7 496 063,95

Athugasemd:

Verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs eru færð á nafnverði.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum er verðgildi bréfanna 31. des. 1983 pr. 100 kr. sem hér segir:

1. fl. 74 4 852,06
1. fl. 75 3 997,85.
1. fl. 76 2 854,99.

Verðtrygging verður tekjufærð við innlausn bréfanna vegna skiptingar milli höfuðstóls og fjár til ráðstöfunar skv. 5. gr. skipulagsskrár.

Reykjavík, 31. janúar 1984.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum farið yfir reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi bankareikninga og fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 14. febrúar 1984.

Ólöf Pétursdóttir. **Vilborg Gunnlaugsdóttir.**

REIKNINGAR

sjóða sem tengdir eru Minningargjafasjóði Landspítala Íslands 1983.

Minningargjöf um Hans Natansson og Kristínu Þorvarðardóttur.

Eignir:

Innistæða í Söfnunarsjóði aðald. nr. 456	kr. 2 919,16
	kr. 2 919,16

Skuldir:

Hrein eign 1. janúar 1983	kr. 1 375,01
Vextir og vaxtabætur 1982—1983	— 1 544,15
	kr. 2 919,16

Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Elísabeti, Sveinbjörn og Steinunni.

Eignir:

Verðtryggður sparireikningur í Búnaðarbanka Íslands nr. 710971	kr. 5 790,27
	kr. 5 790,27

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1983	kr. 3 312,45
Verðbætur 1983	— 2 430,06
Vaxtatekjur 1983	— 47,76
	kr. 5 790,27

Minningargjöf um Hans Wiium, sýslumann

Eignir:

Verðtr. sparireikn. í Landsb. Ísl. nr. 629166	kr. 3 115,83
	kr. 3 115,83

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1983	— 1 782,48
Verðbætur 1983	— 1 307,65
Vaxtatekjur 1983	— 25,70
	kr. 3 115,83

Minningargjöf um Þórunni Jónasson.

Eignir:

Verðtr. sparireikn. í Landsb. Ísl. nr. 629123	kr. 6 385,88
	kr. 6 385,88

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1983	kr. 3 653,20
Verðbætur 1983	— 2 680,01
Vaxtatekjur 1983	52,67
	6 385,88

Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.

Eignir:

Verðtr. sparireikn. í Landsb. Ísl. nr. 629131	kr. 4 070,35
	kr. 4 070,35

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1983	kr. 2 328,55
Verðbætur 1983	— 1 708,23
Vaxtatekjur 1983	— 33,57
	kr. 4 070,35

Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

Eignir:

Verðtr. sparireikn. í Landsb. Ísl. nr. 629174	kr. 13 761,54
	kr. 13 761,54

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1983	kr. 7 872,62
Verðbætur 1983	— 5 775,41
Vaxtatekjur 1983	— 113,51
	kr. 13 761,54

1983

Minningargjöf um Gísla Oddsson, skipstjóra.

Eignir:

Verðtr. sparireikn. í Landsb. Ísl. nr. 629182	kr. 11 471,28
	kr. 11 471,28

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1983	kr. 6 562,43
Verðbætur 1983	— 4 814,23
Vaxtatekjur 1983	— 94,62
	kr. 11 471,28

Sjóður Guðlaugar Jónsdóttur og Guðjóns Björnssonar.

Eignir:

Verðtr. sparireikn. í Landsb. Ísl. nr. 629158	kr. 64 033,05
	kr. 64 033,05

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1983	kr. 36 631,67
Verðbætur 1983	— 26 873,24
Vaxtatekjur 1983	— 528,14
	kr. 64 033,05

Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

Eignir:

Verðtr. sparireikn. í Landsb. Ísl. nr. 629115	kr. 15 313,71
	kr. 15 313,71

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1983	kr. 8 760,59
Verðbætur 1983	— 6 426,81
Vaxtatekjur 1983	— 126,31
	kr. 15 313,71

Reykjavík, 31. janúar 1984.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum farið yfir reikninga þessa, borið þá saman við bankareikn. og tilheyrandi fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 14. febrúar 1984.

Ólöf Pétursdóttir. **Vilborg Gunnlaugsdóttir.**

Nr. 272 25. maí 1984

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjóð Víkingakistunnar, Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 25. maí 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjóð Víkingakistunnar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður Víkingakistunnar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 576,22, er haldast skal óskert.

Sjóðinn skal ávaxta á sparisjóðsbókum nr. 2021, 2091 og sparisjóðsreikningi nr. 34643 við Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, Reykjavík. Sparisjóðsbækurnar eru geymdar í bankahólfi nr. 1258 í Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, Reykjavík.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og annað fé, er sjóðnum kann að áskotnast. Tekjur sjóðsins skiptast þannig, að 25% skal leggja við stofnfé og 75% renna til kostnaðar og verðlauna.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun í Víkingaskák.

Stefnt skal að opinberri keppni a. m. k. einu sinni á ári í Víkingaskák.

4.1. Keppt skal í flokkum eftir sömu meginreglum og í venjulegri skák.

4.2 Séu flokkarnir tveir, skal 1. flokkur fá 2 hluta á móti einum til annars flokks.

4.3 Séu flokkarnir þrír, fær 1. flokkur þrjá hluta, 2. flokkur tvo hluta og 3. flokkur einn hlut.

4.4 Þannig heldur skipting áfram eftir sömu reglum eftir fjölda flokkanna. Sömu reglur gilda um innbyrðis skiptingu verðlauna í hverjum flokki.

Fari engin keppni fram eitthvert ár, leggjast allar tekjur sjóðsins við stofnfé.

Fjölda verðlaunahafa eru ekki takmörk sett umfram það, sem umsjónarmenn keppninnar álíta hverju sinni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir þrír menn:

Magnús Ólafsson	nnr. 6276-4597
Árni Jónsson	nnr. 0524-0190
Benjamín Axel Árnason	nnr. 1007-4940

Láti einhver framangreindra þriggja manna af störfum í sjóðsstjórninni, sjá hinir tveir um val þriðja manns. Verði stofnað félag um Víkingaskákina skulu félagsmenn kjósa sjóðsstjórn.

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnarinnar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 10. maí, 1984.

Magnús Ólafsson. Árni Jónsson. Benjamín Árnason.

28. maí 1984 Nr. 273

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld B í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á byggingar í Skútustaðahreppi eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðahafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og frágangs gangstéttar. Gjaldið skal miða við rúmmetra húss eins og það er skráð hjá Fasteignamati ríkisins.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundraðshluta byggingakostnaðar á m^3 eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	2,5%
Parhús, raðhús og tvíbýlishús	2,0%
Fjölbýlishús	1,5%
Opinberar byggingar	2,5%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	2,5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og atvinnuhúsnæði	1,5%
Önnur hús	1,0%

Af kjöllurum og rishæðum sem ekki eru notaðir til íbúðar svo og bílskúrum skal greiða hálft gjald.

4. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma er verkinu lýkur. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu, eða viðbótarhúsnæði byggt á lóðinni og skal þá miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd. Í þeim tilvikum setur sveitarstjórn reglur um gjalddaga.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gjald samkvæmt 3. gr. af lóðahöfum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og gangstétt, enda sé eigi liðinn lengri tími en 5 ár síðan það var gert. Í slíkum tilvikum skal miða gjaldið við þá byggingavísitölu, sem í gildi er þegar reglugerð þessi öðlast gildi.

6. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. greiðist þannig að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvarnar greiðast með skuldabréfi með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum. Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir og verðtrygging skulu vera samkvæmt kjörum Byggðasjóðs í samræmi við þau kjör er hann veitir lán á til varanlegrar gatnagerðar.

7. gr.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni.

8. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjald af fasteignum þeirra eigenda sem náð hafa 67 ára aldri og þeirra sem eiga við langvarandi sjúkdóm eða örorku að stríða.

9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að lækka eða hækka gjaldstuðla samkvæmt 3. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50%, án frekari staðfestingar ráðuneytis.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign samanber lög nr. 51/1974.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skútustaðahrepps S-Þingeyjarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. maí 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Garðabæ.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Garðabæ, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra, eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, að frádregnum kostnaði við gatnagerð pr. rúmmetra. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðist eftir hústegundum svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	14.0%
Raðhús, tvíbýlishús, keðjuhús	10,0%
Fjölbýlishús	7,5%
Iðnaðarhús	5,0%
Verslunar- og skrifstofuhús	5,0%
Annað húsnæði	5,0%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Næsta nýtanleg hæð undir þaki skal aldrei teljast minna að rúmmáli en flatarmál hennar margfaldað með 3.30 m.

Bílageymslur og önnur útihús skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa.

Af kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp skal greiða 10% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í húsrýmið innan frá.

Heimili bygginganefnd breytingar á húsnæðinu þannig að nýtingarmöguleikar kjallararýmis breytast verulega, svo sem að inngangur verði settur á utanfrá, skal leggja á gatnagerðargjald er nemur mismun á venjulegu gjaldi og því gjaldi sem lagt var á skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Af sameiginlegum bílageymslum sem byggðar eru skv. skipulagsskilmálum og koma í stað bifreiðastæða skal greiða 25% af rúmmetragjaldi þeirra húsa er þær skulu þjóna.

Af iðnaðarhúsnæði sem vegna starfsemi sinnar þarf meira en 5.5 m lofthæð skal hámarkslofthæð að jafnaði reiknast 5.5 m við útreikning rúmmetragjalds.

3. gr.

Bæjarráði er heimilt að hækka eða lækka gatnagerðargjald, útreiknað skv. 2. gr. um allt að 35% vegna breytilegs kostnaðar við undirbyggingu og frágang gatna eftir hverfum, m. a. v/kostnaðar við land, jarðvegsdýpt, stærðar lóða við götu, þversnið götufrágangs o. fl.

4. gr.

Ef lóðarhafi rífur gamalt hús og byggir stærra hús á sömu lóð skal gjald skv. 2. gr. vera rúmmetragjald nýja hússins að frádregnum rúmmetrum þess húss, sem fjarlægt er. Sama gildir ef hús brennur og byggt er að nýju á sömu lóð. Bæjarráði er heimilt að víkja frá ákvæði þessarar greinar.

5. gr.

Gjald skal áætla, með hliðsjón af skipulagsskilmálum, þegar lóðarúthlutun fer fram. Skal það vera lágmarksgjald og endurgreiðist ekki þótt minna sé byggt á lóð. Innan mánaðar frá úthlutun skal greiða ákveðinn hluta gatnagerðargjalds, skv. ákvæðum bæjarráðs, ella fellur úthlutun sjálfkrafa úr gildi.

Bæjarráð ákveður gjalddaga og greiðsluskilmála á eftirstöðvum.

6. gr.

Gatnagerðargjald af rúmmetra skv. 2. gr. sem er umfram lágmarksgjald gatnagerðargjalda fellur í gjalddaga, þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd og skal greiða það ekki síðar en innan mánaðar. Verði breytingar á byggingarkostnaði vísitöluhússins á þeim tíma sem líður frá lóðarúthlutun og til þess dags sem teikning er samþykkt skal umfram gatnagerðargjald greiðast skv. því rúmmetragjaldi sem gildir þá. Þegar byggt er á eignarlóð, áður úthlutaðri lóð eða eldra hús stækkað, eða nýtingu þess breytt, skal greiða allt gjaldið við útgáfu byggingaleyfis.

7. gr.

Hafi gatnagerðargjald ekki verið greitt í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, getur bæjarráð fellt lóðarúthlutun úr gildi og úthlutað lóðinni á ný.

8. gr.

Hafi byggingarleyfi fallið úr gildi eða verið fellt úr gildi skal við endurnýjun leyfisins greiða skv. þágildandi gjaldskrá af þeim hluta byggingarinnar, sem byggingarleyfið er endurnýjað fyrir að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.

9. gr.

Nú er lóð endurúthlutað, og skal þá greiða gatnagerðargjald á grundvelli þeirrar gjaldskrár, sem í gildi er, þegar endurúthlutun fer fram. Nú hefur gjaldskrá hækkað frá frumúthlutun og er þá heimilt að veita undanþágu frá ofangreindum skilmálum, þegar eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. Fyrri lóðarhafi hefur byrjað framkvæmdir innan árs frá því að lóð varð byggingarhæf.
2. Framkvæmdir eru komnar það langt, að botnplata hefur verið steypt og gengið frá lögnum og fyllt að sökkli.
3. Fyrri lóðarhafi leggur fram reikninga fyrir kostnaði hans vegna lóðarinnar.

Gatnagerðargjald skal þó aldrei vera lægra en gatnagerðargjald eins og það var við frumúthlutun, að viðbættum 30 af hundraði þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á gjaldskránni.

10. gr.

Ef lóðarhafi ætlar að byggja á lóð í áföngum getur bæjarráð heimilað að greitt verði gatnagerðargjald af fyrirhuguðum mannvirkjum skv. áfangaskiptingu, en þá skal endanlegt gatnagerðargjald vera rúmmetragjald, sem í gildi er, þegar byggingaleyfi hvers áfanga er útgefið. Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar, að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum. Þegar um áfangaskiptingu er að ræða skal miðað við að ekki líði skemmri tími milli áfangaskiptingar en 5 ár.

11. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu bæjarsjóðs. Skulu vextir þessir jafnháir sparisjóðsvöxtum sbr. 13. gr. laga 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Heimilt er að fresta endurgreiðslu, uns lóðin hefur verið veitt að nýju, en þó ekki lengur en sex mánuði frá því að lóðinni var skilað. Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum.

12. gr.

Hafi gatnagerðargjald ekki verið krafið við lóðaúthlutun vegna nýbygginga eða við stækkun eldri húsa, er heimilt vegna framkvæmda við að gera gangstéttir og bundið slitlag á götu að innheimta gatnagerðargjald til bæjarsjóðs skv. ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar.

Af hverjum rúmmetra greiðist allt að ákveðnum hundraðshluta byggingakostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	4,2%
Raðhús og tvíbýlishús	3,0%
Fjölbýlishús	2,2%
Atvinnuhúsnæði	1,5%

Rúmmál er hér reiknað með sama hætti og samkvæmt 2. gr.

13. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 12. gr. miðast við byggingakostnað á þeim tíma sem lokaframkvæmd við gerð götu fer fram.

Gatnagerðargjald samkvæmt 12. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdir við tiltekna götu eða götukafla er lokið. Bæjarráð setur nánari reglur um greiðsluskilmála hverju sinni.

14. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár hennar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 með áorðnum breytingum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

7. júní 1984 Nr. 275

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands nr. 165/1984.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnustöðum, sem unnin er á vegum stöðvarinnar kr. 270.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, öðlast gildi frá og með 15. júní 1984 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. júní 1984.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs er skipuð 11 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
   1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, enn fremur skal sýna, hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
   2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
   3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
   4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

B. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um verklegar framkvæmdir á fjárhagsárinu í megindráttum. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því, sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins, enn fremur ræður hún fasta starfsmenn bæjarins og semur um laun þeirra.

D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrá bæjarfyrirtækja eftir því, sem þörf krefur o. s. frv.

E. Bæjarstjórn ákveður gerð merkis og fána bæjarins og setur reglur um notkun þeirra.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrri fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal

varpa hlutkesti um, hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæðin jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og séu skráðar í hana allar skriflegar tillögur, afgreiðsla mála, atkvæðagreiðslur og ályktanir.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, samkvæmt samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

Heimilt er bæjarstjórn að láta taka það, sem á bæjarstjórnarfundum gerist, upp á segulband eða með öðrum samsvarandi hætti, enda setur hún þar um sérstakar reglur.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarritari sér um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal þess getið, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi annan og fjórða föstudag hvers mánaðar, nema júlí, ágúst og desember, er halda skal aðeins einn fund og þá þriðja föstudag hvers mánaðar. Fundur skal að jafnaði hefjast kl. 16.00. Aukafund skal halda samkvæmt ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar eða ef fjórir fulltrúar hið fæsta krefjast þess.

Fundum bæjarstjórnar skal að jafnaði ljúka fyrir miðnætti, kl. 24.00.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum,
2. hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar samkvæmt 2. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjórn, bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið,
3. lögmæltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en þriðjudag næstan fyrir fund.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi kl. 19.00 tveimur dögum fyrir fund hafa sent öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta til upplýsingar orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjórn telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, er send verði bæjarfulltrúum með 24 stunda fyrirvara.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði, að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki ⅔ viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 24 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur fund og taki þátt í atkvæðagreiðslu. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögur, viðaukatillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita skal forseta fundarmönnum ráðrúm til þess að semja tillögu á fundi, ef þörf krefur.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra, nefnda eða með því að fresta því. Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fram fara tvær umræður og líða vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hönd. Nafnakall skal hafa, ef bæjarstjóri eða bæjarfulltrúi óskar. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá

um bæjarfulltrúa í starfsrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta á skrána í réttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúum skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild. Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann, svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr sérstökum ræðustól, nema forseti leyfi annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundi, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Þegar bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðar hann óski að ræða. Heimilt er forseta að gera hvern einstakan lið fundargerðar að sérstöku dagskrármáli.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd um fundarsköp.

Óski bæjarfulltrúi eftir að bera fram fyrirspurn um málefni kaupstaðarins skal hann leggja hana skriflega fyrir forseta bæjarstjórnar, formann bæjarráðs eða bæjarstjóra. Fyrirspurnin skal vera um skýrt afmörkuð atriði og sé við það miðuð að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Bæjarfulltrúi segir til um hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn. Fyrirspurn skal leggja fram í bæjarráði og skal hún að jafnaði tekin á dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar á eftir. Ef um skriflegt svar er að ræða skal það sent bæjarfulltrúum minnst einum sólarhring fyrir bæjarstjórnarfund.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

16. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, eða umræðum verði hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til, að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, samkvæmt 1. og 2. mgr. umræðulaust. Tveir bæjarfulltrúar hið fæsta geta borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

17. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann og nefna þau ummæli er hann vítir. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama

fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir, eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

18. gr.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t .d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða öðrum nefndum getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

20. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

21. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn samkvæmt ákvörðun hennar.

Bæjarstjórn ákveður einnig þóknun fyrir nefndastörf.

22. gr.

Ef bæjarfulltrúi forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan. Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn sem hér segir: Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar aðalfulltrúar þess lista, sem þeir eru kosnir á falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt varanlega frá því að eiga sæti í sveitarstjórn. Nú forfallast aðalmaður, sem átt hefur sæti á framboðslista, sem tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar stóðu að, og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórnmálaflokki og aðalmaður sá, sem um er að ræða, taka sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir voru kosnir, án tillits til þess, hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórnmálaflokki og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var í þegar kosning fór fram, taka varamenn listans sæti samkvæmt næstu málsgrein á undan. Sama gildir um nefndir og önnur störf sem bæjarfulltrúi er kosinn í.

23. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI

Um kosningar, skipan og starfssvið nefnda.

24. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin málefni, eftir því, sem lög mæla fyrir:

A. Til eins árs á fyrri fundi í júní ár hvert.
1. Forseta bæjarstjórnar.
2. 1. varaforseta bæjarstjórnar.
3. 2. varaforseta bæjarstjórnar.
4. Tvo skrifara bæjarstjórnar og tvo til vara.
5. Fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð.
6. Tvo endurskoðendur bæjarreikninga og tvo til vara.
7. Kjörstjórnir við bæjarstjórnarkosningar:
   a) Þrjá menn í yfirkjörstjórn og þrjá til vara.
   b) Þrjá menn í hverja undirkjörstjórn og þrjá til vara.
8. Kjörstjórnir við alþingiskosningar:
   a) Þrjá menn í hverja hverfiskjörstjórn og þrjá til vara.
   b) Þrjá menn í hverja undirkjörstjórn og þrjá til vara.
9. Fimm menn í atvinnumálanefnd og fimm til vara. Nefndin er jafnframt stjórn atvinnueflingarsjóðs.
10. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara. Starfstími nefndarinnar skal hefjast og enda við áramót.
11. Fimm menn í hafnarnefnd, þar af tvo innan bæjarstjórnar og þrjá utan bæjarstjórnar og fimm varamenn á sama hátt.
12. Fimm menn í stjórn Lista- og menningarsjóðs og fimm til vara.
13. Fimm menn í umferðarnefnd og fimm til vara. Rétt til setu á fundum nefndarinnar hefur bæjarfógeti og bæjarverkfræðingur með málfrelsi og tillögurétti.
14. Þrjá menn í fegrunarnefnd.
15. Tvo menn í stjórn Sparisjóðs Kópavogs. Auk þess eiga sæti í stjórninni þrír fulltrúar kjörnir af ábyrgðarmönnum Sparisjóðsins.
16. Tvo endurskoðendur Sparisjóðs Kópavogs.

B. Til fjögurra ára á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar.
1. Fimm menn í bókasafnsstjórn og fimm til vara.
2. Fimm menn í byggingarnefnd og jafnmarga til vara.
3. Fimm menn í félagsmálaráð og fimm til vara.
4. Fimm menn í heilbrigðisnefnd og fimm til vara.
5. Fimm menn í íþróttaráð og fimm til vara, þar af tvo samkv. tilnefningu samstarfsnefndar íþróttafélaganna. Samstarfsnefnd íþróttafélaganna er heimilt að tilnefna fulltrúa sína árlega.
6. Fimm menn í jafnréttisnefnd og fimm til vara.
7. Fimm menn í náttúruverndarnefnd og fimm til vara.
8. Fimm menn í skipulagsnefnd og fimm til vara.
9. Fimm menn í skólanefnd og fimm til vara.
10. Fimm menn í stjórn Náttúrufræðistofu Kópavogs.
11. Fimm menn í stjórn Vélamiðstöðvar, þar af tilnefna starfsmenn Vélamiðstöðvar og Strætisvagna Kópavogs sinn hvorn manninn.
12. Fimm menn í tómstundaráð og fimm til vara, þar af tvo samkv. tilnefningu starfandi félaga í bænum, þó ekki íþrótta- og stjórnmálafélaga. Félögunum er heimilt að tilnefna fulltrúa sína annað hvert ár.

13. Sex menn í áfengisvarnarnefnd. Auk þess á sæti í nefndinni einn fulltrúi skipaður af ráðherra og er hann formaður nefndarinnar.
14. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Kópavogs og fjóra til vara. Auk þess skipar ráðherra til viðbótar formann og varaformann stjórnarinnar.
15. Þrjá menn í gróðurverndarnefnd og þrjá til vara.
16. Þrjá menn í húsaleigunefnd og þrjá til vara.
17. Þrjá menn í stjórn Félagsheimilis Kópavogs og þrjá til vara. Auk þess eiga sæti í stjórninni tveir fulltrúar tilnefndir af aðildarfélögum.
18. Þrjá menn í stjórn verkamannabústaða og þrjá til vara.
19. Þrjá menn í stjórn Örva, verndaðs vinnustaðar.
20. Þrjá menn í vinabæjarnefnd og þrjá til vara. Auk þess eiga sæti í nefndinni einn fulltrúi frá Norræna félaginu í Kópavogi og bæjarstjóri.
21. Tvo sáttamenn og tvo til vara.
22. Tvo menn í stjórn Heilsugæslustöðvar Kópavogs og jafnmarga til vara. Auk þess á sæti í stjórninni einn fulltrúi sem starfslið Heilsugæslustöðvarinnar kýs úr sínum hópi.
23. Tvo bæjarfulltrúa eða varabæjarfulltrúa í stjórn Lífeyrissjóðs Kópavogskaupstaðar og tvo til vara. Auk þess eiga sæti í stjórninni tveir fulltrúar kjörnir af sjóðsfélögum og bæjarstjóri, sem er formaður stjórnarinnar.
24. Einn forðagæslumaður.
25. Einn mann í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
26. Einn mann í stjórn Bláfjalla- og Reykjanesfólkvangs og einn til vara.
27. Einn mann í stjórn Tónlistarskóla Kópavogs.

C. Í aðrar nefndir sem stofnaðar kunna að verða.

Bæjarstjórn kýs formenn nefnda nema þar sem lög og reglugerðir kveða á um annað. Bæjarstjóri hefur forgöngu um að samræma störf þeirra nefnda sem vinna að menningarmálum og skal boða til fundar með formönnum þeirra eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

25. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt bæjarstjórnar. Þar, sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær. Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

26. gr.

Allar fastar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín, og skulu gerðir fastra nefnda svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarráð og síðan bæjarstjórn til meðferðar, sbr. 11. gr.

V. KAFLI

Um bæjarráð.

27. gr.

Á fyrri fundi bæjarstjórnar í júnímánuði skulu kosnir fimm bæjarfulltrúar í bæjarráð. Þeir bæjarfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama lista og hinn kjörni bæjarráðsmaður, eru varamenn hans í þeirri röð, sem þeir skipuðu listann.

Bæjarráð kýs sér formann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Kjörnum bæjarfulltrúum, sem ekki eiga sæti í bæjarráði, skal heimilt að sitja fundi bæjarráðs sem áheyrendur án málsfrelsis og án tillöguréttar. Forfallist kjörinn bæjarfulltrúi á varamaður hans sama rétt.

Bæjarstjórn getur leyft að flokkur eða listi sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í bæjarráði megi tilnefna fulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Bæjarráð skal halda fundi að jafnaði vikulega. Aukafund skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða tveir bæjarráðsmenn hið fæsta óska þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda og sér um að hún verði send bæjarfulltrúum eigi síðar en um hádegi þann dag, sem fundur er haldinn. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé tilgreint á dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, ef þess verður óskað.

Formaður sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum, og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úrlausnar bæjarráðs. Bæjarritari færir gerðabók bæjarráðs.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Eftir hvern bæjarráðsfund skal öllum bæjarfulltrúum send eftirrit af fundargerðum og gögnum sem dreift hefur verið til fulltrúa í bæjarráði.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

28. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Kópavogskaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin samkvæmt lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni, þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum.

Ekki getur bæjarráð þó tekið fullnaðarákvörðun um mál, ef bæjarráðsmaður eða bæjarstjóri óskar að bæjarstjórn taki fullnaðarákvörðun um það.

29. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárstjórn bæjarins, sbr. 47. gr. laga nr. 58/1961. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins og sér um, að reikningar hans séu samdir.

Bæjarráð ákveður, hvernig varið skuli fé því, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

30. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs og annarra nefnda bæjarins, þegar þess er óskað.

VI. KAFLI

Endurskoðendur.

31. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessa starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun ekki síðar en 30. júní ár hvert.

VII. KAFLI
Um bæjarstjóra.

32. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er, eftir að kjörtímabilinu er lokið. Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fram fara á ný.

33. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt, að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Skal bæjarstjóri hafa ákveðinn viðtalstíma sem auglýstur skal á skrifstofu bæjarins.

34. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessari samþykkt.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs.

35. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirlit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins. Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktun bæjarráðs, sbr. 3. mgr. 28. gr.

36. gr.

Í forföllum bæjarstjóra gegnir fulltrúi hans störfum hans, nema þau séu sérstaklega öðrum falin. Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, sem bæjarráð setja mann til að gegna störfum hans, en þó aldrei lengur en þrjá mánuði í senn.

VIII. KAFLI
Um aðra starfsmenn bæjarins.

37. gr.

Bæjarráð ræður fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Kópavogskaupstaðar, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um ráðningar í stöður hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Starfsmenn skulu hlíta reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Kópavogskaupstaðar eins og þær eru á hverjum tíma samþykktar af bæjarstjórn.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á fyrri fundi í júní 1984 og 1985 verða nefndir kosnar samkv. eldri samþykkt um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar, þar sem það á við, en að afloknum sveitarstjórnarkosningum 1986, verður alfarið kosið eftir hinni nýju samþykkt. Á fyrri fundi í júní 1984, skal kjósa í íþróttaráð og tómstundaráð til loka kjörtímabilsins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar nr. 112 8. maí 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

7. júní 1984 Nr. 277

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní og til þess tíma er væntanlegt hráefnisverð verður látið gilda.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní og til þess tíma er væntanlegt hráefnisverð verður látið gilda.

	U.S. $ pr. lbs cif.
Lausfrystur hörpudiskur	3,40
Blokkfrystur hörpudiskur	3,20
Rauður hörpudiskur	1,90

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júní 1984.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Kristín Magnúsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní og til þess tíma, er væntanlegt hráefnisverð verður látið gilda.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní og til þess tíma, er væntanlegt hráefnisverð verður látið gilda.

Vélskelflett rækja.

Færri en 350 stk. í lb.:	SDR pr. lb. cif.
Blokk fryst	2 912,00
5×2 kg. og 4×2,5 kg. vatnshúðuð, sérfryst	2 912,00
5×2 kg og 4×2,5 kg. óvatnshúðuð, sérfryst	3 052,00
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3 391,00
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3 556,00
Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:	
Blokk fryst	2 783,00
5×2 kg. og 4×2,5 kg. vatnshúðuð, sérfryst	2 783,00
5×2 kg. og 2×2,5 kg. óvatnshúðuð, sérfryst	2 912,00
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3 228,00
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3 391,00

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júní 1984.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Kristín Magnúsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1984.

6×5 lbs. og 5×5 lbs. í skel garndreginn.
7— 9 $ 10,35 pr. lb. Cif. U.S.A.
9—12 $ 9,68 pr. lb. Cif. U.S.A.
12—15 $ 9,23 pr. lb. Cif. U.S.A.
15—18 $ 8,78 pr. lb. Cif. U.S.A.
18—24 $ 7,88 pr. lb. Cif. U.S.A.
24—30 $ 6,30 pr. lb. Cif. U.S.A.

5×5 lbs. í skel garndreginn.
7— 9 S.fr. 66,50 pr. kg. Cif. Hamborg
9—12 S.fr. 66,50 pr. kg. Cif. Hamborg
12—15 S.fr. 63,00 pr. kg. Cif. Hamborg
15—18 S.fr. 46,00 pr. kg. Cif. Hamborg
18—24 S.fr. 42,00 pr. kg. Cif. Hamborg

6×5 lbs. og 5×6 lbs. í skel með görn.
7—12 $ 7,21 pr. lb. Cif. U.S.A.
12—15 $ 6,64 pr. lb. Cif. U.S.A.
15—30 $ 6,17 pr. lb. Cif. U.S.A.
30—45 $ 5,00 pr. lb. Cif. U.S.A.

B 6×5 lbs. og 5×5 lbs. í skel með görn.
7— 9 $ 9,32 pr. lb. Cif. U.S.A.
9—12 $ 8,71 pr. lb. Cif. U.S.A.
12—15 $ 8,30 pr. lb. Cif. U.S.A.
15—18 $ 7,90 pr. lb. Cif. U.S.A.
18—24 $ 7,09 pr. lb. Cif. U.S.A.
24—30 $ 5,67 pr. lb. Cif. U.S.A.

5×5 lbs. í skel með görn.
7— 9 S.fr. 49,10 pr. kg. Cif. Hamborg
9—12 S.fr. 49,10 pr. kg. Cif. Hamborg
12—15 S.fr. 45,00 pr. kg. Cif. Hamborg
15—18 S.fr. 40,00 pr. kg. Cif. Hamborg
18—24 S.fr. 36,00 pr. kg. Cif. Hamborg

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júní 1984.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Kristín Magnúsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 — 1984

12. júní 1984 425 Nr. 280

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 7. júní 1984 staðfest breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur að því er varðar landnotkun og nýtingarhlutföll á spildunni austan Snorrabrautar, norðan Hverfisgötu, vestan Ingólfsstrætis og sunnan Skúlagötu með þeim fyrirvara að gengið verði frá deiliskipulagi þessa svæðis samkvæmt 17. og 18. gr. skipulagslaga áður en einstakar byggingar verði leyfðar.

Framangreind breyting sem hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 5. september 1963 og Skipulagsstjórn ríkisins 29. febrúar 1984 með fyrirvara um staðfestingu deiliskipulags af spildunni.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júní 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

14. júní 1984 Nr. 281

REGLUGERÐ

um þátttöku samlagsmanna í ferðakostnaði lækna.

1. gr.

Fyrir hverja vitjun læknis greiði samlagsmaður kr. 30, vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar læknis.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 43. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 30, nr. 280—281. Útgáfudagur 18. júní 1984.

B 55

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 31 — 1984

19. júní 1984 426 Nr. 282

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka og Strandagrunni.

1. gr.

Frá og með 20. júní 1984 uns annað verður ákveðið eru togveiðar bannaðar á svæði, sem afmarkast af línum dregnum milli eftirfarandi punkta:

1.	66°55′32″N	21°50′39″V
2.	66°58′23″N	21°00′02″V
3.	66°51′15″N	20°55′45″V
4.	66°30′18″N	21°31′25″V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 20. júní 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. júní 1984.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 31 nr. 282. Útgáfudagur 19. júní 1984.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 32 — 1984

Nr. 283 427 6. júní 1984

AUGLÝSING

um breytingar á vöruskrá vegna vörumerkja.

Iðnaðarráðuneytið hefur í samræmi við 16. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki endurskoðað gildandi vöruskrá vegna skráningar vörumerkja í vöruflokka, sbr. fskj. með reglugerð nr. 1/1969.

Endurskoðun þessi er gerð vegna breytinga á alþjóðlegu vöruskránni um flokkun á vöru og þjónustu við skráningu vörumerkja (Nice-flokkunarkerfið), sem gildir frá 1. júní 1983. Í vissum tilvikum hafa vörur verið fluttar milli vöruflokka og annars staðar hafa nýjar vörutegundir verið teknar inn í skrána. Þá hefur upptalningu vörutegunda sums staðar verið breytt og nokkrar lagfæringar gerðar á orðalagi og málfari.

Vöruskráin er sem fyrr aðeins leiðbeinandi um greiningu vöru og þjónustu í vöruflokka. Styðjast verður við ensku eða frönsku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar (4. útgáfa 1983) þegar vafi leikur á um hvar flokka skuli tiltekna vöru og þjónustu. Í alþjóðlegu vöruskránni eru, auk yfirlitsskrárinnar (sem þýdd hefur verið á íslensku), almennar leiðbeiningar varðandi hvern vöruflokk og vöruskrá í stafrófs- og númeraröð. Þessa skrá er hægt að panta hjá WIPO (World Intellectual Property Organization) í Sviss.

Íslenska vöruskráin gildir frá sama tíma og alþjóðlega skráin. Breytingarnar ná því til vörumerkja sem tilkynnt eru til skráningar eftir 1. júní 1983 svo og vörumerkja samkvæmt eldri tilkynningum sem ekki hefur þegar verið skipað í vöruflokka og beðið hafa afgreiðslu af þeim sökum.

Eigendur skráðra vörumerkja þurfa engar ráðstafanir að gera vegna gildistöku nýju vöruskrárinnar.

Vörumerkjaskrárritari mun breyta fyrirliggjandi (óbirtum) vörumerkjatilkynningum til samræmis við nýju skrána, ef vörulisti þeirra er með orðalagi gömlu vöruskrárinnar.

Þeir sem tilkynna vörumerki til skráningar eftir birtingu þessarar auglýsingar skulu tilgreina vöruflokka og vörutegundir í samræmi við eftirfarandi skrá, sbr. einnig 3. gr. reglugerðar nr. 1/1969, um tilkynningar og skráningu vörumerkja o. fl.

VÖRUSKRÁ

(gildir frá 1. júní 1983)

I. Vörur

1. Efni til nota í iðnaði, við vísindastörf og ljósmyndun, einnig í landbúnaði, garðrækt og skógrækt; óunnin gerfikvoða; óunnar plastvörur; dýraáburður; slökkviefni; efna-

blöndur til herslu og lóðunar; efni til varðveislu á matvælum; sútunarefni; bindiefni (lím) til iðnaðarnota.

2. Málning, gljákvoða (fernis), lakk; ryðvarnarefni og fúavarnarefni; litarefni, bæs; óunnin náttúruleg kvoða; málmþynnur og málmduft fyrir málara, skreytingamenn, prentara og listir.
3. Bleikiefni og önnur efni til nota við fataþvott, ræstingu, fægingu, hreinsun og slípun; sápa; ilmvörur, ilmolíur, snyrtivörur, hárvötn; tannhirðivörur.
4. Olíur og feiti til iðnaðar; smurolíur; raka- rykbindiefni; brennsluefni (þar með talið brennsluefni fyrir hreyfla) og ljósmeti; kerti, kveikir.
5. Efnablöndur til lyfja-, dýralækninga og hreinlætisnota; næringarefni framleidd til læknisfræðilegra nota, barnamatur; plástrar, sárabindi; tannfyllingarefni, vax til tannsmíða; sótthreinsiefni; efni til að eyða meindýrum, sveppum og illgresi.
6. Ódýrir málmar og blöndur úr þeim; byggingarefni úr málmi, færanlegar byggingar úr málmi; málmefni í járnbrautarspor; strengir og vírar úr ódýrum málmum (þó ekki til rafmagnsnota); járnvörur og smáhlutir úr málmi; pípur og hólkar úr málmi; öryggishirslur (peningaskápar); vörur úr ódýrum málmum sem ekki heyra undir aðra flokka; málmgrýti.
7. Vélar og smíðavélar; hreyflar (þó ekki í ökutæki); vélatengsli og drifreimar (þó ekki í ökutæki); landbúnaðartæki; klakvélar (útungunarvélar).
8. Handverkfæri og smíðatól; hnífar, gafflar og skeiðar; höggvopn og lagvopn; rakvélar.
9. Búnaður og tæki notuð við vísindi, siglingar, landmælingar, raftækni, ljósmyndun, kvikmyndatöku og -sýningar; sjóntæki, vogir, mælingatæki, merkjasendingatæki, eftirlitstæki, björgunartæki, kennslutæki og -búnaður. Tæki sem notuð eru til að taka upp eða flytja hljóð eða mynd; segulupptökutæki, gagnadiskar; sjálfsalar og vélbúnaður fyrir myntstýrð tæki; búðarkassar; reiknivélar og gagnavinnslubúnaður; slökkvitæki.
10. Tæki og búnaður til skurðlækninga, lyflækninga, tannlækninga og dýralækninga; gervilimir, -augu og -tennur; hlutir til beinalækninga; þráður til að sauma saman sár.
11. Búnaður í lagnir fyrir ljós, hita, gufuframleiðslu, matseld, kælingu, þurrkun, loftræstingu, vatn, svo og fyrir lagnir í hreinlætisskyni.
12. Ökutæki; tæki til flutninga á landi, í lofti eða á legi.
13. Skotvopn; skotfæri og skot; sprengiefni; flugeldar.
14. Góðmálmar og blöndur úr þeim svo og vörur úr góðmálmum eða húðaðar með þeim og ekki heyra undir aðra flokka; skartgripir, gimsteinar; klukkur og tæki til tímamælinga.
15. Hljóðfæri.
16. Pappír, pappi og vörur úr þessum efnum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; prentað mál; bókbandsefni; ljósmyndir; ritföng; bréflím og lím til heimilisnota; vörur handa listamönnum; málningarpenslar; ritvélar og skrifstofutæki (þó ekki húsgögn); fræðslu- og kennslugögn (þó ekki tæki); plastefni til pökkunar (sem ekki eru talin í öðrum flokkum); spil; leturstafir; myndmót.
17. Gúmmí, togleður (gúttaperka), gúmkvoða, asbest, gljásteinn og vörur úr þessum efnum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; hálfunnið þanið plast til iðnaðarnota; efni til hvers konar þéttingar eða einangrunar; sveigjanlegar pípur (slöngur) sem ekki eru úr málmi.
18. Leður og leðurlíki og vörur gerðar úr þessum efnum og ekki eru taldar í öðrum flokkum; skinn, húðir; ferðakoffort og ferðatöskur; regnhlífar, sólhlífar og göngustafir; svipur, aktygi og reiðtygi.
19. Byggingarefni (ekki úr málmi); ósveigjanlegar pípur (ekki úr málmi) í byggingar; asfalt, bik og malbik; færanleg hús, ekki úr málmi; minnisvarðar, ekki úr málmi.

20. Húsgögn, speglar, myndarammar; vörur (ekki taldar í öðrum flokkum) úr tré, korki reyr, spanskreyr, tágum, horni, beini, fílabeini, hvalbeini, skel, rafi, perlumóður, sæfrauði, svo og úr efnum sem geta komið í stað þessara, eða úr plasti.
21. Heimilis- eða eldhúsáhöld og ílát (þó ekki úr góðmálmi eða húðuð með honum); greiður og þvottasvampar; burstar (nema málningarpenslar); efni til burstagerðar; hlutir sem notaðir eru til ræstingar; stálull; óunnið eða hálfunnið gler (þó ekki gler notað við byggingar); glervörur, postulín og leirvörur, ekki taldar í öðrum flokkum.
22. Kaðlar, seglgarn, net, tjöld, segldúkur, yfirbreiðslur, segl, pokar; bólstrunarefni (nema úr gúmmí eða plasti) óunnin efni úr þræði til vefnaðar.
23. Garn og þráður til vefnaðar.
24. Vefnaður og vefnaðarvörur sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; rúmteppi og borðdúkar.
25. Fatnaður, skófatnaður, höfuðfatnaður.
26. Blúndur og útsaumur; borðar og kögur; hnappar og tölur, krókar og lykkur, prjónar og nálar; gerviblóm.
27. Teppi, mottur; gólfdúkar og annað efni til að leggja á gólf; veggklæðning (þó ekki ofin).
28. Leikspil og leikföng; íþróttavörur sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; jólatrésskraut.
29. Kjöt, fiskur, alifuglar og villibráð; kjötkraftur; niðursoðnir, þurrkaðir og soðnir ávextir og grænmeti; ávaxtahlaup, ávaxtamauk; egg, mjólk og mjólkurafurðir; matarolíur og matarfeiti; salatsósur; niðursuðuvörur.
30. Kaffi, te, kakó, sykur, hrísgrjón, tapioka, sagógrjón, gervikaffi; mjöl og matvörur úr korni; brauð, sætabrauð og sælgæti, ís til matar; hunang, síróp; ger, lyftiduft; salt, sinnep; edik, sósur (nema salatsósur); krydd; ís.
31. Landbúnaðar-, garðræktar- og skógræktarafurðir, svo og korn sem ekki er talið í öðrum flokkum; lifandi dýr; nýir ávextir og grænmeti; fræ, lifandi plöntur og blóm; dýrafóður; malt.
32. Bjór, ölkelduvatn, gosdrykkir og aðrir óáfengir drykkir; safi og önnur efni til drykkjargerðar.
33. Áfengir drykkir (nema bjór).
34. Tóbak; hlutir fyrir reykingamenn; eldspýtur.

II. Þjónusta

35. Auglýsingastarfsemi og viðskipti.
36. Trygginga- og fjármálastarfsemi.
37. Byggingarstarfsemi og viðgerðir.
38. Samgöngur.
39. Flutningar og birgðavarsla.
40. Vinnsla og meðferð efna og hluta.
41. Fræðslu- og skemmtistarfsemi.
42. Annað.

Iðnaðarráðuneytið, 6. júní 1984.

F. h. r.

Gunnar Guttormsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um iðgjöld atvinnurekenda til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hundraðshluti iðgjalds á árinu 1984, vegna tekjuársins 1983, skal nema 0,0905% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 77. gr. laga nr. 46/1980 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júní 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Óskar Hallgrímsson.

12. júní 1984 Nr. 285

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 160 29. nóv. 1956, um takmörkun leigubifreiða á Akureyri og ráðstöfun atvinnuleyfa, sbr. reglugerð nr. 233 31. maí 1976.

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Akureyri skal á hverjum tíma miðast við íbúatölu Akureyrar, þannig að ein leigubifreið komi á hverja 600 íbúa. Reikna skal með tölu þeirra íbúa, sem lögheimili eiga á Akureyri samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga skv. lögum um almannatryggingar með síðari breytingum, annarra en barnalífeyris skv. 14. gr., mæðra- og feðralauna skv. 15. gr. og tekjutryggingar og heimilisuppbótar skv. 19. gr., skulu hækka um 2% frá og með 1. júní 1984 frá því sem þær voru í maímánuði s. l.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðson.

Nr. 287 18. júní 1984

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki.

1. gr.

25. gr. orðist svo:

Ferðastyrkir.

Námsmaður, sem stundar lánshæft nám fjarri heimili sínu getur sótt um ferðastyrk sem nemur einu námsmannafargjaldi milli heimilis og námsstaðar á aðstoðarárinu. Með umsókn um ferðastyrk skal fylgja farseðill eða reikningur um kaup á farseðli, og ganga þeir að öðru jöfnu fyrir um styrk er stunda nám, sem ekki verður stundað hér á landi. Styrkurinn er að öðru jöfnu veittur miðað við verð farmiða við upphaf og lok skólaárs. Heimilt er skv. nánari reglum að fella niður eða skerða rétt til ferðastyrkja ef umsækjandi hefur mun meiri ráðstöfunarfé en almennir námsmenn er njóta annarra aðstoðar lánsjóðs.

2. gr.

46. gr. orðist svo:

Félagsgjöld SÍNE.

Ef stjórn Sambands íslenskra námsmanna erlendis óskar, og námsmaður skráir ósk um það á umsóknareyðublað sitt, getur Lánasjóður dregið félagsgjald til samtakanna frá láni.

Menntamálaráðuneytið, 18. júní 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um (fyrstu) breytingu auglýsingar um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 50/1983.

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða nr. 30/1983 skal afgreiðslutími Ölfus Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga—fimmtudaga	kl. 9—12 og 13—18.
Föstudaga	kl. 9—12 og 13—18:30.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1984.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.

12. júní 1984 Nr. 289

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 463 7. júní 1983, um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

1. gr.

Ákvæði reglugerðarinnar um Reykjavík orðist þannig:

REYKJAVÍK:

Eiðsgrandi frá mörkum Seltjarnarneskaupstaðar; Ánanaust; Hringbraut, Miklabraut og Vesturlandsvegur (1) að Höfðabakka; Kringlumýrarbraut frá Sætúni að Fossvogslæk; Sætún, Kleppsvegur, Elliðavogur og Reykjanesbraut (41) að Breiðholtsbraut; Fossvogsbraut frá Hringbraut við Sóleyjargötu, sunnan Öskjuhlíðar um Fossvogsdal að Höfðabakka; Höfðabakki frá Vesturlandsvegi (1) að Breiðholtsbraut; Gullinbrú frá Vesturlandsvegi (1) að athafnasvæði Áburðarverksmiðju ríkisins; Bæjarháls frá Höfðabakka að Suðurlandsvegi; Bústaðavegur frá Reykjanesbraut (41) um Öskjuhlíð að Miklatorgi; Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur, Lækjargata, Kalkofnsvegur; Tryggvagata og Mýrargata frá Kalkofnsvegi að Ánanaustum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 273 28. ágúst 1974, um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vals.

1. gr.

1. setning 2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 35.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Grímseyjarsjóðs W. Fiske, fyrir árið 1983.

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	kr. 614.00	
Búnaðarbankainnstæða	— 2 069.00	kr. 2 683.00
Vextir:		
Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 295.00	
Af Búnaðarbankainnstæðu	— 1 403.00	kr. 1 698.00
		kr. 4 381.00
Gjöld:		
Styrkur til Grímseyinga		kr. 230.00
Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	kr. 629.00	
Búnaðarbankainnstæða	— 3 522.00	kr. 4 151.00
		kr. 4 381.00

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Steinunnar Sighvatsdóttur og Magnúsar Ólafssonar, fyrir árið 1983.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487	kr. 2 238.00
Vextir	— 1 110.00
	kr. 3 348.00

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

15. júní 1984

Nr. 293

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar fyrir árið 1983.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716	kr. 9 365.00
Vextir	— 4 495.00
	kr. 13 860.00

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

15. júní 1984

Nr. 294

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld sjóðsins Stígs, fyrir árið 1983.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395	kr. 1 765.00
Vextir	— 876.00
	kr. 2 641.00

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, fyrir árið 1983.

Sjóður í ársbyrjun:			
Útvegsbankainnstæða	kr.	256 906.00	
Skuldabréf Dvalarh. Borgarnesi	—	30 200.00	kr. 287 106.00
Vextir:			
Af Útvegsbankainnstæðu	kr.	173 788.00	
Af skuldabréfi	—	4 832.00	
Afborgun af skuldabréfi	—	3 300.00	kr. 181 920.00
			kr. 469 026.00
Sjóður til næsta árs:			
Útvegsbankainnstæða	kr.	422 126.00	
Skuldabréf Dvalarh. Borgarnesi	—	26 900.00	kr. 469 026.00
			kr. 469 026.00

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

fyrir Styrktarsjóð Þórarins Tulinius fyrir árið 1983.

Sjóður í ársbyrjun:			
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	kr.	280.00	
Búnaðarbankainnstæða	—	6 300.00	kr. 6 580.00
Vextir:			
Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	134.00	
Af Búnaðarbankainnstæðu	—	4 275.00	kr. 4 409.00
			kr. 10 989.00
Sjóður til næsta árs:			
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	kr.	294.00	
Búnaðarbankainnstæða	—	10 695.00	kr. 10 989.00
			kr. 10 989.00

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs X. og Alexandrine drottningar, árið 1983.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	kr.	8 170.00
Vextir	—	3 921.00
	kr.	12 091.00

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

15. júní 1984

REIKNINGUR

Nr. 298

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu fyrir árið 1983.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551	kr.	786.00
Vextir	—	377.00
	kr.	1 163.00

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

15. júní 1984

REIKNINGUR

Nr. 299

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, fyrir árið 1983.

Sjóður í ársbyrjun:

Búnaðarbankainnstæða	kr.	16 714.00
Vextir	—	11 377.00
	kr.	28 091.00

Sjóður til næsta árs:

Búnaðarbankainnstæða	kr.	28 091.00

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Breiðdalshreppi S.-Múlasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í Breiðdalshreppi eftir því sem segir nánar í samþykkt þessari.

2. gr.

Gatnagerðargjald vegna undirbyggingar, varanlegs slitlags og gangstéttar, B-gjald, skal lóðarhafi greiða þegar lagningu slitlags er lokið. Gjaldið skal miða við rúmmetra húss, miða skal við utanmál húsa og lofthæð 2,70 m á íbúðarhúsum en 3,30 m í atvinnuhúsnæði, nema uppdráttur sýni minna.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á m^3 eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	5,0%
Fjölbýlishús, tvíbýlishús og raðhús	3,5%
Verslanir og skrifstofuhúsnæði	5,0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og atvinnuhúsnæði	3,5%
Opinberar byggingar	5,0%
Gripahús	2,0%
Bifreiðageymslur á einbýlishúsalóðum	2,5%
Annað húsnæði	4,0%

Gjald af íbúðarhúsnæði skal aldrei vera lægra en sem svarar af 250 m^3. Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjald kr. 20.00 af hverjum fermetra lóðar. Bifreiðastæði greiða húseigendur sjálfir.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. grein skulu breytast til samræmis við breytingar á byggingarvísitölu gefinni út af Hagstofu Íslands.

5. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. greiðist þannig: 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með skuldabréfi með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir og verðtrygging skal vera samkvæmt kjörum Byggðasjóðs í samræmi við kjör þau er hann veitir lán til varanlegrar gatnagerðar. Lokágreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu.

6. gr.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

7. gr.

Skuldabréfin sem gefin kunna að vera út vegna gatnagerðargjalda skulu vera með veði í fasteign þeirri sem gjöldin eru lögð á og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af fasteignum þeirra eigenda, sem náð hafa 67 ára aldri, og þeirra, sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða

örorku að stríða. Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi, seld eða á annan hátt skipt um eiganda skal hreppsnefnd heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram, með áorðnum vísitölubreytingum, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

Reglugerð þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 frá 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð frá 2. júlí 1975 um gatnagerðargjöld á Breiðdalsvík.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

7. júní 1984

REGLUGERÐ

Nr. 301

fyrir Vatnsveitu Breiðdalsvíkur, S.-Múlasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er í eign sveitarsjóðs. Hún hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt og einnig til hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd felur byggingarnefnd að hafa umsjón með vatnsveitunni og gera tillögur til hreppsnefndar um úrbætur og framkvæmdir. Ráða skal sérstakan umsjónarmann til daglegs reksturs vatnsveitunnar.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsæðar svo um kaupstaðinn, sem henta þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að, enda sé húsið reist með samþykki byggingarnefndar. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveituna, skal senda beiðni til umsjónarmanns, enda sé vatnið ætlað til heimilisþarfa. Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni. Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur. Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geta eigi séð atvinnufyrirtækjum eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægjanlegu vatni, er neytanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur, eftir úrskurði vatnsveitunnar. Vatnsveitan hefur eignarétt og viðhaldsskyldu á götuæðum enda þótt húseigendur hafi í upphafi að einhverju eða öllu leyti, borið þann kostnað, er af lögninni leiddi nema öðruvísi verði um samið. Vatnsveitan annast kaup og viðhald brunahana.

5. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu hóflega víðar, nægilega djúpt í jörð og að öðru leyti í samræmi við samþykkt þessa. Engar vatnsæðar má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Vatnsveitan hefur rétt til að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda. Álíti eftirlitsmaður vatnsveitunnar að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

6. gr.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra, skuli lagðar af starfsmönnum hennar á kostnað húseiganda. Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama húsæðakerfið við tvær eða fleiri heimæðar. Vatnsveitan getur ákveðið að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt. Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð. Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Þótt leka hafi orðið vart, getur vatnsveitan ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

7. gr.

Eftirlitsmenn vatnsveitunnar skulu hafa frjálsan aðgang að öllum vatnslögnum innan húss og skulu húseigendur gefa upplýsingar um vatnsnotkun, sem óskað er eftir. Þeim er og heimilt að fara um lóðir vatnsnotenda til að athuga um vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu vatnsveitunnar, sem nauðsynlegar kunna að teljast.

8. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það þannig að óþrifum eða óþægindum valdi eða vanrækja viðhald á pípum og tækjum tengdum vatnsveitunni. Jafnframt er heimilt að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar, sem fyrirsjáanlega verða ekki teknar í notkun innan árs.

9. gr.

Heimilt er að fyrirskipa takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Einnig að loka fyrir vatnið, vegna viðgerða og hreinsunar, takmarka það á vissum tíma í senn, eftir atvikum. Jafnan skal auglýsa slíkar aðgerðir með svo rúmum fyrirvara, sem kostur er.

10. gr.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkviliðið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur í einkaeign eða eign vatnsveitunnar. Óheimilt er öðrum en slökkviliði, lögreglu og starfsmönnum vatnsveitunnar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, nema með sérstöku leyfi. Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstrartruflunum vegna hugsanlegra aðgerða, sem nefndar eru í 9. og 10. gr.

11. gr.

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar skal leggja fram teikningar af vatnskerfi sínu, ef óskað er. Húseigandi skal greiða kostnað tengingar við aðalæð.

12. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð vatnsskattsins skal vera 0,3% af framangreindu mati.

Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en kr. 700.00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Lágmarksgjald þetta skal endurskoða við álagningu ár hvert og breytast í sama hlutfalli og fasteignamat í Breiðdalshreppi. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt í fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar. Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá.

13. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 12. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðaþvottastöðvar svo og aðra, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt þennan skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun umsjónarmanns með kr. 3.00 fyrir hvern rúmmetra. Greiðsla fyrir vatn sem selt er til skipa og báta í Breiðdalsvíkurhöfn skal vera kr. 20.00 fyrir hvern rúmmetra. Gjöld fyrir ótalin vatnsnot skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

14. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins. Vatnsveitan sér um eðlilegt viðhald mælisins, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað. Vatnsveitan sjálf ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Ber húseiganda að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða þeirra var.

15. gr.

Árlegur vatnsskattur af heildarmati fasteigna hefir sömu gjalddaga og önnur fasteignagjöld til sveitarsjóðs. Fyrir önnur vatnsnot skv. 13. gr. svo og aukavatnsskatt samkvæmt mæli, skal greiða í lok hvers ársfjórðungs.

16. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við fasteignamat það er tekur gildi 31. desember 1984 og breytist síðar, í samræmi við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Hreppsnefnd getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 15 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af broti á reglugerð þessari skal farið með sem opinbert mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Breiðdalsvíkur nr. 289 17. október 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júní 1984.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um holræsi í Breiðdalsvík, S.-Múlasýslu.

1. gr.

Þegar Breiðdalshreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið eða í sérstakt holræsi fyrir ofanjarðarvatn, ef gert er, samkvæmt fyrirmælum byggingarfulltrúa. Vanræki einhver að láta gera nýtt holræsi eða endurnýja eldra, innan hæfilegs frests, sem byggingarfulltrúi ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Breiðdalshreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1985. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðarmörkum húsa. Heimlagnir og viðhald þeirra eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Sveitarstjóri og byggingarfulltrúi, undir yfirstjórn hreppsnefndar fara með stjórn framkvæmda, er holræsakerfi kauptúnsins varðar. Heimilt er sveitarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárennsliskerfi sínu, ef krafist verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns á öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn hreppsins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, olíur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en til að standast þann kostnað er húseigendum, sem hús eiga við veg, götu eða svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0,20% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar eins og það er reiknað á hverjum tíma þó aldrei lægra en kr. 500,00. Lágmarksgjald þetta skal endurskoða 1. janúar ár hvert og breytast í sama hlutfalli og fasteignamat í Breiðdalshreppi. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Gjald þetta getur hreppsnefnd lækkað eða hækkað um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Kröfur, sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð

þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögverði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með fasteignamatsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagar holræsagjalda eru hinir sömu og annarra fasteignagjalda ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 15 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi í Breiðdalshreppi nr. 288 17. október 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júní 1984.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

5. júní 1984 Nr. 303

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Dalvíkur.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allar vatnslagnir á veitusvæði Vatnsveitu Dalvíkur, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Vatnsveita Dalvíkur er eign Dalvíkurbæjar og skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með eigin reikningshaldi undir yfirstjórn bæjarstjórnar Dalvíkur. Skulu reikningar hennar fylgja reikningum bæjarsjóðs Dalvíkur til endurskoðunar og samþykktar.

Bæjarstjórn kýs 5 manna veitunefnd til að annast daglega stjórn veitunnar og ræður, að fenginni umsögn veitunefndar veitustjóra, sem annast daglegan rekstur hennar.

3. gr.

Vatnsveita Dalvíkur hefur einkarétt til sölu vatns í Dalvíkurkaupstað og nýtingar vatnslinda í landi kaupstaðarins til vatnsnota sbr. 1. gr.

Þeir vatnsnotendur, sem ekki hafa tengdar heimæðar sínar aðalvatnsveitukerfinu, og óska eftir að nýta vatnslind í landi kaupstaðarins til eigin þarfa, skulu sækja um sérstakt leyfi til veitunefndar þar að lútandi. Veitunefnd setur skilyrði fyrir þess konar vatnsnotum og ákveður greiðslu fyrir þau.

4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi kaupstaðarins með hvers konar jarðraski eða mannvirkjagerð og þess skal gætt að grunnvatn í bæjarlandinu spillist ekki af völdum olíu eða afrennslisefna, sem valdið geta tímabundinni eða varanlegri mengun grunnvatns. Heimilt er bæjarstjórn að banna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum í landi kaupstaðarins, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neysluvatns.

5. gr.

Hver sá sem veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

6. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati ef samkomulag næst eigi.

7. gr.

Hver sá sem á húseign (íbúðarhús) við götu eða veg, sem vatnsæð liggur í getur fengið lagða heimæð að húsinu inn fyrir stofnkrana. Húseignin skal vera á skipulögðu svæði og reist með samþykki byggingarnefndar. Áður skal húseigandi hafa sótt um tengingu til vatnsveitunnar og greitt tilskilin tengigjöld.

Vatnsnot til annarra þarfa en almennra nota skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús- eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseigenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægilegur. Ef sýnt þykir að götuæðar þær sem fyrir eru geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur, eftir úrskurði veitunefndar, sé þess krafist.

Vatnsveitan skal koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

Engum einstaklingi né fyrirtæki er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis veitustjóra, nema slökkviliði.

8. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar, götuæðar og heimæðar að stoppkrana innanhúss.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunnar.

Eigi er vatnsveitunni skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum og tækjum innanhúss á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Vatnsnotendur skulu gæta þess sérstaklega að ekki frjósi í vatnsæðum. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að loka fyrir vatn til hans og annast viðgerð á kostnað hans.

9. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveituæð, skal senda vatnsveitunni skriflega umsókn þar um. Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð sem fást hjá veitustjóra eða á skrifstofu Dalvíkurbæjar.

Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota, sé um að ræða annað en venjulega heimilisnotkun.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

10. gr.

Eftirlitsmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem eru sett í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því.

Heimilt er vatnsveitunni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

11. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Veitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma í senn á vissum svæðum vatnsveitukerfisins eftir ástæðum, til þess að tryggja neytendum vatn, sem annars kynnu að verða útundan um vatnsnot vissa tíma í senn.

Ætíð skulu slíkar aðgerðir auglýstar ef við verður komið, með svo rúmum fyrirvara, sem auðið er.

12. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af fasteignum, og skal skatturinn miðaður við gjaldskrá vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja.

Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra er nota vatn til annars en heimilisnota.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, og ákveður bæjarstjórn gjald fyrir hvern m^3.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 3. mgr. segir, og skal þá vatnsveitan ákveða aukaskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar í aukavatnsskatti, og getur hann þá krafist þess að vatnsnotkun verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

13. gr.

Um gjöld og innheimtu þeirra gilda ákvæði gjaldskrár.

14. gr.

Þegar vatn er selt samkvæmt mæli (sbr. 12. gr.) sér vatnsveitan við viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum, ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælisins varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald, er bæjarstjórn ákveður. Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttað, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhúskerfi.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

15. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum. Vatnsveitan getur krafist þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar hávaða frá dælu.

16. gr.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu. Séu þessar æðar tengdar í sjálfvirkt blöndunartæki skal vera einstreymisloki á hvorri æð, við hlið blöndunartækis. Blöndunartæki skulu hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút.

Setja skal einstreymisloka við hvert vatnsinntak til að tryggja að heitt vatn geti ekki runnið út í dreifikerfi vatnsveitunnar.

Ennfremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

17. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur gildi reglugerð fyrir vatnsveitu Dalvíkur nr. 16 23. janúar 1963.

Félagsmálaráðuneytið, 5. júní 1984.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 304 5. júní 1984

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Dalvíkur.

Vatnsskattur.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Dalvíkurkaupstaðar sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja um, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við veituna. Sama gildir um aðrar fasteignir, sem fá vatn frá Vatnsveitu Dalvíkur. Nú er vatni frá Vatnsveitu Dalvíkur veitt í hús eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins og skal þá ákvarða vatnsskattinn samkv. því er í gjaldskrá þessari segir.

2. gr.

Vatnsskattur samkv. 1. gr. skal vera 0.18% af fasteignamati húsa og lóða þeirra. Lágmark og hámark vatnsskatts skal þó miða við eftirtalinn gjaldstuðul á rúmmetra húss að viðbættum 0,18% af fasteignamati lóða þeirra.

	Lágmarks-gjaldstuðull kr. /m³	Hámarks-gjaldstuðull kr. /m³
1. flokkur. Vörugeymslur og annað ótilgreint húsnæði	3,60	4,70
2. flokkur. Íbúðarhúsnæði og bílskúrar	4,70	5,60
3. flokkur. Iðnaðarhúsnæði	5,60	6,10
4. flokkur. Verslunar-, skrifstofu- og annað sérstætt húsnæði	6,10	7,00

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 500,00.

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss svo og lágmarksupphæð skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

3. gr.

Af jörðum innan lögsagnarumdæmis Dalvíkurbæjar skal vatnsskattur vera 0,18% af fasteignamati jarðanna (íbúðarhúsa, útihúsa og landi jarðar). Lágmark vatnsskatts skal þó vera 0,18% af fasteignamati útihúsa og lands, að viðbættum kr. 4,70 á hvern rúmmetra íbúðarhúss og tilsvarandi skal hámark vatnsskatts vera 0,18% af fasteignamati útihúsa og lands að viðbættum kr. 5,60 á hvern rúmmetra íbúðarhúss.

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

4. gr.

Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður veitunefnd skattinn.

Aukavatnsskattur.

5. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðaþvottastöðvar og önnur slík fyrirtæki, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, svo og fyrir hreyfivélar og gosbrunna.

6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

7. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkv. mæli með kr. 3,60 fyrir hvern tengismetra vatns. Selja skal vatn úr Brimnesá á 25% lægra verði.

8. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

	kr.
20 til 32 mm mælir	351,00
40 mm mælir	455,00
50 mm mælir	876,00
80 mm mælir	1 157,00
100 mm mælir	2 315,00

Heimæða- og tengigjald.

9. gr.

Gjald vegna lagna heimæða frá götuæð vatnsveitunnar í stofnkrana húss sbr. 7. og 9. gr. reglugerðar vatnsveitunnar frá 1983 skal vera samkvæmt reglugerð um gatnagerðagjöld fyrir Dalvíkurkaupstað.

Um gjalddaga, ábyrgð á greiðslu o. fl.

10. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta eftir á með 6 gjalddögum í lok hvers tveggja mán. tímabils.

Vatnsskattur greiðist á skrifstofu Dalvíkurbæjar.

11. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar.

Greiðsla vatnsskatts er tryggð með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samnings- og aðfaraveðum.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkv. gjaldskrá þessari, má taka lögtaki. Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Ef vatn er notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 5. gr. segir, getur vatnsveitan ákveðið aukavatnsskattinn eftir áætlaðri notkun. Vilji vatnsnotandi ekki sætta sig við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, getur hann krafist þess, að vatnsnotkun hans verði mæld tiltekið tímabil og verður aukavatnsskattur þess árs reiknaður í hlutfalli við þá mælingu.

13. gr.

Vatnsveitunni er ekki skylt að leggja heimæð eða tengja hana, fyrr en húseigandi hefur greitt heimæða- og tengigjald.

14. gr.

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir útgjöldum, getur bæjarstjórn, að fengnum tillögum veitunefndar, fyrir eitt ár í senn, hækkað vatnsskatt, lágmarks og hámarks vatnsskatt, auka-vatnsskatt, mælaleigu um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur út gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu Dalvíkur nr. 307 22. nóvember 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 5. júní 1984.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögu við Ísland.

1. gr.

Gjald fyrir leiðsögn skips er miðuð við brúttórúmlestastærð þess, og þá vegalengd, sem það siglir, samkvæmt meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílur að og frá höfn eða stað, þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

			kr.
Fyrir skip allt að	500 br. rúml.	.....	135,00
Fyrir skip frá	500— 1 000	br. rúml	142,00
Fyrir skip frá	1 000— 1 500	br. rúml	149,00
Fyrir skip frá	1 500— 2 000	br. rúml.	156,00
Fyrir skip frá	2 000— 3 000	br. rúml.	165,00
Fyrir skip frá	3 000— 4 000	br. rúml.	175,00
Fyrir skip frá	4 000— 5 000	br. rúml.	185,00
Fyrir skip frá	5 000—10 000	br. rúml.	200,00
Fyrir skip frá	10 000—15 000	br. rúml.	215,00
Fyrir skip frá	15 000—20 000	br. rúml.	235,00
Fyrir skip frá	20 000—30 000	br. rúml.	255,00
Fyrir skip frá	30 000— og þar yfir	br. rúml.	270,00

Greiðsla fyrir sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áðurnefndar 10 sjómílur skal vera:

			kr.
Fyrir skip allt að	500 br. rúml.	.....	30,00
Fyrir skip frá	500— 5 000	br. rúml.	36,00
Fyrir skip frá	5 000—10 000	br. rúml.	42,00
Fyrir skip frá	10 000 — og þar yfir	br. rúml.	48,00

Minnsta leiðsögugjald skal vera kr. 1 150,00.

Leggi leiðsögumaður skipi að bryggju eða frá, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 340,00 fyrir skip allt að 500 br. rúml., og kr. 34,00 fyrir hverjar 100 br. rúmlestir skipsins þar fram yfir.

2. gr.

Fari viðstaða skipsins í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst., á hverjum stað. Skulu biðpeningar greiðast með kr. 160, pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði og hvíldarstaða fyrir sig og aðstoðarmann.

3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands og ferðakostnaðar í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skips eftir ákveðinn komu- eða burtfarartíma þess. Skal það á sama hátt vera greitt með kr. 160,00 pr. klst., þó aldrei meir en 8 klst. á sama sólarhring (frá 00:00—24:00).

4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. mars og skal vera ⅓ hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48, 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland nr. 339, frá 17. maí 1983.

Samgönguráðuneytið, 12. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 306 20. júní 1984

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Flúða og nágrennis.

1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

2. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

3. gr.

Gjöld fyrir notkun heita vatnsins eru sem hér segir:

a.	Fastagjald fyrir gróðurhús fyrir 1 sek.l.	kr. 486,00
	á mánuði, fastagjald fyrir meiri notkun en 1 sek.l. skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni. Fyrir önnur hús	kr. 312,00
b.	Vatnsgjald fyrir gróðurhús	kr. 35,60
	á mánuði og	kr. 173,00
	á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mín.l.	
c.	Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir: fyrir hvern rúmmetra á mánuði	kr. 1,46

Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

4. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt. 3. gr. verða krafinn til greiðslu ársfjórðungslega og skulu þau greiðast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila sem hitaveitan vísar til. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimæðagjöld Hitaveitu Flúða skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m^3 að utanmáli	kr.	21 736,00
Hús 300 m^3 til 2000 m^3 að utanmáli	kr.	21 736,00
og fyrir hvern rúmmetra þar yfir	kr.	13,40
Stofngjald fyrir aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er	kr.	48 910,00
Heimæðagjöld á gróðurhús skulu vera þannig:		
Gróðurhús að 200 m^2 skal greiða	kr.	21 736,00
Gróðurhús stærra en 200 m^2 skal greiða	kr.	21 736,00
fyrir 200 m^2 og	kr.	35,20
fyrir hvern fermetra umfram 200 m^2.		

6. gr.

Gjöld skv. 3. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

9. gr.

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er		340,00

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

11. gr.

Þeir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti þar til þeir hafa fengið hemil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. júní 1984 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um breytingu á gjaldskránni nr. 646, 30. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 20. júní 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð fyrir Hitaveitu Rangæinga nr. 632 frá 25. nóvember 1982.

Í 5. gr. bætist við ný málsgrein, sem verður 5. málsgrein 5. gr., þannig:

Hitaveitan getur neitað að opna aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð sem lokað hefur verið fyrir vegna vanskila fyrr en gerð hafa verið full skil. Húseigendur eru ábyrgir fyrir hitaveitugjöldum af húsum sínum.

Aðrar málsgreinar 5. gr. haldast óbreyttar.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Rangæinga er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 22. júní 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 308 22. júní 1984

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Rangæinga, nr. 28 frá 25. janúar 1984.

Síðasti ml. 2. gr., „Óski húseigandi þess getur hann keypt vatn samkvæmt hámarksrennsli um hemil.", falli niður, en þess í stað komi svohljóðandi ml.:

— Stjórn hitaveitunnar er heimilt að selja vatn á veitusvæði hitaveitunnar samkvæmt mælum eða hemlum eða báðum kerfunum saman. Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta kerfum einstakra húsa, enda sé slík breyting tilkynnt húseiganda með minnst 14 daga fyrirvara og gerð á kostnað hitaveitunnar. —

Gjaldskrárbreyting þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Rangæinga er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 22. júní 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Suðurnesja.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli ..... kr. 660,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verða ákveðið hlutfallslega, skv. mæli ..... kr. 33,00
pr. tonn.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) Fyrir mæla eða hemla allt að ¾" ..... kr. 120,00
b) Fyrir mæla eða hemla 1"—2" ..... kr. 240,00
c) Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri ..... kr. 480,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss utanmál (m^3)		Heimæðargjald	
Allt að	400	38 000,00	
400—	2000	38 000,00	fyrir 400m^3 + 30,60 kr/m^3 þar yfir
2000—	6000	87 000,00	fyrir 2 000m^3 + 26,20 kr/m^3 þar yfir
6000—	10000	191 500,00	fyrir 16 000m^3 + 22,80 kr/m^3 þar yfir
Meira en	10000	283 000,00	fyrir 10 000m^3 + 19,80 kr/m^3 þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 4 600,00 í aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur ..... kr. 239,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrábreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1984 birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 681, 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 20. júní 1984.

F. h. r.

Páll Flyenring. *Guðrún Skúladóttir.*

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Seltjarnarness.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seltjarnarness selur hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Seltjarnarnesi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð fyrir Hitaveitu Seltjarnarness staðfestri 7. september 1971.

2. gr.

Hitaveita Seltjarnarness lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuðina, sem hús er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. des. ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

	Kr.
a. Fastagjald, á mánuði fyrir hvern hemil	100,00
b. Vatnsgjald, fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils	406,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtustofnunar, sem bæjarstjórn ákveður. Það eru vanskil ef gjöld eru ekki greidd innan 15 daga frá gjalddaga. Heimilt er að reikna dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánastofnunum sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Seltjarnarness skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fastagjald:

Gjald á heimæð	kr.	32 750,00
0—300 m^3	kr.	32 750,00
300—1000 m^3	kr./m^3	38,90
1000 m^3 og yfir	kr./m^3	26,30
1 aðalrennslishemill á grind	kr.	8 538,00

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 515,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júlí 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 22 25. janúar 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 20. júní 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 311 **REGLUGERÐ** 26. júní 1984

um bann við togveiðum við Hrollaugseyjar.

1. gr.

Á tímabilinu 1. júlí til 1. september 1984 eru allar togveiðar bannaðar á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi 150° frá eftirgreindum punktum:

a) 64° 10'8 N 15° 42'6 V
b) 64° 05'0 N 16° 05'0 V

Að utan markast svæðið af línu sem dregin er 9 sjómílur frá grunnlínu sbr. reglugerð nr. 299/1975.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júní 1984.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

25. júní 1984 Nr. 312

REGLUGERÐ

um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

1. gr.

Fjárhæð 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1984:

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna) sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	kr.	41 670,-
Hjón	kr.	58 330,-

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

14. júní 1984 Nr. 313

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmála Njarðvíkurkaupstaðar nr. 99 30. mars 1976.

Við 24. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Bæjarráð getur leyft að listi sem á fulltrúa í bæjarstjórn, en ekki bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Njarðvíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Stjórnartíðindi B 30—32, nr. 283—313. Útgáfudagur 29. júní 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 — 1984

27. júní 1984 457 Nr. 314

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 56 19. maí 1961 um tollvörugeymslur með síðari breytingum.

1. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Geymsluhafa ber að greiða ríkissjóði gjald fyrir vinnu og eftirlit tollgæslumanna í tollvörugeymslum öðrum en almennum tollvörugeymslum, sbr. II. kafla, en um þær skulu gilda sömu reglur og um vinnu og tolleftirlit í almennum vörugeymslum farmflytjenda.

Gjald skv. 1. mgr. skal miða við tímakaup tollgæslumanns eins og það er á hverjum tíma að viðbættum launatengdum gjöldum. Gjaldið reiknast fyrir hverja byrjaða klukkustund.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir frá og með 1. júní 1984.

Fjármálaráðuneytið, 27. júní 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

25. júní 1984 Nr. 315

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að bifreiðastöður skuli bannaðar á Hjalteyrargötu á kaflanum milli Skipatanga og Naustatanga.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 25. júní 1984.

Elías I. Elíasson.

B 59

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um bann við humarveiðum í Háfadjúpi.

1. gr.

Frá og með 3. júlí 1984 til og með 14. ágúst 1984 eru humarveiðar bannaðar á svæði í Háfadjúpi, sem markast af línum dregnum milli eftirgreindra punkta:

1. 63° 23′ 30 N	19° 58′ 53 V
2. 63° 21′ 49 N	19° 48′ 05 V
3. 63° 14′ 32 N	19° 55′ 16 V
4. 63° 16′ 23 N	20° 06′ 03 V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júní 1984.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

Stjórnartíðindi B 33, nr. 314—316. Útgáfudagur 2. júlí 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 — 1984

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld á Akranesi.

I. KAFLI.

Gatnagerðargjöld A.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum á Akranesi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	4,0%
Raðhús og tvíbýlishús	2,5%
Fjölbýlishús	1,0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	3,3%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atv. húsnæði	1,8%
Opinberar byggingar	4,0%
Aðrar byggingar	2,5%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Í atvinnuhúsnæði skal ætíð, við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds, miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni lægri lofthæð. Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

Af bifreiðageymslum skal greiða hálft gjald þeirra húsagerðar, sem á lóðinni er.

Af gluggalausu kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast, þegar hagkvæmara er, að mati byggingarnefndar, að grafa út grunn en fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengið í húsrýmið innan frá.

Jafnframt ofangreindu gjaldi og sem hluti þess skal lóðarhafi greiða kr. 7,30 af hverjum fermetra lóðar, hvort sem bygging er þar á lóð eða ekki.

3. gr.

Ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðarhús til þess að byggja nýtt á sömu lóð, skal lækka gjald skv. 2. gr. vegna nýja hússins, um þá upphæð, sem svarar til rúmmáls hússins, sem rifið var. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslu skv. 2. gr. vegna nýja hússins.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

4. gr.

Gjald skal miðað við stærð húss samkvæmt samþykktum teikningum. Nú er ekki fyrirliggjandi teikning og skal þá miðað við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miðað við eftirfarandi lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m^3
Íbúðir í raðhúsum og tvíbýlishúsum	400 m^3
Íbúðir í fjölbýlishúsum	300 m^3

Aðrar byggingar skv. 2. gr. skal ákvarða til lágmarksstærðar af byggingafulltrúa í hverju tilviki fyrir sig.

Gjald samkvæmt lágmarksstærðum, lágmarksgjald, skal greiða innan eins mánaðar frá lóðarúthlutun. Með lágmarksgjaldi er átt við gjald miðað við m^3-stærð húsnæðis, m^3-stærð bílgeymslu og annars húsnæðis, er ekki hefur áður verið greitt fyrir í lágmarksgjaldinu, einnig stofngjald vatnsveitu, stofngjald holræsis og byggingarleyfisgjald skv. gjaldskrám.

Þegar byggt er á eignarlóð eða eldra hús stækkað, skal greiða gjaldið áður en byggingaframkvæmdir hefjast.

Byggingaframkvæmdir verða ekki leyfðar nema fullnaðaruppgjör hafi farið fram.

Bæjarráði er heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar greinar og veita greiðslufrest, ef um er að ræða umfangsmiklar byggingaframkvæmdir eins aðila.

5. gr.

Gjald skv. 2. gr. skal reikna miðað við byggingarkostnað vísitöluhúss eins og hann kann að vera þann dag, er lóðarúthlutun fer fram og lágmarksgjald er reiknað út, og eins og hann kann að vera, þegar teikning er endanlega samþykkt í bygginganefnd og lokagjald reiknað út. Sé um blandaða notkun húsnæðis að ræða, skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum.

Sé veitt byggingaleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, skal greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytingu.

6. gr.

Sé gatnagerðargjald ekki greitt í samræmi við ákvæði 4. gr., fellur lóðarúthlutun sjálfkrafa úr gildi, og getur bæjarráð þá úthlutað lóðinni á ný.

7. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð, á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi, þ. e. þeim m^3-fjölda, er áður hefur verið greiddur, á því rúmmetragjaldi, er gildir, sbr. 2. gr., þegar lóð er skilað. Heimilt er að fresta endurgreiðslu, uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 12 mánuði frá því lóðinni er skilað.

Sé heimild til að fresta endurgreiðslu notuð, skal bæjarsjóður greiða lóðarhafa almenna innlánsvexti af innistæðu hans, er ógreidd kann að vera í 3 mánuði eða lengur. Sé lóð tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum, skal sama gilda, utan innistæða hans ber ekki vexti, verði heimild til frestunar á greiðslu notuð.

8. gr.

Falli byggingarleyfi úr gildi og verði endurnýjað síðar, skal reikna gjaldið að nýju, en áður greitt gjald kemur til frádráttar, þ. e. sama rúmmetratala og greidd hafði verið.

Sé gjald ekki greitt innan eins mánaðar, sbr. 4. gr., skal endurreikna það eftir þann tíma til samræmis við hugsanlega breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhúss, sbr. 2. gr.

Komi til, að gjald, sem greitt er samkvæmt lágmarksstærðum, lágmarksgjald, reynist hærra í krónutölu en lokagjaldið, skal endurgreiða mismuninn á raunvirði, vaxtalaust.

II. KAFLI.

Gatnagerðargjald B.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja bundið slitlag á götu og frágang gangstétta.

9. gr.

Af öllum húsum, nýbyggingum og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð á Akranesi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.

10. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	2,00%
Raðhús og tvíbýlishús	1,50%
Fjölbýlishús	0,75%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2,00%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsn.	0,75%
Opinberar byggingar	2,00%
Aðrar byggingar	1,50%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Í atvinnuhúsnæði skal ætíð, við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds, miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni lægri lofthæð. Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

Af bifreiðageymslum skal greiða hálft gjald þeirrar húsgerðar, sem á lóðinni er.

Af gluggalausu kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast, þegar hagkvæmara er, að mati bygginganefndar, að grafa út grunn en fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í húsrýmið innan frá.

11. gr.

Gjald skal miðað við stærð húss samkvæmt samþykktum teikningum. Nú er ekki fyrirliggjandi teikning og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirfarandi lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m^3
Íbúðir í raðhúsum og tvíbýlishúsum	400 m^3
Íbúðir í fjölbýlishúsum	300 m^3

Aðrar byggingar samkvæmt 10. gr. skal ákvarða til lágmarksstærðar af byggingafulltrúa í hverju tilviki fyrir sig.

Gjald samkvæmt lágmarksstærðum, lágmarksgjald, skal greiða samkvæmt ákvæðum 12. gr. Með lágmarksgjaldi er átt við gjald miðað við m^3 —stærð húsnæðis samkvæmt ofanskráðum lágmarksstærðum.

Þegar teikning liggur fyrir og hlýtur samþykki í bygginganefnd, skal lokagjald reiknað út og gjaldfellt, og skal greiða það samkvæmt ákvæðum 12. gr. Með lokagjaldi er átt við útreikning á endanlegri m^3 —stærð hússins, m^3 —stærð bifreiðageymslu og annars húsnæðis, er ekki hefur verið greitt fyrir í lágmarksgjaldinu.

12. gr.

Gjald skv. 10. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhúss á þeim tíma, sem lokaframkvæmdir við lagningu bundins slitlags fara fram. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað, þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd.

Af álögðu gjaldi falla 20% í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafla, öðrum en við lagningu gangstétta, er lokið eða einum mánuði eftir samþykkt teikningar, ef um hús við fullgerða götu er að ræða. Greiða má 80% gjaldsins með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum. Skuldabréfin skulu vera með sömu kjörum og lán þau, er Byggðasjóður veitir til varanlegrar gatnagerðar, og greiðast afborganir og vextir ásamt verðbótum á gjalddaganum 1. júlí ár hvert. Bæjarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin. Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við götu þá, sem viðkomandi fasteign er skráð við. Staðgreiði lóðarhafi álagt gatnagerðargjald skv. 10. gr., er heimilt að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10%, eftir ákvörðun bæjarráðs á hverjum tíma.

Bæjarstjórn er heimilt að fresta álagningu B-gjalds, ef um er að ræða íbúðarhúsnæði elli- og örorkulífeyrisþega, sem engar eða litlar tekjur hafa aðrar en tryggingabætur, húsnæðið er af hæfilegri stærð og ekki nýtt til annars en íbúðar fyrir þá. Skilyrði fyrir frestun álagningar er, að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi eign og falli til álagningar í samræmi við þágildandi gjaldskrá, ef eigendaskipti verða eða aðstæður breytast á annan þann hátt, að forsendur frestunarinnar bresti.

III. KAFLI.

Almenn ákvæði.

13. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir í öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til vátryggingafjár hennar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með skv. lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt eru úr gildi felldar núgildandi samþykkt nr. 385 frá 15. ágúst 1975 um gatnagerðargjald A í Akraneskaupstað ásamt áorðnum breytingum og reglugerð nr. 147 frá 29. apríl 1976 um gatnagerðargjald B í Akraneskaupstað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1984.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 — 1984

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 465/1983, skv. lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 11. gr. komi málsgrein er orðist svo: Innheimta skal tímabundið gjald af innfluttu kjarnfóðri við tollafgreiðslu. Á tímabilinu 9. júlí til 31. desember 1984 skal gjald þetta vera 89% reiknað af innkaupsverði hinnar gjaldskyldu vöru. Innkaupsverð telst cif-verð vörunnar (tollverð) kominnar á innflutningshöfn.

2. gr.

Innheimta skal viðbótargjald, er nemur 70% reiknað af innkaupsverði hinnar gjaldskyldu vöru, af birgðum kjarnfóðurs sem er gjaldskylt sbr. 11. gr. rg. nr. 465/1983 og eru hjá fóðurvöruseljendum við birgðatalningu 9. júlí 1984.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og öðlast þegar gildi. Jafnframt er numin úr gildi reglugerð nr. 259/1984 um breytingu á reglugerð nr. 465/1983, skv. lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. júní til 31. desember 1984 skal Framleiðsluráð landbúnaðarins greiða til Áburðarverksmiðju ríkisins og þeirra sem eiga rétt á endurgreiðslu á áburðarverði skv. reglum sem landbúnaðarráðuneytið setur, 19%-stig af innheimtu kjarnfóðurgjaldi. Þó skal greiðsla aldrei vera hærri en nemur 1 000,00 krónum af tonni af hverri kjarnfóðurtegund við hverja tollafgreiðslu. Hagstofa Íslands reiknar út við ákvörðun búvöruverðs á þessu tímabili, hverju áðurnefnd 19%-stig nema í verði kjarnfóðurs, eftir þeim reglum sem Hagstofan áætlar kjarnfóðurverð við verðlagningu landbúnaðarafurða. Þessi hluti kjarnfóðurverðsins skal teljast með framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða á áðurnefndu tímabili og koma fram í afurðaverði.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. júlí 1984.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

REGLUGERÐ

um þjóðgarð í Skaftafelli.

I. KAFLI.

Inngangur

1. gr.

Þessi reglugerð er um þjóðgarðinn í Skaftafelli, Hofshreppi, Austur-Skaftafellssýslu, sem var stofnaður 15. september 1967.

Um þjóðgarðinn gilda ákvæði 25. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971, ákvæði reglugerðar þessarar svo og ákvæði reglugerðar nr. 205/1973 um náttúruvernd, eftir því sem þau geta átt við.

II. KAFLI.

Stjórn þjóðgarðsins.

2. gr.

Náttúruverndarráð fer með stjórn þjóðgarðsins. Það getur falið sérstakri nefnd, er það kýs sér til ráðgjafar, að fara með málefni sem varða rekstur og mannvirkjagerð, en ákvarðanir hennar eru háðar samþykki ráðsins.

3. gr.

Náttúruverndarráð ræður þjóðgarðsvörð til að fara með daglega stjórn í þjóðgarðinum, bæði gagnvart starfsmönnum hans, gestum og þeim aðilum, sem annast þar rekstur.

Náttúruverndarráð setur þjóðgarðsverði erindisbréf. Þjóðgarðsvörður skal vera búsettur í Skaftafelli.

III. KAFLI.

Mörk þjóðgarðsins.

4. gr.

Mörk þjóðgarðsins eru þessi:

Að vestan ráða landamörk Núpsstaðar og Skaftafells, sem jafnframt eru sýslumörk V.- og A.- Skaftafellssýslu, frá Súlutindum og suður að „sýslusteini". Frá „sýslusteini" liggja mörkin í beina línu í merki við Gömlutún, en þaðan til austurs í fremstu nöf Hafrafells og áfram í beina línu í landamörk Svínafells og Skaftafells á Svínafellsjökli. Mörkin fylgja síðan síðastnefndum landamörkum til norðurs. Á jökli að austan og norðan ráða vatnaskil. Mörkin eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti.

IV. KAFLI.

Réttindi og skyldur gesta.

5. gr.

Þjóðgarðurinn er opinn gestum allt árið. Þjónusta á tjaldsvæðum er veitt 1. júní til 15. september ár hvert.

Gestum sem óska að dveljast í þjóðgarðinum utan þess tíma, sem hér segir í 1. mgr., ber að gera þjóðgarðsverði aðvart þegar þeir koma og hlíta fyrirmælum hans í hvívetna um allt, sem lýtur að dvöl þeirra.

Heimilt er þjóðgarðsverði að loka þjóðgarðinum fyrirvaralaust og gera mönnum að hverfa burt, ef að steðjar vá svo sem vegna sinu- eða skógarbruna, vegna hlaups í Skeiðará eða af öðrum slíkum orsökum. Sama gildir, ef þjóðgarðsvörður telur að dvöl manna geti spillt gróðri eða jarðmyndunum.


1659
Vatnajökull
Grímsvötn
Svíahnúkar
Háabunga
1700
ÞJÓÐGARÐUR
Í
SKAFTAFELLI
Þórðarhyrna
1659
Hágöngur
Grænafjall
Grænalón
Eggjar
Beinadalur
Holtasker
Hvítároddi
Eystrafjall
Súlutindar
Súlujökull
Lómagnúpur
Skeiðarárjökull
Háalda
Skaftafellsfjöll
Miðfell
Skaftafellsheiði
Skaftafell
Skaftafellsjökull
Hafrafell
Hvannadals-
hnúkur
2119
Öræfajökull
Svínafell
(Sandfell)
Mávabyggðir
SKEIÐARÁRSANDUR
0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 km.

6. gr.

Gangandi fólki er heimil för um þjóðgarðinn. Ætlast er til að fylgt sé merktum gönguleiðum eftir því sem merkingum miðar áfram, en annars hefðbundnum gönguleiðum sem við verður komið eða þá fyrirmælum starfsmanna þjóðgarðsins.

7. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um þjóðgarðinn. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralíf né hrófla við jarðmyndunum.

Úrgangi skal komið fyrir í sérstökum sorpílátum, enda er óheimilt að fleyja úrgangi eða grafa hann.

Notkun skotvopna er bönnuð í þjóðgarðinum og óheimilt er að kveikja eld á víðavangi.

8. gr.

Gestir, sem koma í þjóðgarðinn og hafa með sér hunda eða önnur gæludýr, skulu koma þeim í geymslu á þeim stað eða stöðum, sem til slíks eru ætlaðir. För um þjógarðinn með þau er því aðeins heimil að sérstakt leyfi komi til.

9. gr.

Ferðamenn, sem óska að tjalda skulu gera það á merktum tjaldsvæðum. Á sama hátt skulu ferðamenn hafa tjaldvagna og hjóhýsi á þar til ætluðum svæðum.

10. gr.

För á hestum eða með hesta um þjóðgarðinn verður heimil, þegar merktar hafa verið sérstakar reiðslóðir og áningarstaðir. Utan þeirra er för á hestum óheimil.

11. gr.

Umferð á vélknúnum ökutækjum í þjóðgarðinum er ferðamönnum aðeins heimil á vegum og bílastæðum neðan við Skaftafellsbrekkur.

12. gr.

Skylt er gestum í þjóðgarðinum að hlíta fyrirmælum þjóðgarðsvarðar, annarra starfsmanna svo og löggæslumanna, hvað snertir umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum.

Nú brýtur maður ákvæði þessarar reglugerðar, og er þessum aðilum þá heimilt að vísa honum úr þjóðgarðinum.

V. KAFLI.

Starfsemi í þjóðgarðinum.

13. gr.

Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimilt í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs. Sama gildir um kvikmyndagerð.

Þeir aðilar, sem fengið hafa eða fá leyfi til veitingareksturs eða verslunar í þjóðgarðinum, skulu haga svo starfsemi sinni, að dvalargestum sé tryggð fullnægjandi þjónusta á þeim tíma, sem um ræðir í 1. mgr. 5. gr. Vínveitingar eru óheimilar, nema með leyfi lögreglustjóra og þjóðgarðsvarðar.

Nú kemur í ljós, að ekki er að dómi þjóðgarðsvarðar fullnægt ákvæðum 1. ml., 2. mgr. þessarar gr. og getur Náttúruverndarráð þá sett reglur um hvernig umræddri þjónustustarfsemi skuli hagað.

14. gr.

Mannvrikjagerð, efnistaka og hvers konar annað jarðrask er óheimilt nema til komi sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs.

15. gr.

Búskapur í þjóðgarðinum er háður samþykki Náttúruverndarráðs, sem ákveður hvernig honum skuli hagað.

16. gr.

Náttúrufræðilegar rannsóknir í þjóðgarðinum eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs.

VI. KAFLI.

Lokaákvæði.

17. gr.

Náttúruverndarráð ræður starfsmenn að fengnum tillögum þjóðgarðsvarðar og setur þeim starfsreglur. Þeim skulu fengin sérstök auðkenni og skilríki, er sanni heimildir þeirra til framkvæmdar á reglugerð þessari og fyrirmælum þjóðvarðsvarðar.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða varðhaldi.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd öðlast þegar gildi. Jafnfram fellur úr gildi reglugerð nr. 229/1968.

Menntamálaráðuneytið, 27. júní 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.

25. júní 1984 Nr. 320

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Akraness.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Akraneshöfn.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna, eins og hún er mest skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

2. gr.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 1,50 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip, ferjuskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0,75 á brúttórúmlest.

c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 1,50 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 95,00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en 472,00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

3. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0,75 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 76,00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Hafnsögugjald.

4. gr.

Hvert það skip sem fær hafnsögumann til leiðsögu inn á höfnina eða frá henni, um höfnina eða milli hafnarmannvirkja, skal greiða hafnsögugjald.

5. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 278,00 fyrir hvert skip, auk kr. 0,75 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 65,00 í hafnsögusjóð.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarra hafnar og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á landi og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a) Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
b) Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c) Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.

d) Póstur og venjulegur farþegaflutningur.
e) Bifreiðar og bifhjól ferðamanna.

Eftirtaldar vörur sem fluttar eru með ferjuskipum eru auk þess undanþegnar vörugjaldi:

a) Vörur sem fluttar eru með bifreiðum ferðamanna (einkabifreiðar og/eða fólksbifreiðar).
b) Vöruflutningabifreiðar, tengivagnar og vörur sem fluttar eru með þeim og ekki eru í framhaldsfrakt (innflutningur, útflutningur).
c) Vörubifreiðar og vörur sem fluttar eru með þeim og eru á frílista hjá hf. Skallagrími að fengnu samþykki hafnarstjórnar.

9. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 25,90 fyrir hver 1000 kg.

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 t.) svo sem bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, sement laust og sekkjað, vikur, sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara.

2. fl.: Gjald kr. 54,50 fyrir hver 1000 kg.

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, aðrar en taldar í 1. fl., óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl.: Gjald kr. 150,00 fyrir hver 100 kg.

a) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifmælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður, stofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar.
b) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
c) Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald kr. 14,70 fyrir hvern rúmmetra:

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 0,85%.

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan

afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Islands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgður fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 14,00.

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

11. gr.

Fyrir að leggja vöru á land hafnarinnar, skal greiða kr. 2,00 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki, sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

12. gr.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir gjöld þau, sem hér eru fram talin, skal greidd samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

II. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

13. gr.

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar.

14. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, uns gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

15. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b. tölulið 3, skiptalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Dráttavextir reiknast samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69 28. maí 1984 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 267 11. júní 1975 og reglugerðir nr. 388 26. nóvember 1977 og nr. 53 6. febrúar 1984.

Samgönguráðuneytið, 25. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

29. júní 1984 Nr. 321

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélagið Skugga, Fellsstrandarhreppi, Dalasýslu.

1. Félagið heitir Veiðifélagið Skuggi, heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Skoravíkurár og Hólsár frá ósi í sjó og að Hrafnaklettum í Hóls- og Hafursstaðalandi, en þær eru: í Fellsstrandarhreppi; Hafursstaðir, Breiðabólsstaður, Valþúfa, Hella, Skoravík og Kaldakinn, í Hvammshreppi; Ketilsstaðir og Hóll.
3. Verkefni félags er að vinna að fiskirækt á félagssvæðinu, og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

   Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í júnílok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. júní 1984.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 322 3. júlí 1984

AUGLÝSING

um umferð í Bolungarvík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Bolungarvíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Biðskyldumerki verður við gatnamót Skólastígs og Hafnargötu þannig að umferð austur Skólastíg víkur fyrir umferð um Hafnargötu.

Auglýsing þessi tekur gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Bolungarvík, 3. júlí 1984.

Halldór Kristinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 — 1984

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Frá og með 14. júlí 1984 skal gjald þetta nema kr. 5,57 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 14. júlí 1984. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 174/1984 verið greitt af birgðum sem til eru hinn 14. júlí 1984 skal greiða kr. 0,20 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 14. júlí 1984 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 14. júlí 1984.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breytingu á þeim lögum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 174/1984 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. júlí 1984.

Albert Guðmundsson.

Sverrir Júlíusson.

Stjórnartíðindi B 36, nr. 323. Útgáfudagur 13. júlí 1984.

B 61

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 — 1984

Nr. 324 474 29. júní 1984

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Kjalarness

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Kjalarneshrepps í Kjósarsýslu, sem einnig er veitusvæði Hitaveitu Kjalarness.

2. gr.

Eignarhald og stjórn.

Hitaveita Kjalarness, hér eftir nefnd hitaveitan, er eign Kjalarneshrepps og skal starfrækt sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir yfirstjórn hreppsnefndar Kjalarneshrepps.

Hitaveitan skal hafa eigið reikningshald. Um fjárreiður, bókhald, endurskoðun o. þ. h., fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga, eins og þau eru á hverjum tíma.

Hreppsnefnd kýs þrjá menn og varamenn þeirra í hitaveitustjórn til fjögurra ára, að loknum hreppsnefndarkosningum. Hitaveitustjórn fer með tiltekin málefni hitaveitunnar í umboði hreppsnefndar. Hreppsnefnd tilnefnir formann stjórnar og setur stjórninni erindisbréf.

Heimilt er hreppsnefnd, að fela byggingarnefnd að fara tímabundið með málefni 12. og/eða 14. gr. reglugerðar þessarar.

Þegar þörf þykir á, að mati hreppsnendar, skal ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri hitaveitunnar, en eigi til lengri tíma en eins árs í senn. Um starfssvið hitaveitustjóra skal getið í ráðningarsamningi. Ráði hreppsnefnd sveitarstjóra, verður framkvæmdastjórn hitaveitunnar hluti af starfi hans, nema hreppsnefnd þyki önnur skipan hagkvæmari.

3. gr.

Verkefni.

Verkefni Hitaveitu Kjalarness er að sjá um gerð og rekstur hitaveitu fyrir Kjalarneshrepp, eftir því sem hagkvæmt er og hreppsnefnd samþykkir.

Í þessu skyni skal hitaveitan:

a. Leita eftir samningum um kaup á varma, þ. e. heitu vatni eða gufu, frá veitufyrirtækjum höfuðborgarsvæðisins eða öðrum aðilum.
b. Falast eftir samningum um borunar- og virkjunarrétt; og láta bora eftir varma þegar hagkvæmt þykir.
c. Leggja veitukerfi hitaveitu og annast sölu á varma til notenda.
d. Reisa og reka önnur mannvirki fyrir hitaveitu, sem nauðsynleg eru og hagkvæm á hverjum tíma, þ. á m. dælustöðvar, vatnsgeyma, varmaskipta, kyndistöðvar og áhaldahús.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

4. gr.

Einkaleyfi.

Hitaveita Kjalarness hefir einkaleyfi á dreifingu og sölu á varma innan veitusvæðisins, sbr. 1. gr. Þá er flutningur á varma út fyrir veitusvæðið háður leyfi hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum. Ennfremur getur hreppsnefnd leyft eigendum jarðhitaréttinda, að nýta varma úr eigin borholum til afmarkaðra nota í atvinnuskyni. Í framangreindum tilvikum, skulu samningar gerðir áður en framkvæmdir hefjast, svo sem við borun eftir jarðvarma. Öll gerð og rekstur fjarvarmaveitna á veitusvæði hitaveitunnar er undir yfirstjórn hreppsnefndar.

Hreppsnefnd hefir heimild til þess, að semja um samruna hitaveitunnar við annað veitufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, eða að framselja réttindi og skyldur hitaveitunnar til annars veitufyrirtækis, ef slík ráðstöfun er talin heppileg og hagkvæm, að mati hreppsnefndar.

5. gr.

Kvöð um tengingu.

Skylt er eiganda húseignar á veitusvæði hitaveitunnar, að láta tengja hitunarkerfi hússins og/eða lagnir fyrir heitt kranavatn við dreifikerfi veitunnar.

Þegar sérstakir tækni- eða kostnaðarlegir annmarkar þykja á tengingu húss, t. d. sakir fjarlægðar frá veitulögnum, eða hús fullnægir ekki þeim skilyrðum sem sett eru í skipulagssamþykktum, byggingarsamþykktum eða reglugerðum, þá getur hreppsnefnd ákveðið, að húsið skuli ekki tengt hitaveitu.

Um tengingu hitaveitu við sumarbústaði eða önnur slík hús, sem notuð eru árstíðabundið, svo sem hús lögbýlisjarða sem ekki eru í ábúð, fer eftir samþykkt hreppsnendar í hverju tilviki. Við tengingar á slíkum húsum, skulu í samningi vera kvaðir um sérstaka eftirlitsskyldu húseiganda á varmalögnum hússins, og tafarlausan aðgang starfsmanna hitaveitunnar til eftirlits, viðhalds búnaðar, aflestrar mæla o. þ. h.

6. gr.

Lagnir veitukerfis, eignarréttur og viðhaldsskylda.

Hitaveitan á og lætur leggja allar utanhússlagnir, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar og heimæðar, ásamt þeim innanhússlögnum, sem liggja að mæla- eða hemlagrindum, svo og grindurnar sjálfar með tilheyrandi búnaði, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

Hitaveitan hefir viðhaldsskyldu á þeim veitulögnum og búnaði, sem um getur í 1. mgr.

Húseigandi annast og kostar tengingu hitunarkerfis og lagna fyrir heitt kranavatn húss við tengibúnað hitaveitunnar, svo og nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum vegna tengingarinnar.

Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað hitaveitu við útvegg kjallara, eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mæla- eða hemlagrind og annan búnað. Ef inntak og grind eru ekki í sama herbergi, skal tengilögn þar á milli vera óhulin.

Niðurfall skal vera í gólfi þar sem mæla- eða hemlagrind er staðsett. Innanhússlögn að grind og grindin sjálf, skulu ætíð vera aðgengileg starfsmönnum hitaveitunnar.

Heimilt er hreppsnefnd, að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í byggingarskilmála, þar sem um nýja byggð eða stakar nýbyggingar er að ræða.

7. gr.

Afnot varmaorku.

Varmi sá, sem hitaveitan lætur í té, er ætlaður til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu, að tengja annað en neysluvatnslögn fyrir heitt kranavatn við greiningu þá á mæla- eða hemlagrind, sem til þess er ætluð.

Hitastig notaðs vatns (afrennslis) frá hitunarkerfum húsa, skal ekki fara yfir 40 gráður á Celsíus. Hreppsnefnd getur ákveðið að lækka hitastig þetta um allt að 10 gráður á Celsíus.

Komi fram ósk um að nota varma til annarra þarfa en segir í 1. mgr., þarf til þess skriflegt leyfi hreppsnefndar, sem hún getur bundið nánari skilyrðum og fyrirmælum hverju sinni.

8. gr.

Afrennsli.

Hitaveitunni er heimilt án endurgjalds, að nota aftur vatn sem runnið hefir um hitunarkerfi húss eða varmaskipti, svo og þéttivatn ef um jarðgufuveitu er að ræða.

Óski hitaveitan ekki eftir því, að nota slíkt afrennslis- eða þéttivatn, getur hreppsnefnd heimilað notkun þess til upphitunar heimilisgróðurhúsa, matjurtagarða, sundlauga, bílastæða, gangstíga o. s. frv., og skal þá frágangur slíkra lagna vera samkvæmt fyrirmælum í reglugerð um hitalagnir.

Hreppsnefnd getur afturkallað framangreind leyfi, ef talið er að hitaveitan þurfi á vatninu að halda.

9. gr.

Ábyrgð og skyldur hitaveitunnar.

Hitaveitunni er skylt að haga starfsemi sinni þannig, að sem best verði tryggður eðlilegur og truflanalaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa. Stöðvun á rekstri veitunnar, eða hluta hennar, vegna viðhalds eða tenginga, skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

Hitaveitan er ekki skuldbundin húseiganda eða notanda til þess að tryggja, að þrýstingur í varmalögnum sé ávallt nægilegur, og ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum sem verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í varmaæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Hitaveitan verður ekki sótt til ábyrgðar vegna mögulegrar tæringar á varmalögnum og búnaði. Þá er hitaveitan ekki bótaskyld þótt tjón verði á mönnum, munum eða eignum af heitu vatni eða gufu frá varmalögnum innanhúss eða lögnum sem getið er í 8. gr., jafnvel þótt lagnirnar hafi staðist þrýstiprófun hitaveitunnar, og er sú prófun þá gerð á ábyrgð húseiganda.

Húseiganda er skylt að hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem hitaveitan setur um gerð og búnað hitunarkerfis og neysluvatnslagna húss.

Húseigandi og notandi bera ábyrgð á þeim lögnum og búnaði innanhúss, sem er í eigu og umsjá hitaveitunnar. Notanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, er vart verður bilunar á nefndum lögnum eða búnaði, og skal hann hlíta fyrirmælum um viðgerð á bilunum og gera ráðstafanir til varnar misnotkun á varmanum.

Verði lagnir eða búnaður fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, þ. m. t. af völdum frosta, er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun.

10. gr.

Tenging við hitaveitu.

Húseigandi skal sækja um tengingu húss síns við veituna á sérstök eyðublöð, sem hitaveitan lætur í té.

Hafi heimæð og/eða inntak í hús ekki verið lagt, skal hitaveitan, eftir því sem kostur er, láta vinna verkið, enda hafi umsóknin verið samþykkt.

Hitaveitunni er ekki skylt að leggja heimæðar eða inntök í hús meðan jörð er frosin. Þá geta verk þessi dregist sakir örðugleika á útvegun efnis, leigu á vinnuvélum o. þ. h.

11. gr.

Uppdrættir.

Uppdrættir varmalagna skulu gerðir í samræmi við lög og reglur um byggingarmál. Samþykktir og áritaðir uppdrættir skulu ávallt liggja fyrir, áður en bygging húss er hafin. Eitt eintak áritaðra uppdrátta skal jafnan vera á vinnustað.

Sé ástæða talin til, getur hitaveitan krafist þess, að útreikningar verði lagðir fram.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum varmalögnum sem tengja á við veituna, eða breyta, getur hitaveitan krafist þess að þeir séu gerðir eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi kostnað af því.

Með samþykkt og áritun uppdrátta, tekur hitaveitan enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk, eða kerfi sé rétt útreiknað.

Varðveita skal eitt eintak samþykktra og áritaðra uppdrátta í skjalasafni hreppsins.

12. gr.

Löggilding meistara.

Hreppsnefnd veitir pípulagningameisturum löggildingu til þess að starfa við varmalagnir á veitusvæði hitaveitunnar.

Engir aðrir en þeir, sem löggildingu hafa hlotið, mega taka að sér nýlagnir eða breytingar á varmalögnum, sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar.

Hreppsnefnd getur áskilið, að þeir einir megi annast suðuvinnu á pípum samkvæmt reglugerð þessari, er staðist hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu og/eða rafsuðu.

Þeir, sem annast varmalagnir, þ. e. hitalagnir og lagnir fyrir heitt neysluvatn og lagnir sbr. 4. mgr. 7. gr., bera ábyrgð á að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, samþykkta uppdrætti, svo og nánari fyrirmæli er sett kunna að verða.

Ef skipt er um meistara meðan á verki stendur, skal það tilkynnt hreppsnefnd skriflega, og lætur hún þá fara fram úttekt á þeim hluta verksins sem lokið er. Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum, fyrr en annar meistari hefir tekið við verkinu.

Brjóti pípulagningameistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, getur hreppsnefnd samþykkt að hann fái ekki að annast tengingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

13. gr.

Eftirlit.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykkta uppdrætti, lög og reglur er gilda um byggingarmál.

Pípulagningameistari skal annast þrýstiprófun varmalagna og reynslukyndingu, og vera viðstaddur þegar varma er hleypt á hitakerfi. Skal hann ganga úr skugga um, að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslishitastigi allra ofna og hitatækja og nauðsynlegum stillingum. Einnig skal hann tryggja að stjórntæki starfi eðlilega.

Álíti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, eða öðrum reglum sem settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefir verið úr því, sem áfátt kann að vera.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal jafnan hafa frjálsan aðgang að varmalögnum bæði innanhúss og utan, án tillits til þess hvort veitan hefir verið tengd eða ekki. Húseiganda og notanda er skylt að láta honum í té allar þær upplýsingar er máli geta skipt um varmalagnir húss. Þá er húseiganda og notanda einnig skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsmanns varðandi varmalagnir sbr. 10. gr.

Vanræki aðili að vinna verk, sem Hitaveitan hefir fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er hitaveitunni heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað viðkomandi. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar, en innheimta síðan hjá húseiganda með lögtaki, ef þörf krefur.

14. gr.

Tækjabúnaður.

Á öllum varmakerfum tengdum hitaveitu skulu vera þrýstimælar, öryggisloki eða öryggisbúnaður samkvæmt fyrirmælum hitaveitunnar.

Á hitakerfum tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirkan afrennslisloka, sem heldur hæfilegum þrýstingi á hitakerfum samkvæmt fyrirmælum hitaveitunnar.

Óheimilt er að tengja dælur, varmaskipta eða neysluvatnshitara við heimæðar eða lagnir innanhúss, nema skrifleg heimild hitaveitunnar sé fyrir hendi, og skal þá frágangur tækjanna vera samkvæmt fyrirmælum hitaveitunnar.

15. gr.

Mælar og hemlar.

Hitaveitan ákveður gerð og stærð mæla sem nota skal, og lætur setja þá á inntakspípur húsa, sem tengd eru kerfi veitunnar og innsigla þá. Mælar þessir eru í eigu og umsjá hitaveitunnar.

Ef maður rýfur innsigli mælis eða breytir rennsli um hann, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Notandi mælis er sá, sem skráður er fyrir varmanotkun þess hitakerfis, sem mælirinn er fyrir. Uppsögn eða flutning skal tilkynna hitaveitunni með hálfs mánaðar fyrirvara.

Ef notandi óskar að mælir sé leiðréttur, skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun mælis, að mesta skekkja sé 5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og leiðrétta reikning notanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði, nema notandi geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

Öll þau sömu ákvæði og hér eru talin um mæla, skulu gilda jafnt um hemla, ef varmi er seldur samkvæmt hemiltaxta.

16. gr.

Gjaldskrá.

Til þess að standa straum af kostnaði við hitaveituna innheimtir hún hitaveitugjöld, svo sem varmagjöld og stofngjöld samkvæmt nánari ákvæðum í gjaldskrá.

Gjaldskrá hitaveitunnar miðast við, að svipaður hitunarkostnaður verði á öllu veitusvæðinu.

Heimilt er að áætla varmanotkun notenda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun, enda fari fram uppgjör á staðreyndri notkun samkvæmt álestrum eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum tólf mánuðum. Reikningur fyrir áætlaða notkun telst fullgildur reikningur á sama hátt og uppgjörsreikningur, enda getur notandi jafnan krafist aukaálesturs og uppgjörs, miðað við staðreynda notkun, gegn aukagjaldi samkvæmt gjaldskrá. Við verðbreytingar á varma, skal áætla notkun samkvæmt eldri og nýrri gjaldskrá og skal skiptingin sýnd á næsta orkureikningi.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð, og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil, ef gjöldin eru eigi greidd innan 10 daga frá gjalddaga. Hitaveitan hefir rétt til að loka aðrennsli varmans að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Sá sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og enduropnun, samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

17. gr.

Refsiákvæði.

Verði uppvíst að varmi hafi verið notaður á annan hátt en um er samið, raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingu þannig, að ekki komi fram öll notkun, skal hitaveitan áætla þann varma sem notaður hefir verið óleyfilega og skal notandi greiða fyrir hann eftir gjaldskrá þann tíma sem liðinn er frá síðasta aflestri, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun, má miða við hámarksrennsli það, er runnið getur til kerfisins um hemil.

Við endurtekið brot, skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til þess að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefir gerst.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Staðfesting og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Kjalarneshrepps þann 29. september 1981, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júní 1984.

Sverrir Hermannsson.

Páll Flygenring.

4. júlí 1984 Nr. 325

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 7. júní 1984 staðfest breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur að því er varðar landnotkun og nýtingarhlutföll á spildunni vestan Snorrabrautar, norðan Hverfisgötu, austan Ingólfsstrætis og sunnan Skúlagötu með þeim fyrirvara að gengið verði frá deiliskipulagi þessa svæðis samkvæmt 17. og 18. gr. skipulagslaga áður en einstakar byggingar verði leyfðar.

Framangreind breyting sem hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 5. september 1963 og Skipulagsstjórn ríkisins 29. febrúar 1984 með fyrirvara um staðfestingu deiliskipulags af spildunni. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 280 frá 12. júní 1984.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júlí 1984.

F. h r.

Hallgrímur Dalberg

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUR

um hreindýraveiðar árið 1984.

1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 600 hreindýr í Norður-Þingeyjarsýslu, Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1984. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr., skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa:

1.	Fjallahreppur	4	hreindýr
2.	Skeggjastaðahreppur	3	—
3.	Vopnafjarðarhreppur	12	—
4.	Fljótsdalshreppur	45	—
5.	Jökuldalshreppur	50	—
6.	Fellahreppur	18	—
7.	Tunguhreppur	18	—
8.	Hlíðarhreppur	8	—
9.	Hjaltastaðahreppur	18	—
10.	Borgarfjarðarhreppur	55	—
11.	Seyðisfjarðarhreppur	4	—
12.	Seyðisfjörður	4	—
13.	Skriðdalshreppur	24	—
14.	Vallahreppur	26	—
15.	Egilsstaðahreppur	12	—
16.	Eiðahreppur	16	—
17.	Mjóafjarðarhreppur	22	—
18.	Norðfjarðarhreppur	60	—
19.	Helgustaðahreppur	60	—
20.	Eskifjörður	16	—
21.	Reyðarfjarðarhreppur	18	—
22.	Búðahreppur	5	—
23.	Stöðvarhreppur	5	—
24.	Breiðdalshreppur	14	—
25.	Beruneshreppur	14	—
26.	Búlandshreppur	8	—
27.	Geithellnahreppur	14	—
28.	Bæjarhreppur	8	—
29.	Nesjahreppur	6	—
30.	Hafnarhreppur	3	—
31.	Mýrahreppur	30	—
	Samtals	600	hreindýr

3. gr.

Auk þeirra hreindýra sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. þ. h. og koma þau dýr ekki til skipta. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra, sbr. 2. gr., greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs en hver hreppsnefnd (bæjarstjórn) skiptir fénu innan síns svæðis. Skal hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd sín, njóta arðs af veiðunum en síðan sveitarsjóð, enda greiði hann þóknun þeim mönnum sem eru hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar, sbr. 5. gr. Heimilt er þó að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

Ekki er heimilt að selja veiðileyfi.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa og kaupstaða, sem nefndir eru í 2. gr., nema samkomulag verði um það að einn eftirlitsmaður verði fyrir tvö sveitarfélög. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir fasta þóknun hans fyrir starfið.

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður, sem ráðinn er fyrir Fljótsdalshrepp og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

Hreindýraeftirlitsmenn og aðstoðarmenn þeirra hafa ekki heimild til að fella hreindýr í öðru sveitarfélagi en því sem þeir eru ráðnir fyrir, nema með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmann.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra, sem til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gætt skal þess að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga að nota skotvopn, sbr. lög nr. 46/1977 og reglugerð nr. 16/1978, sbr. reglugerð nr. 174/1979. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal. 243.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagvenjist, heldur þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

9. gr.

Athygli er vakin á að skv. lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu, nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 72/1954 um breyting á lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varða sektum samkvæmt lögum nr. 75/1982.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 493/1983 um hreindýraveiðar árið 1983.

Menntamálaráðuneytið, 5. júlí 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 327 4. júlí 1984

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní s. l. og til þess tíma, er væntanlegt hráefnisverð verður látið gilda.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní s. l. og til þess tíma, er væntanlegt hráefnisverð verður látið gilda.

Þorskur:	U.S. cent pr. lb. cif.
4×14 m/r 5–8 oz.	78,28
4×14 m/r 8–12 oz.	80,16
4×14 m/r 12–16 oz.	81,64
4×14 m/r 1–3 lbs.	82,63
1×35 m/r 250–750 gr	83,12
4×14 r/l 8–12 oz.	88,94
4×14 r/l 12–16 oz.	90,81
4×14 r/l 1–3 lbs.	91,80
1×45 formflök	122,00
10×5 (S.Í.S.)	148,69
10×5, 3×18 og 6×5	150,59
5×8 og 6×8 hnakkast.	162,84
1×50 lausfryst, Evrópa	88,63
4×10, 5×10 og 6×10	157,59
4×12	157,59
4×13	148,69
4×15 og 3×20	157,59
Blokk reg.	102,00
Blokk m/þunnildum U.S.A.	97,00
Blokk m/þunnildum Evrópa	91,80
Blokk O.R.	91,80
Blokk m/beingarði	84,57
Þunnildablokk Evrópa	72,00
Marningsblokk	32,00

Ýsa:	U.S. cent pr. lb. cif.
4×14 m/r 4–8 oz.	70,50
4×14 m/r 8–12 oz.	75,33
4×14 m/r 12–16 oz.	77,30
4×14 m/r 1–3 lbs.	78,78
4×14 r/l 5–8 oz.	106,48
4×14 r/l 8–12 oz.	108,45
4×14 r/l 12–16 oz	112,39
4×14 r/l 1–3 lbs.	116,34
1×45 formflök	138,00
1×35 m/r lausfryst	78,33
1×50 lausfryst Evrópa	103,08
4×14 r/l England (S.H.)	98,49
10×5	157,59
12×1	157,59
4×12 m/r U.S.A.	144,24
Blokk reg.	118,00
Blokk O.R.	106,20
Blokk m/beingarði	106,20
Þunnildablokk, Evrópa	59,11
Marningsblokk	32,00
Marningsblokk (þunnildi)	27,82
Steinbítur:	
8×7 r/l	74,84
10×5	181,95
Blokk reg.	125,00
Marningsblokk	25,00
Karfi:	
8×7 m/r	74,84
10×5 m/r	83,72
10×5 r/l	90,84
10×5 og 4×10 Sea Star	79,27
4×10 m/r flokkað (S.Í.S.)	86,49
4×9 flök U.S.A.	93,35
5×8 m/r og b/l	95,29
4×6 kg flök Japan	95,21
1×35 m/r að 150 g	90,84
3×8 kg heilfr. Japan	100,00
1×20 lausfryst	95,29
4×6 kg r/l lagpakkað	73,75
1×45 formflök	100,00
12×1 m/r	84,68
12×1 r/l	86,39
Blokk 4×16,5 m/b	72,16
Blokk reg.	75,00
Marningsblokk	15,00

	U.S. cent pr. lb. cif.
Ufsi:	
8×7 r/l	58,97
10×5	77,49
4×12 og 4×13	77,49
2×15 kg	80,26
4×14	74,67
1×35	80,00
1×45 formflök	96,63
4×16,5 Iglo	80,00
Blokk reg.	58,00
Blokk m /b. og þunnildum	37,00
Marningsblokk	15,00
Langa:	
8×7 r/l	74,84
10×5	101,85
Blokk reg.	65,00
Marningsblokk	20,00
Keila:	
8×7 r/l	74,84
Blokk reg.	60,00
Lýsa:	
Blokk reg.	85,00
Grálúða:	
Heilfr. hausuð yfir 3 kg	54,68
Heilfr. hausuð yfir 2 kg	47,34
Heilfr. hausuð 1–2 kg	34,28
Heilfr. m/h U.S.S.R.	34,47
4×12 lagp.	101,85
4×10 r/l	103,00
4×10, 6×10 og 4×14	107,64
4×6	103,00
1×35	53,92
Blokk U.S.S.R.	74,84
Blokk U.S.A.	62,00
Heilfrystur fiskur:	
Heilfr. 3×9 kg	34,47

Verðbil verður 2,5% og miðast við verðlækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils, en greiðslur úr sjóðnum 52,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að frádregnu verðbili.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júlí 1984.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um umferð í Ólafsvíkurkaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum Bæjarstjórnar Ólafsvíkurkaupstaðar eru hérmeð settar eftirfarandi reglur um umferð í Ólafsvíkurkaupstað:

1. Ólafsbraut skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart hliðargötum, frá Fossá að gatnamótum Ennisbrautar, svo sem hér segir:
   biðskylda á Rafveituvegi við Ólafsbraut,
   biðskylda á Dalbraut við Ólafsbraut,
   biðskylda á Klifbraut við Ólafsbraut,
   biðskylda á Hafnargötu við Ólafsbraut hjá B.P.,
   biðskylda á Skálholti við Ólafsbraut,
   biðskylda á Grundarbraut við Ólafsbraut,
   biðskylda á Hafnargötu við Ólafsbraut hjá Hótel Nesi,
   biðskylda á Kirkjutúni við Ólafsbraut og
   biðskylda á Norðurtanga við Ólafsbraut.
2. Ennisbraut skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart hliðargötum frá Ennisvegi vestan Bakka hf. að Ólafsbraut, svo sem hér segir:
   biðskylda á innkeyrslu að Bakka hf. við Ennisbraut,
   biðskylda á innkeyrslu að Enni hf. við Ennisbraut,
   biðskylda á innkeyrslu að Bjargi hf. við Ennisbraut,
   biðskylda á innkeyrslu að skemmu H.Ó. við Ennisbraut,
   biðskylda á Ennishlíð við Ennisbraut,
   biðskylda á Engihlíð við Ennisbraut,
   biðskylda á Bæjartúni við Ennisbraut og
   biðskylda á Hjarðartúni við Ennisbraut.
3. Umferð um Grundarbraut skal njóta aðalbrautarréttar með biðskyldu við eftirtalin gatnamót:
   Mýrarholt—Grundarbraut,
   Brúarholt—Grundarbraut,
   Lindarholt—Grundarbraut,
   Borgarholt—Grundarbraut,
   Sandholt—Grundarbraut,
   Vallholt—Grundarbraut,
   Engihlíð—Grundarbraut og
   Skipholt—Grundarbraut.
4. Umferð um Sandholt skal njóta aðalbrautarréttar með biðskyldu við eftirtalin gatnamót:
   Holtabrún—Sandholt,
   Þverholt—Sandholt og
   Skálholt—Sandholt.
5. Einstefnuakstur verði um eftirtaldar götur:
   a) Sandholt til vesturs og
   b) Brautarholt til austurs frá Grundarbraut að Þverholti.
6. Bifreiðastöður skulu vera bannaðar svo sem hér segir á eftirtöldum götum:
   a) Grundarbraut, beggja megin götunnar, frá Ólafsbraut að Brautarholti,
   b) Sandholti sunnanverðu frá Grundarbraut að Þverholti,
   c) Brautarholti sunnanverðu frá Grundarbraut að Þverholti og
   d) Ennisbraut sunnanverðri frá Ólafsbraut að Bæjartúni.

7. Merktar gangbrautir skulu vera á eftirtöldum stöðum:
   a) Ennisbraut við Grunnskóla,
   b) Bæjartúni við Ennisbraut,
   c) Hjarðartúni við Ennisbraut,
   d) Ólafsbraut við Ennisbraut,
   e) Norðurtanga við Ólafsbraut,
   f) Bæjartúni við Kirkjutún,
   g) Hjarðartúni við Kirkjutún,
   h) Kirkjutúni við göngubrú yfir Gil,
   i) Grundarbraut við Ólafsbraut,
   j) Ólafsbraut móts við Hótel Nes og
   k) Grundarbraut móts við Verslunina Hvamm.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ólafsvíkurkaupstaðar og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Ólafsvíkurkaupstað, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Ólafsvík, 9. júlí 1984.

Jóhannes Árnason.

Nr. 329 14. júlí 1984

AUGLÝSING

um bann við upprekstri hrossa á Auðkúluheiði í A.-Húnavatnssýslu.

Landbúnaðarráðuneytið hefur skv. heimild í 5. mgr. 23. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982, ákveðið að banna upprekstur hrossa á Auðkúluheiði í Austur-Húnavatnssýslu, þ. e. sameiginlegan afrétt Torfalækjarhrepps, Blönduóshrepps og Svínavatnshrepps. Bann þetta tekur til svæðis, sem afmarkast af Blöndu að austan, að norðan af afréttargirðingu, sem liggur frá Blöndu sunnan Eiðsstaða í Vatnsdalsá, að vestan af afréttarmörkum Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar og sauðfjárveikivarnagirðingu á Kili að sunnan.

Bannið gildir frá og með 15. júlí n.k. og til ársloka 1984.

Um brot gegn banni þessu fer eftir ákvæðum 42. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu sbr. 40. gr. laga nr. 10/1983.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. júlí 1984.

Jón Helgason.

Tryggvi Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 467 23. ágúst 1982 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum.

1. gr.

Tollskrárnúmerið 84.15.31 falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, tekur gildi frá og með 1. ágúst 1984.

Fjármálaráðuneytið, 13. júlí 1984.

Albert Guðmundsson.

Ingólfur Friðjónsson.

12. júlí 1984 Nr. 331

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 29. júní 1984 staðfest breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi við Jófríðarstaðaveg að því er varðar lóð á horni Ölduslóðar sem nú er skipt í tvær lóðir.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júlí 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

12. júlí 1984 Nr. 332

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Flúða í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 26. júní 1984 staðfest aðalskipulagsuppdrátt af Flúðaþéttbýli í Hrunamannahreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Hrunamannahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júlí 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 29. júní 1984 staðfest þá breytingu á landnotkun á staðgreinireit nr. 1.471 við Sogamýri að þar verður nú útivistar- og miðbæjarsvæði sem áður var íbúðar- og miðbæjarsvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykkt af borgarráði Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júlí 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 334 6. júlí 1984

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirtaldar reglur um umferð í Hafnarfirði:

1. Umferð úr Hólshrauni og Flatahrauni er stöðvunarskyld við gatnamót Reykjanesbrautar (Keflavíkurvegar), (stans).
2. Umferð um Hólshraun og Flatahraun nýtur forgangs fyrir umferð um Bæjarhraun, Kaplahraun og Skútahraun (biðskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 10. júlí 1984.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 6. júlí 1984.

Einar Ingimundarson.